

J252
Ros

Sa

Evangeliske Catechismus

Edur Einfold

Fuß- og Reisu

Postilla

Yfer øll Sunnudaga og Hatijda Gudspioll, fra fyrsta Adventu Sunnudege til Trinitatis.

Samantekeñ og skrifud

Af

Mads Peturs Syne Rostok,

Preste til St. Knuts Kyrkiu i Odense,

Eñ a Islendsku wrløgd

Af

Ehruverdugum og Vel-lærdum Keñeman

Sr. Petre Einars Syne,

Soknar-Preste til Miklabollts i Snæfells Sijßlu.

Fyrre Partureñ.

Pryckt i Kaupmañahofn
Af Ernst Henrich Berling, Ao. 1739.

Imprimatur.

M. WÖLDIKE.

Bæn fyrer Predikun.

Þu Heilage, mikle, og hrædelege GUD, sem med þíne oyfergrijpañlegre Nærveru uppfyller bæde Himen og Jord; vier, þijn fœtæk Børn, erum hier nu samañkomeñ, fyrer þijnu heilaga Auglite, i þessum Stad, þess Erendes, ad framflitia vorar audmiwkar Bæner fyrer þijna guddomlega Hœtign, og fridmœlast vid þig, vegna vorra Synda, med hverium vier høfum þig so mikelega stiggt og modgad: Vier erum hier samankomeñ til ad heyra þitt blessada Ord, sem er Lijf og Ande, og ad gefa Gaum ad þinne Raustu i Predikun Evangelii, vorum Sœluin til Hugsvølunar: Vyrdstu sialfur, heilage Hiartans Fader, ad helga vorra Bœna Andackt: Tak frœa oss þœa Vanvitskunnar Þoku, sem blindar vor Hugskots Augu, so vier meigum sia þig i þijnu heilaga

Orde, og þinar Dæsemder i þinu Logmæle: Burtdrijf þañ Nætturunnar Moothrooa, sem kreinker vorn Vilia, og þær Gyrnder vr vorum Hiortum, sem hindra oß æ þessum vorum Sæluhiælpar Vege, bæde i þvi, ad vilia þad goda, og lijka ad giora epter þinne Velþocknan. Vier beigium oß nidur fyrer þier, Drottenn, i Bæuenne, hneig þu þijn Eyru aptur æ mot til vor i Bænheyrslunne: Vier birgium vor Andlit fyrer þijnu Majestatis Tignarvellde; lattu oß, med þad sama, fa ad siæ einn fagran Geisla af þijnum Dijrdar Glansa. Vier jætum og medkiennum vorn eigenn Vanmætt, læt þinn Krapt vera styrkvañ i vorum Breiskleika. Vier andvorpum yfer Eymdum vorum, æ DRotten, lattu oß finna Nad fyrer þijnum Hætroone. Þar sem þu hefur so heitt elskad oß i þijnum elskulega Syne JEsu Christo, ad þu hefur allareidu teked æ mot einre Forlijkun i hañs Bloode, fyrer alls Heimsens Synder; þa læt oß finna Krapt þeirrar somu Forlijkunar i vorum Hiortum; Læt JEsu Bloods Raust hroopa hærra, enn vorra Synda Raust. Þar sem þu hefur

hefur gefed oß eiñ Oſka-Barna Anda, fyrer hvern vier kollum, Abba, kiære Fader, þa laat þañ ſama Anda bera Vitnisburd med vorum Anda, ad vier ſieum þijn endurleiſt Born. Æ Drotteñ, æ JEſu, æ þu Dauids Son, myſkuna þig yfer oß, wtſlock ecke þañ riukanda Horkveikeñ, og ſundurbrioot ecke þañ braakada Reyrleggeñ, helldur tak oß tik Naadar, tak oß til Naadar, vegna þeirrar ſtooru Angiſtar, ſem þu þolder fyrer oß i Alldengardenum, og þeß dijra Bloods, ſem þu wthellter fyrer oß aa Kroſſens Gaalga; Og nær þu hefur þannig kunngiort Frideñ vorum Saalum, þa vyrdſtu eñ framar ad kala til vor i þijnu Orde fyrer þiñ heilaga Anda. Legg þiñ Fingur i vor Eyru, ſo vier getum heyrt þitt Naadar Tilbod i Evangelio; Upplink vorum Augum, ſo vier meigum ſiaa þig og þeckia, þu ſem ert Vegureñ, Sannleikureñ, og Lifed; uppleis Fiotur vorra Tungna, ſo vier prijſsum þig i þinne Samkundu. Tilreid þu ſiaalfur vor Hiortu, til ad taka aa moote þeim Hiaalpraadeſens Vitnisburde,

sem þiñ Ande framber fyrer oß i þijnu Orde; Gior vor Hiortu, O Gud, ad einum frioſſomum Akre, i hvern Sæd-ed þijnsOrds meige nidurſæst, upp-vaxa, og bera þusundfalldañ Avøxt Rettlæteſens; uppa þad, ad vier fyrer Heyrn Ordſens mættum heſiast af eiñre Dygdanna Troppu a adra, þar til vier uñ ſijder verdum hæfeleger til ad uñ-fadmast af þinne Vegſemd, sem þu hef-ur oß, o JEſu, wtvegad med þijnu Bloode a Himnum. Hier uñ bidium vier þig eñ framar, i Nafne þinnar dijr-mætu Forþienuſtu, med þinne eigeñ Bæn, ſegiande: Fader vor ꝛc.

Bæn, sem epter Kongl. Maj. Befalningu a ad leſaſt, ad endadre Predikun, a øllum Heigum Døgum i Guds Barna Samkvæme.

Almattuge eilijfe GUD, myſkunſame kiære Fader, vier þockum þier af in-ſta Hiartans Gruñe, fyrer þad, ad þu hef-

ur

ur lœted þitt skiœra Evangelii Lios skijna fyrer oß, þœa vier sœtum i Myrkre og Daudans Skugga; þitt heilaga og dijrmœta Ord, verdur eñ nu œa þessum Dege fyrer oß fraṁbored; vier hofum heyrt, hverneñ þu fraṁbijdur oß i þvi alla þijns Sonar vors Frelsara Velgiorninga, i Sonarens Velgiorningum þijna Nœud, i þiñe Nœud Syndaña Fyrergefning, Rettlœted, og eilijfa Sœluhiœlp. Himneske Fader, villtu nu eñ þœa skipta þier af oß, sem hofum so optlega vered þijnum Bodordum ohlijduger? Villtu eñ þœa kalla til vor, sem fiñustum so oviliuger til ad koma, jafnvel þo oß verde Lijfed fraṁboded, og yferfliotanleg Giœrde? Jœa, DRotteñ! þu lœtur ecke af, ad giora vel vid oß, þo vier holldum œafraṁ i þvi ad giora illa i mote þier, og i mote siœlfum oß: Vier hofum optlega teked vid þiñe Nœud forgefens, þo fraṁbijdur þu oß hana, og lœtur oß kuñgiera i þijnu Orde, ad hver ein Stund, sem vier lifum, sie eirn Partur af Nœdareñar Tijma, og heyre til Hiœlpræœdesens Dege. Skylldum vier þœa siœlfer fœa þad motbroanlegt Siñe,

ad misbrwka Tijmañ, og tapa so þeirre eilijfu Sæluhiælp? Drottenn! þin godur Ande fylger jafnañ þijnu Orde, sem er Lijf og Ande, sæa same Ande rotfeste i vorum Hiortum sierhvert þad Ord, sem vier æa þessum Dege heyrt hefum, og hier epter heyra munum, so leinge sem vort Lijf varer; þad verke i vorum Hiortum stødugt Trunadartraust til þijn, Forackt til Heimsens, og eina breñande Gyrnd til Himnarijkes, þad dempe allt þad vonda sem i oß byr, og giore vorar Sæler, sem eru reidubunar, eñ þæa fysare, vid hvert Augna-blik, til ad þiona þier, þier þacker ad giora, og þig i Anda og Sañleika ad æakalla. Þu store Liosaña Fader, slittu ecke nockurn Tijma þin Liosahiælm i burt fræa oß; læattu oß alldrei sinast i þeirra Tolu, sem elska framar Myrkred, eñ Liosed, helldur hiælpadu oß, ad vier meigum alltijd med Andackt virda þijns Hwß, heyra þitt dijrmæta Ord, og bruka þau hæaverdugu Sacramenta, sem þu hefur iñsett og stiptad! Gef oß Keñemeñ epter þijnu eigeñ Hiarta, sem kuñe ad fæda þin Sofnud med Lærdome

og

og Vitſku, og uppbyggia hañ bæde med Keñingu, og hreinferdugum Lifnade: Gef Tilheyrendunum Gaumgiæfne i þvi ad heyra Orded, og hlijdug Hiortu i þvi ad laga ſiñ Lifnad epter þvi, ſem þeim kient verdur, ſo þeir meige prijda þiñ, og vors Frelſara Lærdom i ollum Greinum. Vier þockum þier og eiñeñ kiære himneſke Fader, fyrer þad, þu hefur ſo nædarſamlega opnad Dyr Trwariñar, fyrer ſo morgum Heidingium, ſem hingad til ecke hafa þeckt þig; Og lijka ſem þiñ Smurde, vor Allranædugaſte Kongur, og Herra, ber ſo alvarlega Umhiggiu fyrer þeſſu þijnu Verke; ſo vyrdſtu einneñ ad bleſſa Kongiñ, þiñ Þenara, þar fyrer, hier tijmanlega, og ſijdar eilijflega; vertu frañveges ſiælfur, O Myſkunſame Gud! þeſſu þijnu Verke til Frañkvæmdar; lætt þitt Ord bua rijkuglega hiæa þeim, med allre Vitſku, ſem brukader verda til þeſs ad frañfylgia þvi; Erfidadu ſiælfur med þeim, ſo ad Heidingiarner, og aller Chriſtner Meñ o-upplyſter, meige fyrer Predikun þijns Ords, ſnuaſt fraa Myrkrunum til Lioſſens, fra Satañs Valde

til Guds; so þeir umvendest, og fæe Syndaña Fyrergefning, og Arftoku med þeim, sem helgader verda fyrer Truna a JEsum Christum. Giordu alltijd vel vid vorn Allranadugasta Arfa Kong og Herra; þijnar Blessanir aukest a hverium Dege, og hverre Stundu yfer hañs Majestet, so ad hañ æ og jafnañ siñe, og verde var vid nij Merke þiñar fodurlegrar Elsku, og sæe berlega, ad þiñ Ande vijse honum Veg til allra Utriettinga i hañs hæa konunglega Embætte; ad hañ sie fyrer þijna hægre Hond vendadur, og stiornest af þier; epter þvi hañ, og aller Kongar a Jordunne rijkia fyrer þig. Vertu Ovinur þeirra, sem eru hañs og þijner Oviner, og gef oß hlijdeñ Hiortu, so vier sieum honum hlijdner og trwer, lijka sem þu hefur gefed honum þad Hiarta, ad vera þier hlijdeñ og trwr. Haf þijna Hond, þitt Auga, og þitt Hiarta a un Aflats hia hennar Majestet, vorre Allranaadugustu Drottningu, so hennar Majestet formerke, vid hvern Footstig sem hun geingur, hversu henne sie viisud Leid af þinne Almættes Hende, gefed Raad af þijnu alsiaande Auga, og

hversu

hversu hun sie elskud af þijnu fodurlega Hiarta. Vijssqdu sialfur hañs Konunglegu Hætign, vorum Raudugasta Arfa Prints og Herra, þañ Veg, æ hverium hañ skule gænga, jæ, gack med honum hvert sem hañ fer; Lættu hañs Konunglegu Hætignar Elsku til þijn, og þijna Elsku til hañs, þroast, epter þvi sem hañs Aar og Dagar vaxa, so ad hañ alltijd, nu og hier epter, meige leita og finna i þier sijn einasta og yppasta Gooda. Fadma þu ad þier þær Konunglegu Princessur, og læt þær hvijlast i þijnu Skaute; Halltu vid Makt þijnum Otta i þeirra Hiortum, og læt þær komast jafnlega ad Raun þar uñ, ad soddañ þiñ Otte, sem yfergeingur alla Hlute, sie til allra Hluta nytsamlegur. Vertu sialfur ein Gyrding, og gloande Mur i kringum allt þad Konunglega Arfa Hws, þu sem þad hefur uppbygt, og allt hingad til vardveitt; Siæadu so til, ad þad blijfe stødugt, þar til Tijmeñ snijst i Eilijfdena. Uppfyll med Vijsdome hañs Konglegrar Majestatis Raudaneite, og Embættes-meñ, lættu

þau

þau alldrei i øllum sijnum Erenda-giørdum sækia epter sijnu eigen, helldur þvi sem þier og þijnum Smurda kañ þægelegt ad vera; Med soddañ mote, eykst og eflest þijn Dijrd; Med þeim Hætte stunda þeir einasta uppa Kongsens og Undersautanna Gagn og Nytseme. Virdstu ad wtbwa hañs Konglega Majestatis Strijds Makt, bæde til Lands og Siooar. Gief hañs Majestets Strijds-mønnum þau Hiortu, ad þeir þioone trwlega, og berieſt hraustlega þegar vidliggur; lattu þau alltijd haga sijnu Framferde, og þioona þier, sem þeir, ed visser eru þar um i Lijfe og Dauda, ad þu siert alltijd med þeim, þvi hver kañ þa ad vera a mote þeim. Myskuna þig yfer allañ Christindomen; Einkañlega vyrdstu ad blessa Kongsens Lond og Rijke, hvern ein Stad i Rijkiunum, hvert eitt Hws i Stodunum, og hveria eina Mañeskiu i Husunum: Reidstu ecke, gode Fader, ad vier þijn overdug Born bidium þig um so margt og miked: Ei hvort skylldu so storer Syndarar, sem vier erum, fara og leita Hiælpar, utañ til þijn, sem ert so

hiart-

hiartanlega miskunsamur. O þu allra myskunsamaste Fader, vertu oß aumum Syndurum nædugur; Ef vorer Fætur skridna, þa virdstu ad stidia oß, so vier føllum ecke; eñ ef vier føllum, þa reis oß a Fætur aptur, so vier liggium ecke fallner: Vier høfum syndgad, vier syndgum daglega; Eñ sokum þijns Sonar, sem var a̅n Syndar; þa gleim vorum Syndum, og lattu þad alldrei þier ur Minne falla, ad audsyna oß þijna Nad. Laat eingva Fiandmeñ geta vaked Stiriølld og Oroa i þessuñ Løndum, eñ vilie þad þo til, þa vertu vor Verndare, og þeirra Ovinur: Vardveittu oß fra Pestilentiu, og næmum Siukdomum, gef sierhverium af oß siñ deildañ Verd, og a̅kveded Hlutskipte, eñ þo sierdeiles þad Hiarta, sem lætte sier nægia med þad, sem þu sierhverium i tie lætur. Byrdstu ad farsæla þeirra Høndlan, sem fara med Kaupmannskap: Vijssadu Leid Siofarande Moñum; lattu sierhvers Mans Erfide fa̅ godañ Frammga̅ng. Vardveittu Gardana, og Stijflurnar i Kongsens Marskløndum. Gefdu einn-

eñ

eñ Blessan vid Bergverkeñ i Noreg, peirre Handtieran til stadfastrar Lucku, Framngangs, og Blessunar. Tak þu ad þier allar Eckiur, og vertu Forsvar allra Fodurlausra, yfergef þu alldrei nockurn af þeim, sem yfergefner eru. Byrdstu ad vera nælægur þeim, sem liggia a sijnum Sottarsængum. Medtaktu þa sijdustu Andvarpan þeirra sem i Trunne deya, og gior þeirra Sæler hluttakande eilijfrar Glede. Gef þu, ad vier meigum alltijd soleides heyra þitt Ord, ad vier finnum og formerkium i vorum Sælum, ad þad sie eirn Gluds Kraptur til Sæluhiælpar, ad vier synum þad i vorre Hegdan og framnferde, ad þad sie ein Regla, og Mælesnura, epter hverre vier gøngum. Þiñ Ande verke fyrer þad sama þitt Ord Truna i vorum Hiortum: Hañ hiælpe oß fyrer Truna, ad umfadma Truarinnar Uppbyriara og Fullkomnara; Uppa þad vier fyrer hañ meigum odlast Trwarinnar Endalok, þad eilijfa Lijfed, sem er þijn Nædar-gæfa i Jesu Christo vorum

HErra, Amen, i JEsu Nafne

Amen.

Fyrsta Sunnudag i Adventu.

Pad Heilaga Evangelium, sem almennilega verdur Klent og Predikad i Guds Barna Samkundu, hann Fyrsta Sunnudag i Adventu, hefur skrifad Gudspialla-madurenn Mattheus i sinnar Bokar 21. Cap. og hlodar sem eftirfylger.

Pañ Tijma, og þa er þeir toku ad nalgast Jerusalem, og komu til Betphage vid Fialled Oliveti, sendi JEsus tvo sijna Lære-sveina, 2 sagde til þeirra: Fare þid i þad hauptwn, sem gagnvart ydur er, og þar munu þid finna Øsnu bundna og Folann hia henne, leised hana og leided til mijn; Og ef einhver seiger nockud til ykkar, þa seiged þad HErrann hafe þeirra þørf, og jafnsnart mun hann lata þau laus. En þad skiede, so

ad uppfyllteſt hvad ſagt er fyrer Spæmanenn, er ſo ſeiger: Seiged Dottureñe Syon, ſiæ. þin Kongur kiemur til þijn Hogvær, ſitiande æ Øſnu, og æ Fola klifbærar Øſnu. Enn Læreſveinarner geingu i burt og giørdu ſo ſem JÆſus baud þeim, og leiddu med ſier Øſnuna og Folann, og løgdu ſijn Klæde yfer þau, og ſettu hann þar uppæ. Enn margt Folk breidde ſijn Klæde æ Veigenn; Og adrer hiuggu Kviſtu af Triænum, og dreifdu þeim æ Veigeñ, eñ þad Folked ſem fyrer þeim gieck og epterfylgde, kallade og ſagde: Hoſianna Syne Davids. Bleſſadur ſie ſæ ſem kiemur i Nafne Drottens, Hoſianna i hædſtum Hædum.

Þeſſe nærverande Drottens Dagur, og þrijr effterfylgiande kallaſt almeñilega Adventu Suñudagar, er þvi adgiætande, hvar fyrer þeim hefur vered giefed ſoddann Nafn; Skulum vier vita, ad þetta Ord, Adventa, merker Tilkomu, og fyrer þau grein, ad i ſiorum þeim Helgu Dogum, ſem gainga næſt undann Fola Hatijdeñe, verdur kient og talad uñ Herrans

ans Christi Tilkomu, þau hafa þeir feinged Nafn þar af; Er því Adventu-Dagur sama og Tilkomu-Dagur.

Hvad margfalld seigest almennilega Christi Tilkoma ad vera?

Þrefalld; Nefnilega:

Fyrst; i Holldet, þau hann kom i Heimenn, fæddur af Kviñu. Gal. 4.

Þar næst; Andlega, þegar hann fyrer sijna Naud kemur til sinna Barna, og byr i þeirra Hiortum. Apoc. 3.

Í þridia mata; i Dyrd, edur til Domsens. Matt. 25.

Uñ hvad handlar þessa Dags Heilaga Evangelium?

Uñ Christi Tilkomu og Innreid i Borgena Jerusalem til sinnar Pijnu, hvar fyrer þad syner; Fyrst Underbwning til þess Verks; Þarnæst Framkvæmdena.

Hvad talar Gudspialla-Madurenn uñ þad fyrra?

Og þau er þeir toku ad nálgast Jerusalem, &c.

Hverjar voru þær Personur, uñ hverjar Evangelisten seiger ad teked hafe ad nalgast Jerusalem?

JEsus, og hañs Læresveinar.

Seig þu mier, hvad fyrer Eirn JEsus var, og er?

Hañ var og er sa sanne Veralldar-ennar Frelsare og Sauluhiaulpare, Guds og Mariu Sonur, Sannur Gud, og sannur Madur, i einnre o-adgreindre Personu.

Seig þu mier og, hvad hans Læresveinar voru?

Þeir voru þeß hattar Menn, sem epterfylgdu honum ai hans Hiervistar Doguñ, heirdu hans Predikaner, og geingu þangad, sem hann þai sende.

Hafde hañ ecke vissa tolu ai sijnum Læresveinum?

Ad vijsu; Þvi hañ wtvallde fyrst Tolf, sem sijdar voru kallader Postular. Matt. 10.

Hvad þijder þetta Ord Postule?

Það þijder einn Sendeboda, ellegar þann sem wtsendest, og so voru þesser Tolf Christi Læresveinar kallader, fyrer það hann skickade þai, ad þeir skylldu hiai honum vera; Og ad hann sende þai wt ad predika, og ad þeir skylldu hafa vald til

til Sotter ad lækna, og Diofla wt ad reka. Marc. 3.

Hafde hañ adra Lære-sveina fyrer utann þessa Tolf?

Jaa: hañ hafde og adra Sioti-gu, og sende þai wt tvo og tvo fyrer sier i allar þær Borger og Stade, er hann villde sialfur koma. Luc. 10.

Hver var saa Stadur, er JEsus naalægdest med sijnum Lære-sveinum?

Það var Jerusalem.

Hvad fyrer einn Stadur var Jerusalem?

Það var einn Konunglegur Stadur, jaa Høfudstadurenn i øllu Gidinga Lande, hvar Gud hafde sitt Mustere og Helgedom, hver nu hafde miog wrkyniast, og var ordenn ad einnre Hooru. Es. 1. Einn syndugur og vidurstyggilegur Stadur, sem i hel sloo Guds þienara; Ja, sau Stadur, hver sialfañ JEsum epter faua daga so aumkunarlega pijnde og aflijfade.

Visse JEsus þai ecke ad slijkt munde yfer hann koma i Jerusalem?

Vissulega laungtum betur enn Paulus

lus, ad Bond og Harmkvæle munde hans þar bijda. Act. 20. hvad hann og audur fyrre hafde giefed sijnum Læresveinum til vitundar. Matt. 16.

Þvi villde hann þai þangad reisa?

Þess vegna, ad hann villde syna sijna stooru Hlijdne vid sinn himneska Fodur. Phil. 2. og sinn Kiærleika til vor, sem vorum faatæker, fallner i Synder og Glæpe, hann sparadi ecke sialfann sig, hann hiellt og ecke sitt lijf dijrmætt. Act. 20. helldur fyrer þad hann elskade oss, þai gaf hann sig og sialfann vt fyrer oss, til Fornfæringar og Offurs. Eph. 5.

Til hvers Stadar voru þeir allareidu komner?

Til Betphage.

Hvad fyrer einn Stadur var þad?

Þad var eitt Þorp, sem lau vid Veigenn til Jerusalem, ecke laungt frai Bethanien.

Hvar stood þad?

Vid Olin Fialled.

Hvad fyrer eitt Fiall var þad?

Þad var þad Fiall, sem laa eina

Sab-

Sabbathsgongu frau Jerusalem. Act. 1. J mot austre, og hafde sitt Nafn af þeim morgu Oliu-vidar Triaam, sem þar uxu.

Plagade JEsus annars opt ad koma til þessa Fialls?

Jaa; hann gieck þangad epter sijnum vana, Luc. 22. og þadañ til sinnar Pijnu; þar dvalde hann uñ Næturnar, frau þvi hann innreid, og til þeß hann var af Gidingunum faangenn og bundeñ, vid þetta Fiall uppbyriade hann sijna Pijnu, og af þvi hinu sama uppstie hann til Himins.

Hvad villde hann þar med til vitundar giefa?

Fyrst; Ad hann være saa sanne Fridarens Furste. Es. 9. Smurdur med Gledennar Vidsmiore. Ps. 45. Sem hefur utvegad oß þann sanna Frid, sem i Skrifftenne samlijkest vid Vidsmior: Med þennan Frideñ er hañ til vor komenn; sem Dwfann til Noa, med Oliu Laufbladed i sijnum munni. Gen. 8.

Þar næst; ad honum byriade fyrst ad lijda, og sijdann ad Jnngaunga i sijna Dyrd. Luc. 24.

J þridia mata; Ad vier mættum og vid bvner vera, med honum ad lijda, uppa þad vier verdum einninn med honum upphafdir til Dyrdarennar. Rom. 8.

Hvad giorde JEsus þegar hann tok ad nalgast Jerusalem, og var kommen til Betphage vid Fialled Oliveti?

Hann wtsende tvo sijna Læres sveina.

Þvi wtsende hann tvo?

So plagade hann opt at giora. Luc. 10. Ei alleinasta til þess þeir skylldu hafa Jnde og Glede hver af odrum; þvi tveir tru betre enn einn. Eccl. 4. Helldur og sierdeilislega þar fyrer, ad þeirra vitnesburder skylldu vera stadfastare um þad sem þeir attu ad wtretta, þvi i munne tveggia edur þriggia skulu oll Maulefne standa. Matt. 18.

Hveria Befalning gaf hann þessum tveimur Læres sveinum?

Hann sagde til peirra: Fare þidi þad Kauptwn, sem gagnvart Yckur er.

Kantu ad segia mier, hvad fyrer eitt Kauptwn ad þetta var?

Nei:

Nei: Ecke eigennlega, þar þeß verdur eigi gieted af Gudspialla-Manninum. Sumer meina, ad þad hafe verid Bethania, sem var þar skamt frá, og nefnist med þessu sama Orde, eitt Þorp.

Kann hier af ad dragast nockur Lærdomur?

Jaa: Aller sanner JEsu Læresveinar og Þienarar eru skylldugir ad gaanga þangad, hvert hellst sem hann þá sender, hvert helldur þad er til þeirrar audvyrdilegu Bethania, edur til þeirrar storu og prijdilegu Jerusalem; Þu skallt fara burt þangad sem eg sende þig, segir DRotteñ til Jeremiam. Jer. I.

Hverja fullvissu giefur JEsus þessum tveimur Læresveinum?

Þessa: Og strax munud þid finna Ösnu bundna og Fola hiá henne.

Hvad siáum vier hier af?

JEsu Alvitsku, þar hann, iafnvel fiærlægur, kunne ad siá þaa bundnu Ösnu og hennar Fola.

Sier hañ enn nu alla hlute þanneñ, med sijnu alsigna Auga?

Jau vissulega; þvi eingenn hlutur,

og eingenn skiepna er o-sijnileg fyrer hañs Augsyn, helldur eru aller hluter nakter og ohullder fyrer hañs Augum. Hebr. 4. Hann sier alla menn, hvert helldur þeir eru bundnir med Syndanna, edur Sorganna bondum, ellegar gaunga þeir lauser, sem þeir ed sundur slijta hanns Bond, og burtfleigia frau sier hañs Reipum. Pf. 2. Þegar þeim geingur vel, þeir eru i eingre Daudans hættu, helldur standa þeir faster sem onnur Holl, þeir eru ecke i ogiæfu sem annad Folk, og verda ecke þvingader sem adrer menn. Pf. 73.

Hvad hafa þeir Gomlu merkt og skiled fyrer Osnuna og Folann?

Fyrer Osnuna hafa þeir viliad merkiast laata Gidingana, sem þvingader voru under Oke Logmaalsens. Gal. 4. Enn fyrer Folann Heidingianasem hingad til hafa geinged, og lifad so sem fyrer utann Ok og Logmaal. Rom. 2. Þesser hverutveggiu eiga nu fyrer Evangelii Predikun ad leidast til Christum.

Hvad attu Læresveinarner ad giora med Osnuna og Folann?

Þad

Þad syner hann med þessum Orduñ: Leised þau, og leided til mijn.

Hvad skal hier fyrer merkiast?

Christi Þienara Embætte, hverium i JEsu Nafne ber ad leisa þau faatæku Syndara af þeirra Syndum. Matt. 16. og ad vera ummhiggiusamer ad leida þau til Christum. 2. Cor. 11.

Hvad skylldu þeir segia, ef einhver talade nockud til þeirra?

Þetta: Ad HErrann hafe þeirra þørf (til ad brwka þau uñ lijtenn tiima sier til þioonustu.)

Hvad siaum vier hier af?

JEsu Hoogværd, er ecke villde taka neitt med vallde, sem hann þo hafde sannarlega Rett til, med þvi ad aller hluter eru hans, helldur brwka þad med Eigandans samþycke, og godum vilia.

Kunnum vier nockud hier af ad læra?

Vier meigum ecke siaulfer taka oß Rett til i þessum Heimi, edur giora oß ad Gripdeildar Moñum, eins og Syner Eli, þeir ed søgdu: Þu skallt nu i stad giefa mier, enn vilier þu ecke, þa skal

eg

eg taka þad med vallde. 1. Sam. 2. Helldur med Hogværd beidast þess af odrum, sem vier med þurfum.

Mun þa Eigandenn strax hafa verid reidubwinn til ad giora JEsu Vilia?

Jaa: þvi þar um̃ gisrer JEsus þau fullvissa seigiande: Og jafnsnart mun hann lataa þau laus hvad og skiede. Marc. 11.

Hvad siaaum̃ vier hier af?

JEsu Almætte, er kann þad ad giora, hvad eingenn jardneskur Herra kañ ad giora; Nefnilega, ad hneigia manneskiuñar Hiarta til hvers hann vill. Prov. 21.

Kunnum vier og so nockud ad læra af þessu Eigandans Effterdæme?

Jaa: vier kunnum þad ad læra, ad hlijda JEsu Ordum, og Vilia, og giarnsamlega ad lata þad allt vera honum þionande, sem hann beidest af oss, sierdeiles vor Hiortu, nær hañ um þau bidur. Prov. 23.

Til hvers skiede allt þetta?

Þad skiede allt saman̄ til þess, ad þad

þad skylde fullkomnast edur uppfyllast hvad sagt er fyrer Spaamañiñ.

Fyrer hvern Spaamann er þetta, sem eptirfylger, sagt?

Nockud af Ordunum er sagt ad vijsu fyrer Spaumannen Esajam. Cap. 62. Enn þo er þad sierlegasta hier af sagt fyrer Spaamannenn Zachariam. Cap. 9.

Hvad seiger þai Spaamadurenn?

Seiged Dotturinne Zion: Siaa! þiñ Kongur kiemur til þijn Hoogvær, sitiande a Øsnu, og a Fola, klifbærar Øsnu.

Til hvers mun þetta sagt og talad vera?

Til Dotturinnar Zion.

Hvad meinast þar med?

Ei alleinasta Jerusalems Innbyggiarar, sem so kolluduſt af Fiallenu Zion, hvar ad þad Konunglega Slot var bygt i Jerusalem, helldur og eirnenn sw andlega Zion, þad er sw Christilega Kyrkia, edur þau trwudu Guds Børn.

Hvad skal þaa seigia þessare Zions Dottur?

Siaa! Þinn Kongur kiemur til þijn.

Hver

Hver er þesse Zions Kongur?

JEsus Christus, Sonur Guds og Israels Kongur, sem sau Himneske Faderenn hefur innsett ai sitt Heilaga Fiall Zion. Pl. 2.

Hvernenn kemur hann?

Hoogvær, sitiande a Ösnu og a Fola klifbærar Ösnu.

Reid þau Christus bæde a Ösnunne og Folanum?

Nockrer meina, ad Christus hafe einasta rided Folanum, enn ecke Ösnunne, og smijda þeßvegna Ordenu, og, adra Merking, enn þad er vant ad hafa; Hvad Lærder Menn vilia ecke sampyckia, þvi hier sie eingenn þorf ad vijkia frai eigennlegre meining Bokstaffens, þad hafe kunnad vel ad skie, ad Christus hafe rided til skiptes Ösnunne og Folanum inn i Borgena, einkum þar Gud spialla-madurenn Matthæus votte wtpryckilega, ad Lære-sveinarner hafe lagt sijn Klæde yfer Ösnuna og Folann, og sett Christum þar uppa.

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Fyrst,

Fyrst: Ad JEsus Christus sie saa sanne Messias, ai hverium þesse Spaadomur er uppfylltur, þetta skylldu eige hans Lære-sveinar i fyrstu, helldur þaa ed JEsus var auglijstur, þau hugleiddu þeir ad þetta var af honum skrifad. Joh. 12.

Þarnæst: Ad hann er eirn Lijtilautur og Hogvær Konungur, sem ecke brwkade Pragt og Priaal eins og jardneskir Kongar i sinne Jnnreid, helldur kom hann lijtelmootlegur og Fautækur, rijdande ai eirnre audvyrdilegre Laans Osnu, hvar med hann synde, ad hañ være ad sonnu eirn Kongur, enn hans Ryke var þo ecke af þessum Heime. Joh. 18.

J þridia maata: Ad vier, sem þau sonnu Zions Børn, sieum gladværer yfer þessum vorum Konge. Pl. 149. Medtakande hann med hiartans Fognude, og af honum lærande ad vera Hogvær og af Hiarta lijtilaut. Matt. 11. Sækiande epter vorum andlegum Rijkdome i hans Fautækt, þvi hann giordest fautækur so vier irdum Rijker. 2. Cor. 8.

Giordu Lære-sveinarner epter þessare Christi Befalningu?

Jaa:

Jaa: þvi so seiger Evangelisten i Textans ødrum parte: Enn Lære-sveinarner geingu burt, og giørdu so sem JEsus hafde bodid þeim.

Hverjar Dygder finnum vier hia þessum Christi Lære-sveinum?

Fyrst Hlijdnena; þeir raadfæra sig ecke leinge vid sitt Holld og Blod, helldur gaunga þaangad sem hann þeim befalar.

Þar næst; Elsku og audmiwka Lotningu, þvi þeir toku Klædenn af siaulfum sier, og leggia þau under sinn Meistara, ad hann skule ai þeim sitia.

Skulum vier og þessum þeirra dygdum eptirfylgia?

Jau vissulega: Ef vier vilium vera sannir JEsu Lære-sveinar og Viner, þa skulum vier og giøra þad hann skipar oss, og lauta eckert tilvanta af þvi sem vier hofum, og honum kann til þionustu verda, ad vier leggium þad ecke til, saa eingenn hlutur skal oss so kiær vera, ad vier giefum hann ecke i hans valld; Sierhverre Christenne Saul ber ad vera so sinnadre, sem Brudwrinne i moote sijnum andlegum Brwdguma, hun geimde

hønum

honum bæde sitt velluktande Dudaim, og allra handa augiæta Aaverte, bæde nya og gamla. Cant. 7.

Hvad gisrde Folked?

Peir auglystu sin Kiærleika og Virdingu vid hann, bæde i Ordum og Verkum.

Hvad fyrer Kiærleikans Gisrninga veittu peir honum?

Ein margt af Folkinu breidde sijn Klæde aa Veigen.

Til hvers gisrde pad petta?

Honum til Heidurs sem einum sönum Konge, og Fridarens Hofdingia, pvi pad var Vane ad breida Klæde under pau sem kiorner voru til Koongs, so sem vier hofum Epterdæme til aa Jehu. 2. Reg. 9. Og ad dreifa Paalma-vidar Greinum og odrum Greinum aa Veigen, edur ad bera pær undan einum, var Fagnadar og Sigur-vinningar Teikn.

Hverneñ gafu peir sin Kiærleika og Lotningu til vitnisdar med sijnum Ordum?

Ein pad Folked, sem fyrer peim giek og epter fylgde, kallade og

sagde: Hosianna Syne Davids, lofadur sie sa sem kiemur i Nafne DRottens. Hosianna i hædstum hædum.

Hvad var petta fyrer eitt Kall?

Pad var ein Lucku Osk, teken af Davids Psalme. 118. O! DRotten hialpa pu, o! DRotten, lattu pad vel luckast, hvar med peir oskudu JEsu, en po sierdeilislega sialfum sier, til Lucku i pessare hans Konunglegre Innreid, og baudu, ad hans aseting mætte godan framgaang fa.

Hvad kunum vier hier af ad læra?

Petta, ad vier, sem Christi andleger Undersautar, sieum hiartanlega glader af pessum vorum Konge og Saular Brwdguma, sijngiande og leikande fyrer honum i vorum Hiortum, iduglega og innilega bidiande, ad hans Dijrd mætte aukast og wtbreidast, ja, vier skulum af trwudu og andaktugu Hiarta hier daglega honum til Heidurs sijngia eitt innilegt Hosianna, so vier mættum sijdar han heidra og dijrka med einu eilijfu Halleluja. Amen.

Annañ

Aña Sunnudag i Adventu.

Gudspialled skrifar Sancte Lucas i 21. Cap.

Þañ Tijma, JEsus sagde til sína Læresveina. Þar munu skie Teikn a Soolu, Tungle og Stiørnum, og a Jørdu kvalning þioda og Grvilnan, Sior og Bylgiur munu hlioода, og Menn fyrer hrædslu uppporna, og af Epterbijdingu þeirra hluta sem koma skulu yfer allañ Heimeñ. Þviad Kraptar Hinnaña munu hræraſt; og þa munu þeir sia mañsens Son komanda i Skyunum med Magt og miklu Vellde; En nær þetta tekur ad skie, þa lijted upp, og upphefied ydar Høfud, af þvi ad ydar Endurlausn tekur ad nalægiast. Og hann sagde þeim þessa Efterlijking. Skode þier Fijkiu-Tried og øll ønnur Trie, nær þeirra Alldin tekur vt ad sprijnga, þa vitid þier ad Sumared er nalægt. So lijka nær þier siaid þetta skie, þa vitid ad Guds Rijke

er naalægt. Sannlega seige eg ydur, ad þesse Kynslood mun ei forgaanga, þangad til ad allt þetta skier. Himin og Jørd munu forgaanga, eñ mijn Ord forgaanga eige.

Hvad hefur þetta Evangelium iñe ad halda?

Fyrst; Christi Vidvorun og Undervijssun uñ þau Teikn, sem koma munu edur gaunga undañ hañs sijdustu Tilkomu (til Domsens)

Þarnæst; Hañs Stadfesting uñ þessa hañs Tilkomu i stadfri sier.

I þridia mata; Amiñing til einnrar godrar og Gudrækelegrar Tilreidslu i mote hañs tilkomu.

Hvad talar Frelsareñ uñ þau Teikn, sem skie munu fyrer hañs Tilkomu?

Og þar munu skie Teikn a Soolu og Tungli og Stiørnum.

Hvad margslags eru þau Teikn, sem hañ hier umtalar?

Þreñslags: Nefnilega þau teikn, sem munu skie

1. A Himninum yfer Mañunum, a Sooluñe, Tunglenu og Stiornunum.

2. I

2. I hiaa Meñunum siaalfum.

3. I kringum Meñena aa Vatns-bylgiunum og Sionum.

Hvad talar hañ uñ pad fyrsta?

Par munu skie Teikn aa Soolu.

Hverneñ munu pesse Teikn vera?

Ecke so veniuleg og naatturleg, so sem pegar Sool og Twngl formyrkvaſt, Halaſtiornur siaaſt, og añad peß haattar, hver jafnvel po pau hafe siñ naatturlegañ Gaang, paa kañ po GUD ad gisra pau ad Teikne og Vidvorun, pegar hañ vill, eins og Regnbogañ. Gen. 9. Helldur o-veniuleg og furduleg, sem bæde munu skie fyrer, med, og i Christi sijdare Tilkomu, ad Soleñ mun formyrkvaſt, og Twngled missa sitt Skin, og Stiornurnar af Himnenum hrapa. Matth. 24.

Hverneñ kañ petta oß til Lærdoms ad piena?

So opt, sem vier lijtum upp til Himens, og siaaum hañs Lioos, Solena, Twngled og Stiornurnar, paa skulum vier peinkia til peirrar sierlegu Umbreitingar, sem skie mun fyrer, og

i Christi sijdare Tilkomu; Og ecke allein-asta læra ad dæma uñ Himensens Hattalag. Matt. 16. Helldur og ad uælickta af þessum Teiknum, ad Christi Tilkoma er vissulegá fyrer hondum. Vier skulum og varast ad misbrwka þesse Himinsens Lioos, þau Stund GUd lætur þau skijna yfer oß, helldur medtaka þau, sem GUds Giæsku og Kiærleiks Teikn. Og med þvi þesse skapade Himen skal forgæanga, og hañs Lioos formyrkvast; Þau lætum oß, med stædstu Epterlongun, sækia epter þvi tilkomanda. Hebr. 13. Þeim nya Himne, þeirre himnesku Jerusalem, sem er eitt o-hræranlegt Rijke, jau, siv Borg, sem hverke þarf vid Solar nie Twngls, þad þau lyse i henne, þvi GUds Dijrd upplyser hana, og Lios hennar er Lambid. Apoc. 21.

Hvad seger JEsus uñ þad añadslags Teikned?

A Jordu Kvalning þioda og Orvinglan. Og aptur: Menñ munu fyr. er Hræddslu upphorna, og af Epter-bijdingu þeirra Hluta, sem koma skulu yfer allañ Heimeñ.

Skal þesse Hræddsla og Orvinglan verda stoor?

Ja

Jaa; so stoor, ad þvilijk Hrædsla hefur ecke vered frau Veralldarinnar upphafe, hvad Christus og med morgum og merkelegum Ordum til vitundar giefur, sem eru: Hrædsla, Orvinlan og Uvrþornan; men munu þau verda hræddare, og hiartadeigare, helldur en þeir sem innelukter eru i umkrijngdum Stad af þeirra Fiandmonnum au allar sijdur, og vita sier eingrar wtkomu edur Hialpar Von; Jau, þeir munu verda lijka sem vanmegna og dauder af Otta og Hræddslu. Matth. 24.

Hvernen kann þetta ad þiena oss til Vidvorunar?

Vier vilium siau til, ad vier hier au Tijma Naudarinnar sieum sorgfuller yfer vorum Syndum, og þad med sannarlegre hrigd epter Gude, sem verkar Idran til Sauluhialpar; hvers eingvann idrar. 2. Cor. 7. So vier au þeim sijdasta Deigi verdum ecke med þeim o-gudlegu yferfallner af Hrædslu, fuller Orvinlan, og þau forgiefins seigiande til Fiallana og Biargana: Falled yfer oss, og hilied oss fyrer Auglite þess sem au Stoolnum situr, og fyrer Reide Lambsens; þviad hin

mikli Dagur hañs Reide er kommeñ, hvor fær stadest. Apoc. 6.

Hvad talar JEsus um̃ pad pridiaslags Teikned?

Sioor og Bylgiur munu hlioda; Pad er, gaunga yfer siñ farveg, med storum og skadlegum Vatns-floodum, og hañs brwsandj Baurur munu giefa eitt o-veniulegt og skielfilegt Hliood af sier: Pvi Votn Siafarens munu pai uppbioota i mot peim o-gudlegu, og Vatns straumarner skulu af øllum Krafte giefa sig upp til samans. Sap. 5.

Kañ þetta og ad þiena oß til Lærdoms og Vidvorunar?

Jai: Vier skulum hier af læra ad vara oß, ad vier med peim o-gudlegu, sieum ecke sem uppbiootande Sioor, sai ed ej kañ kirr ad vera, og hañs Bylgiur wtkasta Saur og Ohreinindum. Es. 57. Edur sem peir vantrwudu og o-stodugu, hverier ad eru sem Siafarens Bylgiur, sem af Vinde verda drifnar hijngad og þangad. Jac. 1. Helldur hølldum kirru fyrer DRottne, og høfum vaktan ai honum. Pl. 37. Uppa pad þo

Sioreñ

Sioren þiote og hlioode, ad GUd sie þo vor Vernd og Styrkur, jau; vor Hialp i þeirre storu Aanaud, so vier frijer frau ollum Mootgaungs Bylgium mættum hiau honum lenda i þeirre ørugggu Himnaña Høfn, sem med ollum Riette mau kallast good Høfn, eingvu sijdur eñ sw Høfn kallast (god og ørugg) sem S. Pall lendte i fordum. Act. 27.

Talar JEsus þau ecke framar uñ uñbreiting þeirra himneſku Hluta?

Ad vijsu; þvi hañ seiger, ad Kraptar Himnaña mune hræraſt.

Hverneñ ai þetta ad skiliast?

Þad er: Sw wtbreidda Himensens kreftuga Festing mun ei alleinasta elldast og skiptast so sem añad Klæde. Pſ. 102. Og missa miked af sine krefftugre Verkan hiau þeim skovudu Hlutum, helldur og uñ sijder olldunges eidast og forgaunga med Stoor-brestum. 2. Pet. 3.

Hvad skulum vier hier af læra?

Med þvi ad sau skapade Himen mun forgaunga, þau skulum vier vænta epter þeim nya Himne, og þeirre nyu Jord,

i hverium ad Riettlæted bygger. 2. Pet. 3. Pad er, peirre eilifu himneſku Glede, pvi o-hræraallega Nijke, i hvert eckert almeñilegt, edur o-hreint ſkal iñgaunga. Apoc. 21.

Hvernig hlioda Chriſti Ord, med hverium hañ gisrir oß alldeiles viſſa um ſijna ſijduſtu Tilkomu?

Og þa munu þier (ſeiger hañ) ſia Mañſins Son komanda i Skynnum med Magt og miklu Vellde.

Hver er ſu ſem koma ſkal til Domſens?

Mañſens Sonur; þvi ad Fadereñ hefur giefed Synenum allañ Doom, ja: Hañ gaf honuñ og Valld til ad halda Dom, af þvi hañ er Mañſens Sonur. Joh. 5.

Kuñum vier hier af nockra Huggun ad hafa?

Ja; Petta er oß ecke ein liſtel Huggun, ad Domareñ er mañſens Sonur, vor Goël (edur vor Frelſare og Naafrænde af Blodſkyllduñe:) þvi þar ſem þad kañ miked ad ſtoda til ad fa eiñ milldañ Dom hier i Heimi, ef madur hefur Domarañ fyrer Vin; þa meigum vier

laungtum

laungtum framar vera visser þar uñ, ad Domureñ mune verda oß naudugur og goodur, epter þvi ad Mañsens Son au ad vera vor Domare, þar sem vier añars hier i Tijma Naadareñar stundum epter hañs Fulltinge og Vinsæinge.

Hverneñ mun hañs Tilkoma verda?

Hun mun ecke alleinasta verda synileg ollu Folke og ollum Kynkvijslum au Jerduñe. Matth. 24. Helldur munu oll Augu siau hañ, og þeir ed hañ i giegnumstwnged hafa. Apoc. 1. Munu siau hañ komande med Krapte miklum og Dijrd; Þvi so seiger Evangelisteñ: Þa munu þeir siau Mañsens Son, komanda i Skyunum med Magt og miklu Vellde, laungtum odru vijsse eñ hañ var i sijne fyrre Tilkomu, þa kom hañ i sijne stærstu Nidurlægingu, jau, i Fautækt og Eymd, eñ nu mun hañ koma i sijne Majestat, Dijrd og Heidre.

Hvern Lærdom kuñum vier oß hier af ad draga?

1. Med þvi vier vitum ad þesse vor JEsus, sem synilega uppstie til Himens, og synilega mun apturkoma i Skyum Him-

Himensens, skal Domeñ hallda, þa skulum vier so opt sem vier uppliptum vorum Augum til Skyaña, þeinkia uñ Christi Tilkomu i Skyum Himensens, og med storre Epterlongun heñar vænta, eñ varast ad giora oß i Lund, ad nockurt Sky mune verda so þykt, ad þad hilie hañ, so hañ siaist ecke. Jac. 22. Eda birge oß fyrer honum, so ad allir vorir þankar, Ord og Verk, sieu ecke nakeñ eda opeñber fyrer honum.

2. So sem sw fyrre Tilkoma vors JEsu var audvirdileg og fautækleg, eñ sw sijdare mun verda med storum Krapte og Dijrd; So kunnum vier, sem erum hluttakende i hans Lijsdun, ad glediast; þvi vier munum fagna ai Opeñberingar Tijma hañs Dijrdar. 1. Pet 4.

Þegar allt þetta tekur ad skie, hvad skulu þeir Gudhræddu þa giora?

Þar uñ talar JEsus eñ framar seigiande: Eñ nær þetta tekur ad skie, þa lijted upp, og upphefied ydar Høfud, af þvi ad ydar Endurlausn tekur ad nalægiast.

Eru

Eru ecke Guds Børn fyrer Christum audur endurleist? Hvernenn seigest þai, ad þeirra Endurlausn take ad naulgast?

Þeir eru ad sonnu fyrer Christum endurleister frau Syndenne, Guds Reide, Logmaulsens Bolvan, Daudanum, Diofslinum og Helvijte, enn þau munu þeir Christnu fullkomlega verda endurleister frau ollum þeim Ofullkomlegleika, Sorg, Ossokn, Hormung, Eymd og, Neyd, sem þeir hliota hier ad lijda, þvi Drottenn mun þau frelsa þai frau ollu illu, og hialpa til sijns himneska Rijkes. 2. Tim. 4. Þar fyrer kallast sau sijdaste Dagur, Dagur Endurlausuarinnar. Eph. 4. Jau, Guds Barna Dijrdarlegt Frelse, Oska-Barna Rettur, og Lausn vors Lijkama. Rom. 8.

Hverja huggun kunnum vier oss hier af i Nyt ad færa?

Jafnvel þo Guds Børn hliote hier opt ad gaunga loten og miog beigd. Ps. 38. Under Hrigdarennar og Krossens Byrde, þau skal þo þetta vera þeirra Huggun, ad þau aa þeim sijdasta Deige munu med Glede lijta upp, og upphefia sitt

Hofud,

Hofud, þar þeirra Herra, Brwdgume, og Frelsare kemur, sem vill upphefia þeirra Hofud wr Fangelsinu, taka af þeim Byrdena, sundurslijta þeirra Hrigdar Seck, og giefa þeim eslijsañ Fognud og Glede. Pf. 30.

Med hverre Epterlijking wtleggur JEsus þetta?

Og hañ sagde þeim þessa Epterlijking: Skode þier Fijkiu-Tried, og øll ønnur Trie, nær þeirra Alldin tekur wt ad sprijnga, þa vitid þier ad Sumared er nælægt.

Hveria Huggun vill hañ giefa sijnum Bornum med þessare Epterlijking?

Lijka sem meñ, effter diñañ, kalldañ, og hardañ vetur, þegar allt synist sorgarlegt og aumt, glediast, nær þeir i mote Sumarinu siau ad Alldin au Triaunum taka wt ad sprijnga, og allt tekur ad blomgast; So munu GUds Born, vill hann seigia, sem hier hliota ad hafa þeirra Eymda og Motgaungs Vetur, þau innilega glediast, med þvi þeirra retta Glede-Sumar skal þau koma, au hverium þeirra Glede skal fullkomnast: Hafe

þeirra

þeirra Stand allt þangad til vered sem sau þurre Aarons Stafur, þau skulu þeß Alldine au þeim Tijma, ecke einasta taka til ad sprijnga wt, helldur og einneñ sem ein frioodsem Ejk, fau fullkomna Averte. Num. 17.

Skal þau allt þetta vissulega skie?

Jau: þar gjorer JEsus oß fullvissa uñ, seigiande: Sannlega seigi eg ydur ad þesse Kynslod, nefnileaa Gidingarner, mun ei forgænga; þad er (ecke olldunges uppratast, og eideleggiast, helldur vera og vara hiingad og þangad wtdrifner) þangad til allt þetta skier, sem eg hefe sagt og talad bæde uñ Jerusalems Ejdeleggingu, og þau Teikn, sem skie munu fyrer mijna Tilkomu til Domsins.

Med hverju stadfester hañ þad enn framar?

Himin og Jørd munu forgænga, enn mijn Ord forgænga eige, Helldur blijfa eilijflega. Es. 40. I. Pet. I.

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Þad; Ad vier þurfum ecke i nockurn mata ad tvijla uñ Christi sijdare Til-

Tilkomu, sem hann med sijnu Sannleiks Orde, og stadfestum Eide so trwlega hefur lofad; Med thvi Himen og Jord skulu forgaunga, enn JEsu Ord blijfa stadfest Eilijflega; thau kunnum vier oohulter ad byggia og forlauta oss thar uppa, og blijfa stadfaster sem Hwsed au Hellusteininum. Matth. 7. Jafnvel tho bæde Himin og Jord forgaunge.

Hvernenn aminner Frelsarenn oss ad vera tilreiddum at mote hans Tilkomu til Domsens?

Nockud er thad, sem hann vill ad vier skulum varast, og nockud sem hann raudleggur oss ad vier skulum astunda.

Hvad er thad, sem hann vill ad vier skulum varast?

Thad auglijser hann med thessum Ordum, seigiande: Vared ydur ad ydar Hiørtu thijngest ecke af Ofæte og Ofdryckiu, og med Sorgum thessarar Næringar.

Eru thau ecke fleire Synder, sem vier skulum varast, enn thessar?

Vissulega; Thvi vier skulum varast adskiliannlegar Synder og Ranglæte, sem

sem vill yfergnæfa, at moote Christi Tilkomu til Domsens. Eñ med þvi ad þessar Synder munu þau mest yfergaung hafa, og vera so sem Root og Uppspretta til hiña añara, hvar af Hiortun munu hellst þijngiast, so þau kuña ecke ad upplipta sier med Gudlegum þaunkum og sañre Andakt, og bwa sig til at mote Christi Tilkomu, þau varar hañ oß sierdeileslega vid þeim.

Hverneñ kuñum vier ad varast þessa Leste?

Med þvi sau sijdaste Dagur mun hastarlega koma, jau, so hastarlega, sem ein Snara (i hverre Fugleñ oforvarandes fliotlega veidest) yfer alla þa, sem a Jørdu byggia.

Brwkar Guds Ande adrar Efterlijkingar til ad giefa til vitundar þeß sijdasta Dags hastarlega Tilkomu?

Jau: Hañ seiger og, ad hañ mune koma sem þiofur um Nott. 2. Pet. 3. Og lijka sem sott Jood-siwkrar Kviñu. 1. Thess. 5.

Hverneñ kañ þetta ad þiena oß til Vidvorunar?

Med þvi þesse Dagur mun koma

ſo haſtarlega og o-forvarandes, ad vier vitum hverke Stund nie Tijma, hveria Fadereñ hefur ſett i ſiaulfs ſijns Vallde. Act. 1. Þau ber oß ai ollum Tijmum reidu bvnum ad vera, med heilogu Athæfe og Gudrækilegum Verkum, ſo ad vier epterbijdum og Skundum ad þeim Tilkomu Deige DRottens. 2. Pet. 3. Oß ber i Tijma adleiſaſt af vorum Synda-Bondum, ſo ad ſa Dagur kome ecke yfer oß ſem Snara, þvi efvier værum þau uñvafder med Synd, mundum vier bundner verda med myrkraña Bondum, og kaſtader i þad eilijfa æ-varanda Myrkur.

Hvad vill hañ ad vier ſkulum aiſtunda?

1. Ad vera vakande i Andanum: So vered nu vakande alla Tijma, ſeger Chriſtus, breitum epter Brvdurenne, hvers Hiarta vaker, jafnvel þoo heñar Augu ſofe. Cant. 5. Giorum ſem þeir goodu þienarar giordu, hverra Lendar voru uñgyrdtar, og þeirra Lioos logande, bijdande epter ſijnum Launar-Drottne, þangad til hañ kiæme aptur frau Brullupenu, ſo ad nær hañ kiæme, þau ſkylde ſtrax vera upploked fyrer honum

um. Luc. 12. Jaa, oß ber ad verka vora Saaluhiaalp med Ugga og Otta. Phil. 2.

2. Ad vera kostgiæfner og breñande i Bæneñe. Og bidia, seiger hañ: Bæneñ skal vera sem vort andlegt Strijds-Merke, med hverre vier skulum, sem gooder Strijds Meñ JEsu Christi, uppvorva oß sialfa til ad adhillast Gud, og burtreka vora Ovine; Oß ber (seigi eg) i Anda og Sannleika ad bidia. Joh. 4. Og pad o-aflatanlega. 1. Thess. 5.

Hvar fyrer skulum vier þanniñ vaka og bidia?

So vier mættum verduger vera ad uñflya allt petta, hvad epter komande er, og ad standa so framme fyrer Mañsens Syne.

Hvad er þad, sem Christus seiger ad epterkomande sie?

Þad eru þeir hrædilegu hluter, sem skie munu fyrer og i Christi sijdare Tilkomu, og siv stora Hrædsla, Otte og Skielfing, Kvøl og Pijna, sem koma mun yfer þau Ogudlegu.

Hvad er þad, ad standa framme fyrer Mañsens Syne?

Þad er, ad standa framẽ fyrer Auglite JEsu Christi, Domara alls Holldz, ad standa hughraustur med Glede, epter þad madur hefur hier staded stødugur i Trwñe, treistande uppa hans Forbienustu, ad standa hønum til hægre Handar, og heira hans gledilegu Raust, so lautande: Kome þier Blessader mijns Fodurs, og eignest þad Rijke, sem ydur er fyrerbwed frau Upphafe Veralldariñar. Matth. 25. Þar i mot fa þeir ø-gudlegu ej stadest i Dominum. Ps. 1. Helldur lijda Pijsler, þa æfinlegu Fordiorfun frau Auglite Drottens, og frau hans dijrdalegre Magt. 2. Thess. 1.

Kuñum vier þar til verduger ad verda af sialfum oß til?

Nei: Þvi vier af sialfum oß til erum ecke neyter, nockud gott ad hugleida. 2. Cor. 3. Helldur fyrer Guds Naud, JEsu Christi Forbienustu, og adstod Heilags Anda, hvar umñ vier daglega eigum ad bidia, og þa kuñum vier i einu stadfestu Trwnadar Trauste, iñilega med Bruduriñe ad Andvarpa. Apoc. 22. Kom HErra JEsu, kom snarlega, kom þu milldur og blijdur, so hoolpeñ verde piñ Lijdur eilijflega. Amen.

Þri-

þridia Suñudag i Adventu.

Gudspialled skrifar Sancte Matthæus i 11. Cap.

Jþañ Tijma: Eñ þa ed Johannes heirde i Bøndunum Verkeñ Christi, sende hañ wt tvo af sijnum Læresveinum, og liet seigia høñum: Ertu sa sem koma skal, eda eigum vier ad vænta eins añars? JEsus svarade og sagde til peirra: Farid aptur, og kuñgiørid Johanne hvad þier siaid og heirid: Blinder fa Syn, Hallter ganga, Lijkþrær hreinsast; Daufer heira, dauder upprijsa, og Fatækum verda Gud-spiøllen bodud, og sæll er sa sem ecke hneixlar sig a mier. Eñ ad peim i burt geingnum, hof JEsus ad seigia til Folksens af Johanne: Hvad foru þier wt a Eydimørku ad siaa? Neir þañ sem af Vinde er skiekeñ; Eda hvad foru þier ad siaa? Mañ mivk Klæddañ? Siaid, ad þeir sem mivkañ Klædnad bera

erú i Kongaña Hwsum; Eda hvad forn þier ad siaa? Einn Spaamañ? Eg seige ydur fyrer sañ, þañ meire er eñ nockur Spaamañ, þviad þesse er sa, af hverium skrifad er: Siaa þu! ad eg sende miñ Eingel fyrer þiñe Augsyn, sa ed þiñ Veg skal tilreida fyrer þier.

Hvert er Jñehalld þessa Gudspialls?

Fyrst; Hondlar þad uñ þau Sendemeñ, er Johannes sende til Christum, og þad Andsvar, er Christus gaf hañs Sende-mønum.

Þarnæst; Uñ þañ kostulega Vitnisburd, sem JEsus gaf Johanne fyrer Folkinu, epter þad hañs Lære-sveinar voru burt geingner.

Hvad seiger Evangelisteñ uñ þad Fyrra?

Eñ þau ed Johannes heirde i Bøndunum Verkeñ Christi, sende hañ wt tvo af sijnum Lære-sveinum.

Hver var sa sem wtsende?

Johannes Sonur Zachariæ og Elisabethar, sem kalladest Skijrare af Skijrnar Sacramentinu, sem hañ hoof fyrstur

fyrstur, og handtierade epter Guds Befalningau. Matth. 3. Med pessu Nafne var hañ skileñ frau Johanne Zebedei Syne, sem var Postule og Gudspiallamadur.

Hver og i hverju Stande var Johannes at peim Tijma?

Hañ var i Bondum.

Hver hafde sett hañ i Faungelse?

Fiordungs Høfdingeñ Herodes, hañ hafde faungad hañ, bunded, og i Faungelse sett. Matt. 14.

Fyrer Hverja Ordsok hafde hañ sett hañ i Faungelse?

Ecke fyrer pad hañ hafde giort nockud Illt, heldur fyrer pad, hañ hafde giort sitt Embætte Rettelega, og straffad Herodis Vondsku og Blodskom, og bañad honum pvilijkt ad giora; par fyrer sette Herodes hañ i Faungelse, fyrer Saker Herodiadis Hwsfrw Philippi Brodur sijns, pvi Johannes sagde til hañs: Pad er ecke rett ad pu hafer hana. Matt. 14.

Hvad kuñum vier hier af oß til Lærdooms ad taka?

1. Ad saklaus Gudz Børn hlioota opt ad lijda, so sem sakader Glæpamen: Faungelse og Fiotur eru einn partur af þvi veralldlega Sverde, sem Gud hefur Yfervalldenu til trwad, vondum til hegningar, eñ godum til Lofs; Hvar fyrer þau tilheira med rettu vondum Glæpa-mønum; eñ þar þvert a mote sagde David fordum uñ Abner, sem var eiñ heidarlegur Madur: Þijnar Hendur eru ecke bundnar, þijner fætur eru ecke fiotrum læster. 2. Sam. 3. Ecke ad sijdur siau meñ stundum ærlega Meñ vera saklausa i Fiotur færda, so vel sem sakada Illvyrkia, sem Dæme er til allvijda, ej alleinasta einn sakadur Barrabas, sem fyrer Upphlaup og Mañdraup var epter Verdugleikum i Faungelse og Myrkvastofu settur. Marc. 15. Helldur er hier eiñeñ eiñ saklaus Johannes, Petur, Paull, og Sila, hverier i Sannleika kuña ad seigia sem Joseph uñ sig og sitt Faungelse; Eg hefe eckert þar til uñid, ad þeir hafa sett mig iñ i Faungelse. Gen. 40.

2. Ad rettsinnader Gudz Orda Þienarar, sem vilia giora sitt Embætte trwlega, og straffa þau o-gudlegu fyrer

Synder

Synder og Glæpe, þurfa ei ad vænta sier añara launa af þeim, eñ Haturs og Hefndar girndar, þvi þeir eru reider vid þau sem straffa þau i Portunum, og hallda fyrer Svijvirding þau sem Heilnæmt kieña. Amos. 5.

Fyrer hveria Ordsok sende Johannes i Fangelsenu þessa Meñ til Christum?

Þvi hañ heirde i Bøndunum hañs Verk (eg meina Christi) Gudspialla-Madureñ Lucas seigir, ad Johañis Lære-sveinar hafe sagt honum allt þetta, nefnilega, ad hañ hafe heilbrigdañ giort Hofdingians þienara til Capernaum, sem og uppvaked Ekkiuñar Son i Naim, og oñur hañs Kraptaverk; Og med þvi ad þetta var Johañi til Huggunar i sijnum Bondum, og til Trwar styrkingar uñ Christum, þau tekur hañ sier Ordsok þar af, ad senda sijna Lære-sveina til hañs, sem þeß saña Veralldareñar Frelsara.

Kañ þetta ecke ad þiena Guds Bornum til Huggunar i þeirra Eymd og Motgange?

Ad vijsu: Þviad so sem Johannes i Bondunum heirde Christi Verk, vid

hver hañ kuñe sig ad hugga; Og honum med soddañ moote midt i hañs Faungelses Myrkre upprañ eitt skiært Gledeñar Ljoos; So mun og Gud ecke helldur lauta sijn Børn ain Huggunar vera i peirra Eymd og Motgaunge, helldur siælfur Ljoos fyrer Myrkur giefa. Pl. 18. Og jafnvel þo þeir sitie i Myrkrunum, mun hañ siælfur peirra Ljoos vera, og gledia þau med sijnum Verkum. Pl. 92.

Hverier voru þeir, ed Johannes sende til Christum?

Tveir hañs Lære-sveinar.

Hafde Johannes marga Lære-sveina?

Jaa: Hañ hafde adskiliañlega, sem i hañs Velstande og Embættis Utriettingum honum efterfylgdu, hverium hañ hafde undervijsad i sijnum Sauluhiaulpar-efnum, kent peim ad Bidia. Luc. 11. Hallded peim til ad fasta, og bidiast miog fyrer. Luc. 5. Og ad lifa einu straungu og sidsamlegu Lijferne; Þesser yfer gaafu hañ ecke, helldur vitiudu hañs kostgiæfilega i Bondunum. Jaa; peir gleimdu ecke sijnum Kiærleika til hañs efter hañs Dauda, þvi þegar Herodes hafde

hafde lætad hausshoggva hann, þar komu hanns Lære-sveinar, toku hanns Lijkama, og grofu, komu og kunngiordu þad JEsu. Matth. 14.

Kunnum vier af þeirra Epterdæme oss nockurn Lærdom ad draga?

Jæa: Þetta er eitt prijdilegt Epterdæme, hverium ollum rettsinnudum Tilheyrendum ber epter ad fylgia, hverier ei alleinasta eiga ad elska sijna Kiene-fedur i Medlæte, helldur og so i Motgaunge, ecke einasta ad hroosa þeim hann Tijma þeir lifa, helldur og eunen i Kiærleika uppe ad hallda þeirra þacknæmilegre Minning, þegar þeir eru dauder, þviad so er befalad: Þeinked æa ydra Lærefedur, þeir ed Guds Ord hafa sagt ydur. Hebr. 13.

Hvad liet Johannes þessa sijna Lære-sveina segia JEsu?

Hann liet þau segia honum: Ertu sa sem koma skal, eda eigum vier ad vænta eins annars? Þad er; ertu sa sanne Messias, sem Fadernn hefur lofad ad koma skule. Pl. 40. Ellegar eigum vier enn nu ad vænta epter annars Tilkomu.

Liet

Liet hañ þæa spyria hañ ad þessu af nockre Efasemi, so sem hañ tvijslade uñ hañs Personu?

Nei: Eingvannveigeñ, þvi hañ hafde sialfur viisad til hañs med sijnum Fingre, og sagt: Siaed, þar er þad Lambed GUds, hvert ed ber Heimsens Synder. Joh. 1. Hañ hafde skijrt hañ i Aañe Jordan, og sied Andañ ofañstijga, sem Dwfu, og yfer hañ koma, og heyrt Fodursens Rodd af Himnum, sem sagde: Þesse er Sonur miñ elskulegur, ad hverium mier velþoknast. Matt. 3. Hverneñ kuñe hañ þæa ad tvijla uñ þad, ad hañ være GUds Sonur.

Þvi liet hañ þæa sijna Læresveina spyria ad þessu?

Þad giorde hañ fyrer þeirra skuld, so þeir skylldu leidast fraa þeim Þaunkum, sem þeir hofdu uñ hañ, ad hañ sialfur munde vera Christur, hveria hañ hefur vissulega audur fyrre leitast vid ad vtrijma fraa þeim. Joh. 3. Eñ þeir saatu þo i þeirra Hiortum, hvar fyrer hañ vill nu, ad þeir af JEsu Ordum

um og Verkum lære ad þeckia, ad hann alleina sie sau sanne Meßias.

Hver Lærdomur kañ hier af ad dragast?

Hier af skulu ecke alleinasta Lærefedur i Kirkium og Skolum, helldur og allar rettsinnadar Yfervallds Personur, Forelldrar og adrer, læra, ad vijsa þeirra Tilheyrendum, Lære-sveinum, Undersautum, Bornum, og Hiwum til Christum, so ad þau lære ad þeckia hann, sem er sau sanne Veralldarennar Frelsare, og Sauluhialpare, og ef þeir fornema, ad þeir sieu i efasemum þaunkum, og ai raunguin Veigi, þa skulu þeir stunda epter, ad leida þau ai rettann Veg, so þeir kunne ad sinvast til sijns retta Hyrders og Saulnanna Biskups.

Hvert Svar gaf JEsus þeim uppa þetta Spursmal?

Það seiger oß Gudspialla-Madurenn, þar hann so talar: Og JEsus svarade og sagde til þeirra, fared aptur og kungiøred Johanne hvad þier sia id og heired.

Hvad

Hvad var hañ þar ad giora?

Evangelistenn Lucas seiger i 7. Cap. ad a þeirre somu Stundu hafe hann læknad marga af Sottum sijnum og Meinum, og af illum Öndum, og morgum Blindum hafe hann giefed Syn, og af þessu droo hann sitt Andsvar.

Þvi svarade hañ ecke vtþryckilega Jaa, edur Nei?

Þad villde hann ecke giora, so þad skyllde ecke synast, ad hann leitadj epter nockre Hroosum, helldur vijsade hann þeim til sinna Verka, hver nogsamlega vitnudu uñ hann, ad hann være sa sanne Veralldarinnar Frelsare. Joh. 10.

Hvad kieñer hañ oß hier med?

Ad vier ecke med saufeingilegre Hrosun leitum epter voruñ Heidre, helldur siaum so til, ad vor Verk kunne ad tala, og vor Riettvijse ad vitna uñ oß. Gen. 30.

Til hverra Verka vijsar þa Jesus þeim?

Blinder fa Syn, Hallter gaanga, Lijkþraaer hreinsast, Daufer heira, Dauder upprijsa.

Var

Var þetta og af Spaamoñunum fyrer sagt, ad Christus i síne Tilkomu skylde giora þvijlijk Verk?

Jau: So var sagt fyrer Spaamannenn Esaiam. Cap. 35. Þa munu Augun Blindra upplvkast, og Eyrun Daufra opnuð verda, þa mun hinn hallte upp stockva sem Hiortur, og Twngann hins Maallausa mun Lof seigia: Og aptur seiger same Spaamadur. Cap. 29. Á þeim sama Tijma munu hiner Daufu heira Ordenn Bokarennar, og Augun blindra munu sia vr Myrkrenu og Diñunne.

Hvad aliktum vier hier af?

Það; Ad JEsus er sa sanne Veralldarennar Frelsare, med þvi hann hefur kunnad ad giora so mikil og stoor Krapta Verk.

Kunnum vier oß hier af nockra Huggun ad taka?

Jau: Það er oß yfer mata mikil Huggun, ad vier vitum ad vor JEsus er sa sanne Israels Læknare. Exod. 15. Sem kann ad græda allar vorar Meinsender. Ps. 103. Og ecke alleinasta ad

giora

giora þau lijkamlega, helldur og þau andlega Blinda siauande, þa Daufu heirande, þau Maullausu talande, þau lijkþrauu hreina, og þau Daudu lifande: Hvar fyrer vier kunnum ad flya til hans bæde i Lijkamans og Saularinnar Kraunkdæme, og ad setia til hañs alla vora Von og Trw.

Hvad befalar hañ þeim enn framar Johanni ad kuñgiora?

Þetta: Og Fatækum verda Gudspiøllen̄ bodud.

Var þetta og af Spamanninum fyrer sagt?

Jau: Þvi so seiger hann sialfur fyrer Esaiam. Cap. 61. Ande DRottens er yfer mier, þar fyrer hefur DRottenn smurt mig, hann hefur sendt mig til ad Predika voludum.

Hvad skilst hier fyrer Volada?

Ecke so mikilega þeir sem voru lijkamlega fatæker, (jafnvel þo fatæker, audvirdileger, og almwga Folked medtæke hann og hans Ord med stærre Gyrnd og Epterlaungan, enn þeir Stooru og Rijku. Joh. 7.) So sem þeir ed ecke einasta

voru

voru erbirger ad andlegum giædum, og purftu þvi mikilega vid Huggunar Evangelii, hver þeim var og einiñ frambodeñ; helldur og sierdeiles þeir, sem voru fautæker i Anda, þad er, fundu i iñstu Saul og Hiarta, til siñar andlegu Naudþurftar og Þreingingar, hverier riettilega kuñu ad siña og formerkia Evangelii Huggun og Sætleika.

Hvad seiger hañ hier sijdast til þeirra?

Og sæll er sa, sem ecke hneixlar sig a mier.

Hvar fyrer leggur hañ þesse Ord til?

Þvi Spamadureñ Esaias hafde þvi fyrer spad, ad hañ munde verda einn Aasteitingar Steiñ, og ein Hneixlunar Hella. Es. 8. Sa gamle Simeon hafde og þetta um hañ sagt, ad hañ munde setiast til Falls, og til Merkes, hverium i moote munde mælast. Luc. 2. Þar fyrer vill nu Christus hier med giefa, bæde þessum Lære-sveinum, og odrum eina Vidvorun, ad þeir siae vel til, so þeir hverke hneixlest a hañs Personu, Lærdome, Lijdun, ellegar hañs Kyrkiu wt-

vortes lijstilmootlegre Aasynd, uppa þad, ad hañ, sem er settur til eins Grundvallar Horn-steins, verde þeim ecke ad asteitingar Steine, og Hneixlunar Hellu, sokum þeirra Vantrwar. 1. Pet. 2.

Hvad seiger Texteñ uñ þañ Vitnisburd, er Christus gaf Johanni?

Þad syner oss Gudspialla-madureñ, so seigiande: Eñ ad þeim i burtgeingnum, hof JEsus ad segia til Folksens af Johanne: Hvad foru þier wt a Eydemørku ad siaa?

Þvi villde JEsus ecke framsetia þessa Rædu uñ Johannem at medañ hañs Læresveinar voru þar vidstadder?

Þess vegna, ad þad skyllde ecke synast, sem hañ villde hræsna fyrer Johanne og hañs Læresveinum, hvar af þeir kyñe framar ad styrkiast i sine raungre Meiningu og þonkum uñ Johannem.

Kuñum vier hier af oss nockurn Lærdom ad wtdraga?

Jau: Vier skulum eingvum hroosa i hañs

i hañs opeñ Eyru, og Nærveru, helldur honum ai bak og fiærlægum; þvi af þeirre Hroosun, sem skiedur i Eyru þeß goda og frooma, þau styggest hañ, og verdur lijka sem spottadur, og sai fauvijsse verdur þar af upp blaseñ, og styrktur i siñe Fauvitsku.

Hvad talade hañ þau til Folksens af Johanne?

Hañ seiger þvi, bæde hvad hañ var, og hvad hañ var ecke.

Hvad seiger hañ, ad hañ hafe ecke vered?

Hañ seiger, ad hañ hafe ecke vered o-stadfastur i sijnum Lærdome, Trw, og Vidurkienningu: Hvad foru þier wt ai Eydemørku ad siaa? Þad er: Hvad meine þier og dæmed uñ Johannem; jau, þier, sem so marger hafed geinged wt ai Eydemorku, hvar hañ hefur kient og skijrt, Villdud þier siaa eiñ Reir, þañ sem af Vinde er skiekeñ? Þad er, þeinke þier ad hañ sie, sem eiñ hvikull og o-stødugur Reir i siñe Trw og Medkieñingu, edur ad hañ mune vera odruvijsse-sinnadur i sijnuñ Fiotrum, eñ audur

i sijnum Frijheitum, og Frelse? Nei, aungvañveigeñ, vill hañ seigia.

Hver Lærdomur verdur hier af dreigeñ?

Hier af skulu Guds Børn læra, sem og Ordsens Þienarar, ad vera ecke sem o-stødugur Neir, edur ad lata hvern Lærdoms Vind veifa sier. Eph. 4. Helldur vera støduger og stadfaster allt til enda, so þeir mættu verda Sauluholpner, og odlast Coronu Lijfsens. Matt. 10. Apoc. 2.

Hvad seiger hañ eñ framar, ad hañ hafe ecke vered?

Hañ seigir, hañ hafe ecke vered eiñ miwkklæddur Hræsnare: Eda hvad forud þier ad sia? Mañ miwkklæddañ? Eda meini þier, ad Johannes hafe med sinne Predikun stundad epter miwkum Klædum, Gunst, og goodum Dogum? nei, þad siest hier ecke, ad hañ hafe so breitt, þvi siæed! ad þeir, sem miwkañ Klædnad bera, eru i Kongaña Hwsum, þar finnast þeir, þar eru þeir Lidner: Hiau Lucam Gudspialla-manne hlioода so þesse Ord: Þeir sem i dijrmætum Klædum og Velliste-

ingum

ingum lifa, eru i Konganna Gordum. Luc. 7. Eñ Johannes lifde einu straungu Lijferne, þo var hañ ecke odruvijs lidenn i Kongsens Garde enn so, ad hañ var bundenn og settur i Myrkvastofu.

Hvernenn kunnum vier oß þetta til Nytsemdar ad færa?

Fyrer Sonum Veralldarinnar, sem brwka miwk Klæde, og lifa i Vellystingum, byriar Ordsens þienurum, og odrum Guds Bornum, ecke ad hafa miwk og Hræsnesfull Ord og Twngur, til ad hræsna fyrer Mennunum, og giora Hægende under þeirra Handlegge, og Kodda under þeirra Hofud. Ezech. 13. Þvi þad er ecke Gude þocknañlegt, og þau klæde Skarta ecke fyrer honum.

Hvad seger JEsus, ad Johannes hafe verid?

Einn Spamadur, jau meire enn einn Spamadur: Eda hvad foru þier ad sia? Eiñ Spamañ, eg seigi ydur fyrer sañ, þañ meiri er eñ nockur Spamann. (Þvi, i stadenn fyrer þad, ad adrer Spamennerner spaudu uñ Christum, ad hañ munde koma,

þau bente hañ til hañs med Fingrinum) Þviad þesse er saa, af hverium skrifad er. Mal. 3. Sia þu! eg sende miñ Eingel fyrer þinne Augsyn, saa er þinn Veg skal tilreida fyrer þier.

Í hvern mata var Johannes einn Eingell?

Ecke var hann Eingell epter sinne Nattura, þvi epter henne var hañ eiñ Madur, og i þeirra tolu, sem af Kviñunñ eru fædder. Matth. 11. Eñ epter Embættinu var hann einn Eingell, þvi hann var af Gude sendur til ad predika. Luc. 3. Og vera Fyrerrennare i Auglite DRottens, ad tilbwa hañs Vegu, og ad giefa hañs Folke skilning Saluhialparinnar. Luc. 1.

Hvad ætlicktum vier hier af?

Þad, ad Ordsens þienarar eru med Johanne GUds Englar og Sendebodar. Mal. 2. Og med þvi þad er þeirra Embætte, ad þeir med kostgiæfilegum Lærdome, og aminningum hroope til sinna Tilheirenda, og seige: Tilreide þier Vegu DRottens; so er og riett-

riettsinnadra Tilheirara Skyllda, ad gisra epter þessari þeirra Aaminningu, hvar til GUd giefe oß sijna Naud, so vel ai þessum gledilega Adventu Tijma, sem alltijd endrarnær. Þeim hinum sama, med Syninum, og þeim verduga Heilaga Anda, sie Lof og Dijrd frau Eilijfd til Eilijfdar. Amen.

Fiorda Suñudag i Adventu.

Gudspialled skrifar Sancte Johañes i 1. Cap.

Og þeim Tijma. Gidingar sendu af Jerusalem Presta og Levita, ad þeir skylldu spyria hañ ad: hver ert þu? Og hañ medkiendest, og neitade þvi ecke. Og hañ medkiendest, segiande: Eige em eg Christus, Og þeir spurdu hañ eñ þa ad, hvad þa? Ert þu Elias? Hañ sagde, ei em eg. Ert þu þa Spamadur? Og hañ svarade nei, ecke. Þa søgdu þeir vid hañ: Hver ert

þu þaa? so ad vier meigum Andsvar giefa þeim er oß wtsendu. Hvad seiger þu af sialfum þier? Hann sagde: Eg em hroopande Rødd i Eydemørku, greide þier Gøtu Drottens, so sem sagde Esaias Spaamadur. Og þeir sem wt voru sender voru af Phariseis. Og þeir spurdu hañ ad, og søgdu til hañs: Þvi skijrer þu þaa, fyrst þu ert ecke Christus, eige Elias, og eige Spaamadur? Johannes svarade þeim og sagde: Eg skijre i Vatne, eñ saa stood i midet hiaa ydur, hvern þier þecktud eige: Hañ er saa sem epter mig mun koma, hver ed var fyrer mig, hvers Skoo-þveinge eg em ej verdugur upp ad leisa. Þetta skiede i Bethabara, hinumeigenn Jordanar, þar sem Johannes skijrde.

Hvad hefur þetta Evangelium ifie ad Halda?

Johannis Skijrara markverdugañ og opeñberlegañ Vitnisburd.

Hvar uñ vitnar hañ þau?

Fyrst uñ sialfañ sig; Þar næst uñ Christum.

Hvad

Hvad talar Gudspialla-madureñ uñ þad fyrra?

Þetta er Johannis Vitnisburdur: Greidi þier Gøtu DRottens, so sem sagde Esaias Spaamadur.

Hvers var þesse Vitnisburdur?

Þad var Johannis Vitnisburdur, so sem hañ var sendur, og kominñ til eins Vitnisburdar, ad hañ skylde bera Vitnisburd af Liooseñu. Joh. 1. So hefur hañ og sañferduglega bored Sañleikanum Vitni. Joh. 5.

Nær bar hañ þeñgñ Vitnisburd?

Þegar Gidingarner til Jerusalem, þad stora Raud, og Samkvæme, sem þar var skickad yfer DRottens Dooma, og yfer Maulaferleñ. 2. Chron. 19. Sendi til hañs nockra Presta og Levita, heidurlega og mikilshattar Meñ, af Presta og Levita Stande og Ættum, hverier og eiñeñ (i Tillite til Trwar-bragdaña) voru af Phariseis (sem sijdar sagt verdur i Textanum) þeim vandlautasta Selskap uñ Guds Dijrkun og þioonustugiord hiaa Gidingum. Act. 26.

Var þar nockur Mismunur ai millum Prestaña og Levitaña?

Jau; GUd hafde teked Levitana i stadeñ fyrer alla Frumgietinga Israels Sona, so ad þeir skylldu honum tilheira. Num. 3. Ad þeir skylldu þioona i DRottens Tialldbwdar Embætte, og gaunga fraṁ fyrer Almwgañ, og þioona honum. Cap. 16. Eñ af Levi ÆTt hafde hañ sierdeiles wtvaled Aarons Hws til Kieñemans-skapar. Exod. 28. Ad þeir skylldu frambera Fornernar fyrer DRotteñ.

Þvi sendu Gldingarner so wþarlega Meñ til Johannem?

Ad þeirra Sendemeñ skylldu hafa þeß stærra Aalit, og ad Johannes leiddest þvi betur til ad taka ai mote þeim Heidre, sem þeir so frambudu honum.

Hvers Erindes voru þai þesser Prestar og Levitar til haṁs sender?

Þeß Erindes, ad þeir skylldu spyria hann ad: Hver ert þu? Hverneñ hagar þier og þijnu Embætte? Af hverre Magt kienner þu? og upp byriar

ad

ad skijra, sem synist eitt nijtt og sierlegt Sacrament? Mau skie þu siert sau fyrerheitne Meßias, epter hverium leinge hefur vænt vered, ertu ecke sa same?

Giordu Gidingarner rett i þessu, ad þeir wtsendu þessa Meñ med soddañ Spursmal til Johannem?

Hafe þeir giort þad an Hræsne, og Mañgreinar Aalits, þa var þad ecke af þeim illa giort, þvi þad kom þeim vid, so sem vakande Augum Gidinga Lijdsens, og þeirra Safnadar, ad sia til þad eingeñ nijr, edur raungur Lærdomur og Umbreiting au Trwar brogdunum skyllde lijdast, eda iñleidast: Og med þvi Johannes kende med undarleguñ hætte, og uppbyriadi Skijrnena, so sem nockud nijtt, og o-veniulegt, þa var þad ecke o-tilbærilegt, þo þeir sendu til hañs ad vita, hvar fyrer hañ giorde þetta.

Hofdu þeir þa eingva adra Ordsok hier til?

Aan alls efa, þvi þeir kuñu af Spamonnunum. Dan. 9. Ad aulikta ad Meßias være allareidu komeñ, þeir formerktu og, ad Johannes (uñ hvers undar-

undarlegañ Gietnad og Fæding þeim kuñe ei okuñugt ad vera, þvi hañs Fader Zacharias var af sialfra þeirra Stiett og Stande) uppbyriade med undarlegum hætte ad kieña og Skijra, og Fiolldi Folks drost ad honum og epterfylgde honum: Hier af þeinktu þeir, ad hann mætte vera Christus, hvers heidurs þeir giarnañ villdu uña honum, og so sem frañbiooda, sem Bevijslega kañ ad atliktast af hans Andsvare, þar hañ strax sagde til þeirra: Eigi em eg Christus, sem og af Christi Ordum, þar hañ seiger: Johannes var eitt logande og skijnande Ljoos, eñ þier villdud skaña stund glediast af hans Ljoose. Joh. 5.

Foru þeir þau ecke villt i þessu, og kuñu þeir ecke ad hafa vitad þetta betur, hefdu þeir þeinckt sig vel uñ?

Sannarlega; Þvi þar sem þeir hefdu viliad riettilega rañsaka Skriftena, þa kunnu þeir so vel nu, sem þeir i añañ Tijma kunnu, ad hafa vitad, bæde af hverre Ætt, og i hverium Stad Christus skyllde fædast. Matth. 2. Og med þvi þeir vissu, ad Johannes var fæddur af

Kieñ-

Kieñimañlegre Ætt, eñ ecke af Kyne Juda, þau kunnu þeir ad hafa aliktad, ad hañ være ecke Meßias; Eñ fyrer þad þeir epterfylgdu framar sijnum eigenn Þotta og Meiningum, eñ Skriftariñar Leidsogu, þa kom þad þar af, ad þeir budu Johanni þañ Heidur, sem hañ hverke vilde nie kunne i moote ad taka.

Hver Lærdoomur verdur hier af dreigeñ?

1. So sem Augun sia fyrer allañ Lijkamañ: So ber Kieñendunum, og Forstiorum Guds Safnadar, ad sia til, og hafa gaat au sialfum sier, og allre Hiordeñe. Act. 20. So enginn Fals-Lærdomur iñsmeigi sier; Profed þier þar fyrer Andana, hvert þeir eru af Gude. 1. Joh. 4.

2. Þau kunna Mykilmennen ad bregdast. Pl. 62. Og Samkunda þeirra Lærdu ad fara villt, hellst þegar þeir epterfylgia framar sijnum eigenn Þonkum, og innrættum Meiningum, enn Guds Anda og Ordsens Leidsogu.

3. Þau

3. Þau være þeß ooskande, ad sierhver villde daglega framűsetia þetta Spursmaul fyrer sialfañ sig, sem Gidingaña Sendemeñ settu hier fram fyrer Johannem; Hver ertu? Þau mundu marger þeckia betur sinn Ó-fullkomlegleika, sem og Guds Naud, og lauta sier framar til hugar koma sijns Christindoms og Embættes Skyldu, enn margur gierer.

Hvert Svar gaf þau Johannes uppau þetta Spursmaul?

Hann medkiendest og neitade því ecke; og hann medkiendest seigiande: Eigi em eg Christus. Hann merkte vel, hvar uppau þeirra Spurning var sierdeiles stijlud, sem og ad Folked almennilega vonade og þeinkte i sijnum Hiortum, ad hann munde vera Christus, hvar fyrer þesser villdu biooda honum þann Titil og Heidur, enn hann villde eingvañ veigenn þann heidur hafa, sem hverke honum nie nockrum ødrum Syndugum Manne hæfde, medkiennande þar fyrer wtþryckilega, Jeg er ecke Christus. Ad sonnu var hann eitt skijnande Liøos. Joh. 5. Enn þo ecke þad sanna

Skiært:

Skiærtskijnanda Sauluhialparennar Lioos, hann var Vinur Brwdgumans, enn ecki Brwdgumenn sialfur. Joh. 3.

Hvad sogdu peir þa?

Þegar hann villde ecke taka a mote Meßiæ Title, og Heidre, þa spurdu peir hann enn þa ad, Hvad þæa: Ert þu Elias? Þad er ad skilia, Elias Thesbiter, sem med elldlegum Hestum og Vognum var uppnumenn til Himens, hver peir meintu epter Malachiæ Spadome. Cap. 4. þann peir ecke skilldu, ad munde personulega apturkoma fyrer Christi Hingadkomu.

Hverju svaradi hann peim hier uppa?

Hann sagde: Ei em eg. Þad er ad skilia, sa Elias Thesbiter sem pier meined: Johannes var ecke Elias, so miked sem adhrærde hans Personu, helldur framgieck hann i Anda og Krafte Eliæ. Luc. 1. Og ad þvi leite var hann sa Elias, sem Malachias hafde spad ad koma munde, og epter Christi Vitnisburde være komenn. Marc. 9.

Hofdu peir fleire Spurningar vid hann?

Ja:

Jau: Þeir spurdu enn framar: Ert þu þa Spamadur? Einn sierlegur Prophete, med eina sierlega Befalning wtsendur af Gude, sem um verdur gieted i Deut. 18. Ellegar einn af þeim gomlu Spamonnum, sem er uppristinn.

Hvert Svar gaf hann þeim hier uppa?

Hann svarade Nei; Hann var ad sonnu Spamadur hins Hædsta. Luc. 1. Jau, meire enn einn Spamadur. Matt. 11. Enn þo einginn Spamadur i þann mata, sem þeir meintu.

Hvad siaum vier hier af?

A eina Sijdu Gidinganna Fauvitskur, hverier fyrer þad þeir epterfylgdu sijnum rongum Þonckum, og inurættum Meiningum, þau falla þeir frau einum rongum Þancka um Johannem til annars; Enn a adra Sijdu Johannis Lijtelæte og Audmykt, sem ecke vill taka at mote þeirre Vegsemd, er honum heirir ecke til.

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Vier

Vier skulum sem Johannes ecke dilia, helldur segia og medkenna Sannleikañ, og alltijd vera reidubwnir, ad giefa Andsvor fyrer hverium Manne, sem wtheimter Reikningskap af oß. 1. Pet. 3. Eiñeñ skulum vier læra af honum ad vera audmiwker, og ecke taka oß hañ Heidur til. Hebr. 5. Sem oß kemur ecke vid, helldur vera lijtelmootleger i vorum eigeñ Augum, uppa. ßad vier mættum finna Naad fyrer Auglite DRottens.

Lietu ßeir sier ßetta Andsvar nægia?

Nei; Helldur sogdu ßeir eñ framar til hañs, so sem af ßiooste: Hver ertu ßa? So vier meigum fullkomed Andsvar og Undervijsun giefa ßeim, er oß wtsendu? Hvad segier ßu af sialfum ßier?

Hverju svarade hañ ßeim hier uppa?

Hañ sagde: Eg em hroopande Rødd i Eydemørku: Og ßad er mitt Hrop og Predikunar Innehalld: Greide ßier Gøtu DRottins; ßad er, tilreided ydur og ydar Hiortu med eiñre sañre Trw og Gudrækniñar Ydkun,

ad taka æ mote þeim fyrerheitna Meß sem nu kemur til ydar; þier siæid hvad Spæmadureñ Esaias hefur til forna sagt, spæd og talad uñ þetta mitt Embætte: Cap. 40.

Kañ hier nockur Lærdomur af ad dragast?

Jæ; Guds Orda þienarar skulu med Johanne i sañre Audmijkt hallda sig sialfa lijtilmotlega, og medkiena sig alleinasta ad vera Guds Raust, og hañs Verkfære, sem liæ honum Muñiñ og Raustina (hvad hañ siælfur hefur þo giefed þeim) til ad predika og tala Orded, eñ Orded og Rædañ, sem þeir riettilega framberа, er hañs.

J añañ mæta; skulu þeir siæ so til, ad þeir sieu ein hroopande Rødd, jæ, ad þeir upphefie sijna Raust, sem eina Basunu. Es. 58. Eñ sieu ecke sem hlioodlauser Hundar. Es. 56.

J þridia mæta; so sem Gud kallar til vor fyrer sijna þienara i Eydemerkiþessarar Veralldar, og skipar oß ad greida Gotu DRottins, so ber oß nu sem alltijd, eñ þo sierdeiles æ mote vorre tilkomandę Jola Hæatijd, ad kosta Kapps

uñ

[illegible], ad wtrijma Syndernar, og uñ
Lund og Tijma ad slau frau oß verallde-
legum sijslumum, og fyrer eina sanna
Trw og Gudhrædslu ad skrijda og prijda
vor Hiortu, so vor JEsus hafe Lyst til
vor ad koma, og hiau oß ad vera med
allre sinne Forpienustu, Naud og Vel-
giorningum.

Hofdu þeir eñ fleire Spurningar vid hañ?

Jau: Þeir spurdu hañ ad, og
sögdu til hañs: Þvi skijrer þu þa,
fyrst þu ert ecke Christus, eige Elias,
g eige Spamadur? Sem þeir vill-
i so miked sagt og talad hafa: Vier
ofum adskilianlega Þvotta og Hreinsa-
ir, epter Logmalinu; Eiñeñ vitum
ier, ad þegar Meßias kiemur, þa mun
añ stockva hreinu Vatne aa Meñ. Ezech.
36. Eñ med þvi þu, epter þiñe eigeñ
Medkienningu, ert ecke Christus, eigi
helldur Elias, nie eiñ Spamadur, hvar
efur þu þa teked þeñan Myndugleika og
Heidur ad skijra; Jau, ad seigia, þad
þvilijk Skijrn sie til Fyrergiefningar
Syndaña. Marc. I. Med hverju Spurs-
maale þeir gafu honum Ordsok til ad

Auglysa þañ kostulega Vitnisburd, uñ siñ eigeñ O-verdugleika, so og uñ Christi Personu og Embættes Ypparlegleika, sem epterfylger.

Hvad sagde hañ þat af sialfum sier?

Hañ svarade þeim og sagde: Eg, sem er aumur og o-verdugur þienare, skijre i Vatne, so sem mier er befalad af GUde. Joh. 1.

Hveria Medkieñingu hafde hañ uñ Christum?

Eñ hañ, nefnilega DRotteñ sialfur, hverium eg þioona, og hvers Gotu eg greide, stendur aa Meedal ydar, og uñgeingst med ydur, hañ hefur biriad, og teked sier fyrer, ad handtiera ai medal ydar opeñberlega sitt heilaga Predikunar Embætte, hvern þier pecked þo ecke riettilega fyrer þañ saña Frelsara og heimsens Endurlausnara, hañ er sa sem epter mig mun koma, þad hañs Embættes wtriettingum vidviskur, hver ed var fyrer mig; Þad ai hrærer hañs guddomlegu Natturu, og eilijfu Fæding af Fodurnum. Mich. 5. Hvers Sko-þveinge eg em ei verdugur upp

að

ad leisa. Jau, alldeiles o-verdugur þar til, ad eg beige mig nidur, og take af honum hans Sko-klæde. Marc. 1. Þad er, ad eg sie hans aumaste og audvyrdilegaste Þienare.

Kan hier af nockur Lærdomur ad fram-fliosta?

Jau; adskilianlegir.

Sa fyrste, ad Gidingarner spurdu Johannem ad, hvi hann skijrde? O! ad sierhver Christin Madur villde dagléga spyria sig sialfan ad: Hvar fyrer ertu skijrdur? Hverrar Naudar ertu i Skijrneñe hlutt-kande ordeñ? Hverju hefur [illegible] ad þijnum Gude? Æ! þa munde þad miklu betur gaunga til i voram Christindome, helldur en þad geingur.

Hin annar; At Ordsens Þienarar eru alleinasta Guds Verkfære, hverier hans Ord kiena wtvortes med sine Raustu og handtiera Sacramenten; En hann er sialfur sa, sem fyrer þad heilaga Predikunar Embætte, og Saluhialparinnar Medol verkar med sine Naud i Mannanna

Hiortum, Syndaña Fyrergiefning, Riettlæted, og Saluhiaulpena.

Sa þridie er, ad vor JEsus er bæde sañur Gud, og sañur Madur, hver ed var fyrer Johannem epter hañs Guddomlegre Nattura: En hañ kom epter hann epter sijnum Manndomlega Gietnade og Fædingu, so og epter sijns Predikunar Embættes wtriettingu, i eigenn Person, hvar fyrer hann var bæde fyrer Abraham, og epter hann. Joh. 8.

Sa fiorde; Ad hann geingur midt ut medal vor i Sofnudinum, fyrer sitt Heilaga Ord, og Hæverduga Sacramenta, med sinne storu Naud, og daglegum Velgiorningum, so hann mætt seigiast oß personulega naulægur; Og þo eru þeir flester, þvi midur, sem ecke þeckia hann so riett, sem heim ber og hæfer.

Sa fimte, og sijdaste Lærdomurenn er, ad vier meigum aller medkienna, ad vier erum o-nyter þionar, og ecke verduger, ad wtrietta þau minstu Guds Þionustu, ellegar ad medtaka þañ minsta Mola hans Naadar. Gen. 18.

I hverium Stad seiger Evangelisten, ad þetta hafe skied?

I Bethabara, hinumeigen Jordanar, þar sem Johañes skijrde.

Hvad fyrer ein Stadur var þetta?

Það var einn Feriustadur, edur Feriuhws, so sem Nafned og merker, hinu meigenn Jordanar, hvar um marger daglega reistu, fram og til baka, hvar af siau mau, ad Johannes hefur ecke leinilega wtriett sitt Embætte, helldur i einum almennilegum Stad, hvar hann og giorde þessa augiætu Medkiennингu.

Hvad kunum vier ad Endalikt hier af ad læra?

Það, ad vier skulum ecke skamast vor, ad wtrietta vort Embætte opennberlega, edur vora Bænrækne og Guds Þionustu, og lata so vort Ljoos lysa fyrer Monnunum. Matth. 5. Jau, medkiennum vorn JEsum fyrer þeim, so hann aptur au mot medkienni oss fyrer sijnum himneska Fodur. Matt. 10. Hverium himneskum Fodur, ausamt med Syninum og þeim Heilaga Anda, sie Dijrd og Prijs um Allder Allda.

Amen.

Pad Heilaga og Hatijdlega

Evangelium, sem a Fædingar-Nottu vors Lausnara JEsu Christi, verdur almennilega kient og predikad i Guds Barna Samkundum; Hefur Ande DRottens uppteikna lauted fyrer Gudspialla-mañeñ Lucam; Og er so hlioodande af hans Bokar odruñ Capitula, sem epterfylger.

I þañ Tijma. Og þad bar til a þeim Døgum, ad þad Bod gieck wt fra Keisaranum Augusto, þad Heimureñ allur skylde skattskrifast. Og þesse Skattskrift var hin fyrsta, sem giørdest, þa Cyrenius var Lands Herra i Syria. Og þeir fooru aller ad lata skattskrifa sig, hver til siñar Borgar, þa for og Joseph af Galilea wr Borgeñe Nazareth, upp i Judeam, til Davids Borgar Bethlehem, af þvi ad hañ var af Hwse og Kyne Davids, so ad hañ liete Skattskrifa sig þar med Mariu sinne Festar-Konu oliettre. En þad skiede so, þa er þau voru þar, ad þeir Dagar fullnudust, ad hun

hun skylde fæda, og hun fædde sín frumgieteñ Son, og vafde hañ i Reifum, og lagde hann nidur i Jøtuna, þviad hun fieck eckert añad Rwm i Giesta-herbergimu. Og þar voru Hirdarar i þvi sama Byggdarlage, sem hielldu sig a Nøtkenne, og vøktu yfer Hiørd sína uñ Nottina. Og sia þw! þad Eingeil Drottins stod hia þeim, og Guds Birte lioomade i kringum þa, og þeir urdu miøg oottasiegner. Og Eingelleñ sagde til þeirra: Hirde þier ecke ad hrædast. Siaid eg boda ydur mikiñ Føgnud, þann er skier øllu Folke, þviad i Dag er ydur Lausnareñ fæddur, sa ed er Christur DRotteñ i Borgeñe Davids. Og hafed þad til Merkis, ad þier munud sína Barnid i Reifum vafed, og lagt vera i Jøtuna. Og iafnsnart þa var þar hia Englinum mikill fiølde himneskra Hersveita, sem lofudu GUd og søgdu, Dijrd sie GUde i Upphæðum, og Fridur a Jørdu, og Nøñum goodur Vilie.

Hvad hefur þetta Evangelium inne ad hallda?

Christi Fædingu.

Hvad marger Partar eru þar iñefallder?

Almeñelega þrijr.

1. Af hvers Tilstofnan María med Joseph kom til Bethlehem, þa þeir Dagar fullnudust, ad hun skylde fæda.

2. Hverneñ hun fædde JEsum i Bethlehem.

3. Hverneñ GUd liet sijns Sonar Fæding opeñberast Fiar-Hirdu runum vt a Morkeñe hiau Bethlehem.

Hvad seiger Gudspialla-madureñ uñ þad fyrsta?

Og þad bar til a þeim Døgum, epter þad Johannes var fæddur, og sa Tijme nalægdest, ad hverium María skylde fæda, ad þad Bod gieck vt fraa þeim Romverska Keisara Augusto, þad allur Heimureñ, þad er ad skilia, (so vitt, sem lau under þad Romverska Herradæme) skylde skattskrifast; þad er, ad þeir skylldu auglijsa sitt Nafn og Eign-

er,

er, so þeim kyñe þar eptir Skattur og þwnge uppa ad leggiast. Þesse Skattskrift var hin allra fyrsta, nefnilega sw almeñilega, er gieck, so vel yfer Gidingana, sem hina adra þeß Romverska Rijkes Undersauta, og skiede, þa Cyrenius (sem añars var kalladur Quirinus, ellegar Quirinius) sendur til þessarar Utriettingar, var Landstiornare i Syria, hvar med Gidinga-Land i þau Daga reiknadest; Og þeir foru aller, sem hlijdner Undersautar, ad lata skattskrifa sig, hver til sinnar Borgar, i sinu Ættkvijsl og Kin-þætte, sem þeir voru afkomnir. Þa for og Joseph af Galilæa wr Borgenne Nazareth upp i Judæam til Davids Borgar Bethlehem, af því hann var af Hwse og Kyne Davids, so hann liete skattskrifa sig þar med Mariu sinne Festar-Konu, sem var oliett, ecke af Joseps Tilverknade, heldur af Heilogum Anda. Matth. 1.

Hvad skiaum vier hier af?

1. Tijmañ og Tilstanded i Gidinga-Lande, þa Christus var fæddur, nefnilega

lega, þegar sa fridsame Keisare Augustus rijkte; þa var Christus, sa sanne Fridarens Høfdinge fæddur. Es. 9. Þegar allur Heimureñ var skattskrifadur, þa sende GUD sijn Son i þessa Verold, þañ ædsta og yppærlegasta Fiesiod. Spijrañ var nu burt tekeñ frau Juda. Gen. 49. Gidingarner voru nu komner under añarlega Rijkes Stioornan, og hlutu af þeim Romverska Keisara ad lata Skattskrifa sig, og au þeim Tijma kom sa sañi Shilo Verndare og Frelsare, sem atte ad frelsa oß frau vorum Ovinum, og af hende allra þeirra, sem oß hotudu. Luc. 1.

2. Guds sierlegt Raud og Stiornan, sem kalī ad snwa Mañeskiuñar Aasetninge og Gisorningum, til añars Mals, eñ þeir opt og tijdum lijta til, og sigta epter. Augustus villde lata sia sijn Miskunglejka, og rañsaka sijna Herradoms Magt med þessare almeñilegu Skattskrift, og ætladi þar med ad auka sijn Rijkdom og filla sitt Fiar-slooda Hws; Joseph, sem einn hlijdeñ Undersauti, epterfylgde Keisarans Befalningu, og Maria, sem ein

Trwfost

Trwfost og Dygdarijk Festar-Mey, ferdadest med sijnum Trwlofada Festar-Mañe; Eñ i ollu þessu hafde Gild eiñ añañ Tilgang, sem var ad syna Miskun og Sañleika, og sitt Loford ad uppfilla, sem hañ hafde talad fyrer Spamannniñ, ad Christus skylde fædast i Bethlehem. Mich. 5. So ad Keisarans Befalning mau giefa Joseph og Mariu Ordsok til ad ferdast þangad: Kañ skie þau hefdu añars ecke þangad au þeim Tijma komed.

Kañ nockur Lærdomur hier af ad dragast?

Jau: Hier af kañ Lærdomur ad dragast.

1. Fyrer trwa og riettsiñada Undersauta, þviad so sem þau Hau Yfervolld hafa Makt ag Mindugleika til ad lauta skrifa sijna Undersauta i Skatt, og til ad leggia þeim Utgipter og Pijngsle uppa, til ad forsvara sijn Lond og Rijke, so ber og trwum og froomum Undersautum, med allre Hlijdni og Undergiefni, ad giefa þeim Skatt, sem Skattur heirer, þeim Toll, er Tollur heirer, þeim Heidur, sem Heidur heirer. Rom. 13. Og þeinkia, ad þad er gott, ad gieta giefed sijnu

sijnu goodu Yfervallde, hverju sijna Undersauta ber ad forsvara, so peir kunne ad njoota peß, sem epter er, med Roo og Fride, og neydest ecke til, ad lata sijna Peninga af hende einum framande Herra, hverier opt vilia hafa meira, en peir eiga.

2. Fellur sa Lærdomur hier af fyrer Gudhrædt Egtafoolk, ad pad med Joseph og Mariu hallde saman, so vel i Medlæte sem Motlæte, og bere pölinnmodlega pau Byrde, sem GUd pvi uppaleggur, epter sijnum fodurlegum Vilia.

Hvad talar Gudspialla-Madurenn nm pad anad?

Og pad skiede so, pa ed pau voru par, ad peir Dagar fullnudust ad hun skyllde fæda; Og hun fæddi sinn Frumgietenn Son, og vafde hann i Reifum, og lagde hann nidur i Jøtuna, pviad hun fieck eckert annad Rwm i Giesta-Herbergenu, sem var fullt med adra Gieste.

Hver

Hver Lærdomur og Gudleger Pauckar kuna hier af ad koma?

1. Er JEsus sai sañe og fyrerheitni Meßias; Þvi hañ er fæddur af Mariu, eiñre heiñre Jomfrw, sem ecke visse af neinum Mañe, epter Spadoniinum. Es. 7. Og þad i Bethlehem, sem var Davids Borg, af Hwse og Kyne Davids, og þad allt epter Skriftariñar Hlioodan. Mich. 5.

Þar næst; er oß þetta til Lærdoms, ad hvad leinge sem Tijnen hafde undañdreigest, ai hveriuni Christur skylde fædast, so kom þo um sijder sw Tijmans Uppfilling, ad GUd sende siñ Son, fæddañ af Kvinnu. Gal. 4. Eins lijka þo hans sijdare Tilkoma undanndrageſt, þai mun hun þo vissulega koma.

I þridia Matta; er JEsus kalladur Mariæ Frumgietenn Sonur, ecke fyrer þad, ad hun hafe fædt nockurn annañ Son epter hann, helldur er þad Skriftarinnar Sidvane so ad tala, ad sai kalladeſt Frumgietenn Sonur, sem fyrst opnade sinnar Modur Lijf.

I fiordu Mauta; er þad oß i Minne festande, ad so sem hann er Frumgietin fyrer allar Skiepnur. Col. 1. So hefur og hans himneskur Fader giort hann ad einum Frumgietnum Syne, og ad hinum allra hædsta medal Konganna ai Jordu, uppai þad hann leidde morg Born til Dijrdarinnar. Hebr. 2.

I fimta Mauta; er oß þad adgiætande, ad hann villde fædast Fautækur og aumur, so hann betalade fyrer vora Drambseme, og ad vier skylldum fyrer hans Fautækt finna þann besta Rijkdom, þvi so seiger S. Paull: Þier-vitid Nad DRottens vors JEsu Christi, ad þo hann sie rijkur, vard hann þo fautækur ydar vegna, uppai þad, þier yrdud fyrer hans Fautækt auduger. 2. Cor. 8.

I siotta Mauta, er oß þad i Minne festande, ad þar var eckert Rwm i Giesta-Herberginu, hvar JEsus skyllde fædast; og þad skiedur þvi midur, ad þar er opt listed Rwm i margra Hiortum, hvar hann i andlegañ Mauta skyllde Vistar-Veru giora, helldur eru þau full med synd-

syndsamlegar Giorder, og veralldlegann Hiegoma.

I Sisunda Mauta, er oss thad hugleidande, ad hefdu Betlehems Jnbyggiarar athugad, hvad stor og naudugur Gestur thad var, sem leitade Herberges hiau theim, thau hefdu their betur au moete honum teked, og hann viliugar hiist: So og ef Men villdu theinkia thar um, hvad goodur og giafmilldur Gestur thad er, sem stendur wte fyrer theirra Hiartans Dyrum, og klappar uppau, thau vœru their viliugari i thvi ad liwka upp fyrer honum, so hann mœtte gaunga in til theirra. Apoc. 3. helldur en their eru; En fyrer thad their theckia hann ecke riettilega, thau er ecke helldur ad undra, tho their opt og tijdum wteloke hann.

Hvad talar Gudspialla-Madurenn i thridia Mauta um Christi Fœdingar Openberan?

Thetta: Og Fiaar-Hirdarar voru thar i sama Bygdarlœge.

Hvad hofum vier hier af ad athuga?

Thad, hverium Christi Fœding var fyrst openberud, nefnilega Fiar-Hird-

urunum i Bethlehem. Þvi Textenn seiger, ad þar hafi verid Fiaar-Hirdarar i þvi sama Bygdarlage hiá Bethlehem, sem lá i einu frioodsomu Plaatse, hentugu til Fiaar-beitar, hverier ad hielldu sig vt á Mørkenne, og voktu yfer Hiord sinne uñ Nætur Tijma.

Hveria Gudrækilega Þanka kuñum vier hier af ad hafa?

Þessa, ad vor JEsus er sá goode Hyrder. Joh. 10. Sá mikle Hyrder Saudanna. Hebr. 13. Já, sá ædste Hyrder. 1. Pet. 5. Hann openberadi sig ecke fyrer Herode, ecke helldur fyrer þeim yppurstu Prestum i Jerusalem, nie fyrer þeim Nijku og Storu i Bethlehem, helldur fyrer þeim aumu og lijtilmootlegu Fiaar-Hyrduruni. Þetta er Vijsa og Vane Gluds, þad ad vtvelia, sem o-edla er fyrer Heiminum, og þad sem eckert er, so hann giore þad ad eingvu, sem nockud er, uppá þad, ad eckert Holld hroose sier fyrer honum. 1. Cor. 1. Enn skule Christur med sinnar Fædingar og Forþienustu Aavøxtum riettlega open-

openberast, þau ber oss med Fiar-Hyrdurunum ad leggia allt Kapp og Nastunda an au, ad vier sieum ydner og aurvakrer, ecke alleinasta i voru Kalle og Embætte, so sierhver i sin stad hafe gaut au sine tiltrwadre Hiord, helldur og sierdeilislega i vorum Christindoome, ad vier sieum alltijd vakande yfer vorum Dijrkeiptum Saalum. 1. Pet. 5. Uppau þad vier mættum verka vora Sauluhialp med Ugga og Otta. Phil. 2.

Hvad hofum vier hier enn framar ad athuga?

Þetta; Hverneñ, og fyrer hvern ad þesse Openberun er Hyrdurunum skien.

Hun skiede fyrst, fyrer ein Eingel, sem giordi eina ypparlega Joola-Predikun fyrer þeim um Christi Fæding.

Þarnæst, fyrer ein himneskañ Herskara, sem voru marger heilager Einglar, hverier ed swngu ein fagran Jolasaung hier yfer.

Hvad talar Evangelisten um þad fyrra?

Og sia þu! þad Eingell Drottens stood hia þeim, og Guds

Birte lioomade i Krijngum þaa, og þeir urdu ottaslegner: Eingellen sagde til þeirra: Hirde þier ecke ad hrædast (Jeg kiem ecke med eitt sorgarlegatt og skielfilegatt Bodskap til ydar) þvi staaid! eg boda ydur mikitt Føgnud, þatt er skier øllu Foolke (ecke alleinasta Gidingum, helldur øllum Þioodum) Þviad i Dag er ydur Lausnareñ fæddur, sa ed er Christur Drotteñ (sa satte Meßias og Smurde Drottens) i Borgeñe Davids (Bethlehem, þar David var fæddur, hvar Christur og epter Skriftariñar Ordum skylde fædast) Og hafed þad til Merkis, ad þier munud finna Barned i Reifum vafid, og lagt vera i Jøtuna.

Kañ hier nockur Huggunarfullur Lærdomur, og Gudleger Þankar wt af ad dragast?

Ja, adskiliañleger, sem eru þesser.

Sa fyrste, ad þeir heilogu Englar eru þioonustusamer Andar. Hebr. 1. Þvi so sem þeir þioona GUde, standa framme fyrer hønum, og wtretta hans Erinde.

Erinde. Pſ. 103. so þioona þeir og Mönnunum epter GUds vilia, og gledia sig þar yfer, nær þeim geingur vel, jau, þeir eru so sem S. Paull seiger um sig og sijna Medbrædur, ad þeir sieu Medhiaulparar til Gledennar. 2. Cor. 1.

Hiñ añar, ad sw Glede, sem vier hofum af Christi Fæding, er so stor, ad hun yfergeingur alla veralldlega Glede; jau, allañ mañlegañ Skilning: Hun er almeñileg, þvi hun bodast ollu Folke: Þad er ollum mönnum, sem hana vilia medtaka, þad er soddañ Glede, sem kañ ad burttaka frau oß alla Hrædslu og Aangurseme, so vier meigum hier af sijngia: Frelsariñ er oß fæddur nu, med oß er GUd Emanuel.

Sau þridie Lærdomureñ er, ad hañ er Herra Himins og Jardar, til hægre Handar GUds Fodurs, jafnvel þo hañ ligge sem eitt lijted Ungbarn i Fotuñe; Hañ er sau rette Christur, og sau Smurde Drottens, sem med Gledennar Vidsmiore er smurdur. Pſ. 45. Þad er, med Heilogum Anda og Krafte. Act. 10. Til ad vera vor ypparste Prestur, Kongur

og Spamadur, hañ, sem sa rette Davids Son, þo Davids Herra, er fæddur i Borg Davids. O! Ad vier villdum epter honum leita i hañs andlegu Bethlehem, so mundum vier med Glede finna hañ og segia: Vier heirum wt af honum i Ephrata, vier hofum hañ funded a Vollum Skogarins. Pl. 132. En vier meigum ecke hneixlast a hañs Fatækt og lijtilmootlegre Asynd, helldur miklu framar aalijta þad, so sem Teikn hañs Naudarrijku Naalægdar, ad þo hañ ligge sem eitt Barn i Stallinum, reifadur i Klwtum, samt er hañ under þeirre audvirdilegu Asynd, bæde ein Herra og Christur. Act. 2. Jat: hañ er Guld, Rad, Kraftur, Hetia, eilijfur Fader, Fridar Hofdinge. Es. 9. O! ad vier villdum reifa hañ i vorre Trw og Kiærleika, og vor Hiortu mættu vera hañs andleg Fata, i hverre hañ kyñe ad hvijla med sinnar Fædingar blessudum Velgiorningum.

Hvad segier Gudspialla-Madureñ sijdast um þañ himneska Herskara, og hañs gledilega Joola-Song?

Hañ

Hañ seiger: Og jafnsnart þa var þar hia Enginum mikill fiølde himneskra Herſveita (ein mikil Mergd af heilogum Enginum, so sem eiñ Strijdsher) sem lofudu Gud, og søgdu: Dijrd sie GUde i Upphæd-um, (hañs allra heilagasta Nafne sie Lof og Dijrd frau Eilijfd til Eilijfdar, sem fyrer Sending siins Sonar i þeñan Heim, giorer sitt Nafn Dijrdarlegt i ollum Londum) Fridur a Jørdu (ai millum GUds og Manna, hvern Christur, sa sañe Fridarens Høfdinge, vill wtvega og giora) Og Mønnum godur vilie, fyrer þeñan GUds elskulega og vel-þocknanlega Son.

Hvern Lærdom kuñum vier hier af ad draga?

Fyrst þeñan, ad GUd er sa rette DRotteñ Zebaoth, Allsheriar GUd; Þeir Heilogu Enginar, sem opt hafa opeñberad sig, i Lijking eins Herskara, eru hans himneskur Her, þeir eſtugu, sem wtrietta hañs Erinde. Pſ. 103. þeir strijda ai moote hañs og hañs Barna D-

vinum, og setia Herbvöder i Krijngum þau, sem hañ ottast. Pl. 34.

Þar nærst, þau opeñberuduſt þeir i Lijking eins Strijdshers au Christi Fædingar Tijma, auvijssande þar med, ad þeirra Koongur, sem er sterkur og volldugur DRotteñ, megtugur i Strijde. Pl. 24. være nu komeñ til ad strijda au mote þeim sterka Hervopnada, og ad yfervinña hañ.

J þridia mauta, þau eru þeir heilogu Einglar ætijd idner og austundnarsamer i þvi Verke ad lofa og Dijrka GUd: Þar fyrer, ef vier vilium komast i þeirra Hop og Samfielag, þau ber oß hier ad uppbiria af iñstu Saular krøftum þañ retta Jola-Song, hvern vier skulum þar eilijflega sijngia. J fioorda Mauta, þau skulum vier i øllum Efnum giefa GUde Dijrdena, þvi so aumiñer Postuleñ seigiande: Hvad hellst sem þier giored, þau giorid þad allt til GUds Dijrdar. 1. Cor. 10. Og gledia oß þar yfer, ad vier hefum feinged Frid vid GUd, fyrer JEsum Christum; Eñ vorum oß, ad

ad vier ecke sialfer mootvilinglega Briootum þennañ Frideñ af oß, helldur þau stund vier lifum hier au Jerdunne, þau hofum Frid vid alla Menn, so mikid sem mogulegt er. Rom. 12. Adgiætande þad Guld sialfur seiger: Þesse er Sonur miñ elskulegur, ad hverium mier vel þocknast, honum skulud þier heira. Matt. 17. So lautum oß þau ganga Drottni verduglega til allrar Velþoknunar, hvert vier erum heima eda fiærlæger, uppau þad, vier kynnum ad vera honum þocknanleger. Hvar til Gud hialpe oß med sinne Naad fyrer Verdskulldan sijns heilaga Barns JEsu Christi. Amen.

A Jooladags Hatijdeñe skrifast Evangelium hiau hinum heilaga Johanni, i hañs Gudspialla Bokar fyrsta Capitula, og hliodar, sem epter fylger.

I upphafe var Ord, og þad Ord var hiaa Gude, og Gud

var þad Ord, þad sama var i upphafe hiaa Gude; Aller Hluter eru fyrer þad giørder, og aan þeß er eckert giørt, hvad giørt er. I þvi var Liifed, og Liifed var Lioos Maniaña, og Lioosed lyser i Myrkrunum, og Myrkureñ hafa þad ecke høndlad. Þar var eiñ Madur af Gude sendur, saa hiet Johannes. Hañ kom til Vitnisburdar, ad hañ bære Vitnisburd af Liooſinu, so ad aller skylldu fyrer hañ trwa: Eige var hañ þad Lioos, helldur ad hañ bære Vitnisburd af Lioosinu. Þad var satt Lioos, hvert ed lyser øllum Mønnum, sem koma i þeñañ Heim, þad var i Heiminum, og Heimureñ var fyrer þad giørdur, og Heimurinn peckti þad eige. Hañ kom til siñar Eignar, og hañs sialfer medtooku hann eige, eñ so marger sem hañ medtooku, þaa gaf hañ þeim Magt Gudz Børnum ad verda, þeim sem aa hañs Nafn trwa. Eige þeim sem af Bloodinu, eda þeim sem af Holldsens Vilid, edur af Mannsens vilia, helldur þeim sem

af

af Gude eru fædder ; Og Ordeð vard Holld , og bygde med oß , og vier saaum peß Dijrd , Dijrd so sem Eingietins Sonar af Fødurnum , sullañ Naadar og Sannleika.

Hvad marga Parta iñehelldur þetta Heilaga Gudspiall?

Tvo sierdeiles , af hverium sal fyrre hlioodar um Guds Sonar Guddom. Eñ sal seinne uñ hans Manndom og Holdgan.

Hvad talar Gudspialla Madureñ uñ þad fyrra?

Þetta : I Upphafe var Ord ꝛc.

Hvern kallar hañ hier Ord?

Eingvann annañ , enn staalfann Guds Eingietenn Son , þau adra Personu Guddomsens , og þad sierdeiles peß vegna , ad Guds Eingietenn Sonur verdur so optar nefndur i Ritningunne, nefnilega i Gen. 1. hvar so stendur vid þad fyrsta DRottens Dags Verk i Skopunenne: Gud sagde , verde Lioos , og þar vard Lioos ; Aptur vid hid annad

Dags

Dags Verked, sagde hann, verde ein Festing i mille Vatnanna, og þad skiede so, og so framñveiges; Fyrer þetta Orded hier, hañ sagde, merkest ecke alleinasta, Besalningar edur Skipunar Orded DRottens, med hverju hann skipade ad so skyllde skie, sem hann sagde, helldur miklu framar þad eilijfa og verulega Ordid, Guds Sonur, fyrer hvern aller Hluter eru skapader, þvi ad segia og skiva hiai Gude, er eitt hid sama, sem ad giora og framkvæma. Og þessu verdur David samhlijooda i Ps. 33. Himnarner, seiger hann, eru giorder fyrer DRottens Ord (þad er, Guds Son) og allur þeirra Her fyrer Anda hans Munns; Og aptur i Ps. 107. DRottenn sende sitt Ord, og læknade þau (Israels Sonu i Eydemorkenne) Hvad sa vijse Madurenn, talande uñ sama Efne, tekur epter David. Sap. 16. hverke Jurter nie Plastrar læknudu þau, helldur þitt Ord, Drottenn, sem græder alla Hlute; Hver sijdare Ordenn synast vera vtdreigenn af sialfs Guds Sonar Ordum til Israels Sona: Eg er Drottenn þinn Grædare. Exod. [illegible]. Og sialfur

fur Johannes kallar Guds Son, þad Lijfsens Ord, sem var ad Upphafe, hvert hann og hiner Postularnir, ecke einasta heirdu, helldur og sau med sijnum Augum, og apreifudu med sijnum Hondum. 1. Joh. 1. Og aptur, seiger hann: Þrijr eru, sem vitna a Himnum, Faderenn, Orded, (Sonurenn) og Heilagur Ande, og þesser þrijr eru eitt. 1. Joh. 5.

Hofum vier þa nockra Nytseme edur Huggun hier af?

Ad sonnu margfallda, enn sierdeilkes þessar.

Fyrst, lijka so sem Mannsens Ord af Munninum mælt, so framt sem þad er satt, syner liooslast Hugskotsens Ged og Vilia; Eins, og miklu framar hefur þad eilijfa Orded, Guds Sonur, opinberad oß Mønnunum, hiartgroed Giæsku-Ged, og Miskunar Vilia sijns Himneska Fodurs uñ vora Sauluhialp.

J añan Maata fæst Madureñ þecktur, af Mañsens Ordum, eñ miklu framar komustum vier, Jafroodar Mañeskiur, til

til Guds sannrar, og Sauluhialplegrar Þeckingar, fyrer Það verulega Orded, Guds Son; Því eingeñ hefur nockru sinne Gud sied, sau Eingietne Sonuriñ i Fodursens Skaute hefur oß Það opennberad. Joh. 1.

I Þridia Mauta, er Guds Syne Það Nettnefne, ad kallast Ord, Því hann er sau, sem oß syndugum, og margfalldlega sakbitnum Manneskium leggur gullvægt lijknar Ord vid sinn himneska Fodur, og bidur fyrer oß. 1. Joh. 2. hversu hardlega sem Diofullenn, Daudenn, Helvijte, Syndenn, og jafnvel vor eigeñ Samvitska aklaga oß fyrer Guds Domstoole, samt er Þetta eilijfa Orded Þar vor Forsvars og Tals-Madur, hver vill edur vogar Þau ad aklaga oß, edur fordæma? Þar sialfur Guds Sonur forsvarar, afsakar, og riettlæter oß. Rom. 8. Hann er sau, sem oß hefur i Munn lagt, og kient Þau hiartnæmustu Bænar Ordenn til ad bidia med vorn himneska Fodur i ollum vorum Naudsynium, og seigia: Abba, kiære Fader. Fader vor, Þu sem ert a Himnum.

Med

Med hverium Rokum bevijsar Gudspialla-Madurenn, ad þad Orded sie sannur Gud?

Med morgum ad vijsu omootmælannlega sonnum, þo sierdeiles, ad hann seiger wtpryckilega: Orded var Gud, so þad var Gud af Gude, Gud hiau Gude, og Gud i Gude, efter sialfs Guds Sonar tvijteknum Vitnisburde, þar hann seiger: Eg em i Fodurnum, og Faderenn er i mier. Joh. 14. Og aptur hiau Joh. 10. Eg og Faderenn erum eitt. So einn er sameigennlegur Guddomur, og ein o-adgreinileg Vera Fodursens, og Ordsens, edur Sonarens; Þau tvo, Fodurenn og Sonenn, sem jafna ad ollu, Eilijfd, Almætte, Alvisku, Sannleika, Riettlæte, og o-wtseigiannlegre Giæsku, skilur, edur adgreiner eckert, nema alleinasta Eigenlegleike Gietanda og Gietins; Fodursens sem gietur Soninn, og Sonarins sem verdur gietinn af Fodurnum, med o-utskijrannlegum Hætte fyrer allar Alder.

Hvert

Hvert var Fadereñ og Orded ein og hin sama Persona?

Nei, helldur var Orded hiaa Gude, so sem Gudspialla-Madurinn tvijtekur þad hier: So Orded er ein adgreind Persona frau Fodurnum, sä ur er Persona Fodursens, og onnur er Persona Sonarins, sem lioost er af þeirra Openberan i Skijrn Guds Sonar, hvar Faderenn, sw fyrsta Persona Guddomsens, hroopadi af Himnum ofann, umm sinn Son, hina adra Personuna i Guddominum, þau upp stygande wr Aanne Jordan, seigiande: Þesse er minn elskulegur Sonur, i hverium eg hefe alla Velþocknan. Matth. 3. Enn þo þar sieu adgreindar Personur, samt var og er eilijslega Orded, eda Sonurenn, einnrar og samrar Veru med Fodurnum, fyrer utann nockurt Sambland Personanna.

Hvert færer Gudspialla-Madureñ fleire Beviisingar hier til þess, ad Orded sie sañur Gud?

Jau; Ser adrar, og tekur hann þau fyrstu af Eilijsdeñe, þar hañ seiger;

er: J Upphafe var Ord. Sau fyrste og ellste Sagna-Skrifare Moses, byriar sijnar Bækur au Upphafe Tijmans, edur Skopunarisiar seigiande: J Upphafe skapade GUd Himin og Jord. Gen. 1. Leingra upp kuña menn ecke ad miñast edur frau seigia. Eñ i þessu Upphafe Tijmans, edur Heimsens, vard ecke Orded, eins og þad hefde þau fyrst biriast edur skapast, so sem allar adrar Skiepnur, helldur var Orded þau i Upphafe, jau fyrer allt Upphaf, edur i Upphafe. So Orded var sameilijft sijnum himneska Fodur, og er þar fyrer eiñ sañur Gud, so sem sw eilijfa Spekeñ, þetta Verulega Orded, vottar uñ sig. Prov. 8. DRotteñ hefur haft mig i Upphafe siña Vega, audur eñ hann giorde nockurt, eg er tilreidd i frau Eilijfd, frau þvi fyrsta, frau Upphafe Jardarinnar, so wtgangur þessa verulega Ordsins hefur verid i frau Upphafe, og i frau Eilijfd. Mich. 5.

Hveria Huggun hofum vier hier af?

Þau, ad GUd og Fader DRottens vors JEsu Christi hefur bleßad oß med

allre andlegre Blessan i himneskum Hlutum i Christo, i hverium hañ hefur wtvaled oß, adur en Grundvollur Veralldariñar var lagdur, ad vier skylldum vera heilager og o-straffanleger fyrer honum i Kiærleikanum. Eph. 1. So hañ hefur giort oß Sauluholpna, og kallad oß med heilagre Kallan, ecke epter vorum Verkum, helldur epter sialfs sijns Asetninge, og Naud; sem oß er giefen i Christo JEsu fyrer eilijfar Tijder. 2. Tim. 1.

Hvar af tekur hañ hina adra Bevijssingena?

Af Skopun allra Hluta. Aller Hlutir eru fyrer þad (Orded) giordir. Hvar med þad auglyste sig ad vera, ecke neina skapada Skiepnu, helldur miklu framar Skapara allra Hluta, og þar med eiñ sannañ Gud, þvi hañ, sem alla Hlute giorer, er GUD. Hebr. 3. Og ad Guds Sonur sie Skapari allra hluta, bevijssar einniñ S. Paull seigiande: Fyrer Soneñ hefur GUD Veroldena skapad. Hebr. 1. Og aptur seiger hañ: JEsus Christur er Mind o-synilegs Guds, hiñ Frumgietne fyrer allar Skiepnur, þvi fyrer hañ eru aller Hlut-

er

er Synileger og o-synileger skapader, bæde a Himnum, og peir sem eru a Jordunne, bæde Thronarner, Herradæmen, Hofdingia Dæmeñ, og Magtar-Volldeñ, allt er pad fyrer hañ og til hans skapad, og i honum standast allir Hlutir. Col. 1.

Hvern Lærdom hofum vier hier af?

Paũ, po Skopunar verked sie bæde i vorre Postulegre Trwar-jatningu, og añars, veniulega tileinkad Gude Fodur, peirre fyrstu Personu Guddomsens, samt er pad sameigennlegt ollum premur Personunum, Gude Fodur og Syne, og Heilsgum Anda, sem lioost er af audurgreindum Davids Ordum i Pl. 33. Himnarner eru giorder fyrer Ord DRottins, og allur peirra Her fyrer Anda haũs Muns.

Hvar af tekur hañ pau pridiu Bevijsingena?

Af Lijfgan allra Hluta, par hañ seiger: I pvi var Lijfed.

Hverneñ au petta ad skiliast?

A paũ Hatt, ad Guds Sonur er ecke einasta epter sine Guddoms Veru

Ord Lijfsens. 1. Joh. 1. Og Lijfsens Hofdinge. Act. 3. Helldur og eiñen Lijfgar hañ allar lifande Skepnur, og meddeiler þeim Lijfed, sierdeiles oß Mønnunum, fyrst þad natturlega Lijfed, hvert hañ, so sem sannur GUd, hefur oß giefed. Job. 10. Og vardveiter þad, so i hønum erum vier, lifum vier, og hræreunst. Act. 17. Og hønum, vorum Drottni, lifum vier og deyum. Rom. 14. Þarnæst giefur hañ oß, so sem sañur Gud, og øllum Riett-trvdum at efsta deige eilifst Lijf, so hann er bæde vor Uppriſa, og Lijf. Joh. 11. Og hiat hønum alleina er Lijfsens Uppspretta. Pſ. 36.

Kunnum vier ad taka oß hier vt af nockud til Nytsemdar?

Jau; Ad vijsu þessa Aminningu: Fyrst GUds Sonur, edur Orded, gaf oß þetta natturlega Lijfed, þau ber oß, þo Offokner og Hadungar af Heiminum kunne oß til ad falla, fyrer GUds Sonar, og hans Ords saker, þær ecke einasta þoliñmodlega ad umbera, helldur og eiñeñ lata fwslega vort Lijf fyrer hans Skuld, og munum vier þau vard-

vardveita þad til eilijfs Lijfs. Joh. 12.

Þar nærst þau Huggun, fyrst Orded, edur GUds Sonur, wtvegade oß eilijft Lijf med sinne Forþienustu, þat lautum oß glada skilia vid þetta Eymdafulla Lijf, og launga epter ad fara hiedañ, og vera med Christo, hvad oß er miklu betra, þvi Daudeñ er vor Aaviñingur, eñ JEsus Christus er vort Lijf. Phil. 1.

Hver er hin fiorda Bevijsing til þeß, ad Orded sie Gud?

Upplysing allra Hluta: þvi Lijfed var Lioos Mañaña. og þad lyser i Myrkrunum, og Myrkureñ hafa þad ecke høndlad.

Þvi kallast Orded, edur Guds Sonur, hier Lioos?

Riettilega bæde kallast hann, og er Lioos, þvi hañ er lioome Fødursens Dijrdar. Hebr. 1. Og byr i þvi Liooslinu, sem eingenn fær tilkomist. 1. Tim. 6. Eñ sierdeiles er hann Lioos Mannaña, Lioos Heidenna þiooda. Es. 49. Lioos

Heimsens. Joh. 8. Það er allra Mañа í Heiminum, so af því Ljosinu hofum vier Ljoos Nattúruñar, sem er Vit, Skinsemd, og oll vor Skilningar-vit; Ljoos Naudariñar, það er sanna Guds Þeckingu, munu og aller rett-trwader af honum, og fyrer hañ edlast Ljoos Dijrdarinnar, sem er eilijft Ljif.

Eñ hvernin eiga þesse Ord ad skiliast, Ljoos-ed lyser i Myrkrunum, og Myrkur-iñ hafa það ecke hønd-lad?

Epter það mañkyned vieck frau því skiæra Ljoose sannrar Guds Þeckingar i Adams Falle, þau kallast það Vijdar, eñ hier, i Ritningunne Myrkur. Því það er formyrkvad i sínum Þaunkum. Eph. 4. Samt yfergaf ecke Orded, edur Guds Sonur, það syndduga Mannkyn, helldur liet Ljoos sinna heilagra Orda og Fyrerheita skijna fyrer því fagurlega, jafnvel strax epter Synda-fallid, þau hann wtgaf það fyrsta Naudarinnar Fyrerheit, það Kvinnuñar Sæde skyllde sundurmeria Hoggormsens Høfud. Gen. 3. Og það sanna Guds Orda og Þeck-

ingar

ingar-Ljoos lyste i þessum Myrkrunum frañ epter øllum Øldum, med sijfelldre Endurnyan, og Jtrekan fyrerheitaña og Spadomanna. Enn þau Oskop voru ai syndugum Mønnum, ad þeir naudu edur høndludu ecke þetta skiæra Ljoosed Guds sannrar Þeckingar, og geingu til maallausra Skwrgoda. 1.Cor.12. Og smijdudu sier Likneskiur med Manna Høndum giordar; Þeir voru so yfergiefner i frauleitt Sinne vegna sialfra þeirra Þriosku og Þverwdar, ad þeir sneru Guds Sannleika i Lijge, og hans oforgeingilegre Dijrd i Lijkingu forgeingilegra Manna, Fugla, ferfættra Dijra, Orma og Skrid-kvikinda. Rom.1. Og þo Guds Sonur giæfe skarpañ Skilnings, og Hugvits Gneista i margra þeirra Sinne, samt nidurkiæfdu hann Skugge Holldsens Gyrnda, og Syndanna Myrkur, so þeir høndludu ecke þetta Hialprædes Ljoos, elskande framar Myrkuriñ eñ Ljooslid, þvi þeirra Verk voru vond. Joh. 3.

Hvad seiger Gudspialla-Madnreñ framar uñ Liooseð?

Þetta sierdeiles: Þad var þad sanna Lioos, sem upplyser sierhveria Mañeskiu, sem kiemur i þennañ heim, þad var i Heiminum, og Heimurinn var fyrer þad gigrdur, og Heimurinn þeckte þad ecke, þad kom til Sinna, og þeß Eigenn medtooku þad eige.

Uñ hvada Lioos talar Johañes hier?

Sannlega uñ hidsama Lioosid, hvers hann adur gietur, eins og hañ bende med Fingre sinum til Spaadoma Esaiæ. Cap. 49. Hvar Guds Sonur kallast Lioos Heidingianna; og af Es. 9. Eitt stort Lioos, hvert þad Folk, sau, sem gieck i Myrkrum, og skein yfer þeim, sem biuggu i Lande Daudans Skugga, og þetta hid sanna Liooseð sau Simeon med heilskygnum Trwaraugum, upplystum af Heilogum Anda, þa hann vottade Barned JEsum, ad vera þetta Liooseð Heidingiaña. Luc. 2. Hvert ed upplyser sier hveria

Mañe-

Mañeſkiu, ſem kiemur i þeñañ Heim. Hvad Guds Sonur ſialfur beſt vtlegg-ur fyrer Nicodemo, ſeigiande: So elſkade GUd Heimeñ (þad er alla Meñ i Heiminum) ad hañ vtgaf ſiñ Son, þañ hiñ eingietna, ad hver ſem a Sonenn trwer, ſkal ecke fyrerfar-aſt, heldur hafa eilijft Lijf. Joh. 3.

Hveria Nytſemd hofum vier hier af?

Margfallda ad ſonnu, þo ſierdeiles þeſſa: Þar Guds Sonur, þad veru-lega Orded, er þad ſanna Lioos, ſem upplyſer ſierhveria Manneſkiu, ſem kiemur i þennañ Heim, þar er hann ſar hiñ einaſti, ſem upplyſer vor Hugſkots Myrkur, med Lioose ſiña heilagra Orda. Hañ er ſar einaſte, ſem a mote vorum Synda Myrkrum, upplyſer oß med Syndana Fyrergiefn-ingu, og ſialfs ſijns Rietrlætes Til-reiknan. Hañ er ſar eine, ſem a mote Guds Reide Myrkrum lætur Guds Auglit lyſa yfer oß med ſiñe Naud, og Arfleidſlu til eilijfs Lijfs. Hann er ſar eini, ſem a mote hinum yſtu Myrkrum, og helvijtis Dimmu upplyſer oß med

eilijfu Dijrdariñar Liooſe, og Saluhialp, þvi hañ hefur giort oß ſkapfelldlega til Arfſkiptes Heilagra i Liosinu. Col. 1.

Hverneñ eiga þeſſe Ord ad ſkiliaſt, Liooſed var i Heiminum, og Heimureñ var fyrer þad giørdur, og Heimuriñ þeckti þad ecke?

Heimur kallaſt hier, ecke þad ytra og ſynilega fagra Heimſens Smiſde, edur Bygging, helldur aller Meñ, ſo ſem þeir fædaſt i Veroldena, var þvi Liooſed i Heiminum, i þañ Mata, ad Guds Sonur, iklæddur ſijnum Mañdome, uñgieckſt ſynilega, og hid Naukvæmlegaſta med Meñum a ſijnum Hierviſtar Dogum, giorde ollum gott, og læknade þa, ſem af Diofliuum voru underþryckter. Act. 10.

Hvad merkia þeſſe Ord; Þad kom til Siña, og þeß Eigenn medroku þad ecke?

Þau eiga einfalldlega ſo ad ſkiliaſt; Ordeð, edur Guds Sonur, kom til ſijns Folks Gidinganna, og fæddeſt af þeim, hveria Gud kallar ſiñ Frumgieteñ Son.

Son. Exod. 4. Og wtvallde þau til ad vera Folk sijns Eigendoms, fraṁ yfer allt añad Folk, sem er a Jardar-kringlunne. Deut. 7. Og þar ed Meßias, edur Guds Sonur, var þeim sierdeiles fyrerheiteñ, þau laungade Gidinganna Forfedur so hiartannlega epter hans Tilkomu, ad þeir hroopudu upp seigiande, O! Ad þu villder sundur briota Himnana, og koma ofaṁ til vor. Es. 64. Og aptur: Driwpe þier Himnar hier ad ofaṁ, og Skyeñ rigne Riettlætinu. Es. 45.

Hverniṁ var Guds Sonur medtekiṁ af Heiminum, edur af hans Folke Gidinganum?

Med hinum versta og overdugasta Hætte, þvi Heimureñ, edur meñerner i Heiminum, voru so samdoma vordner Myrkrunum, ad þeir þeckktu haṁ eige, meintu alla sijna Velferd vera iñefallda i Heims Speke, Veralldar Magt, storum Rijkdome, og Hollds Vellystingum, eṁ forsktudu og frau sier raku Guds Son, þad sanna Heilsens Hialpræde, hvert Rotteñ hafde tilreidt

tilreidt øllu Folke. Luc. 2. Og er þad ſtorum undrande, ad hanns eigen Liijdur, Gidingarner, medtoku hann ecke, helldur tileinkudu hanns bleſſadar Kienıingar og Kraptaverk Diofliuum, og ſvorudu af Sathans æeggian: Seigium vier ecke vel, ad þu ert Samverſkur og hefur Diofulenn. Joh. 8. Og ad hann ræke Diofiana vt, fyrer Diofla-Høfdingiann Belzebub. Luc. 11. Og ſo ſkielfilega voru þeir affinna vordner, ad Øboota-mannınum, og Mordingianum Barrabæ beiddu þeir Liifs og Grida fyrer Domſtoole Pilati, enn yfer Guds Son, þann ſanna Liifſens Giafara, hroopudu þeir Dauda, Kvøl og Kroßfeſtingu, kallande med Oſſa-hliodum, burt, burt med þennan, og gief oß Barrabam lauſann. Luc. 23.

Hvad ſkulum vier hier af oß til Nytſemdar færa?

Þad, ad taka oß fyrſt ſterkann Vara, þad vier fordunſt af hiarta ſlijkt Foragt og O-þacklæte vid Guds Son, ſo ſem Drotten klagar yfer ſeigiande; Nauted þecker ſin Hwsbonda, og Aſnen

Asneñ Jotu sijns Herra, enn Jsrael þecker mig ecke, og mitt Folk skiniar þad ecke. Es. 1. Hier i Gudspiallinu verdur i heilar þriar reisur klagad yfer sama Foragte, og Obacklæte Mañaña, þar so stendur, (a) Liooseð lyser i Myrkrunum, og myrkuriñ (þad er ad skilia, meñerner sitiandi i Myrkrunum) høndludu þad ecke. (b) Liooseð var i Heiminum, enn Heimuriñ þeckte þad ecke. (c) Þad kom til Sinna, eñ þeß Eigeñ medtoku þad ecke. Mun þetta, og þessu liikt, ecke skie eñ þau daglega hiau oß? Guds Sonur kiemur til vor, so sem sijns eigeñ Folks i Gudspiallaña Kieñingu, eñ hvad fauer medtaka hañ riettilega? Þar Kienne-mønnum DRottens giefst meir enn fullnog Ordsøk til ad andvarpa med Esaia yfer Tilheyrandanna Hirduleise og Forackte. Drottenn, hver trwer vorre Predikun, og hverium er Armleggur DRottens opennberadur? Es. 53. Hañ kiemur til vor, siña eigeñ, i þeirre heilogu Aflausn; enn hver medtekur hañ riettilega, og lætur af Syndunum, epter

sijnu

sijnu Loforde og Fastmælum vid Gud og Prestenn i Skriftar-Stolnum i Guds Stad? Vorunst slijkt af ollum Kroptum, lautum oss Gidinganna Bijte ad Barnade verda, so vier rekum ecke Guds Ord frau oss, nie reiknum oss sialfa o-verduga. Act. 13. So Guds Rijke og vor Sauluhialpar Medol verde ecke tekenn frau oss, og giefenn Heidingium, sem þar af munu Avext færa. Matth. 21. Þar næst, tokum oss hier af þau Aaminningu. Fyrst Guds Sonur, þad sanna Lioos, er til vor komeñ, þau asleggium Verkenn myrkranna, enn iskrijdunst Herskrvda Lioossens. Rom. 13. Og au medann vier hofum Liooseð hiau oss, þau trvum au Liooseð, so ad vier verdum Lioossens Børn. Joh. 12.

Hvar af tekur Gudspialla-Madureñ þau fimtu Bevijssingena um Ordsens Guddom?

Af Vitnisburde Johannis Skijrara, seigiande: Þar var eiñ Madur, sendur af Gude, sa hiet Johannes, hañ kom til Vitnisburd-

ar

ar, ad hañ bære Vitnisburd af Liosinu, so ad aller skylldu fyrer hañ trwa, ecke var hann þad Lioos, helldur ad hann vitnade af Liosinu.

Hver og hvilijkur var þesse Johannes?

Hañ var einn fraabær Madur, gietenn med furdannlegum hætti, af Gudhræddum, þo af gomlum og ofrioodsomum Forelldrum, Zacharia og Elizabeth, og var sendur af Gude, bæde til ad fremia Skijrnar Embætted, þvi hann hoof fyrstur ad Skijra i Vatne. Joh. 1. Hvar af hann kallast Skijrare; sem og ad framűflitia alvarlega Ydrunar Predikun; Hvar fyrer Guds Ande kállar hann eina hroopande Rodd. Es. 40. Og i þridia Matta var hann sendur, ad vitna um JEsu Christi Guddom. Þesse Johannes var þvilijkur Madur, ad hann var meiri enn nockur Spaumadur. Matth. 11. Þvi hann fyrer Spaude, ecke af Tilkomu Guds Sonar i Hollded fyrer fram, edur longu audur, so sem Spaumenn Gamla Testamentesens, helldur synde

synde Guds Son naulægan, og iklæddann sijnu Hollde, og bente til hans seigiandi: Siaid þad Guds Lamb, sem ber og burt tekur Synder Heimsens. Joh. 1. Hann fieck þau Vøru, ad hann skijrde sialfann Guds Son. Matth. 3. Og hier af vottar Guds Sonur um̃ hann, ad a medal allra Manna, sem af Konum eru fædder, sie eingenn upprisenn meire enn Johannes Skijrare. Matth. 11. Og vegna hans heilaga og straunga Lifnadar, og fraubærra Heilags Anda Aastgiafa, af hverium hann var fullur, þegar i frau Modur Kvide. Luc. 1. þau hafdi hann soddan Alit hiau Gidingunum, ad marger hielldu i sijnum Hiortum, skie mætte, ad hann være Christur. Luc. 3.

Hver var þau Vitnisburdur Johañis um̃ Guds Son?

Þesse, ad hann sagde opennberlega til Sendemanna Kiennemannanna og Raadsens i Jerusalem; Ecke em eg Christur, enn sa stood i mided hiau ydur, hvern þier þecktud ecke, hann er sa sem kiemur epter mig, (epter sijnum Mann-

Mañdome) Sau eð var fyrer mig (epter sijnum Guddome) hvers Skó-þveinge eg em eige verdugur upp ad leisa. Joh. 1. Og eñ aptur vitnade hañ uñ Christum, eg sa Andañ ofañ stijga sem Dwfu af Himnum, og var yfer honum, og þesse er Guds Sonur.

Hvern Lærdom hofum vier hier af?

Þañ, ad Lærefedur Christnennar, jafnvel hiner ypparlegu, eru ecke Syndlauser Einglar, helldur meñ, af syndugum Forelldrum komner, so sem hier stendur uñ Johannem, þañ hellsta Lærefødur Christilegrar Kyrkiu, ad hañ var eiñ Madur; Jau, þeir eru Syndum, og morgum Breiskleika undirvorpnir, og hlioota aller med Petre Postula ad vidurkieña, eg er syndug Mañeskia. Luc. 5. Samt eru þeir af GUde sender, so sem Radsmeñ yfer hans Leindardomum. 1. Cor. 4. Og Sendebodar i Christi Stad. 2. Cor. 5.

Hvar af tekur Gudspialla-Madureñ þau siottu Bevijssingu?

Af Arfleidslunne til Guds Oska-

barna Rettar, þar hañ seigir: Eñ so marger, sem hañ medtoku, þá gaf hañ þeim Makt Guds Børnum ad verda, þeim sem á hans Nafn trwa. Volldugustu Kongar og Keisarar kuña vel ad arfleida til Kongdooms edur Keisara-dæmes, hiñ fautækasta Kotung, og gisra hañ ad Konge edur Keisara, eñ ad arfleida hañ til Himnarijkes, og gisra ad Guds Ósk-barne, gieta þeir alldrei; Eñ þar Orded, Guds Sonur, gisrer oss, sem erum Reidiñar Børn. Eph. 2. ad elskulegum, og endurfæddum Guds Børnum, þá er það Guds Verk alleinasta, eñ einkes añars, og þar af er lioost, ad Orded er sannur Gud.

Eñ hverium giefst það ad verda Guds Børn?

Ollum þeim, sem trwa á Nafn Guds Sonar, og þar vier eigum á hañ ad trwa, þá er hañ eiñ sannur Gud, enn hver sem á Guds Son trwer, sá hefur eilijft Lijf. Joh. 3.

Hvert giefst ecke ollum ad verda Guds Børn, sem vilia það einasta?

Nei,

Nei, þad giefst ecke þeim, sem fædder eru af Bloodinu, þad eru þeir, sem reida sig einasta uppa Gofugt og Nafnfrægt Ættar-blood, edur stæra sig fram̃ yfer adra Meñ af sijnum heilog-um og gudhræddum Forfedrum, eins og þeim tilheirde þar fyrer med Skylldu þesse Oska-barna Rettureñ, lijka sem Gidingarner sogdu fordum: Abraham hofum vier fyrer Fodur. Matth. 3. Eñ giordu þo ecke Abrahams Verk. Joh. 8.

Þar næst giefst þad ecke þeim, sem af Holldsens Vilia; þad er þeim, sem stoola uppa siñ eigeñ Frijvilia, Skinse-me, edur nockra Verdskulldan sinna Verka; þvi Holldsens Sinne er Fiand-skapur gegn Gude. Rom. 8. Helldur er þad alleinasta Gluds Gisf og Verk, ad vier þeckium Gluds Son, og trwum a hañ, hvern hañ hefur sendt. Joh. 6. Þvi sagde JEsus til Peturs. Matth. 16. Sæll ertu Simon Jona Son, þvi Holld og Blood opiñberade þier ecke þetta, hell-dur miñ himneskur Fader.

Og i þridia Mata giefst þad ecke hell-dur þeim af Mañsens Vilia. Þad er,

þesse Arfleidingar Rettur Guds Barna fæst ecke med storre Karlmeñsku, Atburdum, edur Afreks-verkum, helldur giefst hañ þeim einum, sem af Gude eru fædder, fyrer Vatn og Heilagañ Anda i Skijrneñe, og fai so ad iñganga i Guds Rijke. Joh. 3.

Hveria Nytsemd hofum vier hier af?

Margfallda ad sonnu, enn þo nefnilega:

Fyrst; þañ Lærdom, þad vier, sem i Syndunum erum gietner og fædder. Pf. 51. og erum þvi af Natturuñe til Reidennar Børn. Eph. 2. Vier hverke fædunst, nie erum, helldur verdum vier Guds Børn, og endurfædunst til Guds Oskabarna, af þvi o-forgeingilega Sæde fyrer Ord Guds lifanda, sem æfinnlega blijfur. 1. Pet. 1.

Þar nærst, þai Huggun, ad Guds Sonur giorde ai oß hid allra stærsta Miskunar Verk, og Æru giorning, þar hann giorde oß ad Guds Børnum. Þad er ecke lijtil Æra ad vera Kongsens Maugur, sagde David forduu, er hañ

aitte

atte ad taka Michol Dottur Sauls Kongs til Eigenn-Kvinnu. 1. Sam. 18. Þo ber sá Æru-titelleñ langt af øllu, ad vier vesælustu Syndarar, Daudans og Fordæmingarinnar Børn, erum nu ordner Guds Oska-Børn, Brædur og Samarfar hañs Sonar JEsu Christi til eilijfs Lijfs. Rom. 8.

Hvad talar Gudspialla-Madureñ uñ Manndom og Holldgan Gluds Sonar i sijdare Partinum?

Ecke margt, eñ æred gagnlegt, so sier hvert hans Ord er þar eptertekta verdt, er hann seiger: Orded vard Holld og bygde med oß, og vier sáum hans Dijrd, Dijrd so sem eingietens Sonar af Fødurnum, fullur Nadar og Sañleika.

Hvad merker hier þetta Ord, Holld?

Það merker sannann, heilann, og o-skierdtann Mann, med Sal og Lijkama, eins og DRottenn seiger hiá Joelem i 2. Cap. Eg vil wthella mijnum Anda yfer allt Holld; það er yfer alla Menn; Og aptur seiger hann: Nema

þesser Dagar stittist, verdur eckert Hollð hoolped. Matth. 24. Það er, eingenn manneskia af Gidingum.

Hvert verdur það bevijsað, ad Guds Sonur hafe teked uppa sig Mannlega Saul?

Jú, vissulega, og med sialfs Guds Sonar Ordum allvijda, þo nefnilega i Jnngaungu hans Pijnu i Grasgardinum, er hann sagde; Mijn Saul er hrigg allt i Daudann. Matth. 26. Og aptur i Utgongu Pijnunnar, Fader, i þijnar Hendur fel eg mijna Saulu (edur minn Anda) Luc. 23. Ef hann hefde ecke uppa sig teked mannlega Saul, þa være vorar Saular ecke af honum endurleistar.

Hvilijka Mañdomlega Natturu tok Gvöd, edur Guds Sonur, uppa sig?

Ecke so styrkva mannlega Natturu, edur sidunges friaulsa og frija fyrer ollum mannlegum Breiskleika, eins og Adam hafde fyrer Synda-falled, helldur took hann a sig Mind eins þioons. Phil. 2. Abrahams Sæde. Hebr. 2. (Það er þvilijka mannlega Natturu, sem Abra-

Abraham hafde, uñvafda, og undervorpna ollum mannlegum Breiskleika, þo i allann Mata syndlausa) þvi hañ var aun allrar Syndar, heilagur, saklaus, o fleckadur. Hebr. 7. Hvar fyrer hann, so sem annar natturlegur Madur, dafnade, vox og proskadest, so sem onnur Børn. Luc. 2. Hann þolde Hvngur. Matth. 4. og Cap. 21. vard vegmoodur. Joh. 4. Þirste. Joh. 19. Hann svaf. Matth. 8. Hann griet. Luc. 19. Jai, hann var ad allre hegdan fundenn sem Madur. Phil. 2.

Hverneñ vard Orded Holld?

Ecke i þann Mata, ad Orded samblandadest vid Holldeð, eins og þau Vatne og Vijne er samann hellt og blandad, ecke helldur uñbreittest Orded i Holldeð, eins og Vatned i Cana vard ad Vijne. Joh. 2. Edur Mosis Stafur ad Hoggorme. Exod. 4. Helldur samteingdust hier i eina Personu Orded og Holldid, sannur Gud og sannur Madur. Orded vard ad sonu Holld, var þo samt verulegt Guddoms Ord, so sem þad var i Upphafi,

eñ vard i Tijmans Uppfillingu Hollð, edur ſañur Madur, ſem þad var ecke audur, hvad Heilagur Ande vtleggur beſt, med vidlijkum Ordum, og þo liooſare j Ritninguñe; Þar hañ ſeiger: GUds Sonur var ſendur i Holldeð. Rom. 8. GUð er opeñberadur i Holldinu. 1. Tim. 3. GUds Sonur took uppa ſig Abrahams Sæde. Hebr. 2. So baudar þeſſar Chriſti Natturur, ſw Guddomlega og Mañdomlega, eru med eiñre perſonulegre og o-ſundurſlijtañlegre Einingu ein Perſona JEſus Chriſtur, i hverium bijr øll Filling Guddomſens lijkamlega. Col. 2.

Hverja Lærdoma kuñum vier oß hier af ad taka?

Á medal margra, þeſſa ſierdeiles. Þar Madureñ ſyndgadeſt au moote Gude, þau vtkrafde GUds ſtraunga Riettlæte, ad ſau ſkyllde Madur vera, ſem þvi aptur fullnægde fyrer Mannſens Synder, og ſyndugt Maſikyn forlijkade vid GUð, hvad eingeñ kunne ad giora nema ſau alleinaſta, ſem var i Einingu

ſiñar

siñar Personu sañur GUd og sañur Madur, og þar fyrer took GUds Sonur uppa sig vort Hold og Blood, so hañ endurleiste oß med sijnu Dijrmæta Bloode. 1. Pet. 1. Þvi aun Bloods Uthellingar skiedur eingeñ Fyrergiefning. Hebr. 9. Ef GUds Sonur hefde ecke Madur vorded, hverneñ hefdum vier þau kuñad ad heira hañs Kienningar, edur vid hañ tala? Þar fyrer giordest Guds Sonur Madur, oß ad ollu lijkur ad frattekeñe Syndeñe, Jau, vor Brooder, so vier hefdum þvi meira Trwnadartraust og Dierfung ad gaunga fram fyrer hañ, vorn retta Naudarstool, og odlast af honum Naud og Miskun, oß til Hiaulpar þegar oß auliggur.

Hvad merkia þesse Ord, og Orded bygde med oß?

Þetta, ad GUds Sonur au sijnum Hiervistar-dogum, hafe i hañs uppatekinum Mañdome synilega umgeingest med mønum, þo sierdeiles med sijnum Postulum og Lære-sveinum, og vered ad allre Hegdan fundeñ sem Madur. Phil. 2.

Eñ hvad merkia þesse Ord Gudſpialla-Maſſens: Og vier ſæum hañs Dijrd, Dijrd ſo sem Eingietins Sonar af Fødurnum?

Þo ad Orded, edur Guds Sonur, i ſiñe diwpuſtu Nidurlægingu brwkade ecke fullkomlega Hatign ſiñar Dijrdar, ſamt auglyſti hañ ai Dogum ſiñar Hiervistar heñar ſkiæra Guddoms Geisla, hveria Poſtularner, og adrer fleire, ſaau, og mattu optlega ſiau. Fyrſt, i hañs lijfkroſtugu Kieñingum, þvi hañ kiendi med ſtorum Mindugleika, og ecke ſo sem hiner Skriftlærdu. Matth. 7. Þar nærſt, i hañs daudſamlegu Krafftaverkum, hvilijk eingeñ añar gierde. Joh. 15. Í þridia Mata, i hañs dijrdarfullu Forklarun ai Fiallinu, hvar hans Asiauna leiptrade sem Sool, og hans Klæde voru ſkiær sem Lioos.. Matth. 17. Í fioorda Mata, i hañs vegſamlegu Uppriſu frai Daudum, og Himnafor. Marc. 16. Í fimta Mata, i þeim furdulegu Stormerkium, er ſkiedu i hañs Dauda, þa hañ hieck nakeñ, og allur ſundurgrafeñ af Saarum albloodugur

ai

ai Kroßinum, framar Madkur, enn Madur, Brixl og Spott Manna. Pſ. 22. Jai, sem sñur Bolvan. Gal. 3. So ad Heidingianum, Hofudsmañinum, sem þar stod hiai, geingu þau so niog til Hiarta, ad hañ prijsade Gud, og sagde af Forundran: Sañlega var þetta riettlautur Madur og Guds Sonur. Matth. 27. Og þessa hañs Dijrd ailiktar Johannes ad vera so stoora og veglega, ad hun tilheire hverke Einglum nie Mosñum; helldur Sambaud og Sonde hun alleinasta Eingietnum Syne af Fødurnum, edur sonum Gude?

Hveria Huggun hofum vier af þessu?

Þau, ad GUds Sonur hefur oß lofad og fyrerheited, ad vier skylldum vera þar sem hañ er, og siai þar hañs Dijrd, sem hañ hafde hiai sijnum himneska Fødur, fyrer Grundvallan Veralldariñar, og ad vier skylldum vera fullkomner i eitt med honum. Joh. 17. Uñberum þar fyrer med Þoliñmæde allt Heimsens Spott, Brixl, Ofsokner, og allt motlæte, sem oß kañ hier i Lijfe til ad falla, þvi allt þetta er ecke verdt

vid

vid þau Dijrd, sem i eilijfu Lijfe mun vid oß opeñberaſt. Rom. 8. Þau komunſt vier ad fullre Raun, þad Orded edur Guds Sonur, er bæde fullur Nadar og Sañleika. Nadarfullur er hañ, þviad af hañs Fillingu hofum vier feinged Nad fyrer Nad. Joh. 1. Og verdum fyrer hañs Nad ſaluholpner. Act. 15. Hañ er og fullur Sañleika, Jau, ſialfur Sannleikurenn. Joh. 14. So allt hvad hañ hefur lofad oß og fyrerheited uñ eilijft Lijf, er i honum Jau og Amen. 2. Cor. 1. Og vier munum ſiau hañ þar i þeirre Dijrd sem ej hefur Auga ſied, nie Eyra heirt, og ecke hefur i nockurs Mañs Hiarta uppſtijged. 1. Cor. 2. Hvad oß veite GUd Fader fyrer JEſu Forbienuſtu Skulld. Amen.

Á añan Dag Jóola, edur S. Stephani Dag.

Skrifaſt Gudſpialled hiau Matth. 23. Cap. og hlioodar þañig.

Á þeim

Á þeim Tijma sagde JÆsus til Gidinga Folksens, og Høfdinga Kieñemañaña. Siaid, eg sende til ydar Spaameñ, Spekinga, Skrift-lærda, og nockra af þeim munu þier aflijfa og krossfesta, og suma munu þier hwdstrijkia i Samkundu Hwsum ydar, og af añare Borg i adra munu þier þau ossækia, so ad yfer ydur komie allt Riettlautt Blood, sem a Jørdena wthellt er, i fraa Bloode Abels Riettlauta, allt til Bloods Zachariæ Sonar Barachiæ, hvern þier draapud a millum Musteris og Alltaris: Sannlega seige eg ydur, ad allt þetta mun koma yfer þessa Kynslod. Jerusalem, Jerusalem, þu sem aflijfar Spaameñena, og grijter þau, sem til þijn eru sender, hversu opt hef eg viliad samañsafna Sonum þijnum, lijka sem ad Hænañ safnar Ungum sijnum under Vænge sier, og þier hafed ecke viliad? Siaed! ydar Hws skal ydur i eyde laated verda. Þviad eg seige ydur, ad þier munud eige sia mig upp fraa þessu,

þeſſu, þangad til þier ſeiged: bleſſadur ſie ſa, ſem kiemur i Nafne DRottens.

Hvad hefur þetta Evangelium inne ad hallda?

Eina tvsfallda Hootunar og Aavijtunar Rædu, ſem Chriſtur framm-ſetur.

Fyrſt almennilega at mote Gidingunum.

Þar nærſt, ſierdeilislega, at mote Jeruſalems Syndugu og ſaurugu Innbyggiurum.

Hverneñ hlioodu hañs Ord uñ þad fyrra?

Siaid! eg ſende til ydar Spameñ, Spekinga, og Skriptlærda, og nockra af þeim munu þier afliſa og kroßfeſta, og ſuma munu þier hvdſtrijkia i Samkundu Hvſum ydar, og af einre Borg i adra munu þier þa ofſækia. Sannlega ſeigi eg ydur, ad allt þetta mun koma yfer þeſſa Kynſlod.

Hvad iñifelur Frelfareñ i þeſſum ſijnum Ordum?

Þriid

Þriau hlute, nefnilega.

Fyrſt ſijna ſtoru Naud og Giæſku vid Gidingana.

Þar nærſt, Gidinganna O-þacklæte og Vondſku vid hañs Þienara.

Í þridia Mauta, þad ſtora Straff, ſem þar ſkal efterfylgia.

Hvad ſeiger hañ um þad fyrſta?

Siæid! eg ſende til ydar Spamenn, Spekinga, og Skriptlærda.

Hver er ſai, ſem talar þeſſe Ord, og ſeigeſt vilia ſenda ſijna Þienara?

Þad er JEſus, ſai mikle Spamadur. Deut. 18. Sw eiliſa GUds Speke. Luc. 11. Sai ſanne Skriftarinnar Kraptur og Kiarne, ſem ber þann retta Likel Vitſkunnar. Luc. 11. Hann er Kornſkierunnar Herra, ſem ſender Verkamenn i ſijna Kornſkieru. Matth. 9.

Til hverra talar hañ, og til hverra ſeigeſt hañ vilia ſenda ſijna Þienara?

Til Gidinganna, og ſierdeiles til Phar-

Phariseanna, og heirra Skriftlærdu ai medal Gidinga Folks, sem voru hans mestu oviner, og illdunges overduger pessarar hans Naadar.

Hverier eru peir, sem hañ seigest villa senda til peirra?

Spaameñ, Spekingar, og Skriptlærder.

Hveria vill hañ hier med skilia?

Sijna Postula, Lære-sveina, og adra rettsinnada Kienne-Fedur, pvi so seiger hann hiai Luc. 11. Eg vil senda til peirra Spaamenn og Postula.

Hvar fyrer kallar hañ pai Spaameñ?

Fyrer pad, peir skulu hafa Gaafur til ad spai, pad er, ecke alleinasta ad fyrerseigia o-ordna Hlute, helldur og til ad wtleggia Spaamennina og Skriftina, fyrer peim einfølldu, epter Trwarinnar Reglu. Rom. 12.

Pvi nefner hañ pai Spekinga, edur Vijsa?

Pvi peim skal giefast Munnur, og Vitska. Luc. 21. So peir skulu ecke alleinasta siaalfer vera Vijser, og skilia hvad

hvad Vilie DRottens er. Eph. 5. helldur giora adra vijsa, og leida þau aa Sauluhialpariñar Veg.

I hvern Mauta skulu þeir vera Skriptlærder?

Ecke i þañ Mauta, sem Gidingaña Lærendur, er kolluduſt Skriptlærder, hverier þañ Lærdom misbrwkudu, til ad freista Christi, og uñbreita GUds Orde, helldur rietter Skriptlærder, sem frædir eru til Himnarijkes. Matth. 13. Hvern Lærdom þeim ber odrum ad kienna.

Utsender haſ eñ nu þvilijka Pienara?

Jau; Jafnvel þo haſ sende þau ecke wt fyrer utañ Medalgongu annara, og meddeile þeim ecke sierlegar Gaufur, med dausamlegum Hætte, til ad giora Kraptaverkeñ, eins og aa fyrstu Tijmum Nija Testamentisins; Samt sender haſ þau wt fyrer annara Medalgaungu, og loglega Kallan, til þessa heilaga Embættes, og fyrer Heilags Anda Naud, med veniulegum og loglegum Medolum giserer þau neita þad fram ad flitia. 2.Cor.3.

Hvad siaum vier hier af?

Fyrst, JEsu fraubæraſi Kiærleika, ad haſi liet ecke alleinasta siaulfur sín himneska Fodur senda sig i Heimeñ, helldur hefur haſi og sendt, og sender eñ nu sijna Þienara, sem eru Fridarens Legatar og Sendebodar til Manna ña, jafnvel þo þeir sieu øllduneges o-verduger þessarar hañs Naudar.

Þar nærst, þeckium vier hier af Guds Orda Þienara Pligt og Skyldu, ad þeir skulu ecke alleinasta vera løglega kallader til sijns Embættes, og ecke hlaupa siaulfkrafa. Jer. 23. Helldur vera løglega sender af sijnum Frelsara Jesu, sem er sa riette Herra yfer sijnum Vijngarde, og Høfud yfer sijnum Sofnude; Þeim ber og fyrer GUds Naud ad vera astundunarsomum og diggvum i sijnu Embætte, so þeir sieu sanner Spaumeñ, sem riett vtlegge GUds Ord, jai, þad ofluga Spadoms Ord. 2. Pet. 1. So þeirra Spadomur sie Trwñe lijkur. Rom. 12. Ad þeir sieu Spekingar og Vijser, ecke epter Veralldarinnar, helldur epter GUds Vijsdome, og sieu sem

higgner

higgner Hvsa Smider, til ad uppbyggia bæde sig og adra til Sauluhiaulpar; Ad þeir sieu og Skriptlærdir, sem ransake Ritningarnar kostgiæfilega. Joh. 5. Og Vijsdom hinna Gomlu i giegnum skode, og ydke sig i Spamannanna Bookum. Syr. 39. So ad þeir sieu riett Skriftlærder, og til Hinnarijkes mentader, og kunne ad frambera Nijtt og Gamallt af sijnum Fiesioodum. Matth. 13. Eñ Tilheirandanna Skylda er þar ad moote, ad medtaka þau fyrer Christi þienara. 1. Cor. 4. og Sendeboda i hañs Stad. 2. Cor. 5. Og honum audmiwkar þacker fyrer sijna Naud ad giora.

Eñ hverneñ muvu Gidingarner fara med þessa Christi þienara?

Þad auglyser hañ siaulfur seigiande 2) Og nockra af þeim munu þier aflijfa og krossfesta, og suma munu þier hvdstrijkia i Samkundu Hvsum ydar, og af eiñre Borg i adra munu þier þau ossækia.

Breittu Gidingarner þañeñ vid Christi þienara?

Jau, þvi midur, Stephanum gryttu þeir i hel. Act. 7. Jacobum sloou þeir med Sverde til Dauda. Act. 12. Petrum og Johannem hudstrijktu þeir. Act. 5 Allañ þañ Christna Sofnud ofsoktu þeir, og tvistrudu þeim uñ oll Hiersvd Judeæ og Samariæ. Act. 8. Paull var epter sijna Umvendan so sem eitt uppreist Skotmaal fyrer þeirra Ofsoknar pijlum, hvern þeir sloou og hvdstrijktu, sem og ofsoktu frau einum Stad til añars, hvad Meñ kuña ad lesa hier og hvar i Postulanna Giorningum; Og hañ siaulfur uppreiknar og syner eitt laungt og miked Registur uñ sijna Pijnu og Ofsokner. 2. Cor. 11.

Eru Christi Pienarar eñ nu þañeñ ofsokter af þeim o-gudlegu i Heiminum?

Jau i morgum Stodum, au medal Ovina þeirrar sonnu Christilegrar Trwar, hvar Christi Pienarar, fyrer hañs Nafns Vidurkiennингu verda ofsokter, wtrekner og deidder, og jafnvel þo þeir o-gudlegu i þeim Stodum, hvar sw sanna Trw og Christi Pienarar hellst forsvaraſt, kunne ecke alltijd, so sem þeir

þeir giarnañ villdu, þvi vid ad koma, ad wtausa sinne Vondsku yfer þau, þau spara þeir þo ecke ad hwdstrijkia og drepa þau med Twnguñe. Jer. 18. Og ad pijna og plaga þau med sijnum oheyrelegum Giorningum, sem þeir i Sodoma giordu vid Loth. 2. Pet. 2. Jau, af Ofund, Nijsku, Hatre og Ossookn, þau so sem reka þeir þau frau einum Stad til añars.

Hvad Baru nu Gidingarner wr Bijtum med sijnu O-hacklæte og vondum Giorningum vid Christi Pienara?

Eckert annad, eñ ad þeir þar med leiddu yfer sialfa sig eitt stort Straff, og einn hardañ Bloddom, hvad JEsus auglyser med þessum Ordum, seigiande: So ad yfer ydur kome allt riettlætt Blod, sem a Jørdina wthellt er, i frea Bloode Abels riettlæta, allt til Bloods Zachariæ Sonar Barachiæ, hvern þier dræpud a millum Musteris og Alltaris. Sannlega seigi eg ydur, ad allt þetta mun koma yfer þessa Kynslood.

Hvad var Abel fyrer eiñ?

Hañ var sau annar Sonur Adams og Evu, sem saklaus var i hel sleigeñ, af sijnum eigeñ Brodur Cain. Gen. 4.

Hvad var Zacharias Sonur Barachiæ?

Hañ var Sonur Joiada, þess yppar-sta Prests, sem epter o-gudlegre Befaln-ingu Kongsens Joas var gristtur i Hel millum Musteris, þad er, Muster-esens Forhwss, og Alltaris Brenne-Offursens, sem stod i Forgardinum fyr-er framan DRottens Hws. 2. Chron. 24.

Þvi eru þesser tveir nefnder framar ollum odrum Guds saklausum Bornum og Pien-urum?

Fyrer þad Abel var sau fyrste, og Zacharias sau sijdaste, sem i þvi Gam-la Testamentinu verdur umgieted, ad saklausir hafi verid i helslegner, hverra Blood til GUds hroopade um Hefnd, og þesse (Zacharias) sagde, ad GUD sialfur skylde lijta ai þañ Orett, sem hañ hefde lided, og kresia sijns Bloods, hvad og skiede.

Hvern-

Hverneñ attu Gidingarner at Christi Hiervist-ar-dogum ad giallda alls þess saklausa Bloods, sem ecke þeir, helldur þeirra Forfed-ur wthelltu?

Med því þeir voru þeirra o-gudle-gu Forfedra Epterkomendur, og epter-fylgendur, sem i hel hofdu sleiged Guds Orda þienara, og þeir sialfer fetudu i þau sømu siña Forfedra vondu Footspor, og uppfylltu þeirra Synda Mæling. Matth. 23. Þau villdi GUD og so vitia Nanglætes Fedranna at Bornunum. Exod. 20. Og straffa, heimsækia, og wtkrefia, allra siña sak-lausra Barna og þienara Bloods af þeim, sem at Jordena wthellt var, frau því Verolldenn var grundvollud.

Var þetta eitt þwngt Straff, og eiñ harduv Domur?

Jau vissulega; Það er þwngt ad bera eins Mans Blod; Hvad Cain, David, Joab, og adrer hafa feinged ad reina; Eñ þwsundsinnum þijngra er það, ad bera og giallda allra Guds saklausra Barna og þienara Blood-skulld.

Kom þesse harde Doomur og Straff yfer Gidingana?

Jau, epter þvi sem Christur med sijnum Eide hafde stadfest, ad koma skylde yfer þau, seigiande: Sannlega seigi eg ydur, ad allt þetta mun koma yfer þessa Kynslood. So er þad og vissulega yfer þau komed, og skiede hier um fiorutiju Aarum strax þar epter, þegar þeir voru af þeim Romverska Strijdsher aumkunarlega fordiarfader og eydilagder.

Hvad siaum og lærum vier hier af?

Vier siaum, hvad dijrmætt Guds Barna, og hañs Þienara Blood er fyrer hañs Augum, þvi jafnvel þo þvi sie saklausu wthellt au Jordena af þeim o-gudlegu, lijka sem Vatne. Pl. 79. So er þad þo ecke sem vatned, er rennur i Jordena, hveriu eingeñ fær hamlad., 2. Sam. 14. Þvi GUd, sau sanne Bloods hefnare, þeinker og spyr epter þeirra Bloode. Pl. 9. Og vill þeß kresia af þeim, sem þvi hafa wthellt, og hardlega straffa.

Hverju

Hvernenn hliooda Christi Ord til Jerusalem sierilæge?

Jerusalem, Jerusalem, þw sem aflijfar Spaamennena, og grijter þaa, sem til þijn eru sender.

Hvad meinar hann hier fyrer Jerusalem?

Þeß Stadar synduga Jñbyggendur.

Þvi tvijtekur hann Orded?

Hañ vill þar med giefa til Vitundar sín stoora Kiærleika til þeirra, og þau stooru Medaumkun, sem hañ hafde yfer þeirra hriggilegu Eydilegging, sem þeir med sijnum Syndum yfer sig steiptu.

Hverneñ giefur hann enn framar til Vitundar þann sinn Kiærleika?

Med þeirre prijdilegu Eptirlijkingu, teknre af einre Hænu, edur odrum Fugle, sem med storre Umhiggiu safnar sijnum Ungum under sijna Vænge: Hversu opt hef eg viliad (fyrer Predikun mijns Ords) samañsafna Sonum þijnum, lijka sem Hænañ safnar Ungum sijnum under Vænge sier? So

þeir mættu komast til GUds, og hafa Skiool under hans Vængium. Ruth. 2.

Voru þeir þa reidubwner til ad umfadma þessa hañs Giæsku, og lauta samañsafna sier under hañs Naudarvænge?

O nei: þvi þeir voru fœvijser i soddañ esne, jau, þar au mote hardhnackader, og þverbrotner, þvi hañ seigir: Eñ þier hasid ecke viliad.

Hvad skal þar koma au epter?

Þar skal koma au epter bæde tijmañlegt Straff og Eydelegging: Siœed! ydar Hws (bæde GUds Hws, og sierhvers mañs Hws i Stadnum) skal ydur i eyde lœted verda; Jau, verda so eydelœgd, ad þar skal ecke eiñ Steiñ yfer ødrum standa. Luc. 19. So og skal þvi fylgia au epter andleg og eilijf Eydelegging, þvi JEsus hootar þeim, ad hañ vilie taka frau þeim, bæde sijna synilegu, so og sinar Naudar Nærveru (þad er ad skilia, ollum þeim, sem framfylgia sijne Vondsku, Þverwd, og Motþroa) þviad, seiger hañ, eg seigi ydur

vdur, þier munud ecke sia mig, fyrr en þier siaied mig koma i Skyum Himins, med Krafte miklum og Dijrd. Matth. 26. Og þa skulud þier, hvert þier vilied edur ecke, þeckia mig ad vera þañ saña Meßiam, og medkieña, ad þad hafe ej fyrer utañ Ordsok i miñe Jñreid af Folkinu kallad vered: Blessadur sie sa, sem kiemur i Nafne DRottins.

Hver Lærdomur kañ hier af ad dragast?

Þesse, ad GUd vill giarnañ allra Maña Velferd og Sauluhiaalp, hañ vill, ad þeir laute samañsafna sier under hañs Naadar Vænge, jau, ad þeir sæke þañ retta Læknisdom Sauluñe, under Vænge Riettlætes Soolariñar JEsu. Mal. 4. En yfer þessu er ad klaga, ad þeir eru flester, sem giora siaalfum sier Skada, og vilia ecke koma þegar GUd kallar, helldur eru þeir o-hlijduger og þverbrotner, nær hañs Vænger og Hendur eru wtbreiddar, og hañ siaalfur klagar hier yfer seigiande: Eg wtbreide mijnar Hendur allañ Dageñ til eins o-hlijdugs Folks. Es. 65. Hveriu eckert añad kañ ad fylgia

aa epter, eñ GUds riettferdug Reide, og tijmannlegt og eilijft Straff. Hvar frau GUd vardveite oß Naudarsamlega fyrer JEsu Christi Skulld alleina. Amen.

A þridia Dag Joola, edur S. Johañis Dag.

Gudspialled skrifar S. Johañes i 21. Cap. og hliodar þañig.

I þañ Tijma sagde JESUS til Peturs, fylg þu mier epter. Petur snere sier vid, og leit þañ Læreswein epterfylgianda, sem ad JEsus elskade, sa er og uñi Kvøldmaaltijdena hafde aa hañs Brioste leiged, og sagt; HErra, hver er sa þig forrædur? Þa ed Petur leit nu þeñañ, seiger hañ til JEsu: HErra, hvad skal þesse? JEsus seiger til hañs: Ef eg vil hañ blijfe til þeß eg kiem, hvad kiemur þad vid þig? Fylg þu mier epter. Þa gieck

gieck sw Ordræda aa medal Bræd-rana, þesse Læresveiñ deir eige. Og JEsus sagde eige til hañs: Hann deyr eige, helldur ef eg vil hann blijse inn til þeß eg kem, hvad kiemur þad vid þig? Þetta er sa Læresveiñ, er uñ þetta ber Vitne, og þetta skrifade, og vier vitum, ad hans Vitnisburdur er sañur.

Hvad hefur þetta Gudspiall iñe ad halldа?

Fyrst, Christi Befalning til Peturs, og þeirra Samtal uñ Johañem.

Þar nærst, þau rongu Meiningu, og Ordrædu, sem wtgieck þar uñ aa medal Brædrana.

Hvad hofum vier ad athuga i þvi fyrra?

Fyrst, JEsu Befalning til Peturs, þar hañ seiger: Fylg þu mier epter. Þar nærst, þad ad Petur snere sier vid, og leit til Johannem. Og i þridia Matta, Christi Undervijsun, og aptur ijtrekada Befalning.

Hvad seiger Evangelisteñ uñ þad fyrsta?

Og

Og þegar hann (JEsus) hafde þetta sagt, seiger hann til Peturs; fylg þu mier epter.

Hvad hafde JEsus adur talad?

Þad siaum vier i þvi, sem undan er geinged i þeim sama Capitula, ad Christur hafde ei alleinasta spurt Petur þrisvar sinnum ad, hvert hann elskade sig, og befalad honum ad fæda sinn Lomb og Saude; helldur og einen kunngiort honum, hvad hann munde lijda, fyrer sijns Nafns Saker; seigiande: Sannlega, sannlega, seigi eg þier, þau þu varst vngur, gyrter þu sialfur þig, og gieckst hvert þu villder, en þau þu elldist, munt þu þijnar hendur vtbreida, og annar mun þau gyrda þig, og þangad leida sem þu villt eige; Og til ad syna, hver JEsu Meining var vm þetta, þau leggur Evangelistenn þesse Ord til, so lautandi: En þetta sagde hann, teiknande med hverium Dauda ad hann skyllde GUd dijrka. Þegar hann hafde nu þetta talad, sagdi hann til hans: Fylg þu mier epter.

I hverju vill JEsus þæa, ad Petur skule sierdeilles honum epterfylgia?

Ecke alleinasta i þvi, ad hañ med einnre sierdeilles Naukvæme og Riettsyne i sijnu Hyrders Embætte, af Kiærleika til JEsum, være kostgiæfenn og austundunarsamur ad fæda hans Saude; helldur og so i stodugre Þolinmæde i Kroßburdenum, epterfylgde hans Dæme, og fetade i hans Footspor. Sem hann villde seigia: Med þvi ad þu seiger, ad þu elsker mig, og eg hefe boded þier ad fæda Saude mijna, þa epterfylgdu mijnu Dæme, og þeinktu, hvad trwr, austundunarsamur, og kostgiæfeñ eg hefe verid i mijnu Hyrders og Predikunar Embætte, og stundadu epter ad giora slijkt hid sama. Og epter þvi, þu veist og so hver Laun eg hefe feinged, af þessare obacklautu Versöldu hier fyrer, nefnelega, ei annad eñ Ofsokn, Spott, og sijdast þañ harda og forsmaanarlega Krossens Dauda, hvad allt saman eg hefe lided med þeirre stædstu Þolinnmæde, sem eitt Lamb þad til Draps er leidt, og so sem saa Saudur, er þeiger fyrer þeim, ed

hañ

hann klipper. Es. 53. Þau lauttu þier ecke koma þetta ovart, þo þu kuñer og so nockud ad lijda fyrer mijns Nafns sak-er, og uñ sijder sønnu Laun ad fa af þeirre obacklaatu Versøldu; Eñ fylg þu mier epter, og lijd þu þetta þolenn-moodlega.

Byriar ecke øllum JEsu Christi Pienurum og Guds Bornum honum epter ad fylgia?

Sannlega, þvi hver sem vill vera hañs Lære-sveiñ, hañ fylge honum epter. Matt. 16. So ad hvad hann seger til Peturs, þad seger hañ til sierhvers; Fylg þu mier epter.

Eñ i hveriu skulum vier þa fylgia honum epter?

Jafnvel þo þad sie eige øllum befalad i þann Maata, sem Petre, honum epter ad fylgia i soddann einu sierlegu Embætte, i so storum Harmkvælum, og Lijdun, þa er oß þad þo øllum almenni-lega befalad, ad vier skulum honum epterfylgia. Vier skulum fylgia honum epter i hañs Lærdome, ad vier heyrum honum, þeim sanna og mikla Spa-manne.

manne. Deut. 18. So sem sa himneske Fadereñ hefur oß skipad. Matth. 17. Ecke frai honum vijkia, helldur hañ adhillast, þvi hañ hefur Ord eilijfs Lijfs. Joh. 6. Vier skulum epterfylgia honum i hañs Lifnade, og af honum læra. Matt. 11. ad giora epter þvi, sem hañ hefur giört, og hañ hefur oß til Epterdæmes giefed. Joh. 13. Vier skulum og epterfylgia honum i hañs Pijnu; og vorn Kroß uppa oß taka. Marc. 8. Þvi hver sem ecke tekur sitt Kroß uppa sig, og fylger honum epter, sa er hañs eige verdugur. Matth. 10. Eñ ef vier vilium verda honum lijker i Dijrdeñe, þa meigum vier vera hañs Bijlæte hier i Hrigdeñe og Pijnuñe. Rom. 8. Ef vier vilium sijdar meir fylgia honum epter, uppa þad himneska Fialled Zion. Apoc. 14. Þa meigum vier med Þolinmæde fyrst fylgia honum hier uppa Fialled Golgatha til Pijnuñar.

Hverneñ skulum vier þa fylgia honum epter?

Fyrst skulum vier frijviliuglega fylgia honum epter, eñ ecke af nockre Naudung, sem Simon af Cyrene, hver ed

liet naudga sier þar til. Matth. 27. Helldur godvilinglega taka uppai oß hañs Oß og Kroß Byrde.

Þar nærst, skulum vier trwlega og alvarlega fylgia honum epter i sönum Guds Otta, og med riettskickudu Hiarta. 2. Paral. 19. Ecke med Vorunum og Munninum alleinasta, helldur med Verke og Sañleika; Vier skulum og epterfylgia honum stadfastlega; Þad er ecke nog, þo vier ad eins uppbirium ad fylgia honum epter, helldur skulum vier þar vid blijfa, þad er ecke nog, þo vier, sem Petur, fylgium honum laungt aa epter, aa hañs Pijnu Tijma. Matth. 26. Helldur sem Caleb fylgium honum epter trwlega og fullkomlega. Deut. 1. Allt til Daudans. Apoc. 2. Og stondum stoduger allt til Enda. Matth. 10.

Hverneñ hegdade Petur sier, þegar JEsus hafde giefed honum þessa Befalning?

Evangelisteñ seiger: Eñ Petur snere sier vid, og leit þañ Læresvein epterfylgiande, sem ad JEsus elskade, sa er og um Kvøld-maaltijdena hafde aa hañs Brioste leiged/ og

og sagt: HErra, hver er sa þig forrædur? Þa ed Petur leit nu þeñan, seiger hañ til JEsu: HErra, hvad skal þesse?

Hver var þesse Læresveiñ?

Það var sialfur Johañes, sem þetta hefur skrifad, so sem vier kuñum ad sia sijdar i Gudspiallinu.

Þvi nefner hañ sig ecke med Nafne, helldur en ad wimala sijna Personu at þeñan hatt?

Það gierer hañ bæde hier og añarstadar, sem sia ma i 19. og 20. Cap. Og það bæde til ad syna sijna Audmijkt, ad það skylde ecke virdast, ad hañ skrifade edur talade nockud, sier sialfum til Heidurs, sem og til Vitundar ad giefa, hvad hañ hiellt sijna stædstu Glede og Heidur ad vera, nefnilega, ad hañ elskadist af JEsu, og hañ elskade hañ aptur at mote, hañ hafde leiged at hañs bleßada Brioste, og hañ hafde JEsum aptur iñelukt i sijnu Brioste, og Hiarta.

Elskade JEsus ecke alla sijna Læresveina?

Sañarlega; hañ elskade sijna, þa

er hier voru i Heime, og hañ elskade þau allt til Enda. Joh. 13.

Hverneñ seigest þau Johannes ad vera sau Lærese-veiñ, sem JEsus elskade?

Ad sonu þau elskade hañ þau alla, eñ þo elskade hañ Johanniem, med sierlegre Nast framar eñ þau, hveria Elsku hann sierdeiles auglyste i þeirre sijdustu Maltijd, sem hañ hiellt med þeim, þegar hañ liet hañ liggia au sijnu Brioste, edur i sijnu Skaute (so sem Gidingarner og Folked i Austur-londunum plagade ad gisra þegar þad sat til Bords) og þegar hañ, epter Peturs Bending, spurde hañ ad, hver hañ munde forrauda, þau gaf hañ honum þad til Vitundar. Joh. 13.

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Vier skulum med Johanne bæde austunda sanna Audmiskt; sem og hafa iñilegañ Kiærleika til vors Frelsara JEsu, og kieppast epter ad vera hañs retter Læresveinar, sem hañ elskum, so vier mættum aptur af honum elskast; Vier skulum þryckia honum, sem einu Jñsigle, au vor Hiortu, og med Brwdurene lauta hañ vera sem eitt Mirru-bindene, haung-

haangande aa millum vorra Brioſta. Cant. 1. Uppaa pad vier mættum aptur aa mot liggia i hañs Hiarta, og af honum iñilega elſkaſt. Eñ ef vier vilium vera Johannis ſañer Brædur og Syſtur, pau ſkulum vier alltijd vera uñhiggiuſamer fyrer ad vita, hver JEſum forrædur, jeg meina, hveriar Synder vteloka hañ frau voru hiarta, og giora Adſkilnad aa millum vor og hans, og af fremſta Megne flya pær og fordaſt.

I hverre Meiningu framűſette Petur petta Spursmaal uñ Johannem: Hvad ſkal peſſe?

Pad giorde hañ ecke ſo miked af Kiærleika til Johannem, pvi honum var Hugur aa pvi, ad hañ feinge ſomu kior med ſier; Sem hañ villde ſeigia: Pu hefur ſagt mier, hvad eg ſkule lijda fyrir pijns Nafns ſaker; Eñ med pvi pu hefur alltijd elſkad Johannem ſo heitt, Kiære, hvad ſkal hañ pau? Skal hann eckert lijda?

Hvad ſiaum vier hier af?

Bæde Peturs Veikleika, ſem og allra vor, pvi i ſtadeñ fyrer pad, ad vier

skulum epter Christi Befalningu fylgia honum epter af ollu Megne, þau erum vier so fliooter til ad sinna oss vid i Framgongu vorrar Kallanar: Jau, i stadeñ fyrer þad, ad vier skulum hafa Gaut af sialfum oss. Gal. 6. Og giæta ad þvi sem oss er befalad, þau vilium vier opt giefa oss iñ i annara Embættes Verk, og framar giæta ad odrum eñ sialfum oss; Vier skeitum ecke um hvad vier skulum sialfer lijda, ef vier fauum einasta vorn Nauunga til ad lijda þau somu Pijnu med oss; So þad mau heita, sem S. Petur seiger 1. Pet. 5. Ad sw sama Pijna geingur yfer ydar Brædur, þau sem i Heiminum eru; So sem Juda fordum, er þvi ad eins villde fara wt ad beriast vid Cananitana i sijnu Hlutskipte, ef Simeon hans Broder villde og so fara wt og einneñ i sijnu Hlutskipte. Jud. 1.

Eñ hvad sagde JEsus hier til?

Hann straffade þessa Petrs Hnijsne og Forvitne, seigiande so til hans: Ef eg vil hann blijfe til þess eg kiem, þad er, ef eg vil ad Johannes blijfe allt fraṁ til minnar sijdustu Tilkomu. I. Thess.

Thess. 4. Hvad kemur þad vid þig? fylg þu mier epter, og giordu hvad eg befala þier, eñ huxadu ecke uñ adra.

Spaer JEsus hier og Lofar Johanni, ad hann skule ecke deya?

Eingvannveigenn; Þvi hann talar alleinasta med Fororde, seigiande: Ef eg vil, enn þo hann hafe kañskie fyrer sierlega Ordsok lauted hann lifa leingur, enn adra Postulana, þau vitna þo Kirkiu Historiu Bækurnar, ad hann hafe uñ sijder dauid, so vel sem adrer, ecke med ofbeldis Aflijfan, helldur roolegum naturlegum Dauda, epter Guds tilsettu Raude og Vilia.

Hvern Lærdom kunnum vier af þessu vors Frelsara Tale ad wtdraga?

Fyrst, kunnum vier hier af ad læra, ad JEsus er bæde Hertoge Lijfsens og Daudans, þar fyrer er hann og bæde yfer Lifendum og Daudum. Rom. 14. Þad stendur ecke i Vallde siaulfra vorra, ad lifa edur deya, nær vier vilium, ecke helldur i Vallde annara, þo þeir villdu, helldur er þad alleinasta

einasta i Vallde Gllds, og vors Frelsara JEsu.

Par nærst, kunnum vier pad ad læra af pessum JEsu Ordum, ad vier sierdeilesiega hofum gaut ai sialfum oß, berande vora eigenn Byrde, og gierum pad oß er sialfum befalad, enn hofum ei ofnikla Umsorgun fyrer odrum, pvi hver hefur nog nied sialfan sig, sierhver einn reine sijn eigenn Verk, og pau mun hann ai sialfum sier Hroosun hafa, og eige ai einum odrum, pvi hver einn mun sijna Byrde bera. Gal. 6.

Gaufu pesse JEsu Ord Læreſveinunum nockurt Tilefni til sierlegra Panka edur Ordræddu?

Jai; pvi so seiger Gudspialla-madurenn: Paa gieck sw Ordræda a medal Brædranna, pesse Læresveins deyr eige, pott JEsus segde ecke til hans (wtpryckilega) helldur (med Fororde) Ef eg vil hann blijfe til pess eg kiem (pad er, life og vare vid til minnar sijdustu Tilkomu) Hvad kiemur pad vid pig? So ad fyrer pad, ad peir

þeir adgiættu ecke riett, edur wtlegdu Christi Ord, þau hafa þeir raunga Meining og Ordrædu umm Johannem.

Hvad siaum vier hier af?

Það; ad þegar Madur adgiætter ecke riettilega, og wtleggur Guds Ord, þau kann hann ad taka adskiiannlega raunga Meining, og i Villu ad falla; því eitt Ord, jau, opt eitt lijtell Titill, annadhvert tekid frau ellegar lagdur til, kann ad vera Ordsøk til storrar Villu, og það hefur inleidt margar Falls-Kienningar, og villusamar Meiningar i Guds Sofnud; þar fyrer skulum vier vera stadfaster vid Guds Ord, og hverke setia þar nockud til, nie taka þar nockud frau. Apoc. 22. Edur wtleggia Skriftina efter vorre eigen Meiningu og Hugbootta. 2. Pet. 1. Helldur samanbera þær undanngeingnu, og epterkomande Greiner og Ord hveriar vid adra, so vier forum hverke sialfer villt, nie leidum adra i Villu.

Hverneg endar Johannes Gudspialled?

Hann seiger: Þetta er sann Læresveins

sveiñ, er uñ þetta ber Vitni, og þetta skrifade, og vier vitum hañs Vitnisburdur er sañur. Med hverium Ordum hañ hroosar ei sialfum sier, helldur audmiýker hañ sig i þvi, ad hann kallar sig eiñ Lære-svein, sem þo var eiñ mikill Kiennifader edur Postule: Hañ giefur og til Vitundar sijna Skrift, og sijns Lærdoms oraskammlegañ Sannleika, ad hañ være so sem adrer Postularnir eitt wtvaled og tilskickad Vitne af Gudde, og af hañs Anda upplystur til ad vitna og skrifa, hvar fyrer og hañs Vitnisburdur var og er sannur.

Hvad skulum vier hier af læra?

Þar er ad sönu nockur Mismunur a Ordunum, en Meiningen er som hia vaduni: Bethlehem, sem kallast af Gudspialla-mönenum Bethlehem a Gidinga-lande, hana kallar Spamadureñ Bethlehem Ephrata, so sem hun og annars vijdar i Skrifteñe verdur nefnd þessu Nafne. Gen. 35. af heñar Lands Kostum: Og þad sem hia Spamönunum verdur so sem i Spurningu framsett: Og þu Bethlehem Ephrata, þu sem ert lijtil; edur, ert þu lijtil? þad vtleggur Evangelisten, og so sem svarar þar uppa: Þu ert eingvañveigen lijtil, edur hin minsta a medal Höfdingia Juda?

Lier og Herodes Vitringana vita þetta?

Jau; Þvi so stendur framveiges i Text-

Textanum: Þa kallade Herodes Vitringana til sijn heimuglega, og spurde þa isilega ad, a hverium Tijma, þad Stiarnañ hefde birtst þeim (Hvad þeir hafa an efs i sijnum Fromleika, og Einfalldlegleika sagt honum) og vijsade þeim til Bethlehem, og sagde: Fare þier, og spyried vandlega ad Sveininum, og nær þier finned hañ, þa kunngiored mier þad aptur, so eg kome einen ad tilbidia hañ.

Var þetta Herode Alvara?

Jtei; Eingvañveigen, helldur var þad miklu framar hañs Þanke, ad nær hañ feinge ad vita, hver, og hvar Sveinen være, þa skylde hañ honum fyrerfara og deyda.

Hveria Lærdoma kunnum vier hier af ad draga?

Allmarga, en a medal añara þessa epterfylgiande:

Fyrst, ad Christur er ecke alleinasta Frelsare Gidingaña, helldur og Heidingiaña: Hañs Fæding var ei alleinasta

bodud Bethlehems Fiaar-hyrdurum þar hiaa, helldur og einneñ Austur-vegs Vitringunum, sem voru þar laangt fraa.

Þar nærst; ad þeir, sem eru næster GUds Naad, giefa stundum miñst giætur ad henne; Eñ þeir, sem eru laangt i burtu, sækia epter henne. Herodes og Gidingarner, sem bwa i Jerusalem og Bethlehem, vita lijted edur eckert af þeim nyfædda Konge ad seigia, jafnvel þo hañ være fæddur aa medal þeirra; Eñ Vitringarner aptur aa mot reistu wr Austur-Alfunne so laangann Veg til ad spyria epter honum.

I þridia Maata; ad Christur er saa sanne Kongur, ecke alleinasta Gidinga, helldur og Heidingia: Hañs heilaga Ord er sw sanna og fagra Stiarna, sem leider oß til hañs, og kienner oß hañ ad tilbidia.

I fioorda Maata; ad þad er saa ædste Vijsdomur, ad leita epter JEsu, finna, fadma, og tilbidia hann, hvar fyrer saa bin Vijse hrose sier ecke af sijnum Vijsdome,

dome, helldur hver ed sier vill hroosa/ hann hroose sier af þvi, ad hann vite og þecke mig seiger Drottenn. Jer. 9. Þad er betra ad elska JEsum, enn allt ad vita, seiger S. Paall. Eph. 3.

I fimta Maata; ad i stadenn þess, ad þeir Gudhræddu gledia sig vid JEsu Fædingu, þau skielfdest Herodes þar vid, og þeir ogudlegu Gidingar, fyrer þau Ordsok, ad þeir þecktu ecke þau Guds Giof, og hver hann var, sem i Heimenn var fæddur. Joh. 4. So upprennur Sol Riettlætesens (til Gagns og Velferdar) þeim sem ottast Nafn Drottens, og þeir finna Hiaalpræded under hans Vængium. Mal. 4. Eñ þeir ogudlegu giora hann siaalfum sier ad Asteitingar-steine, og Hneixlunar Hellu.

I sietta Maata; ad hiaa Guds Þienurum skulum vier leita epter Guds og JEsu Christi þeckingu, þvi þeirra Barer skulu vardveita Lærdomenn. Mal. 7. Og þeir skulu bera Vitne af Christo, og vijsa oss til þeirrar heilogu Skriftar, sem vitnar um hann.

I siounda Maata; ad Mennernir

brwke þau heilogu Skrift i olijkañ Maata, og til olijks Gagns: Sumer til ad verda lærder og vijser af henne, og eckert framar, sem þeir yprurstu Prestar og Skriftlærder, hverier af Skriftenne vissu, hvar Christur skylde fædast; Eñ þeir giordu sier eingva þaunka framar uñ hañ; Adrer misbrwka hana til ad hallda Strijd vid Christum, spotta og ofsækia hañ og hañs Ord, sem Herodes; Eñ þau rettu GUds Børn brwka, heyra og lesa GUds Ord til þess, ad þau med Vitringunum kunne ad finna JEsum og hañ ad tilbidia.

I attunda Maata; ad GUds Þaunkar eru ecke sem Mannanna, sem leita epter þvi, sem wtvortis er stoort og ansialegt fyrer Augunum; sem Samuel, er ataleit Eliabs Lijkama, Vext og Vænleik, enn GUd sier epter þvi, sem er lijtels verdt fyrer Heiminum. 1. Cor. 1. Vitringarner þeinktu, ad þeir munde finna Barned i þeim praktuga og stora Konunglega Stad Jerusalem, en Guds Ord kienner þeim ad leita epter honum i þeirre litlu Bethlehem, hver, þo hun

være

være lijtil ad reikna á medal Hofdingia Juda, samt er hun so mikels meteñ fyr-er Gude, ad hañ liet af henne koma þañ sanna og mikla Israels Hertoga.

Í nijunda Maata; lijka sem Herodes kañ vel ad hilia sijna Hreckvijse og bañ-vænt Eitur under sætum Ordum og hei-logu Skine: So er og eingeñ Svijvird-ing so andstyggileg, ad þeir ógudlegu vite ecke ad hilia hana under Heilagleik-ans Yfirskine, og Hræsneñar Kaupu: Þegar Hræsnareñ med Joab og Juda giefur þau sætustu Ord, þá hefur hañ þá vestu Hreckvijse í Hiartanu, og Mordingia Sverd í Hendunum.

Í tijunda Maata; ad þeir hyrjurstu Prestar og Skriftlærder undervijsa Hér-ode uñ Christi Fædingar Tijma, eñ hañ kuñgiorer þad aptur Vitringunum, eñ hverke þeir nie hañ ferdast med þeim til Bethlehem: So predika marger fyrer odrum og verda sialfer ræker. 1. Cor. 9. Þeir vijsa odrum Veigeñ til Guds Rijk-es; Eñ koma þangad ecke sialfer. So þeir eru lijker Leidar-vordum; þær vijsa odrum, hvad þeir skulu gaunga, eñ

ſiaalfar ſtanda þær kirrar, og ſo ſem Timbur-menn Noæ Arkar, er bygdu hana ødrum til Frelſes, eñ drucknudu þo ſiaalfer i Vatns-floodenu.

Hvad tálar Evangeliſteñ uñ Vitringaña Reiſu fraa Jeruſalem til Bethlehem?

Hañ ſeiger: Sem þeir høfdu nu hlijdt Konginum, þa lietu þeir þad ecke hindra ſig, þo hverke Kongurenn nie Jeruſalems Borgar Menn vilde fylgiaſt med þeim, heldur foru þeir af ſtad til Bethlehem.

Med hverju Medale ſtyrkte GUd þeirra Trw, þegar þeir voru komner uppa Veigeñ?

Med þeſſu, ad hañ liet Stiornuna, ſem þeir høfdu ſied i Auſtur-Alfunne aptur lyſa þeim, þviad ſia þu! ad Stiarnañ, ſem þeir høfdu ſied i Auſtur-aalfu, gieck frañe fyrer þeim, allt þar til hun kom, og ſtod þar uppe yfer, hvar ed Barned var.

Hvad verkade þeſſe Stiornunnar Opinnberan hia þeim?

Eina mikla og innilega Glede, ſo ad Gudſpialla-madurenn kann hana ecke nogſamlega

samlega ad votskijra. Eñ er þeir sáu Stiørnuna, segier hañ, gløddust þeir af miklum Fagnade; Og urdu yfer Maata fegner.

Hvad giordu þeir eñ framar?

Þeir geingu i Hwsed iñ, og fundu þar Barnied med Mariu Modur þess, i einu lijtilmootlegu og fataklegu Tilstande, ecke ad sijdur stellu þeir fraṁ og tilbáadu Barnid JEsum (eñ ecke Modurina under eins) og ad upploknum sijnum Fiarsioodum, offrudu þeir þvi Giafer, Gull, Reykelse og Myrru.

Hvar fyrer giordu þeir þad?

Þad giordu þeir epter sinne Landsvijsu, þvi þar mautte eingeñ koma fraṁ fyrer nockurn Kong fyrer utañ Skeink og Gáafur; eiñeñ gáafu þeir til Bitundar med þessum yppurlegu Gáafum sijna Undergiefne, og villdu þar med so sem kiosa hañ til Kongs.

Hafa þeir Gomlu ecke teked sier fagrar Meiningar uṁ Christum og hañs Persónu af þessum þreñslags Gáafum?

Sannarlega; Þvi fyrer Gullid hafa þeir meint og til vitundar Giefed Christi Konunglegs Embættes Yppurlegleika, fyrer Reykelsed Hattign hans Gudhomlegu Nattturu, og fyrer Myrruna hañs Manndomlegu Nattturu Veikleika, ad hañ epter henne munde deya, þvi med Myrru vlvgudu Menn ad smiria Lijkame þeirra Daudu. Joh. 19.

Hvern Lærdom siæum vier hier af?

Fyrst; ad vier skulum ecke læta añara Lete og Hyrduleise hneixla oss, edur til baka snwa, so vier leitum ecke epter JEsu; helldur med Vitringunum hallda æfraim æ Saaluhiaalparennar Veige, jafnvel þo þeir sieu faaer, sem oss fylgia, þvi sæ Vegur er mioor, sem til Lijfsens liggur, og þeir eru faaer, sem hañ rata. Matt. 7.

Þar nærst; ad GUd so sem lempar sig epter sinna Barna Breiskleika, og so þau skule ecke hneixlast æ Veralldareñar O-gudlegleika, þa styrker hañ þau i Trwnne, og þvi hinu Goda, med adskilianlegum Bevijsingum og Nadar Teiknum, so sem hañ giorde þessum Vitringum.

Þridia

J þridia Mata; ad Glds Ord er sw retta skijnande Stiarna, er vijsar oß til þeirrar andlegu Bethlehem vors Glds, hvar vier kunnum vorn JEsum ad finna; Fyrer þetta Lioos kunnum vier ad fina Saaluhiaalparennar Lioos JEsum; J þijnu Lioose munum vier sia Liooseð, seiger David i Ps. 36.

J fioorda Mata; ad vier skulum ecke hneixlast a vors JEsu fautakt og lijtilmotlegre arsynd; helldur med Vitringunum fraũfalla og tilbidia hañ (eñ ecke hañs Moder, edur adra Heilaga med Papistunum) helldur hañ, seigi eg, sem vorn einasta Medalgaangara; Jaa, vier skulum upplijka vorum Hiortum, og offra honum einre stodugre Trw, hverrar Profan klaurare skal vera, eñ Gulled, 1. Pet. 1. Einre hiartnæmre Bæn og Packargierd, sem andlegu Reykelse. Ps. 141. Jaa, einre nyrre Hlijdne og daglegre Endurnyung, hver ed vera skal, sem ein andleg Myrra til ad hlijfa oß fyrer Forrotnanenne i Syndarinnar daudum Verkum.

Hvad talar Evangelisteñ uñ Vitringaña Heimreisu til sijns Fodur-lands?

Þetta:

Petta: Og þeir feingu Aviisan i Svefne, ad þeir kiæme ecke aptur til Herodem, og foru aññañ Veg aptur i sitt Land.

Hvad siæum vier hier af?

Guds Forsioon, sem bæde onyter Raadagiørder þeirra Illkloku, og umvellter Raadum Raangferdugra. Job. 5. So sem hañ gisrde vid Herodem: Vier siæum og eiñeñ hier af Guds Vardveitslu, ad hañ vardveiter sijn Børn fræ øllum Skada og Hæska, hañ vaker yfer oß þegar vier sofum, þvi so seiger David: Hañ, hver ed Vardveiter Israel, sefur ecke, og ei sofnar hañ. Pf. 121.

Hvad skulum vier ad sijdustu hier af læra?

Þad, ad nær vier einusiñe med Vitringunum erum sloppner fræ Herode, fræ Satan, Syndenne og veralldlegum Girndum, þa skulum vier ecke koma til þeirra aptur. 2. Pet. 2. Sem Israelitarner, hverier aptur villdu snwa til Ægyptalands Kiøt-katla; helldur skulum vier sia so til, ad vier gongum eiñ aññañ Veg til vors himneska Fødurlands.

Drott-

DRotten̄ pin̄ Ande er godur, lattu han̄ leida oß i vort Fodurland, þa himneſku Jeruſalem, jaa til Lambſens Brwdkaups. Amen.

Fyrsta Sunnudag epter prettanda.

Gudſpialled ſkrifar S. Lucas i 2. Cap. ſo hliodande, ſem epterfylger.

I þan̄ Tijma. Og þa ed han̄ var tolf Aara gamall, foru þau upp til Jeruſalem, epter Sidveniu Hatijdar Dagſens. Og er þeir Dagar voru lidner, og þau foru heimleides, vard Barned JEſus epter i Jeruſalem, og hans Forelldrar viſsu þad ecke. En̄ þau meintu þad han̄ være hiaa Selſkapnum, og voru ſo komen̄ eina Dag-ferd, og leitudu hans aa medal Fraenda og Kuninga. Og þa ed þau fundu han̄ ecke, geingu þau aptur til Jeruſalem, og leitudu ad hønum. En̄ þad ſkiede

ſo

so epter þriia Daga, ad þau fundu hañ i Musterenu, sitiande midt a mille Lære-fedraña, heyrande þeim og adspyriande þa. Eñ aller þeir er hañ heyrdu, undrudust yfer hans Skilninge og Andsvørum. Og er þau saau hañ, hnickte þeim vid. Eñ hañs Moder sagde til hañs: Son miñ, þvi breitter þu so vid ockur? siaa þu, Fader þiñ og eg leitudum harmþrwngeñ ad þier. Og hañ sagde til þeirra: Hvad er þad, ad þid leited ad mier? Vissud þid ecke, ad mier byriade ad vera i þeim Hlutum, sem mijns Fødurs eru? Eñ þau understodu ecke þetta Ord, sem hañ mællte til þeirra. Og hañ for ofañ med þeim, og kom til Nazareth, var þeim og hlijdeñ. Eñ hañs Moder geimde øll þesse Ord i sijnu Hiarta, og JEsu jookst Alldur, og Vitska, og Naad hiia Gude og Mønnum.

I hvad marga parta verdur þessu Evangelio sundurskipt?

I Tvo.

I þeim

I þeim fyrra verdur talad um Reisu Barnsens upp til Jerusalem med sijnum Forelldrum, þegar hann var tolf Aara gamall, sem og um hans Dvol i Musterenu, og þeirra leit epter honum med Sorg og Swt.

I þeim Sijdare, hverneñ hann vard aptur af þeim fundeñ i Musterenu, og for med þeim ofañ til Nazareth.

Hvad talar Gudspialla-madureñ um þad fyrra?

Og þa ed hann var tolf Aara gamall, foru þau upp til Jerusalem, epter Sidvenju Hatijdar-dagsens; og er þeir Dagar voru lidner, og þau foru heimleides.

Um hvad talar Gudspialla-madureñ hier fyrst?

Um Ferd JEsu med sijnum Forelldrum upp til Jerusalem; Og þa ed hann, þad er JEsus, var tolf Aara gamall, foru þau upp til Jerusalem, epter Sidvenju Hatijdar Dagsens.

Nær skiede þetta?

Þa ed hann var tolf Aara gamall, so

so miked sem adhrærde hans mandomlegu Nætturu, og synilegu Uúngeingne.

Hverier voru þeir, sem gengu upp?

Það var Joseph, JEsu Fostur-fader, og hans Moder Maria, sem og Barned JEsus.

Hvert geingu þau?

Upp til Jerusalem, sem var sæl Stadur, hvern Drottenn hafde vtvaled, og þar sett Miining sijns Nafns, þar ed Kynkvijslernar skylldu uppgánga, Ps. 122.

Þlogudu þau þañiñ ad gánga upp til Jerusalem?

Jú; Gudspialla-madurenn seiger í nærst undanfornu Verse, ad hañs Forelldrar hafe geinged árlega árs til Jerusalem, á Páska Hátijdenne, og so giordu þau enn nu á þvi tolfta Jesu Alldurs Are, ad þau geingu þángad epter Sidveniu Hátijdar-dagsens.

Hvad margar Hátijder voru þar halldnar, á hverium Guds Folk skylde openberast fyrer honum í þeim Stad, sem hañ hafde vtvaled?

Þriár; Nefnilega, Páskar, Hvijta-

sunna,

suña, og Laufskæla Hætijd, þvi so seiger DRotteñ: Þrisvarsinnum æ Aareñu skal allt hvad kallkyns er hiæ þier, auglysast fyrer DRottne GUde þijnum i þeim Stad, sem Drotteñ mun wtvelia, æ þeirre o-sijrdra Brauda Hætijdeñe, og æ þeirre Vikuhallds Hætijdenne, og æ þeirre Laufskæla Hatijdenne. Deut. 16.

Hafde Maria þorf ad gænga med upp til Hætijdarliñar?

Jafnvel, þo Logmæled alleinasta skylldade Kall-kyned þar til, so plægudu þo Gudhræddar Kvijnur ad fylgia sijnum Mønnum, sem siæ mæ af dæme Øñu Elkanæ Hwsfrw. 1. Sam. 1. Og so plægade Maria æarlega med Joseph ad gænga upp til Jerusalem, hvar med hun bæde synde sijna innilegu Bænrækne fyrer GUde, og siñ Kiærleika vid Josehp.

Munu þau æadur hafa teked JEsum med sier?

Þar talar Gudspialla-madureñ ecert uñ, þad synist þo ecke o-lijklegt, ad þau hafe hañ æadur med sier teked, og

ecke lauted hañ alleina heima epter vera i Nazareth.

Hver Lærdomur kañ hier af ad dragast?

Sa fyrste, ad vier hølldum helga Hvijlldar-daga og Hatijder vors GUds, og gongum optlega upp til þeirrar andlegu Jerusalem, þad er, hañs Musteris og Helgedoms, og eiña hellst, þar vier høfum ecke þørf ad gaanga so laangañ Veg, sem Joseph og Maria fræa Nazareth til Jerusalem, helldur høfum vier Kyrkiuna hartnær hiaa vorum Hvsdyrum.

Sa annar, lad Christilegu Ektafolke ber ei alleinasta ad hafa aastudlegar Rædagiørder sijn a mille, helldur og ad gaanga i GUds Hvs til samans. Ps. 55. Þad geingur vel til i Ektaskapnum, þegar Madurenn er eiñ Gudhræddur Joseph, sem ecke einasta geingur siaalfur i Guds Hvs, helldur og eiñenn aaminner sijna Hvsfrw til ad gisra sama; Sa ed ecke einasta wtheller sijnum Bænum fyrer GUde, helldur og eiñenn upphvetur sijna Ekta-Kvinu til ad bidia, so sem sa wnge Tobias sagde til Saru: Statt upp Syster,

Syster, sagdi hañ, vid vilium bidia, ad DRotten miskune sig yfer ockur; Jæa, par geingur miked vel til, hvar Kviñañ er ein æastwdleg og andleg Maria, sem giarnañ vill ottast GUd med sijnum Ektamanne, og vitia Musteris DRottens, og seiger þeß vegna til hañs, sem Ruth sagde fordum til Modur sijns Sæla Manns: Þiñ GUd er miñ GUd. Og lijka sem Skialldsveiñ Jonathans sagde til hañs, þo i Tillite til añars, giør hvad þier byr i Hiarta; far, siæa eg er med þier, so sem þitt Hiarta vill. 1.Sam. 14.

Sæa þridie Lærdomureñ er þesse, ad Gudhræddder Forelldrar eiga og, af Dæme Josephs og Mariu, ad venia sijn Børn fræa Ungdome til GUds Otta og kostgiæfilegrar Kyrkiu-gongu, ad þau, sem Abdias, kynne ad læra ad ottast GUd fræa sijnum Barndome, og med Timotheo, ad ydka þæa heilogu Skrift allt i fræa Barndome, þvi hun kañ ad undervijsa þeim til Sæluhiæalpar. 2. Tim. 3. Hiørtu þeirra Ungu eru sem grannar Ungvidar Greiner, hveriar Madur kañ ad binda og beigia, sem hañ

vill, þau eru so sem blautur Leir edur Vax, æ hvert Madur kañ ad þryckia hveriu Innsigle edur Mind, sem hañ vill, annadhvert GUds, edur Diofulsens og Veralldarennar.

Sæ fiorde og siidaste, ad þeir Ungu skulu med JEsu giarnsamlega fylgia sijnum Forelldrum til Kyrkiunnar og GUds Hwß, og framar hafa List þængad ad gæanga, eñ til Leiks og Dryckiu Hwßens, þeinkiande til sijns Skapara i sijnum Ungdome. Eccl. 12. Ad GUd aptur æ mot miñest æ þau þeim til gooda; Sæ kañ best ad wtenda sijnar Dagleider, sem tekur sig upp snemma æ Morgna: So kunna og þeir Ungu best ad vanda sijñ Veg og lifa ostraffanlega, nær þeir i Tijma hallda sig epter Orde DRottens. Pf. 119.

Hvad talar Gudspialla-madureñ eñ framar?

Hañ seiger fræ þvi, ad Barned JEsus hafe Orded epter i Jerusalem æn vitundar hañs Forelldra. Og er þeir Dagar voru lidner, og þau foru heimleides, vard Barned JEsus epter i Jerusalem, og Joseph og hans Moder

Moder vissu þad ecke. Þessar Guðhræddu Personur voru bænræknar og stadfastar i sinne Guds Þionustu, hielldu Hatijdernar i Jerusalem, og þegar þær hofdu Enda, geingu þau fyrst heimleides aptur, enn ad medann mæter þeim þesse Sorg, ad þau vantar frá sier Barned JEsum.

Hvar fyrer villde JEsus auka sijnum Forelldrum þessa storu Sorg ad fræskilia sig þeim?

Þar uppá svarar hañ sialfur síñe Modur sijdar i Textanum: Vissud þid ecke, ad mier biriade ad vera i þeim Hlutum, sem mijns Fodurs eru? Hañs himneskaFodurs Heidur og Giorningar, so sem hielldu honum epter af sijnum, so meintum, Fodur og Modur, þegar þeirra Guds Þionusta var endud, þá villde hañ uppbiria sijnar wtriettingar, og ad sijnum Ungdoms Aarum lata sia nockra Geisla af sijnum Guddomlegum Vijsdome og Forstande: Hier med villde hañ og upphvetia þau, ad þau i annañ Tijma giættu betur ad honum.

Hvad

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Fyrst; ad vier skulum ecke alleinasta vel uppbyria vors Gluds Þionustu, helldur og henne framhallda, og wtenda vel. Vier skulum ecke vera sem sumer, hverier annadhvert koma seint til Gluds Hwss, edur gaunga helldur sneina frau þvi, þeir ed gleima med sier ad taka hiartnæma Gudrækne þegar þeir koma, og Blessan Drottens þegar þeir fara.

Þar nærst; þegar vier hofum wtendad vors Gluds Þionustu i hans Hwse, þau meigum vier gaunga heim i vort eiged Hws, og þar wtrietta vor eigen Verk; þvi Glud hefur ecke alleinasta befalad oss ad bidia, helldur og so ad erfida. Gen. 3. Gudhrædsla og Erfide kann sannarlega til samans ad vera.

I þridia Mata; ad Gluds Born meiga ecke lata sig þad storlega forundra, þo þau stundum, og jafnvel þau, þegar þau meina, ad þau sieu idnust og gudrækilegust i sijns Gluds Þionustu, finne til einrar og annarar Freistingar, edur þo þeim synist þau, ad JEsus sie so sem frau þeim viken, og hilie sig fyrer þeim; Hver sem med Joseph og Mariu hefur

JEsum

JEsum i fylge med sier, hañ maa og þeinkia, ad Krossen er optast med honum, og þar fyrer seger Syrach: Barn mitt, vilier þu Guds Þionustu-madur vera, þa bw þig vid Freistne. Syr. 2.

J fiorda Maata; ad vier ecke allein-asta hofum JEsum med oß til Guds Hwß, helldur skulum vier so tilsiaa, ad vier hofum hañ aptur heim med oß i voru Hiarta fyrer sańa Trw og Gudrækne.

J fimta Maata; þa hofum vier þad hier ad læra; ad stundum hallda Mańeskiurnar, ad þær hafe JEsum hiaa sier, þegar þær hafa so med sijnum Syndum og Hirduleise reked hañ fraa sier: Stundum Jñbirla Guds Børn sier þad, ad hañ sie fraa þeim vikiñ, þegar hañ i Kroßinum fyner sig ad vera lijka sem eiñ Giest og Framande. Jer. 14. Þar hañ þo er þvi nær hiaa þeim, stendur so sem bak vid Veggeñ, og sier i giegnum Gluggań, og giæst i gegnum Grindurnar. Cant. 2.

Leitade þaa Joseph og Maria ecke epter Barninu JEsu, þar hañ þanniñ var epter ordeñ?

Sańarlega; Þau meintu i fyrstuñe, ad

hañ, sem eitt audstwdlegt Barn, hveriu ed var af ollum hroosad, munde vera hiaa Selskapnum aa Veigenum, pad er, hiaa peirra Lands og Stadar Folke af Galilæa og Nazareth, og voru so komeñ eina Dagferd, og leitudu hañs aa medal Fræenda og Kuñingia, og paa ed pau fundu hañ ecke, geingu pau aptur til Jerusalem og leitudu ad hønum. Hier kañ sierhver ærlegur og hiartagodur Fader og Moder audvelldlega ad ealykta, hver Aangist og Hiarta-sorg aa medañ ad hafe preingt ad Mariu og Josephs Hiarta, pvi paa hefur vißulega Angistareñar Sverd smoged i gegnum heñar Ønd.

Hvad lærum vier hier af?

Pad; ad vier peinkium opt og tijdum lijted epter pvi, hvad stor Naad og Sauluhiaalp pad er, ad hafa siñ Gud og JEsum hiaa sier; Eñ pegar hañ er lijted fraa oß, og hilur sitt Andlit uñ lijted Augnablik fyrer oß. Es. 54. Paa lærum vier ad leita og spyria epter honum, med Sorg og Andvarpan; Par nærst, ad nær vier med vorum Syndum og Athugaleise hofum mist vorn JEsum fraa oß, paa er pad forgiefens

ad

ad leita epter honum a medal þeß veralldlega Selskapar, þvi hañ mun snara leida oß fra honum eñ til hans; Vier siñum hañ ei helldur a medal Frænda og Kuñingia vors Hollds og Blods, veralldleger og Jardnesker þaunkar vissa oß ecke ad honum; helldur skulum vier snwa til baka, aptur af vorum Synda Veige, og med Angre og Ydran upp til þeirrar andlegu Jerusalem gaanga, þar epter honum leita, sem vor Sala elskar, og ecke hætta, fyrr eñ vier hofum funded hañ.

Fundu hau hañ þa uñ sijder?

Ja: þvi þad skiede so epter þria Daga, ad þau fundu hañ.

Hvar fundu þau hañ?

I Musterenu.

I hveriu Framferde og Wtriettingum fundu þau hañ?

Þau fundu hañ sitiande midt a mille Læra-fedrana, heirande peim og adspyriande þa; eñ aller þeir, er hañ heyrdu, undrudust yfer hañs Skilninge og Andsvørum. Alldrei hofdu þeir haft adur þvilijkañ Læra-svein hia sier,

sem so vngur kynne so skinsamlega ad spyria, og so vissiega ad svara; Peirra Augu saau ecke annad eñ eitt lijted Ungmenne; Eñ peirra Eyru heyrdu nockud oveniulegt, og framar eñ peir hofdu audur heyrt af nockrum, pad er ad seigia, af so vngum Manne, par fyrer er pad ei ad undrast, po peir yfer pessu sig storlega forundrudu.

Hverneñ brae Joseph og Mariu pegar pau saau Barned JEsum i Musterenu?

Evangelisten seger: Og er pau saau hañ, hnyckte peim vid.

Toludu pau nockud til hans?

Jae: Hans Moder sagde til hañs: Son miñ, pvi breitter pu so vid ockur? (ad verda epter af ockur) Siae pu! Fader piñ og eg leitudum harmprwngeñ ad pier.

Hveriu svarade hañ hier til?

Og hañ sagde til peirra: Hvad er pad, ad pid leited ad mier? Viß ud pid ecke, ad mier biriade ad vera i peim Hlutum, sem mijns Foduurs eru? Sem hañ so miked sagt og talad hefde: Hvad er pad, ad pid giered yckur Omak og Umhyggiu med Sorg ad

ad spyria og leita epter mier? Vissud þid ecke, ad hversu vel sem eg vil annars vera þier Maria, sem minne Modur, og þier Joseph, sem mijnum Fostur-Fodur hlijdeñ og undergiefeñ, so hefe eg þo eiñ ædre Fodur ad Himnum, i hvers Hws mier ber ad koma, og sierdeiles hañs Verk ad giera?

Skylldu þau þetta, sem hañ talade til þeirra?

Nei: Þau understodu ecke þetta Ord, sem hañ mællte til þeirra. Jad eñ nu skylldu þau þad ecke fullkomlega, hvern hañ meinte fyrer siñ Fodur, edur þad, sem var hañs Fodurs.

Hver Lærdomur kañ hier af ad dragast?

Sa fyrste er þesse; ad ef vier siñum ecke vorn GUd og JEsum strax, þa skulum vier þar fyrer ecke hætta og giefa upp; helldur hallda afraṁ, ad spyria og leita epter honum, þar til vier hofum funded þañ, sem vor Sael elskar: Hañ, sem var skileñ vid sijna Forelldra, og liet þa sig þo uṁ sijder finna epter þriá Daga lidna; hañ mun og uṁ sijder lauta sijn Born finna sig, sem med Sorg Spyria og leita epter honum. Hañ skal giora oß lifande epter tvo Daga,

hañ

hañ skal uppreisa oß ad hañ þridia Dag. Hos. 6.

Hiñ annar er sad, ad vier kunnum ad finna vorn JEsum i Kyrkiuñi og GUds Hwse, vier finnum hann i hañs heilaga Orde, i þeirre naudarsamlegu Aflausn, og i þeim hæverdugu Sacramentis. Hier hefur morg sorgfull Saal leitad epter sijnum JEsu og hañ funded, so hun hefur med Glede kunnad ad seigia sem Brudureñ: Eg fañ þañ, sem mijn Saal elskar, eg hiellt honum og vilde ecke sleppa honum. Cant. 3.

Sa þridie Lærdomureñ er þesse, ad JEsus sat midt ad mille Lære-fedranna i Musterenu, og ei alleinasta þeim heyrande, helldur þad og adspyriande, hvar med hañ hefur helgad Lære-fedranna Erfide i Kyrkium og Skoolum. Hañ vill og þar med kienna þeim Ungu, ad fyrr eñ þeir giefa sig til ad vilia kienna og undervijsa odrum, ad þeir audur ad sijnum vngu Aarum, sem audstundunarsamer Lære sveinar skule fyrst heyra odrum, og lauta þad sier undervijsa, þvi so seiger Syrach: Lær þu skalfur, audur

eñ

eñ þu kienner odrum Mønnum. Syr. 18.

Sca fioorde og sijdaste Lærdomuriñ er þesse, ad Forelldrarner meiga ad sønnu straffa sijn Børn; Eñ þad skal vera med forstandugum og skickanlegum Hætte; Þeir meiga ecke lasta sijn Børn fyrer þad, þo þau gaange til Guds Hwß, og elske hañs Ord, þvi þad ber framar ad lofa eñ ad lasta; Sañarlega eru Børneñ sijnum Forelldrum uñ storañ Heidur og Hlijdne skyldug; Eñ laangtum skylldugre eru þau til ad elska siñ himneska Fodur, og vera i þeim Hlutum, sem hañs eru, þvi framar ber ad hlijda Gude eñ Mønnum. Act. 5.

Hvad talar Gudspialla-madureñ uñ JEsu For med sijnum Forelldrum ofañ til Nazareth, og þau Undergiefne, sem hañ þeim audsynde?

Hañ seiger: Og hañ foor med þeim ofañ, og kom til Nazareth, (til þess Stadar i Galilea, hvar þau biuggu) og var þeim hlijdeñ. Eñ hans Moder geimde øll þesse Ord i sijnu Hiarta: Og JEsu jookst Aldur

ur og Vitska og Naad hiæ Gude og Mønnum.

Hverneñ kañ pad ad seigiast, ad JEsu hafe aukest Vitska, par hañ var peß eilijfa Guds Vijsdomur? Alldur, par hañ var Eilijfdarennar Fader? Naad hiæ Gude, par hañ var Guds elskulegur og pocknanlegur Sonur?

Petta æ allt ad skiliast epter hañs Mañdomlegu Naatturu, epter hverre honum jokst alltijd meir og meir Alldur og Lijkamans Vextur, og þa hulldu Fiarsiodu sijns Vijsdoms liet hañ framar og framar i Lioose, og petta allt auglyste sig meir og meir, hvar af audsied var, ad hañ var Guds elskulegur Sonur, hverium allar rettsiñadar Mañeskiur unnu, og af Hiarta kiærañ hofdu.

Hvad kunnum vier af pessum Ordum ad læra?

Bornen skulu af peim wnga JEsu læra, ad vera sijnum Forelldrum hlijdeñ og undergiefeñ, so ad peim, epter hañs Dæme, mætte so aukast Vitska og Naad hiæ Gude og Meñum, sem Aar og Alldur, og sierhvert Guds Barn skal med Mariu vardveita JEsu Ord i sijnu

Hiarta, so ad þad fyrer þad sama, sem eitt kroftugt Medal til Saaluhiaalpareñar, og fyrer Trwna kunne ad vardveitast til eilijfs Lijfs, hvar til GUd giefe oß ollum sijns Heilaga Anda Naad og Kraft, fyrer Christi Skuld alleina. Amen.

Annañ Sunnudag epter prettanda.

Gudspialled skrifar S. Johannes i 2. Cap. og hlioodar þannig.

Iþañ Tijma: þar gigrdest Brwdkaup i Chana Galileæ, og Moder JEsu var þar. Eñ JEsus og hañs Læresveinar voru og bodner til Brwdkaupsens. Og er þa þraut Vijn, sagde Moder JEsu til hañs, þeir hafa ecke Vijn. JEsus sagde til hennar: Þu Kvinna, hvad hef eg med þig? Mijn Stund er eñ ecke komen. Moder hañs sagde til þionustu mannaña, hvad hellst hañ seiger ydur, þad gigred. Eñ þar voru

voru sex Stein-kier, sett epter Venju Ebreskra Manna Hreinsunar, og hvert eitt tok tvo edur þria Mæla. JEsus sagde til þeirra: Fyllid upp Kiereñ af Vatne, og þeir fylltu þau allt a Barma. Og JEsus sagde til þeirra: Helled nu a, og færed Kiæmeistaranum, og þeir færdu honum; En þa Kiæmeistareñ smackade Vatned, þad ad Vijne var orded, og hañ visse ecke hvadan þad kom, eñ Þionustu-mennerner, sem Vatned soktu, visstu þad; þa kallade hañ a Brwdgumañ, og seiger honum: Aller Menn giefa fyrstu hid goda Vijnid, og nær þeir taka Olvader ad giorast, þa þad hid liettara, eñ þu hefur geimt hid goda allt til þessa. Þetta er hid fyrsta Jardteikn, sem JEsus gioerde til Chana i Galilæa. Og hañ openberade sijna Dijrd; Og hañs Lære-sveinar trwdu a hañ.

Um hvad talar þetta Evangelium?

Um þad fyrsta Jardteikn, sem JEsus gioerde, þa hañ i Brwdkaupen

enu i Cana Galileæ umbreitte Vatne i Vijn.

Hvad marger Partar eru athugande i þessu Gudspialle?

Þrijr; sem er:
Fyrst; Tildrøgeñ til Jardteiknsens.
Þar nærst; Jardteikned i sialfu sier.
Í þridia Mata; Þeß Opeñberun og Verkan.

Hver Tildrog syner Gudspialla-madureñ til Jardteiknsens?

Brwdkaupsens Tilbwning, sem og þeirra wngu Brwdhioona Sorg yfer Vijn-brestenum.

Hvad seiger hañ umñ þad Fyrsta?

Hañ seiger: Og a þridia Deige giørdest Brwdkaup i Cana Galileæ, og Moder JEsu var þar; Eñ JEsus og hañs Lære-sveinar voru og bodner til Brwdkaupsins.

Hveriar voru þær Personur, sem þetta Brwdkaup giordu?

Þar talar Evangelisteñ eckert umñ; Sumer meina, ad þesse Brwdhioon hafe vered Mariu Christi Modur Naakom

eñ, med þvi hun var þar i Brwdkaupenu, og þeirra Sorg og Efnaleiſe rañ henne ſo til riſia.

Nær giordeſt þetta Brwdkaup?

A þeim þridia Deige; Þad er ad ſkilia, epter þad hañ hafde vered hiaa Johanne, og var reiſtur til Galileam. Joh. I.

Hvar giordeſt þad?

I Cana Galileæ, ſem var eiñ lijtell Stadur i Galilea, og laa fiorar Mijlur Vegar fraa Nazareth: Hun kalladeſt Cana i Galilea, ſo hun ſkylde vera adgreind fraa hinne annare Cana, ſem laa i Aſſers Landa-merkium i Grend vid Tyrum og Sidonem.

Nefner Gudſpialla-madureñ nockra af Geſtunum, ſem voru i Brwdkaupenu?

Jaa; hañ ſeiger, ad JEſu Moder hafe þar vered, og ſiaalfur JEſus og hans Lære-ſveinar, ſo marger, ſem hañ hafde þaa teked, nefnilega, Petrus, Andreas, Philippus og Nathanael, þeſſer voru og bodner til Brwdkaupſens. Joh. I.

Hver

Hver Lærdomur kañ hier af ad dragast?

Fyrst; ad Hioonabands Stiettesi er Gude þocknañleg, med þvi ad siælfur Guds Sonur, med sinne Nærveru hefur virdt hana þess þar ad vera, og þar sitt fyrsta Jardteikn ad giora henne til Heidurs: Þar fyrer seiger Postulesi: Hiwskapuresi skal heidurlegur hallden vera hiia ollum, og Hioona-bands Sængesi ofleckud. Hebr. 13.

Þar nærst; þa er i eingvan Mata fyrerboded ad hallda Brwdkaup, edur ad vera i Brwdkaupe, med þvi siælfur JEsus, hañs Moder og Lære-sveinar hafa lated finna sig i einu Brwdkaups Hwse; Þo so, ad allt sie i Guds Otta med Sparseme, og godre Sidseme framkvæmt.

I þridia Mata; þa skulum vier i vorum Brwdkaupum og Ektaskapar Uppbyriun, med Brwd-hioonunum i Cana i þessa Dags Evangelio, fyrst og fremst JEsu inbioda, þad er, ad uppbyria þad i hañs Nafne. Col. 3. i sømum Guds Otta epter hañs Orde og Vilia: Vier skulum ecke biooda þeirre jardnesku

JEsu Modur Mariu, so sem Papistar plaga ad giora, helldur þeirre Christilegu Kyrkiu, og sonnum Guds Bornum, sem eru andleg Christi Moder. Matt. 12. I því ad vier bidium þau ad giora Bæner fyrer oß til Guds; Jæa, vier skulum og eiñeñ biooda JEsu Læresveinum; Það er, vier skulum virda hañs Þienara, og giora hañs fœtækum Limum til goda. Luc. 14.

Hver Sorg mætte þeim ungu Brwdhioonum i Cana æa þeirra Heidurs Deige?

Þau hofdu ecke Vijn; Þegar Brwdkauped var uppæa hid besta, og þau þeinktu hellst til ad giora bæde sig og Giestina glada, hvad þeim var ecke lijtil Sorg.

Liet nockur þessa þeirra Sorg og Efnaleise sier til Hiarta gœnga?

Jæa; Maria JEsu Moder sagde til hañs, so sem til þeß er hun være viß um, ad kynne ad umbreita þessum Efnaleisum til Nægtar; þeir hafa ecke Vijn.

Hvert Svar fieck hun hier uppæa?

JEsus

JEsus sagde til hennar: Þu Kvinna, hvad hef eg med þig? Ad þu so sem villt segia og fyrerskrifa mier, hvad eg skule giora; Mijn Stund, til ad giora Jardteikn og Kraptaverk, er eñ ecke komiñ.

Hvert fiell Mariu þar vid Hugur?

Nei; helldur reidde hun sig uppat hañs giæsku, og sagde til Þienaranna: Hvad hellst hañ seiger ydur, þad giored.

Hvern Lærdom kunnum vier oß hier af ad taka?

Fyrst, þennañ, ad Hiona-bands Stietteñ er ad sonnu indessom og Gude þocknanleg, eñ eingeñ, og ecke þau heilogu Guds Born meiga þeinkia, ad þau kuñe ad vera fyrer utañ Kroß og Motgaang i þessare Stiett: Vier meigum segia uñ Hionabanded þad sama, og Spaumanna Borneñ sogdu uñ Jericho: Þesse Stadur er godur ibwdar, eñ hier er vondt Vatn. 2. Reg. 2. So þad heiter sem S. Paull seiger: Þo þu giptest syndgar þu ecke, og þo ad ein Mey giptist

ist syndgar hun ei, þo munu þvilijker Holldsens Harmkvæle hafa. 1. Cor. 7.

Þar nærst; þa skulum vier lata vors Næunga Neyd og Sorg oß til Hiarta gaunga, so sem Postuleñ aminner oß i þessa Dags upplesnum Pistle, seigiande: Annist Naudþurfter Heilagra, ef vier kunnum ecke med ödru hønum ad hiaelpa, þa skulum vier med Mariu giora Bæn til Guds fyrer hañ.

I þridia Mata; þa var Maria ad sønnu JEsu Moder epter Holldenu, eñ þad hañs guddomlegu Nattura aahrærde, var hañ hennar GUd og DRotteñ, þar fyrer villde hañ ecke, ad hun skylde sier nockud fyrerskrifa, nær hañ skylde Jardteikneñ giora; Og þar hañ villde ecke i sijnu Nidurlægingar Stande strax aalijta hennar Bæn, hverneñ mun hañ þa i sijnu Upphafningar Stande breita vid þa, sem giora hana ad einum Medalgaangara a millum sijn og hañs.

I fioorda Mata; þa eigum vier ecke ad setia GUde Stund og Dag ad hiaelpa og frelsa oß, þegar vier siaelfer vilium, helldur þo hañ dvelie, þa skulum vier

vier bijda hañs, þvi hann mun vissulega koma, og ecke tefia. Hab. 1.

I fimta Mata; þa erum vier aller Guds og JEsu þienarar, og þar sem vier vilium vera hans Viner, þa skulum vier giora hvad hellst hañ bijdur oß. Joh. 15.

Hvad talar Gudspialla-madureñ uñ þad Annad, eg meina, uñ Jardteikned, sem hann giorde?

Hañ seiger: Eñ þar voru sex Vatns-kier af Steine sett epter Veniu Ebreskra Maña Hreinsunar, þvi Gidingarner hofdu margvijslega Pvotta og Hreinsunar Adferd, bæde þvodu þeir sig sialfa og sijnar Krwser og Dryckiarkier, adur eñ þeir geingu til Bords. Eñ hvert eitt, seiger Gudspialla-madurenn, took tvo, edur þria Mæler, JEsus sagde til þeirra: Fylled upp Kieriñ af Vatne, og þeir fylltu þau allt a Barma. Og JEsus sagde til þeirra: Helled nu a, og færid Kiæmeistaranum, og þeir færdu hønum; Eñ þa Kiæmeistareñ smackade Vatned, þad ad Vijne var orded, og hañ

visse ecke hvadañ þad kom, eñ Þionustu-mennerner, sem Vatned sokttu, vissu þad, þa kallade hañ a Brvdgumañ og seiger til hañs: Aller Menn giefa i fyrstu hid goda Vijned, og nær þeir taka Glvader ad gigrast, þa þad hid liettara, eñ þu hefur geimt hid goda allt til þessa.

Hverneñ kañ þetta oss til Lærdoms ad þiena?

Fyrst; er oss þad adgiætande, ad so sem i Brvdkaupenu i Cana var Skortur a Vijne, eñ nog Vatn til ad fylla Vatns-kereñ upp a Barma, so hafa þeir gudhræddu opt Skort a Glede og Fognude: Eñ þar a mot verdur Skeinkt a fyrer þa einum mæler, fullum Taara Pf. 80.

Þar nærst; þa hefur Gud vissa Tolu a sina Barna Vatns-kerum, þad er, a þeirra Krosse og Harmkvælum, þvi so seiger David: Reikna þu min Flotta, hell mijnum Taarum i þijna Flosku, sañarlega, þa reiknar þu þau Pf. 56.

I þridia Matta; er þad mikid vel, nær GUd setur Vatns-kereñ iñ fyrer vorar Dyr, eñ vier setium þau þar ei siaulfer.

I sioor-

J fiorda Mata; ad þegar vor Vatns-kier eru full a Barma, þa vill vor JEsus af þeim ausa, og lietta vorre Sorg; Nær Neydeñ er hordust, þa er hans Hiælp nælægust, hañ frelsar vt af þeim sex Harmkvælum, og i þvi hinu siounda, mun hañ ecke neitt Illt lata sijn Børn aahræra. Job. 5.

J fimta mata; þa giefur Satan og Verolldeñ fyrst þad sæta Vijned, og sijdañ þad liettara. Eñ JEsus Dryckiar sijn Børn fyrst med þvi beiska Krossens Vatne i Marah, og sijdañ med Velliſtingu, so sem med reñande Vatne. Pſ. 36.

Hvad talar Gudspialla-madureñ uñ Jardteikn-sens opeñberan og Verkan?

Þetta er hid fyrsta Jardteikn, seiger hañ, sem JEsus giørde, og hañ opeñberade sijna Dijrd, ad hañ være ecke einsamall Madur, helldur under eins sañur og almættugur Gud, og hans Læri-sveinar trwdu a hañ.

Hvad siæum vier hier af?

Þad, ad JEsus Christus, er Sonur þess eilijfa og almættuga lifanda Guds, sem alleina Dæsemdar-verkeñ giørir Pſ.

72. Og þau Verk, sem hañ giorer, bera Vitne af honum. Joh. 10. hvar af vier og med Lære-sveinunum skulum trwa og vitna, jat þeckia og trwa, ad Faderiñ sie i honum, og hañ i Fodurnum. Honum med Fodurnum og heilogum Anda sie Lof og Dijrd fraa Eilijfd til Eilijfdar Amen.

Þridia Sunnudag epter Þrettanda.

Gudspialled skrifar S. Matthæus i 8. Cap. hliodande, sem epterfylger?

Jþañ Tijma. Og þa ed JEsus gieck ofañ af Fiallenu, fylgde honum margt Folk epter. Og sia þu! ad Lijkþraar Madur kom, tilbad hañ, og sagde: HErra, ef þu villt, þa gietur þu mig hreinsad, og Jesus riette wt Hondena, cahrærde hañ og sagde: Eg vil, vertu hreiñ; og jafnsnart vard hañs Lijkþraa hrein. Og Jesus sagde til hañs: Sia til, ad þu seiger. Þad eige neinum, helldur

dur far þu, og syn þig Kienne-mønnunum, og offra þijna Giøf, þaa ed Moyses hefur boded til Vitnesburdar yfer þeim. Eñ þaa ed Jesus gieck iñ i Capernaum, kom til hañs Hundrads-Høfdinge nockur, bidiande hañ og sagde: Herra, þion miñ liggur Jetsiwkur heima, og kvelst þvnglega. Jesus sagde til hañs, eg vil koma og lækna hañ. Og Hundrads-Høfdingeñ svarade og sagde: Herra, eg em þeß ei verdugur, ad þu gaanger iñ under mitt Þak, helldur seig þu eitt Ord, og mun miñ þion heilbrigdur verda. Þviad eg em Madur Yfervalldenu undergieseñ, hafande under mier Strijds-folk, og nær eg seige þessum: far, þaa fer hañ, og ødrum: kom þu, og hañ kiemur, og Þræle mijnum, giør þetta, og hañ giører þad. Eñ þaa ed Jesus heyrde þetta, undradest hañ, og sagde til þeirra, er hønum epterfylgdu: Sañlega seigi eg ydur, ad þvilijka Trw hef eg ecke funded i Israel. Eñ eg seige ydur, þad marger munu koma af Austre og Vestre, og sitia til

Bords

Bords med Abraham, Isaac og Jacob i Rijke Himnanna, eñ Rijkesens Synер munu verda wtrekner i hin ystu Myrkur, þar sem vera mun Op og Gnijstran Tañaña. Og Jesus sagde til Hundrads-Høfdingians: Gack þu hiedan, verde þier epter þvi sem þu trwder, og hañs Pion vard heill a þeirre sømu Stundu.

Hvad er i þessu Gudspialle iñefaled?

Tvø Krafta-verk Christi.

Það fyrra er uñ hañ lijkþraa, hvern hañ hreinsade.

Það sijdara uñ Hundrads-Høfdingians Jctsiwka þienara, sem hañ læknade.

Hvad marga Parta hofum vier ad athuga i þvi fyrra?

Þria, nefnilega.

Fyrst; Komu þeß lijkþraa til Christum.

Þar nærst; þa Huggun og Hiaulp, sem hañ fañ hia honum.

I þridia Maata; þa Befalning, hvar med Christur vijsar honum fra sier.

Hvad seiger Evangelisteñ um það fyrsta?

Og

Og þaa ed Jesus gieck ofañ af Fiallenu, fylgde hønum margt Folk epter Og sia þu! ad Lijkþraar Madur kom, tilbad hañ, og sagde; Herra, ef þu villt, þaa gietur þu mig hreinsad.

Af hverium Tijma kom saa Lijkþræe til Christum?

Þaa hañ gieck ofañ af Fiallenu, hvar hañ hafde giort eina launga og merkilega Predikun, hver skrifud stendur i þremur næst fyrerfarande Capitulum Matthei Gudspialla-mañs; og margt Folk, sem hafde heyrt hans Rædu, fylgde hønum epter, og sia þu! ad þaa kom þesse Lijkþræe Madur, sem kañskie vered hafe einhverstadar hiaa Fiallenu, og heyrt Jesu huggunarfulla Lærdom fyrer sijna Saal; hañ fiell nidur fyrer hønum, leitande lækningar og Hreinsunar fyrer sijn Lijkama, epter hverre hañ laungade.

Hvad kuñum vier hier af ad læra?

Dad, ad JEsus er eiñ sañur Gud, og sa rette Israels Læknare, so vel aa Fiellunum sem i Dølunum, og so vel i Døl-

Dolunum sem a Fiollunum: A Fiallenu lækner hann Saalernar med sijnu Orde, i Dalnum hreinsar hann Lijkama þess. lijkþraa, med þeim sama sijnsOrds Krapte; Þar fyrer skulum vier leita epter honum, og uppheſia vor Augu til þess himneska Fiallsens, hvadan oss kiemur Hiaalpen. Pſ. 121. Og þad skal skie, ad lijka sem Nætt-doggen ofanfellur af Hermon a Fialled Zion, Pſ. 133. So mun og Dogg hans Naadar og Hiaalpar ofan til vor falla af þvi himneska Fialle.

Hvern Kross og Siwkdom bar þesse Madur, sem knwde hann til ad koma til JEsum?

Hann var Lijkþraur, edur sem Lucas seiger, fullur af Spitelsku.

Hvad fyrer ein Siwkdomur var Spitelskan?

Hun var miked eymdarlegur, og vidurstyggilegur Siwkdomur, sem miog var almennilegur a medal Gidinganna, og annars Folks i Austur-londunum; hver ed ecke alleinasta intok Lijkaman innvortes, med Ofur-hita og Fordierfun Blodsens; helldur og wtvortes gierde hann

hañ afskræmilegañ, med vidbiodslegum Sœrum og Kaunum, so ein lifande Manneskia var sem annad daudt Hræ, og illaluktande Andstygd; Og med thvi thesse Siwkdomur var miog nœmur, thœr mœttu ecki their Spitelsku hafa Umgeigne med theim heilbrigdu, helldur bva alleiner, og hilia sijnar Varer, og ef einhver mœtti theim, thœr skylldu their hroopa; o-hreiñ, o-hreiñ, so adrer kynne ad varast thœr, og thad sem yfergnœfde, thœr var thesse Siwkdomur œn sierlegrar GUds Hiœlpar olœknanlegur.

Hvers Jmind er thesse Siwkdomur?

Ecke alleinasta Manneskiunnar Eymdar almennilega, hveria Syndeñ hefur iñleidt i Heimeñ; Helldur og sierdeiles Syndarinnar siœlfrar, hver ad er swandlega Spitelska, sem iñtekur og fordiarfar Manneskiuna, bœde wtvortis og iñvortis, bœde Sœl og Lijkama, og giorer hana vidurstyggilega, og illaluktande fyrer GUde, so hun kañ ei ad lœknast edur heilbrigdast fyrer utañ hañs Fodurlega Nœd og Hiœlp, so sem Job vitnar i sinnar Bokar 9. og 14. Cap.

Hvern-

Hverneñ hegdade þesse Madur síñe Komu?

Hañ tilbad hañ; Marcus seiger, hañ hafe beded hañ med beigdum Kniæum; Eñ Lucas, ad hañ hafe falled fraṁ æ sína Asioonu. Luc. 5. Bænar Ord þeß Lijkþræa hliooda þannig: Hañ tilbad hañ, seigiande: HErra, ef þu villt, þa gietur þu mig hreinsad; So hañ hefur komed fraṁ, fyrst med eiñre sañre Audmijkt, i þvi, ad hañ fiell æ Knie fraṁ æ sitt Andlit fyrer honum, og kallade hañ HErra; Þar nærst, med eiñre stadfastre Trv, i þvi, ad hann trvde og medkiende, ad hañ kynne ad hiælpa honum. Og i þridia Mæta, med eiñre Gudrækilegre Þoleñmæde, i þvi, ad hañ gaf síñ Vilia under JESU Vilia, seigiande: Ef þu villt, þa gietur þu mig Hreinsad.

Hvad skulum vier hier af læra?

Vier skulum i vorre æliggiande Neyd leita epter vorum JEsu, sem þeim retta Israels Læknara, og ef vier vilium finna Hiælp og Læknisdom hiæ honum; þa skulum vier fyrst med eiñre Hiartans Audmijkt nidurfalla i Duftid fyrer

fyrer hañs Augsyn, og ei alleinasta beigia Lijkamans, helldur og Saalarinnar Knie; sua itre Madurenn skal vitna uñ þañ innre Manneñ; Þar nærst skulum vier med einnre lifande Trw vera visser uñ, ad hañ, sem er Sonur þess almattuga GUds, mune hiaalpa oss, og alla Hlute yfergnæfanlegar giora, helldur eñ vier bidium eda skilium. Eph. 3. Eñ þegar vier bidium uñ lijkamlegar Gaufur, Hiaalp og Frelse, þa ber oss med þolinmæde ad giefa vorn Vilia under GUds Vilia, og bidia so sem sua Spitelske hier: HErra, ef þu villt, þa gietur þu mier hiaalpad; Med David: Sia, hier er eg, giore DRottenn vid mig sem honum vel lijkar; Ja, bidium med vorum Frelsara siaalfum og segium: Eige so sem eg vil, helldur so sem þu villt. Matt. 26. Hans Vilie er þad besta, og hañ veit betur hvad oss þienar, helldur en vier siaalfer vitum.

Hveria Huggun og Hiaalp fieck sua Lijkbræde þar hia JEsu?

Hañ gaf honum Huggun, og hiaalpade honum, bæde med votvortis Vid-

mote, Ordum og Giordum: Þvi JEsus riette vt Høndena, hvar med hañ synde, ad sitt Holld være Lijfgunar Holld, sijn Hønd ein almaattug Hønd; Hañ aahrærde hañ, þar med teiknande, ad hañ være einn Herra yfer Logmaalenu, þvi annars kunne hann ecke annad, enn ad verda o-hreinn, hefde hann snert hann. Lev. 13. Og sagde: Eg vil giora þad, sem þu bidur, og trwer ad eg kunne ad giora; Vertu hreiñ, og jafnsnart vard hañs Lijkþraa hrein. Marcus seiger, þau hvarf strax Lijkþraaiñ af honum, og hann vard hreiñ.

Hvad siæum vier hier af?

Vier siæum þau storu Giæsku vors JEsu. Þad var fyrerboded i Logmalinu, ad nockur Madur skylde snerta þañ Lijkþraa; Elisæus villde ecke gaanga vt til Naamans, miklu sijdur snerta hañ, helldur sende hañ alleinasta Bod til hañs, ad hañ skylde fara, og þvo sig siøsiñum i Anne Jordan; hvar af hañ vard reidur, og sagde: Eg hugde ad hañ munde koma vt til mijn, og gaanga fraṁ ad, og aakalla Nafn DRottens sijns GUDs,

og

og aahræra med sinne hende vid þañ Stad, og taka so Spitelskuna i burtu. 2. Reg. 5. Eñ sa nauduge JEsus geingur ecke alleinasta til þess Lijkþraa, helldur og aahrærer hañ, hañ talar vinsemlega til hañs, og heilbrigdar hañ. So siaum vier hañs Almætte, ad hañ fyrer sitt Guddomlegañ Krapt alleinasta med einu Orde kañ ad lækna og burttaka þañ vidurstyggilega, og þvi nær o-læknannlega Sivkdom.

Hverneñ kunna Guds Born i sinne Neyd hier vid sig ad hugga?

Sie vor Neyd og Hormung ofstor allre mannlegre Hiaalp og Adstod, so þeir hafa hverke Auga ad siaa med, Muñ ad mæla med, edur Hond ad wtretta til vor ad aahræra oss i Neydenne, þa er oss þad til Huggunar, ad vor JEsus hefur alltijd siaande og Medaumkunarfullt Auga, Huggunar-rijkañ Muñ, og almaattuga Hond, so hañ bæde kann og vill hiaalpa oss i allre Neyd, hvad stor og þvong sem hun kañ ad vera.

Med hverre Befalningu vijsade JEsus heim Lijkþraa fra sier?

Gudspialla-madurenn seiger, ad hann hafe fyrst fyrerboded honum nockud, þvi so hliooda Ordenn: JEsus sagde til hanns: Siaa til, ad þu seger þad eigeneinum. J annann Maata, baud hann honum eitt annad, seigiande: Helldur far þu og syn þig Kienne-Mønnunum, sem epter Glds Logmaale skulu dæma umm þijna Lijkhrea, hvert þu ert ordenn hreinn edur ecke; Og offra þijna Gaafu, þaa ed Moyses hefur boded, sem er, tvo Lomb aun Lijta, og veturgamlann Saud aun Lijta, og þriau tijundu Parta af einum Mæler Hveitemiols til Mat-offurs, blandad med oleo, og þad til Vitnisburdar yfer þeim, nefnilega, Prestunum, ad eg sie ecke aa mote Logmaalinu, edur forakte þad, jea, ad þeir kunne þar af ad þeckia, ad eg sie sea sanne Meßias, sem kann ad giora soddann Furduverk. Matth. 11.

Hvar fyrer fyrerbaud JEsus þeim Lijkhræa ad openbera hvad vid hann var skied?

Bæde fyrer þad, ad sea Lijkhræe var ecke ennu so fullkomlega upplystur i Christi Lærdome, og þar fyrer kunni hann ecke

ecke riettilega ad tala um hañs Furduverk; So og ad hañ þar med synde sijna storu Audmijkt, ad hañ leitadi ei ad sine Dijrd. Joh. 8.

Hvad skulum vier hier af læra?

Það, ad stunda ei epter vorum Heidre, helldur af JEsu ad læra, ad vera hogværer og af Hiarta lijtelatter, sie nockud gott hiaa oß, edur wtriett fyrer oß, þa skulum vier ecke stæra oß þar af, sem Þaafugleñ af sijnum Fiodrum, helldur med Audmijkt heingia Skijlu þar fyrer, sem Moises fyrer sitt skijnandi Andlit. Exod. 34.

Hvar fyrer vijsade hañ honum til Prestaña?

So hañ giæfe þar med til Vitundar, ad þad Levitiska Presta Embætte være eñ nu ecke olldunges afteked, þar fyrer villde hañ hverke taka fraa Prestunum peirra Heidur, edur peirra Jñkomst; Eiñeñ villde hañ med sijnum Krapta-verkum bevijsa peim, ad hañ være sa sanne Meßias, þvi þad var um hañ spad, ad hañ i sinne Tilkomu skyllde giora þvilijk Krapta-verk. Es. 35.

Hvern Lærdom kunnum vier oß hier af ad draga?

Vier ſkulum ſierhvern virda med tilbærilegum Heidre, ſo ſem hønum ber, og giallda ſo ſem hønum tilheyrer; og ſierdeiles med þvi GUD ſetur ſijna Þienara a medal vor, og vill ad vier ſkulum þeim heyra, þa ber oß þa ei ad forakta, helldur þeim ad wtbijta allsháttudum Giædum. Gal. 6.

Hvad høfum vier ad athuga wt af þvi ſijdara Krapta-verkinu Chriſti, ſem hier verdur umtalad?

Fyrſt; Hundrads-Høfdingians Komu til Chriſtum, og Bæn fyrer ſijnum ſiwka Þienara.

Þar nærſt; þad Huggunar Andſvar, ſem hann fieck af Chriſto.

I þridia Matta; hans ſterku Trw, og þa Hroſun, ſem hann fieck.

Hvad talar Gudſpialla-madurenn umm þad Fyrſta?

Hann ſeiger: Enn þa ed JEſus gieck inn i Capernaum, kom til hans Hundrads-Høfdinge nockur Ceinn Romverſkur Heidenn Høfuds-madur yfer hundrad

rad Strijds-monnum, sem lau med sitt undergiefna Folk i þeim sama Stad) bidiande hañ, og sagde: HErra, miñ Þioon liggur Jctsiwkur heima, og kvelst þwnglega; Þesse Þienare var honum trwr og hlijdeñ, so sem hañ sialfur medkienner i Textanum, segiande: Nær eg seige til mijns Þienara, giør þetta, so giører hañ þad; Hvar fyrer Lucas seiger, ad hañ hafe verid honum miog giedfelldur, þar fyrer elskade hañ hañ, sem sitt eiged Barn, hvar fyrer hañ nefner hañ med einu Barns Nafne; Eñ þegar hañ var nu Jctsiwkur ordeñ, og kvaldest þwnglega, edur, sem Lucas seiger, lagstur daudsiwkur, þa gieck hañs Þienara Neyd honum til Hiarta, so ad nær hañ heyrde af JEsu, sende hañ þa Ellstu af Gidingunum til hañs, og bad hañ ad giora siñ Þion heilbrigdañ: Enn er þeir komu til JEsum baudu þeir hañ kostgiæfilega og sogdu: Verdur er hann þeß, ad þu veiter honum þad, þvi hañ elskar vora Þiood, og hefur uppbygt fyrer oß vor Samkundu-Hws: Þa gieck JEsus med þeim þadann: Og þa er þeir voru nu

ei laangt fraa Hwsenu, sende Hofuds-madurenn Vine til hans, og liet segia honum: O! HErra, þiaa þig ei, þviad eg em eige verdugur, ad þu gaunger under mitt Þak, þar fyrer hefe eg og eige reiknad sialfann mig verdugann til þijn ad koma, helldur mæl þu eitt Ord, og þaa verdur min Þion heill ꝛc.

Hvad siaaum vier hier af?

Eitt prijdilegt Epterdæme, bæde uppaa trwañ og hlijden Þienara, sem hefur so i sinne Velgeingne breitt vid sinn Herra, ad Hwsbondenn i Þienarans Siwkdome giorde vid hañ sem sitt Barn; So og einn fromann medaumkunarsamann Herra, sem ecke er so sinnadur sem Amalekitinn vid sinn Þienara, sem var honum giedfelldur aa medann hañ kunne ad þiona honum, enn þegar hann var siwkur og veikur ordenn, yfergaf hans Herra hann, og liet hann liggia aa Morkenne, helldur ber þesse Hundrads-Hofdinge umhyggiu fyrer sijnum Þienara i hans Neyd og Siwkdome. So ad þeß være ad oska, ad aller Þienarar villdu epterfylgia honum i Trw og Hlijdne,

ne, athugande þad S. Paall seiger, Vered hlijduger ydrum Lijkamlegum Drottnum, med Otta og Skielfingu. Eph. 6. Og ad aller Herrar og Hvsbændur villdu so goder og medaumkunarsamer vera vid sijna Þiona og Þionustu-Kvinnur, sem Hundrads-Hofdingenn var sijnum siwka Þienara.

Hverju svarar JEsus hier til?

JEsus sagde til hañs: Eg vil koma i þitt Hws, og lækna hañ. Hañ er reidubwen til ad giora framar, en hañ var umbeden. Hañ villde ecke gaanga ofañ i Hws þess Konunglega Mañs, jafnvel þo hañ beidde hañ; En hier vill hañ obeden koma i Hundrads-Hofdingans Hws; Hvar med hañ vill auglysa, ad hañ sie reidubwin ad koma til sinna naudlijdande Barna, og þeim ad hiaalpa, hvad hañ vill giora epter sijnum eigen Frijvilia, og ei lauta sier þad fyrerskrifa, hvert hañ skule hiaalpa fiærlægur eda naalægur.

Hverju svarar Hundradshofdingen hier til?

Fyrst auglyste hañ med sine stærstu Audmijkt sin Overdugleika, þvi so stend-

ur hier : Ein Hundrads-høfdingen svarade og sagde : HErra, eg em þess ei verdugur, ad þu gaanger in̄ under mitt þak ; Og þar nærst auglyste hann sijna miklu Trw til JEsu Almættes : Helldur seig þu eitt Ord, og mun min̄ Þion heilbrigdur verda ; þviad eg em Madur Yfervalldenu undergiefen̄, hafande under mier Strijdsfolk, og nær eg seige einum far, þaa fer hann̄, og ødrum, kom þu, og hann̄ kiemur, og Þræle mijnum, gior þetta og hann̄ giører þad. Sem vilde hann̄ seigia : Þess giøreſt ecke Þorf, ad þu skuler Personulega gaunga i mitt Hws, og lækna min̄ Þienara, helldur gietur þu giort þad einasta med einu Orde ; þvi þar sem eg, sem er ein̄ vanmattugur Madur, og ødrum undergiefen̄, hefe þau Makt yfer mijnum Þienurum og Strijdsmønnum, sem mier eru undergiefner, og þeir eru mier so hlijdner, ad hvert helldur eg bijd þeim ad koma, edur fara, giora edur lauta ogiort, þau meiga þeir strax fullkomna þad, eg þeim befala : Hvad miklu meire makt hefur þu þau, sem ert Sonur þess Almattuga Guds ;

So

So ad þier er ecke um̃ Megn med einu Orde ad bioda Siwkdominum og añare Neyd bæde, ad koma, og i burt aptur ad vijkia, þegar þier þocknaſt.

Hvad ſkulum vier hier af læra?

Þetta; ad nær vier vilium bidia nockurs af GUde, og vorum Frelſara JEſu, þa ſkulum vier fyrſt med Audmijkt medkieña vorn eigen̄ Overdugleika til ad medtaka hañs Naud, Hialp og Adſtod, Gen. 32. Þar nærſt; ſtoduglega trwa, ad hañ med ſijnu Guddomlega Almætte kuñe ad giora hvad honum ſiaalfum þocknaſt, þvi ſo ſem hañ kañ oß Siwkdomen̄ uppa ad leggia, ſo kañ hañ og hañ af oß aptur ad taka.

Hvad ſagde JEſus, þegar hañ þetta heyrde?

Þa ed JEſus heyrde þetta, undradeſt hañ, ſem eiñ ſañur Madur i ſijnu Nidurlægingar Stande, og ſagde til þeirra, er honum̃ epterfylgdu; Sañlega ſegi eg ydur, ad þvilijka Trw hef eg ecke fundid i Iſrael.

Hvad ſiaum vier hier af?

Fyrſt; Trwariñar mismun; Þvi ſo ſem hun er ecke hvers Mans 2 Theſſ. 3. So er hun eige helldur eins mikil hia ollum;

ollum; Sumer hafa eina sterka Trw sem Hundrads-hofdingeñ, og sw Canverska Kviña, adrer eru lijtiltrwader, sem Lære-sveinar Christi, og Fader þeß Tvngl-siwka. Marc. 9.

Þar nærst; þa skulum vier lauta oß nægia med þa afskomtudu Mæling vorrar Trwar, sem oß er giefeñ, og bidia GUd, ad hañ vilie styrkia hana, so oß mætte skie epter þvi sem vier trwum, og verda heilbrigder bæde a Saalu og Lijkama.

Hvad talade hañ framar?

Þetta: Eñ eg segi ydur: þad marger munu koma af Austre og Vestre; þad er, af fiorum Attum Veralldareñar, og sitia til Bords med Abraham, Jsaac og Jacob i Rijke Himnaña; þad er, ad niota þeirrar Eilijfu Glede og Vegsemdar, med þeim og odrum Guds Bornum. Eñ Rijkesens Børn, edur Syner, þad eru þeir vantrwudu og hardhnockudu a medal Gidingaña, hverium GUds Rijke fyrer Evangelii Predikun var fyrst bodad Act. 13. Og þeir sem þad wtreka fra sier, skulu wt-

wtrekner verda i hin ystu myrkur; pad er, i pad eilijfa Helvijtis Myrkur og Fangelse, fraa Guds Auglite og hañs Dijrdar Liooma. 2 Thess. 1. Par sem vera mun Oop og Taña Gnijstran. Pad er, oseigianleg Kvol og pijna, bæde aa Saalu og Lijkama, so sem Guds Ande i Skrifteñe par um talar, ad peirra Ormur mun ei deya, og peirra Elldur alldrei wtslokna. Es. 66.

Munu peir wtvolldu eta og drecka i eilijfu Lijfe?

Nei: pviad Guds Rijke (hvert helldur pad er hier i Naadeñe, edur par i Dijrdeñe) er ecke Matur og Drickur, Rom. 14. helldur talar Christur epter mañlegum Plagsid, og wtmaalar Glede peß Eilijfa Lijfs med Epterlijkingar Ordum, teknum af tveimur indælustu og gledelegustu Hlutum aa Jorduñe: Med sama hætte talar hañ vid sijna Læresveina Luc. 22. segiande: Pier skulud eta og drecka yfer mijnu Borde i mijnu Rijke; So verdur eiñeñ pvi eilijfa Lijfe lijkt vid eina Kvolldmaaltijd. Luc. 14. og eitt Brwdkaup Apoc. 19. Eñ par pvert

aa

at mote lijkist Tilstand þeirra fordæmdu við þat kvalarlegustu, eimdarlegustu, og hriggilegustu Hlute, sem er Myrkred, Fangelsed, Veined, ijlfred, Tana-Gnijstrid, oslockvanlegan Elld, ein eilijsle-ga nagande Orm.

Hvad hofum vier ad merkia af þessare Christi Rædu?

Þad S. Paull seger. Rom. 11. bæde Guds Godgirne, so og hans strongu Alvoru; hans Godgirne við þa villt-farande heidingia, hveria han af sine Nad hefur kallad fra Austre og Vestre, þad er, fra ollum Endemorkum Veralldareinar, til sijns Rijkis Samneites; En hans Alvoru vid Gidingana, sem fyrer þeirra eigen Vantrv og Ogudlegleika eru afskorner, sem visnar Greiner, ja, afhoggner og fra hans Andlite wtsnarader; so ad wt af þeirra Hrosun er Heidingiunum Heilsu-gisof ordeñ. Rom. 11.

Hverneñ kan þetta ad þiena oss til Vidvorunar?

Vier skulum vara oss, ad vier tokum ecke Guds Nad forgiefens, þvi hafe Gud ecke þirmt þeim natturlegu Kvistunum, hvad miklu sijdur mun han þa þirma

þirma þeim iñplontudu ; Sie Rijkesens Bornum wtkastad, þau meiga þeir, sem i þeirra Stad iñkallader eru, ottast fyrer vidlijku Straffe, ef þeir ydrijnarlauser liggia i sømu Syndum.

Med hverju Audsvare vijsade JEsus Hundrads-hofdinganum frax sier?

Med þessu ; Og JEsus sagde til Hundrads-Høfdingans : Gack burt hiedañ, verde þier epter þvi sem þu trwder : Og hañs þion vard heill a þeirre sømu Stundu, sem JEsus þetta talade.

Hvad siæum vier hier af?

Fyrst siæum vier Trwariñar Krapt, sem allt gott kañ hiæ Gude ad verka, bæde vorra eigeñ og añara vegna, þvi Trwudum er allt mogulegt. Marc. 9. Og þad er sw Diorfung, sem vier hofum til hañs, ad ef vier bidium nockurs epter hans Vilia, þau heyre hañ oß 1 Joh. 5. Þar nærst; siæum vier JEsu Almætte, sem med einu Orde, og þad fiærlægur, kuñe ad lækna hañ daudsiwka Pienara, so sem Gudspialla-madureñ Lucas vitnar, segiande ; Eñ er þeir, sem wt voru sender,

der, komu til Hwssens, fundu þeir þañ þion, er sinkur hafdi verid, heilbrigdañ. O! þu sæte JEsu, þu sañe Israels Læknare, sem kant ad lækna allañ vorn Veikleika, og ad heilbrigda hæde Saal og Lijkama, lækna þu og heilbrigda vorar Saaler og lijkame, þar erum vier vel læknader, hvar fyrer vier skulum þig lofa og þier þacker giora Eilijflega Amen.

Fiorda Sunnudag epter Þrettanda.

Gudspialled skrifar S. Matt. i 8. Cap. og hliodar þañig.

Og er JEsus stie'a Skip, fylgdu hañs Lære-sveinar hønum epter, og sia þu, ad mikell Okirrleike giørdest i Sioonum, svo ad Skiped la under æføllum, eñ hañ svaf. Og hañs Læresveinar geingu til hans, vøktu hañ upp, og søgdu. Herra, hialpa þu oss, vier forgaungum; Eñ JEsus sagde til þeirra. Hvad hrædest þier lijtil-

til-trwader? þa reis hañ upp, hastade a Vindiñ og Siooiñ, og þar vard Logn miked, en Meñerner undruduſt, og ſøgdu. Hvilijkur er þeſſe? þviad Vindur og Sioor hlijda hønum.

I Hvad marga Parta verdur þeſſu Gudſpialle i ſundurſkipt?

I tvo: Sa fyrre hlioodar uñ Læreſveinaña Hauſka i Storminum og Storſioonum. Sa ſijdare uñ þeirra Frelſe fyrer Christum.

Hverneñ ſkrifar Gudſpialla-madureñ um þad fyrra?

Og er JEſus ſtie a Skip, fylgdu hønum hañs Læreſveinar epter, og ſia þu, ad mikill Okirrleike giørdeſt i Sioonum, ſo ad Skiped laa under aføllum, en hañ ſvaf. Og hañs Læreſveinar geingu til hañs, vøktu hañ upp, og ſøgdu: HErra, hialpa þu oß, vier forgaungum.

Hvar var JEſus, þegar hañ ſtie a Skip?

I Capernaum, hvar hañ hafde gi-

ort adskilianlegar Predikanir og Krapta-verk.

Hvert vilde hann þa reisa?

Hann vilde fara yfer um þann Galileiska Sioo Gergeseners Mana, sem og so kallast Gadareni.

Fyrer hveria Ordsok hafde hann ætlad sier þessa Reisu til Skips?

Ei alleinasta þar fyrer, ad hann kynne þess fliotara ad komast þangad, sem hann vilde, og leita sier nockrar Hvijlldar i Skipenu epter sijna storu Mædu og Erfide; Helldur og sierdeilislega til ad reina og profa Trw og Stodugleika sijna Lære-sveina i Stor-stoomum, og syna þeim þeirra Efaseme og Veikleika.

Foru hans Lære-sveinar med honum?

Ja; þeir fylgdu honum epter.

Hver Lærdomur kan hier af ad dragast?

Sa; ad JEsus hefur opt þar fyrer fared a Skipe a sijnum Hiervistar-dogum, og ferdast fra einum Stad til annars, ad hann vilde þar med ei alleinasta vija, helldur og lijka so sem heidra, og

og stadfesta þeirra Stand, sem a Skipunum fara yfer Siooiñ, og fremia sijna Hondlun a þeim storu Votnum, hverier, med þvi þeir vita, ad þeir eru i einu hættelegu Stande, þegar þeir trwa so litlu Trie til sijns Lijfs, og nær Segled er upp unded, er lijka sem Grøfeñ sie tekeñ, og fáar Fialer, jaa alleinasta ein Fiol a mille þeirra og Daudans; þar ber þeim þeß framar ad vera umhyggiusier iñañ Skips borda, sem med siñe Forsioon stijrer Skipenu, og giefur Veigeñ i Hafenu, og øruggañ Gaang a medal Bylgnanna; Eiñeñ villde JEsus med þessare sinne Skips-ferd, auglysa Tilstand sinnar Christilegrar Kyrkiu, ad hun er ecke bundeñ vid eiñ Stad, helldur kañ hun audvelldlega ad flitia sijna Liosastiaka, og med sitt Kyrkiu-skip ad ferdast fraa einu Folke og Lande til añars.

Saa añar Lærdomureñ, sem hier kañ af ad dragast, er þesse, ad JESUS lætur ecke sijna Lære-sveina og Børn alltijd vera a Svardfastre Jerdu edur Lande, þad er, i Velstande og Roseme;

helldur leider hañ þau opt wt a Hafed/ og lætur þau þar wtstanda adskilianleg/ añ Motgangs Stormvind, þvi so seiger David; Þu lætur þa koma i Eld og Vatn, til ad profa þeirra Þoliñmæde/ og kienna þeim med Hiartans Alvoru ad bidia og akalla þig.

Sa þridie; ad vier skulum, sem hlijd/ner og forsiaaler Jesu Lære-sveinar, eptir fylgia honum, ei alleinasta þegar hañ leider oß a Þurlended til Glede og Med/lætes, helldur og eiñen nær honum þocknast ad gaanga med oß til Skips og leida oß midt a medal Sorgar og Motlæteséns Bylgna, þvi af soddañ ept/erfylgiurum þeckiast þeir rettu Christ/Lære-sveinar. Matth. 16.

Hvad fiell þa uppa fyrer Christo, og hañs Læ/re-sveinum, þar þeir voru til samans iñañ Skips Borda?

Þad auglyser Evangelisten fram/veiges, seigande: Og sia þu! ad/mikill Okirrleike giordest i Sionum/so ad Skipid lag under Aføllum/Gudspialla-madureñ Marcus seiger, a/þar hafe giorst mikell Hvirfelvindur, a

ad Bylgiurnar hafe falled yfer Skiped, og pad hafe fyllst upp. Marc. 4. Lucas framsetur petta so hlioodande: Par kom Hvirfilvindur a Sioiñ, og Bylgiurnar fiellu yfer pau, og peir voru stadder i storum Voda. Og pad jok peirra Neyd og Angist ecke allijtid, ad JEsus svaf a medañ, so pad syndest lijka sem hañ hirdte eckert uñ peirra Neyd. Marcus seger, ad hañ hafe vered i Skutnum, og sofed a einum Kodda.

Hvad siaxum vier hier af?

Christilega Kyrkiu, hañs Barna og Pienara Tilstand; pvi jafnvel po sw Christilega Kyrkia sie sem eitt Skip, i hverju JEsus og hañs Lære-sveinar eru, pau sigler hun ecke alltijd eiñ hægañ Bir; helldur maa hun stunduñ reina adskiianlegañ Motgaangs Storm, og Hrigdar Bylgiur, hvar fyrer hun og kallast sw volada, yfer hveria oll Storm-vidre gaanga. Es. 54. Og po ad Guds Born sieu iñañ Skips Borda med sijnum JEsu, og hafe hañ hia sier, pau samt sem adur yferfellur pau eiñ Angistar, og Motlætes Stormur, og eiñ Hvirfel-

vindur

vindur epter annañ, so ad þau meiga klaga med David, seigande: Þijn Vatnsfløll dinia þadañ, so ad eitt Diwped hier framm, og añad diwped fossar þar framm, allar þijnar Vatns-Ollldur og Bylgiur gaunga lukt yfer oß. Pl. 42. Eñ i ollum þessum Motblæstre er þetta þo þeirra stædsta Hrigd, ad JEsus syner sig opt lijka sem hañ sofe, og þeirra Neyd kome honum eckert vid, helldur hegdar hañ sier lijka sem eiñ Gestur og Framande. Jer. 14. hvad hautt sem þau hroopa og innilega til hañs andvarpa. Eñ þo skulu þau i þvilijku Tilstande ecke tvijla umm hañs Hiælp, helldur hugga sig vid þad, ad Jsraels Vaktare sefur ecke, og ei sifiar hañ. Pl. 121. Og jafnvel þo so synist sem hañ sofe, þa liggur hañ þo i Skutnum, so sem hafande sijna Hønd æ Stijrenu, og Ræd fyrer sijnumm Naudlijdande Børnum, med sijnu Nædarrijka Forsionar Auga; Hañ stiornar og stijrer ollu, sijnu Nafne til Dijrdar, eñ þeim til Velferdar og Sæluhiælpar.

Hver Utræde gripu Læreſveinarner i þessare sinne Neyd og Hæska?

Þeir

Þeir geingu til hañs, vøktu hañ upp, og søgdu: HErra, hiælpa þu oß, vier forgaungum. Marcus segir, ad þeir hafe vaked hañ upp, og sagt til hañs: Meistare, hirder þu ecke um þad, ad vier fortijnunst? Og Lucas framsetur þeirra Tal a þennañ Hatt: Meistare, Meistare, vier forgsngum! Þetta synir oß, hvad innilega þeir hafi til hañs kallad.

Hvad siæum og lærum vier hier af?

Fyrst; Krossens Nytseme, ad hañ kienner oß ad kalla og andvarpa til GUds um Hiælp og Frelse. Vier heyrum ecke, ad Lære-sveinarner hafe hañ mikels bedet, a medañ þeir voru a Lande; En nu, þar þeir eru a Sioonum, stadder i storre Neyd og Hasku; Þa læra þeir ad bidia: So geingur þad til: DRotten! nær ad Hormungen er fyrer Hondum, þa vitia Men þijn, nær ed þu agar, þa kalla þeir saargrætilega, seger Esaias 26. Cap. Þar fyrer er oß þad gott, ad hañ lijtelæckar oß. Ps. 119.

Þar nærst; lærum vier hier af, ad þeckia vora Skylldu, sem er ad vier iñ-

flyum til GUds med Bænenne i vorre Naud. Pſ. 69. Og jafnvel þo þad ſyniſt, ad hañ ſie eñ þar ſofande, og framande fyrer vorum Augum, þar ſkulum vier þo ei hætta ad bidia, helldur ſo ſem vekia hañ upp med Bæneñe, ſeigande med David: Vakna þu upp DRotteñ, hvar fyrer ſefur þu, vakna þu, og wtſkwfa oß ecke algiorlega; Hvar fyrer birger þu þitt Andlit? Forgleimer vorre Eymd og Þreingingum? Tak þig upp, hiaalpa oß, og frelſa þu oß fyrer þiñar Miſkunar Saker. Pſ. 44.

I þridia Mata; þar ſkulum vier varaſt, ad falla i Vantrw og Efaſeme, eins og vor Frelſare JEſus hefde forgleimt oß, og eckert hurad uñ vora Neyd og Lijfs Hæſka; helldur ſtøduglega trwa, ad ar medañ vier hofum hañ iñañ vorra Skips Borda, þar kañ eingeñ Neyd, edur Hæſke oß ad kollkaſta; Þvi hañ mun ſyna, ad hañ ſie ſar ædſte HErra og Meiſtare til ad hiaalpa oß. Exod. 63.

Aleit þar JEſus Lære-ſveinaña Neyd?

Jar;

Jaa; þvi Gudspialla-madurenn segir, ad hann hafe straffad fyrst Lære-sveinana Vantrw og Jstoduleise, seigande til peirra: Hvad hrædest þier Liitel-trwader? Hiaa Marcum Evangelista eru þaunn hans Ord uppteiknud; Þvi erud þier so hrædder? Edur hverju gegner þad þier hafed eingva Trw? Sem og hiaa Lucam þaunn, hvar er ydar Trw? Þar nærst reis hann upp, hastade aa Vindenn og Siooenn, og þar vard Logn mikid. Marcus seger, ad hann hafe rised upp, hastad aa Vindenn, og sagt til Siofarens: Þagna þu og vert hlioodur, og Vindenn lægde, og þar vard Logn mikid. Enn hiaa Lucam stendur þad so: Hann stod upp og hastade aa Vindenn, og aa Vatns-bylgiurnar, og þær sefudust og giorde Logn.

Hvad lærum vier hier af?

Þad, ad Vantrw og Jstoduleise er ein Synd, sem opt heimsæker Gudz Born, og jafnvel þau heilogustu: Enn med þvi, ad vier vitum, ad Vantrwinn er einn straffsverdur og skadsamlegur Lostur, þaa skulum vier unnflya hann þad

mesta ad mogulegt er, og bidia þañ miskunsama GUD, sem ecke sundurbrijstur þañ braukada Reyreñ, og ecke wtslockur þañ lijtt-logande Lijnkveik. Es. 42. Ad hañ vilie hiælpa vorre veikre Trw, og auka oß Trwna. Luc. 17. Þar nærst, hofum vier þad hier ad læra, ad JEsus er eiñ almættugur og allsrædande Herra, sem kañ ad befala og gisra allt hvad hañ vill æ Himnum og æ Jordu, og æ Sionum og i ollum Diupunum. Ps. 135. Eñ þo ad eiñ sæ megtugaste HErra, sem er til i Verolldeñe, vilde hasta æ Vindeñ og Vedred, sem og æ þær brwsande Bærur, þæ mundu hañs Ord alldeiles eckert oktud vera, helldur er JEsus alleina sæ hiñ same, sem Siooiñ kañ ad straffa. Hañ DRottnar yfer honum, og stiller hans Bylgiur, nær ed þær upphefia sig Ps. 89. Og so kañ hañ eiñeñ ad stilla Motgængsens Storm, og Hrigdaña Vatns-bylgiur, sem vilia gænga yfer GUds Børn, og þeim ad hiælpa, so ad Vatns-flodid drecke þeim ecke, og Diuped svelge þau ecke.

Hvad leidde þetta Christi Krapta-verk epter sig?

Þad

Pad seger Evangelisteñ og syner, par so stendur i Nidurlæge Gudspiallsens: Eñ Meñerner, ecke alleinasta JESU Lære-sveinar, helldur og peir, sem voru i Ferd med peim, undrudust. Hiau Marcum stendur, ad peir hafe ottast nærsta miog. Lucas samsiñer peim baudum, seigande: Peir ottudust og undrudust, og sogdu hver til añars. Hvilijkur er pesse, pviad Vindur og Sior hlijda hønum? Lucas fraiñsetur peirra Ord ca peñañ hautt, hver er pesse? Pvi hañ bijdur Vinde og Vatne, og pau hlijda hønum.

Hvad kuñum vier hier af ad læra?

Af JESU Lære-sveinum og Folkinu skulum vier læra i Guds Otta ad daadst og furda oß yfer vors Frelsara Almætte, og undarlegum Verkum, og trwa, ad hañ sie Sonur peß Almattuga Gluds, sem kañ ad giøra Teikn og Stormerke, bæde ca Himnum og ca Jordu. Dan. 6. i Sionum og Underdiwpunum, og eingeñ Hlutur er hønum omøgulegur. Vier skulum og læra af Vindenum og Vatns Bylgiunum, ad vera hlijdner hañs Orde

de og Befalningum, og sierdeiles afleggia og burtkasta allre Reide, Opolinnæde, og odrum Lostum, þegar hañ oß þad bijdur, þvi þar þessar andvana og skinlausar Hofudskiepnur, eru honum strax hlijdnar, hvad miklu framar ber oß þa, sem erum hans Born og Viner, hverium hañ giefed hefur Lijfed og Skinsemina, honum hlijdnum ad vera; JEsu Christe, þu hlijdne Guds Son, giefdu oß hlijded Hiarta, ad heyra þitt Ord, og þar epter ad breita, so vier fæum Hlijdneñar Laun, sem er eilijft lijf, fyrer þijna Forþienustu Amen.

Fimta Sunnudag epter þrettanda.

Gudspialled skrifar S. Matth. i 13. Cap. so hlioodande, sem epterfylger.

Aðra Epterlijking lagde JESUS frañ fyrer þa, og sagde: Himnarijke er lijkt þeim Manne, hver ed sæde godu Sæde i Akur sin. En þa ed Men svæfu, kom Ovinur hañs

hans, og saade Illgresi med i bland Hveitesens, og gieck i burt. En er Grased spratt allt upp, og bar avøxt, þa auglysteſt og Illgresed. Eñ Þionustu-mennerner geingu til Hws-fødursens, og søgdu hønum: HErra, saader þu ecke godu Sæde i Akur þin, hvadañ kiemur hønum þa Illgresed? Og hañ sagde til þeirra, Fiand-madureñ hefur þad giørt. Þionustu-meñerner søgdu þa; villtu, ad vier førum og wtlesum þad? Og hañ sagde, nei, so ad þier uppræted eige Hveited under eins, nær þier wtlesed Illgresed, lated hverutveggia vaxa til Kornskurdarens, og a Kornskurdar Tijmanum skal eg seiga til Korn-skurdar Mañaña; lesed fyrst samañ Illgresed, og binded þad samañ i sma Bindene, til ad breña þvi. Eñ Hveitenu safned samañ i mijna Kornhlødu.

Hvad er innefaled i þessu Heilaga Evangelio?

Sw Epterlijking er JEsus framsetur uñ Illgresed a medal Hveitesens.

Hvad

Hvad marger Partar eru oß hier af athugande?

Tveir sierdeiles:

1. JEsu Epterlijkingar Ord, i hverium hañ talar,

Fyrst; uñ eiñ rettsiñadañ Hwsbonda, sem sande godu Sæde i Akur siñ.

Þar nærst; uñ eiñ brøgdottañ Ovin, sem sande Illgresenu þar i bland.

2. Þienaranna Samtal vid Hwsbondañ uñ þad, hvert þeir skylldu wtlesa Illgresed, edur ecke.

Af hverium er þesse Epterlijking framsett?

Af JEsu; JEsus lagde frañ fyrer Folked, og sijna Læresveina adra Epterlijking.

Hafde hañ audur framsett adrar Epterlijkingar fyrer þau?

Jau; Adskiliañlegar, bæde audur og epter, sem sierdeiles er ad sia hia Matt. 13.

Plagade hañ þau þanniñ ad kienna i Epterlijkingum?

Jau; Evangelisteñ seger i audur Citerudum Capitula, ad hañ hafe talad i Ept-

i Epterlijkingum til Folksens, og fyrer utañ Epterlijkingar, talade hañ ecke til peirra, so ad uppfilltest hvad sagt er fyrer Spæmanneñ, þañ er seiger: Miñ Muñ vil eg upplivka i Epterlijkingum, og heimuglega Hlute mun eg wtmæla, sem hulder hafa vered fræa Upphafe Veraldarennar. Pf. 78.

Hvar fyrer talade hañ til siña Tilheyrenda i Epterlijkingum?

Þar med villde hañ so sem lempa sig epter peirra Veikleika, og med jardneskum Hlutum wtmæla peim þæa andlegu og eilijfu, so peir kynne þæa i sijnum Hiortum ad yfervega.

Kañ hier nockur Lærdomur af ad dragast?

Jæa; Ordsens Þienarar skulu epter Dæme JEsu skicka sier epter Tilheyrendaña Skilninge og Eptertekt, med peim Einfolldu skulu peir einfalldlega umgaangast, og giefa peim Mioolk, sem eñ nu ecke kunna ad þola megnañ Mat. Heb. 5. Eiñeñ skulu Tilheyrendurner ecke laata sier mislijka þañ einfallda Lærdom, helldur girnast peirrar skinsamlegrar hreiñrar Mioolkur, uppæa þad peir

proist

þroist fyrer þaa somu. 1. Pet. 2. Og so opt, sem þeir umgaungast med þeim jardneſku og tijmanlegu Hlutum, þaa ber þeim ad hafa goda og gudrækilega þaanka um þa himneſku og eilijfu.

Um hvad talar þaa JEſus i þeſſare Epterlijking?

Um Himnarijke, þad er, hans Naadar Rijke, hans Kyrkiu, og heñar Tilſtand hier a Jorduñe.

Vid hvad Samlijker hañ þvi?

Vid þañ Man, er ſaade godu Sæde i Akur ſin.

Af hverium verdur þeſſe epterlijking beſt wtlsgd?

Af ſiaalfum JEſu, ſem i þeim ſama Capitula wtleggur hana fyrer ſijnum Læreſveinum, Ord fyrer Ord.

Hver ſeiger hañ þaa ad eige ad ſkiliaſt fyrer Saadmanin edur þañ, ſem ſaade þvi goda Sæde?

Hañ ſiaalfur; þvi ſo ſeger hañ: Sa ſem ſaer þvi goda Sæde, er Manſens Sonur.

Utelikur JEſus hier ſin Fodur, og þañ heilaga Anda, i þvi hañ alleina nefner ſiaalfañ ſig?

Eing-

Eingvañveigeñ; helldur miklu framar eru þessar Persónur hier med hønum meintar og iñefaldar, þvi þad Verk, sem hier verdur uñgieted, er eitt af verkum heilagrar Þreiíingar, og tillegst øllum Persónunum; Þviad hvad sw eina gierer, þad gierir og lijka hin øñur. Joh. 5. Eñ þad hañ nefner sig alleina, skiedur fyrer þæa Ordsøk, ad hañ er sw Personañ i Guddomenum, i hverre Fadereñ hefur elskad og wtvaled sijn Børn, æadur eñ Verolldeñ var grundvøllud, og hefur sett þau til ad vera Wtvalningareñar Børn fyrer hañ, þad er JEsum. Eph. 1. Hver og i Tijmans Uppfillingu hefur uppæa sig teked vort Hollð og Blod, og er orðeñ Mañsens Sonur, so ad hañ gierde oß ad Guds Børnum; Jæa; hañ hefur ei alleinasta sijnu Spæamañlega Embætte kostgiæfilega Sæad, og sæer eñ nu daglega sijns Ords sæluhiæalplegu Sæde, so hañ þar med gierde Meñena ad einu andlegu Sæde, og Riettlæteséns Kvistum; helldur og eiñeñ hefur hañ i sijnu prestlega Medalgaungu Embætte wtgiefed sitt Lijf til eins Skull-

da Offurs, hvar fyrer hañ kallar sig hier Mañsens Son.

Hvad skilst fyrer Akureñ, i hvern Sæd-madureñ sæde sijnu gooda Sæde?

Pad wtvijssar hañ siælfur, seigande: Akureñ er Heimureñ: Heimureñ er sæ Akur, i hverium GUd so sem sæer til sijña Barna, og plantar þau þar, ei alleinasta i þvi, ad hañ hefur giefed þeim Jordina til Bwstadar. Pf. 115. helldur sierdeilislega þar fyrer, ad hañ sæir og plantar þau, sem sijn andleg Sæde og Groda, hver hañ vill hier aptur upptaka, og i eilijfa Dijrd nidursetia. Þesse hañs Kyrkiu-Akur er i øllum Stødum, og uñ allañ Heimeñ, og þeir sem sijdarmeir skulu safnast i hans Kornhlødu, meiga hier, sem eitt andlegt Sæde, endilega vera Sauder, og uppvaxa i hañs Akre.

Hvad merkest fyrer þad goda sæde, sem Sæd-madureñ sæde i Akur sijñ?

Pad merker ecke, sem i ødrum stødum, og i ødrum Christi Epterlijkingum, Guds Ord. Matth. 13. Luc. 8. þad oforgeingilega Sæded, helldur þau soñu og rettsijñudu Guds Børn, sem endurfædast af þvi

oforgeingilega Sæde, sem er, af Orde Guds lifanda, til ad vera eitt heilagt Sæde, þad goda Sæde eru Rijkesens Børn.

Eru þau þœr þvilijkt gott Sæde af siœlfum sier?

Nei; helldur alleinasta fyrer Guds Nœd, og JEsu Christi Giæsku; Hañ, sem sœer godu Sæde, er Mañsens sonur: J þeirre fyrstu Skopun sœade og sette GUd Mañeñ hier nidur i Heimenum; Jœa, hañ sœade honum, so sem einu hreinu og rettferdugu Sæde, i þvi ad hañ skapade hañ epter sier i sañarlegu Riettlœte og Heilagleika: Eph. 4. Eñ med þvi Madureñ fordiarfade sig siœlfañ i þvi hriggilega Synda-falle, og er ordeñ ad einu Syndsamlegu og ohreinu Sæde, þœa hefur Guds Sonur uppœa sig teked ecke Einglaña, helldur Abrahams (þad er Mañaña) Sæde. Hebr. 2. Uppœa þad hañ giorde þœa ad þvi Sæde, sem bleßad er af Drottne. Og þetta hefur hañ ei alleinasta wtvegad oß med siñe Verdskulldan og Forþienustu, helldur verkar og wtrietter hañ þad med siñe

Naad, fyrer sijns Ords sæluhiaulplega Sæde, og þau heilsogu og hauverdugu Sacramenta, eñ aan hañs fæaum vier eckert giert. Joh. 15.

Hvad skulum vier af þessum Ordum læra?

Þetta; Ad med þvi vor JEsus hefur sæd og sett oß, sem eiñ godañ og heilagañ Grodur i siñ Akur, þa skulum vier iñilega þacka honum fyrer þessa sijna Naad, og vara siælfa oß, ad vier verdum ecke ad vondu Sæde og Illgrese i Guds Akre.

Var þad goda Sæded, so sem þad var Sæd, hreint og omeingad æ Akrenum?

Nei: þvi so seiger JEsus frañveiges i Efterlijkinguñe: Eñ þa ed meñ svæfu, kom Ovinur hañs, og sæde Illgrese med i bland Hveitesens, og gieck i burt.

Hvad gaf Ovininum Tækefære til ad sæa Illgresenu i bland med Hveitenu?

Folksens Svefn og O-adgiætsla; þvi þegar meñ svæfu, þa kom Ovinureñ, og sæde Illgrese i bland med Hveitenu, og gieck i burt.

Hvad

Hvad ær ad skiliast fyrer þessa Menn?

Ei alleinasta Ordsens þienarar, þeir andlegu Vardhallds-menn yfer Guds Folke. Ezech. 33. sem skulu vera ærvakrer, og hafa gaat æ sialfum sier, og allre Hiordeñe. Act. 20. Hverier, nær þeir giefa sig til Svefns og Athugaleises i þeirra Embætte, þa er þeim vonda Ovin þad alhægt, ad sæa Illgresenu i bland Hveitesens; Helldur æ eiñen fyrer þa Menn, sem svæfu, ad skiliast þær Manneskiur, sem i stadeñ fyrer þad, ad þær skulu vaka og standa stødugar i Trwñe, og verka sijna Sæluhiælp med Ugga og Otta. Phil. 2. Læta þær Athugaleisesens Svefn svæfa sig, og nær Menner ner þañiñ sofa, þa sifiar ecke þeirra Fordæming. 2. Pet. 2. helldur er Satan vakande til ad skada og fordiarfa þa.

Hvad merkest fyrer þennañ Ovin?

Satan: Ovinureñ, sa sem sæde, er Diøfulleñ, seiger JEsus, hañ er Christi og hañs Safnadar svareñ Ovinur, sem stundar alltijd epter, ad hindra Guds Dijrd, og Mañaña Sæluhiælp, hañ er Mannanna Mordinge fra Upp-

hafe. Joh. 8. og geingur um̃ krijng, epterleitande þeim hañ svelge. 1. Pet. 5.

Hvad merkest og skilst fyrer Illgresed?

Þeir ogudlegu, syndugu og saurugu Men̄; Ek̄ Illgresed eru Børn þes Vonda, seiger Frelsaren̄; Þeir eru ecke Guds Børn, helldur sem Cain var af hinum Vonda. 1. Joh. 3. So eru þeir af Fodurnum Fianda, epter hvers Girndum þeir gisra. Joh. 8. Hverier jafnvel þo þeir um̃ nockra Stund kunne ad standa og vara i Guds Akre, sem Illgresed ad medal Hveitesens, hafande utvortes prijdilegt audlit og Gudhrædsluñar Skin; þad eru þeir þo eitt skadlegt Illgrese, og duga til einskes añars, en̄ i Ellde ad brennast.

Gisrde Ovinuren̄ þad openberlega, ad sa Illgresenu i bland Hveitesens?

Nei; Helldur sadde hañ þvi heimuglega ad medañ Men̄ svafu, og gieck so i burtu, so þad skyllde ecke merkiast. Satan er eiñ kiæn̄ Ovinur, sem meistaralega kañ sijn Svik ad hilia, og eru þad ei Undur, þar hañ kañ ad um̃sinna sier til Lioßins Eingels. 2. Cor. 11.

Hver

Hver Aminning kañ hier af ad dragast?

Þesse: Ad med þvi Diofulleñ er eiñ skadsamur og slwngiñ Ovinur, sem stundar alltijd epter ad hindra Gluds Heidur, fordiarfa hañs andlega Akur-yrkiu, og sa Illgresenu i bland Hveitenu, þar ber hverke Kiennendunum nie Tilheyrendunum i Gluds Sofnude ad giefa sig til andlegs Svefns, og Athugaleises, helldur kostgiarnlega vaka og bidia, so þeir verde ei tælder af Andskotanum, þviad þeim er eige ovitañlegt, hvad hañ hefur i Skape. 2. Cor. 2. Uppa þad þeir verde ecke sem skadlegt og vidurstyggilegt Illgrese i Guds Akre, lijker þeirre ofriodsomu Jordu, sem ber Þirna og Þijsla, sem ei duger, og er Bolvaneñe nær, hver ad sijdustu uppbrend verdur. Heb. 6. Helldur miklu framar sieu sem hreint, ad vaxtarsamt, og Gllde þocknanlegt, Hveite, hvar fyrer þeim ber ad vara i Naadenne og Vidurkiennингu vors DRottens og Lausnara JEsu Christi. 2. Pet. 3. og vera avaxtarsomum i øllu Godu, honum til Dijrdar, eñ þeim sialfum til Saluhialpar.

Um hvad talar JEsus i þeim sijdare Parte, vidvijkiande Hwsbondans og Þienarana Samtale?

Eñ er Grased spratt upp og bar Avøxt, þa auglijstest og Illgresed, seiger vor HErra.

Hver var Ordsok til þessa Samtals?

Þesse; Ad Illgresed auglystest þegar Grased spratt upp, þvi hvad leinilega sem Ovinureñ sæde þvi, so þeckte þad þo af sinne olijkre Art, þegar þad vox a medal þeß goda Sædes.

Hvad skilst hier fyrer Hwsbondans Þienara?

Sannarlega oll riett-trwud Guds Børn, sem ann Hræsnes þioona Glde, og harma Josephs Skada. Amos 6. Eñ þo sierdeiles Guds Ords riettsinnader Þienarar, sem vandlæta vegna hans, og hriggiast þar yfer, nær þeir sia ad Synd og Ogudlegleike fær yferhønd.

Hvers spurdu Þionustu-mennerner Hwsbondañ?

Þeir spurdu fyrst, hvadañ Illgresed være komed; þvi so hlioodar Texteñ: Eñ Þionustu-mennerner geingu til Hws-fødursens, og søgdu hønum:

Herra,

Herra, sæder þu ecke godu Sæde i Akur þin, hvadañ kemur hønum þæa Illgresed.

Hveriu svarade hañ þeim hier uppæa?

Þessu: Fiand-madureñ hefur þad giørt.

Hvers spurdu þeir hañ framar?

Þeir spurdu, hvad þeir skylldu gióra vid Illgresed: Þionustu-mennerner søgdu þæa: Villtu ad vier førum, og wtlesum þad?

Befalade hañ þeim þad?

Nei; þvi hañ sagde: Nei; So ad þier uppræted eige Hveited under eins, nær þier wtlesed Illgresed.

Hverneñ skylldu þeir þæa breita vid þad?

Hañ seiger: Læted hvertveggia vaxa til Korn-skurdarins, og æa Kornskurdar Tijmanum skal eg seigja til Kornskurdar Mannaña: Lesed fyrst samañ Illgresed, og binded þad samann i smæa Bindene til ad breña þvi: En Hveitinu safned samañ i mijna Kornhlødu.

Hvad skilst fyrer Kornskurdar Tijmañ?

Kornskieru Tijmeñ er Ending Veralldar, seiger sialfur JEsus.

Hverier eru Kornskurdar Mennerner?

Kornskurdar Mennerner, seiger hañ, eru Einglarner.

Hverneñ skulu þeir fullkomna Hws-fodursens JEsu Befalning aa Veralldarennar Enda, og aa þeim sijdasta Deigi, bæde vid Illgresed, þad er, þar Ogudlegu, og Hveited, hvad ad eru þeir Gudhræddu?

Þad wtleggur sialfur JEsus allra best, seigande: Lijka sem nu verdur Illgresed wtlesed, og i Ellde breñt, so mun og skie i Enda þessarar Veralldar: Mañsens Son mun wtsenda sijna Eingla, og þeir munu samañsafna wr hans Rijke øllum Hneixlunum, og þeim, er Ranginde gjøra, og þeir munu kasta þeim i Ellsens Ofn, þar mun vera Op og Tanna Gnijstran: Eñ þa munu riettlaater Lioma sem Sool i Rijke Fødurs þeirra.

Hvern Lærdom kunnum vier og hier af ad taka?

Fyrst/

Fyrst; þañ, ad ogudleger Hræsnar-ar kunna uñ nockra Tijma, ad hilia sijna Vanart, eñ uñ sijder lætur sig þo þeirra vonde Avøxtur i Liooſe, þvi af þeirra Avøxtum meigi þier þeckia þau, seiger JEsus. Matt. 7.

Þar nærst, ad øll rietttrwud Guds Børn, og sierdeiles aller Guds Orda Þienarar eiga ad vandlæta vegna Guds, og stunda epter þvi, ad sw Vandlæting verde Gude til Dijrdar, eñ Mønnunum til Sæluhiaalpar: Og nær þeir forne-ma, ad Illgresed vaxe i Guds Akre, þa ber þeim ecke ad þeigia þar yfer, helldur med Klogun og Andvarpan, ad giefa Hws-fødurnum þad til Vitundar, ad spiria epter Ordsøkenne til þeß, og þad mest møgulegt er, stunda þar epter, ad þeir kunne þad Vonda ad wtdrijfa, og þvi fyrer ad fara; þvi þad wtheimtest af þeim, ad þeir skule vaka, so sem þeir ed Reikningskap giora skulu a Saalum sinna Tilheyrenda. Heb. 13.

I þridia mata, þa skulu þeir vara sig, ad þeirra Vandlæting sie ecke aun Skinsemdar, og Forstands. Rom. 10.

Þeir

Þeir meiga ad sonu straffa Synd, og vond Verk, Hræsne, og falskan Lærdom, en þeir skulu ecke vera so sliootsinnader sem Lære-sveinarner, er villdu ad Eldur fielle af Himne yfer þa i Samaria. Luc. 9. Edur sem Petur, er strax var reidubwen ad slaa med Sverde. Luc. 22. So þeir goodu uppræteſt ecke edur fordiarfeſt med þeim vondu; helldur skulu þeir vera so sinnader sem Postulen raadleggur, seigande: Þionustu-mane Drottens tilheyrer ecke ad vera þrætusomum, helldur vingiarnlegum vid alla Menn, og kienningasomum, sa er vonda umlided gietur med Hogvære, og straffad þa, sem þraalaater eru, ef ad Gud giæfe þeim eitthvert sinn Yfirbot, Samleikann ad vidurkiesa. 2 Tim. 2. Þad er þo omogulegt ad giora þad allt rett, sem boged er. Eccl. 1. lijde Guld sialfur med Þolinnmæde Kier Reideñar. Rom. 9. hvad miklu framar þa þeir, hverier ecke skulu dæma fyrer Tijmann, adur Drotten kiemur.

I fioorda Maata; þa mun sa sijdasti Dagur verda sa rette Kornskieru-

eru-dagur, ad hverium Mannsens Sonur vill Haustvinna alla Jordena. Apoc. 14. Þad mun Illgresed votlesast frad Hveitinu, Sauderner verda skilder frad Kidunum. Matt. 25. Þad mun siast, segi eg, hver Mismunur giordur verdur ad riettlætum og rangletum; Hver Mismunur giordur verdur ad millum peirra, sem þiona Gude, og hinna, sem honum ecke þiona. Mal. 3. Þvi peir ogudlegu munu þad, sem skadlegt Illgrese, bundner verda med Myrkranna Hleckium, og peim skal kastad verda i þann eilijfa Eld; Enn peim gudhræddu, sem Guds dijrmætu Hveite mun iñsafnad verda i þad himneska Kornhlødu: Peir ogudlegu skulu þad gaanga i eilijfar Pijssler, enn riettlæter i eilijft Lijf. Matth. 25. O! ad vier villdum þad stund Sædtijmenn er, stunda epter hier i hans Nadar-rijke, ad vera þad goda Sæded, enn ecke Illgrese i Guds Akre, so ad þegar Kornskieru-dagurenn kiemur, þad mættum vier iñbundner verda i lifande Mañ Bindene, og iñlætner i þad Himneska Kornhlødu. Amen.

A

A Hreinsunar Haatijd Mariu.

Skrifast Gudspialled hiæa Lucam i 2 Cap. so hliodande, sem epterfylger.

Á þeim Tijma. Þar Dagar heñar Hreinsunar fullnuduſt epter Moysis Løgum, høfdu þau hañ til Jerusalem uppa þad, ad þau æa hendur fæle hañ Drottne, so sem skrifad er i Løgmæale Drottens, ad allt hvad Kallkyns var, þad er fyrst opnade sinar Modur-kvid, þau skylde kallast Drottne helgad. Og ad þau giæfe Offred, epter þvi, sem seiz est i Løgmæale Drottens, tvær Turtildwfur, edur tvo Dwfu Vnga. Og sia! ad Madur var þar i Jerusalem, sa ed Simeon hiet, og þesse Madur var Riettlatur og Gudhræddur, bijdande epter Huggun Israels, og Heilagur Ande var med hønum. Simeon hafde og Andsvar feinged af Heiløgum Anda, ad hañ skylde ecke Daudañ sia, nema hañ sæe audur fyrre Christ Drottens. Og hañ kom af Andans Tilla-

dan

dan i Mustered, og þaa Forelldrarner høfdu Barned JEsum i Mustered, og giørdu fyrir hønum epter Sidveniu Laganna, og hañ tok hañ þaa uppaa sijna Armleggge, lofade GUd og sagde. Drotten! laat nu þiñ þioon i Fride fara, epter þvi sem þu hefur sagt. Þviad mijn Augu hafa sied þitt Hialpraad, þad þu tilreidder fyrer Auglite allra þioda, eitt Ljos til Uppbirtingar heidnum Þioodum, og til Dijrdar þijns Folks Jsrael.

Uñ hvad hondlar þetta Hellaga Evangelium?

Fyrst; Uñ Hreinsun Mariu, sem og uñ Christum, hvern hun aa hendur fool Drottne i Musterinu.

Þar nærst; Uñ Simeonem, hans Ord og Verk i þadisama siñ, sem Barned JEsus var Drottne aa hendur faled.

Hvad verdur hier talad uñ Mariu Hreinsun?

Þetta; Og þaa ed Dagar heñar Hreinsunar fullnudust epter Moysis Løgum.

Hvad var i Moysis Løgmaale befalad uñ Hreinsunar-daga Barnsængur kveñaña?

Þar

Þar um mar lesa i þridiu Mosis Bok ar tolfta Capitula, þar so stendur: Og Drottenn talade vid Moisen, og sagde; Tala vid Israelis Born, og seigdu; nær ein Kviña fær gietnad, og fæder Sveinbarn, þa skal hun vera sio Daga ohrein, so leinge sem hun er i sijnum Fraskilnadar Siwkdome. Og a attunda Deige skal umskiera Holld hans Yferhwdar, og hun skal vera heima i þriu og þriattiger Daga i Blode sinar Hreinsunar: Hun skal ecke koma vid nockud þad sem heilagt er, og ecke skal hun koma til Helgedomsens, fyrr en heñar Hreinsunar-dagar eru endader. En ef hun fæder eitt Mey-Barn, þa skal hun vera ohrein tvær Vikur, so leinge sem hun er i sijnum Fraskilnadar Siwkdome, og hun skal vera heima i sijnu Hwse sex og sextiu Daga, i Blode hennar Hreinsunar.

Hvar fyrer hafde Gud wtgiefed þetta Logmal?

So hañ þar med auglyste Ohreinleika þeirrar fordiorfudu Mañsens Natturu, ad vier sieum i Syndeñe gietner og fædder. Pl. 51. Hvar fyrer eingeñ kañ ad sina hreinañ, hia þeim þar eingeñ

er

er hreiñ. Job. 14. Einneñ villde haſi med þeſſu Logmaale til vitundar giefa ſijna Medaumkun yfer þeim frioodſomu Barna-mædrum, ad þær ſkylldu ecke ofurſlioott aa ſig reina, epter ſijna afſtadna Fædingar Þiaaning, fyrr eñ þær hefdu feinged ſijna Krapta aptur: Hañ ſem veit Tijmañ, nær Hindurnar bera, og hverneñ þær eingia ſig ſamañ, þegar þær wtlaata ſijna Kaalfa med Mædu og miklre Þiaaning. Job. 39. Hañ þecker miklu framar Hrigd og Harmkvæle þeirra jodſiwku Barna-mædra. Joh. 16. hefur Medaumkun yfer þeim, og hiaalpar þeim.

Hafde Maria þorf fyrer ad undergaangaſt þetta Logmaal?

Hier til verdur ſo ſvarad: Med þvi Logmaaled talar alleinaſta uiñ þær Kviñur, ſem hafa af Karlmañs Volldum gietnad feinged, þa hafde Maria, eigeñlega ad ſeigia, eingva þorf fyrer ad halda þvilijka Hreinſun, þar hun hafde þeñañ Gietnad feinged, ecke af Karlmans Tilverknade, þar hun hafde eingvañ Mañ kiendt. Luc. 1. helldur af heilegum Anda, hver ed kom yfer hana, og

Kraptur hins Hædsta yferskygde hana, enn Syndar og Saurugleika. Eñ hun undergieckst petta Løgmaal, so hun giæfe ecke ødrum Hneixlan af sier.

Kunna nockrer Lærdomar hier af ad dragaſt?

Jau; Fyrſt, hafa allar Gudhræddar Sængur Kvinnur pad hier sierdeiles ad læra, ad pær epter peirra Barn-burd hafe sig ecke ofur-fliott vid, so pær skade ecke sijna eigeñ Heilbrigde, nie sieu ødrum til Hneixlunar (jafnvel po pær sieu pvi gamla Levitiſka Hreinsunar Løgmæle ei undergiefnar.)

Þar nærſt; skulu pær læra hier, ad gæanga til GUds Hwß med Lofe og Þackargiørd, epter peirra afstadna Barnburdar Neyd, epter pvi pær voru i heñe Daudans Porte nælægar; eñ GUD frelsadi pær frá pessare peirra Neyd; Hvar fyrer pad er tilbærilegt, ad pær packe sijnum GUde fyrer hans Medaumkun og Miskunseme, og fyrer hañs Dæsemder, pær ed hañ veiter Mañaña Børnum. Pſ. 107.

Þridia

J þridia Mata; hofum vier þad aller hier af almennilega ad læra, ad vier erum af Natturuñe sauruger, so þar er eingeñ sem kunne ad seiga: Hreiñ er eg i mijnu Hiarta, og klar af mijnum Syndum. Prov. 20. Jæa; Vier hofum aller Ordsok ad hroopa upp med þeim Spitelsku, og seiga: Ohreiñ, ohreiñ; Ach! ad vorer Hrinsunar Dagar mættu koma, ad vier villdum hreinsa oß af allre Saurgan Holldsens og Andans. 2. Cor. 7. Jæa; ad vier villdum lata Christi Blood hreinsa vorar Samvitskur af daudum Verkum, til ad þioona Gude lifanda. Hebr. 9. So vier mættum finnast skijrer og æa Hneixlunar, allt uppæa þañ Dag Christi. Phil. 1.

Hvad talar Gudspialla-Madureñ uñ þad, þegar Christur var i Musterenu DRottne æa hendur faleñ?

Hañ seiger: Þæa hofdu þau hañ (JEsum) til Jerusalem, uppæa þad ad þau æa Hendur fæle hañ DRottne, so sem ad skrifad er i Løgmæle Drottens, ad allt hvad Kallkyns var, þad er fyrst opnade siñar Modur-

kvid, þar skylde kallast DRottne helgad.

Hvar finst þetta skrifad i Guds Logmæale?

Það finst skrifad i Exod. 13. Þvi þegar Gud hafde a eiñre Nottu fyrer Eingeleñ, sem uñgieck, i hel sleiged alla Ægyptalands Frumburde, bæde af Mønnum og Dijrum, eñ hlijft Frumburdum Jsraels Barna, þa talade hañ til Moysen og sagde: Helgid mier allañ Frumburd, sem fyrst opnar allshæattar Modur-lijf, a medal Jsraels Barna, bæde af Mønnum og Fienade, þviad það heirer mier til. Eñ epter það Drotteñ tok Levitana a medal Jsraels Barna i stadeñ allra Frumgietninga, þa aattu hiner Frumgietnu ad frañberast fyrer DRotteñ i Helgedominum, og þar giefast Lausnar-gialld fyrer þa, fiñ Siklar fyrer hvert Hofud. Num. 3.

Hvar fyrer villde Christur vera þessu Logmæale undergiefiñ?

Hañ villde þar med auglysa, ad hañ være sa sanne Frumburdur, ecke alleinasta Frumgieteñ Sonur sinnar Modur. Luc. 2. Helldur og Frumgieteñ fyrer

er allar Skiepnur. Col. 1. þad er, Guds eingietenn Sonur, fæddur fra Eilijfd, audur enn nockur Skiepna var skopud. So sem bæde Prestdæmed, og Kongsrijked tilheirde þeim Frumgietnu i þvi Gamla Testamente, so er og Christur, sa Smurde DRottens, bæde vor Kongur og yppasste Prestur; Hann er sa rette Melchisedech, sa andlege Salems Kongur, og Kienne-madur hins hædsta Guds. Gen. 14. So sem þeir Frumgietnu hefdu tvofalldann Arf; So hefur og sa himneske Fadernn giefed sijnum eingietna Syne bæde Gidinga og Heidinga i Arf. Pf. 2. Þeir Frumgietnu heirdu DRottne til, og voru honum helgader, og med þvi Gude þocknadest ecke ad laata slautra nockre Manneskiu sier til Offurs, þa attu þeir ad leisast med Peningum. So er og JEsus, sa hinn sanne Heilage DRottens, hver ed siaulfum sier hefur ann Fleckunar Gude offrad; Hebr. 9. Og sig vtgiefed fyrer oss til Fornfæringar og Offurs Gude til Sætleiks Ilms. Eph. 5.

Kunnum vier oss nockra Huggun hier af ad taka?

Jau ; þad er oß yfer Maata stoor Huggun, ad vier vitum, ad vor JEsus er sia rette Frumgietne Sonur, sem morg Born hefur til Dijrdareñar leidt. Heb. 2. Hañ hefur wtvegad oß Barna wtvalningena, og giort oß ad þeim fyrsta grooda af Guds Skepnum; jau, hañ hefur giort oß til andlegra Konga og Kienne-mañna fyrer Gude og sijnum Fodur. Apoc. 1. Og giefed oß eiñ tvsfalldañ Arf, sem er, sijna fullkomna Hlijdne, og dijra Forþienustu Averte, hier i Naad, og þar i Dijrd; so vier hefum tvsfalldt medteked af Hende DRottens fyrer allar vorar Synder. Es. 40.

Hverneñ kañ þetta ad þiena oß til Uppvakningar?

Vier skulum ecke, sem Esau, hver ed foracktade sijna Frumgietning. Gen. 25. forackta vora andlega Frumgietning, helldur virda hana, sem eina sierlega Guds Naad og Giafu, og offra oß Gude til eiñrar heilagrar Þionustu, hvert Offur ad er, sem Postuleñ seiger, lifande, heilagt og Gude þocknanlegt. Rom. 12.

Hvert

Hvert Erinde hofdu þau þæ framar til Musteresins?

Þad; Ad þau giæfe Offred eptir þvi sem seigest i Løgmæale Drottens, tvær Turtildufur, edur tvo Dufu wnga.

Hvar finst þetta Løgmæal?

I Lev. 12. þar so stendur, þegar eiñrar Kvinnu Hreinsunar-Dagar eru wte, fyrer Son, eda fyrer Dotter, þa skal hun bera fraṁ eitt vetur-gamallt Lamb til Breñe-fornar, og eina wnga Dwfu, eda eina Turtil-dwfu til Synda-Offurs, til Prestsens fyrer Samkundu Tialldbwdar Dyrnar, haṁ skal offra þvi fyrer DRottne og forlijka hana, og so er hun hrein af sijnu Blood-laute. Þetta er Løgmæal uiñ þa Konu, sem fæder Son edur Dottur; Eñ eige hun ecke til Lambed, þa take hun sier tvær Turtil-dwfur, eda tvær wngar Dwfur, adra til Breñe-offurs, eñ hina til Synda-offurs.

Kuñum vier oß hier nockurn Lærdom wt af ad taka?

Jaa; Vier skulum i vorre andlegre Hreinsun offra Gude einre kvakande Dwfu, jeg meina, einu harmprwngnu og sundurknosudu Hiarta fyrer vorar Synder. Pf. 51. Einu andlegu Lambe, jeg meina, thvi saklausa og o-fleckada Lambe Gudz, sem hefur bored allrar Veralldarinnar Synder, hvers Verdskulldan vier skulum oss i Trwne tileinka. Og ad sidustu skulum vier offra honum einre nidrre Hlidne, ad vier, sem thar wngu Dwfur, vorum i thvi Goda, og hreinsum oss af allre Saurgun Holldsens og Andans. 2. Cor. 7.

Hvernen verdur Simeon wtmaaladur i Textans odrum Parte?

Hann verdur wtmaaladur, fyrst, af sijnu Nafne: Og sia, seiger Texten, ad Madur var thar i Jerusalem, sa ed Simeon hiet. Nafned merker ein Tilheyrara, edur thann, sem er bæneheirdur; Gen. 29. Og Madurenn eptirfylgde vel thidingu Nafnsens, thvi hann hafde List og Epterlongun til ad heyra Gudz Ord, og Gud aptur aa moote, af sierlegre Naad, heyrde hanns Bæn og Beidne.

Beidne. Þar nærst; af sijnum Dygdum: Og þesse Madur var riettlaatur og Gudhræddur, hañ var so, sem þar stendur uñ Zachariam og Elizabeth. Luc. 1; Riettlaatur fyrer Gudi (það er ad skilia, fyrer Trwna a hañ tilkomande Meßiam) og gieck i ollum Bodordum og Setningum DRottens o-straffanlega. Og beid epter Huggun Jsraels, það er, Tilkomu þeß sańa Meßiæ, hver ed autte, sem sæa himneske Noe, ad meddeila oß þeirre rettu og señu Huggun. Gen. 5. hvar fyrer hañ og kallast Jsraels Huggunar-Traust. Jer. 14. Jar, Huggun allra Heidingia. Hag. 2. Simeon verdur og ad sidustu wtmaaladur af sierdeilles Guds Naadar Gaafu; þvi Texteñ seiger: Og Heilagur Ande var med hønum. Það er, hañ hafde fyrer Guds Naad ecke alleinasta Andans Krapt og Gaafur i sijnu Hiarta, sem eñur Guds Kenn. Rom. 8. Helldur hafde hañ og Andans sierlegar Gaafur til ad spaa, og fyrerseiga o-komna Hlute. Num. 11. Hañ hafde og Andsvar feinged uppaa sijna Hiartans Andvarpan og Epterlongun, med hverre

hañ beid epter Huggun Israels, þad er, Christi Tilkomu i Hollded: Af Heiløgum Anda, sem huldest yfer honum̃ med sierlegre Openberun: Ad hañ skylde ecke Daudañ sia (edur vr þessare Verold burt sofna) nema hañ sæe audur fyrr Christ DRottins, og þad med sijnum lijkamlegum Augum.

Hvad kunum vier hier af ad sia?

Eina retta Jmind uppa eiñ Rett-christiñ, og eitt hocknanlegt Guds Barn. Hver ed vera skal eiñ Madur, ja, eiñ Guds Madur, eiñ Jnbyggiare þeirrar andlegu Jerusalem, þad er, þeirrar Christilegu Kyrkiu, hañ skal vera eiñ Simeon, sem giarnsamlega heyrer Guds Ord, so ad Gud aptur a mote heyre hañs Bæn. Hañ skal kappkosta ad vera riettlautur og gudhræddur, og ganga i einfalldlegleika, og Guds Grandvarlegleika. 2 Cor. 1. og hafa eina goda Samvitsku fyrer Gude og Monum, leitande epter sijnu Trauste og Hlutskipte i DRottne alleina; Pf. 73. og med Trw og þoliñmæde vænta epter JEsu sijdustu Dijrdar-fullre Tilkomu. Eñ med þvi slijkt

kañ

kañ ecke ad skie ænn Kraptar og Medverkunar Heilags Anda, þa skal eiñ og sierhver bidia Guð, ad hañ vilie giefa hønum siñ goda heilaga Anda, er hrope i hans Hiarta: Abba, Fader! berande Vitnisburd hans Anda, ad hañ sie eitt Guds Barn, so ad hañ, sem hefur lifad christilega, mætte sæluhiælplega deya. Eñ þo ecke Daudañ sia, fyrr eñ hañ med Trwarenar og Hugskotsens uppliptum Augum sæe siñ Frelsara JEsum, sem Stephanus, hver ed og sa med sijnum lijkamlegum Augum Himeneñ opeñ, og JEsum standa til Guds Hægre Handar. Act. 7.

Hvad gierde þa þesse gudhrædde madur?

Hañ kom af Andans Tilladan i Musterid: Og þa Forelldrarner høfdu Barned JEsum i Mustered, og giørdu fyrer hønum epter Sidveniu Lagaña: Og hañ tok hañ þa uppa sijna Armleggge, med storre Glede, og lofade Guð fyrer sijna stooru Næd.

Hvern Lærdom kuñum vier oß hier af ad draga?

Þañ, ad nær vier vilium gænga til Guds Hwß og hans Musteris, þa skulum

um vier so tilsiæa, ad vier gøngum þæng-
ad ecke af eintomes Vana, edur einasta
til ad syna oss og siæa adra, helldur upp-
hvatter af heilsgum Anda, so vier kun-
um ad fa vorn JEsum uppteked a vora
Trwar-arma, og bored hann fraun fyrer Gud
i vorum Bænum, og sijdann heim aptur med
oss i vorum Hiertum, so hann mætte bva
þar og byggia fyrer Trwna. Eph. 3.

Hvad sagde Simeon, þegar hann hafde nu teked Barned JEsum uppa sijna Arinlegge?

Hann sagde: Drottin; Lattu nu
þin þion i Fride fara, leistu hann af,
giefdu honum Heimfarar Leife fra
Fangelse þessa Lijfs, so sem þu hefur lof-
ad mier og tilsagt fyrer þin Heilaga An-
da; þviad mijn Augu hafa sied þitt
Hiælpræd, þin Son, sem þu hefur
tilreidt ad vera Frelsara og Sauluhiælp-
ara allra þiooda: Eitt Lios til Upp-
birtingar heidnum þiodum, sem satu
i Myrkre og Daudans Skugga. Es. 9. og
til Dijrdar þijns Folks Israel.

Hvad hefur þesse hans Bæn og Lofsong-
ur inne ad hallda?

Hun hefur inne ad hallda bæde eina
and-

audmiwka Bæn til GUds uñ eina Naud-uga Lausn, og Saaluhiaalplegañ Vid-skilnad fraa þessare Verolldu, so og eina kostulega Medkieñing uñ Christi Person og Embætte.

Hvad skulum vier hier af læra?

Það; ad ef vier vilium med Simeone hiedañ i Fride fara, og Saaluhiaalplega deya, þa skulum vier þeckia GUd, ad vera vorn Drotteñ, og oß hegda, sem hans sañer Þienarar; og yfer alla Hlute frañ so til siaa, ad vier mættum med Trwarinnar Augum, bæde i Lijfe og Dauda siaa JEsum vorn einasta Saaluhiaalpara, vort Lios og vora Dijrd, og vera visser uñ, ad vier heirum Gude til, hvert helldur vier lifum eda deyum. GUd giefe oß ad lifa Riettlaatra Maña Lijfe, ad vier mættum og deya Riettlaatra Maña Dauda; Num. 23. og vor Endalikt mætte verda lijka sem þeirra ad siaa GUd Auglite til Auglites i eilijfu Lijfe, Amen.

Fyrsta

Fyrsta Sunnudag i Riju-vikna-føstu.

Gudspialled skrifar S. Matth. i 20. Cap. og hliodar þannig.

Í þann Tijma. Sagde JEsus til sinna Læra-sveina þessa Epterlijking. Himnarijke er lijkt einum Hus-føder, sem utgieck snemma Morguns Verka-menn ad leigia i sin Vijngard. En ad giørdum Samninge vid Verka-mennena ad daglegu Penings giallde, sende hann þa i sin Vijngard, og nærre þridiu Stundu gieck hann wt, og leit adra Idiulausa standa a Torgenu, og sagde til þeirra: Fare þier i min Vijngard, og hvad riettvijst er mun eg giefa ydur, og þeir geingu burt þangad. Og hann gieck wt aptur um siøttu og nijundu Stund, og giørde slijkt hid sama. Nærre elleftu Stundu gieck hann wt, og fann en adra idiulausa, og sagdi til þeirra: Hvar fyrer stande þier hier allan Dag idiulauser? Þeir søgdu til hans: Þviad eingen

eingeñ hefur leigt oß. Hañ sagde, fare þier og i miñ Vijngard, og hvad riettvijst er, skulud þier fa. Eñ þa Kvølld var komed, sagde HErrañ Vijngardsens til sijns Raadsmañs. Kalla þu Verk-mennena, og giallð þeim Verdkauped. Hañ tok og til fra hinum seinasta, og allt til hins fyrsta. Þa komu þeir, sem nærre ellestu Stundu leigder voru, og medtok hver þeirra siñ Pening. Eñ hiner, sem fyrster komu, þeir þeinktu, ad þeir mundu fa meira. Og hver þeirra medtok siñ Pening. Og þa er þeir høfdu hañ medteked, møgludu þeir a mote Husfødurnum og søgdu; Þesser enu seinustu hafa eina Stund erfidad, og þu gigrder þa jafna vid oß, sem bored høfum Hita og Þwnga Dagsens. Eñ hañ svarade og sagde til eins þeirra. Vinur, ej gigre eg þier oriett, ertu ecke aasattur ordeñ vid mig um eiñ Pening, taktu hvad þitt er, og far i burt, eñ þessum hinum seinasta vil eg giefa so sem þier. Eda ertu þar fyrer rangeigdur, þo ad eg sie godgiarn? So verda seinaster hi-

ner

ner fyrstu, og fyrster hiner seinustu. Þviad marger eru kalladir, en fæir wtvalder.

Hvad hefur þetta Gudspiall iñe ad halda?

Christi Efterlijking uñ Verka-mennina i Vijngardenum?

Hvad marger Partar eru i þessare Epterlijkingu athugande?

Tveir:

Sa fyrre er uñ Verka-mañaña Kollun i Vijngardeñ.

Sa sijdare er um Launaña wtdeiling til Verkamannanna.

Hvad verdur talad uñ þad fyrra?

Himnarijke er lijkt einum Hws-fødur, sem wtgieck snema Morguns Verkamen ad leigia i sin Vijngard.

Uñ hvad talar Christur i Epterlijkinguñe?

Uñ Himnarijke.

Hvad vill hañ fyrer þad merkiast læta?

Gluds Nædarrijke, og þa strijdande Kyrkiu hier a Jordunne.

Vid hvad samlijkir hañ henne?

Vid

Vid eiñ Vijngard, vid hvern heñe er og samlijkt i morgum odrum stodum i Skriftenne. Pl. 80.

Kañ sw Christilega Kyrkia riettilega ad samlijkiast einum Vijngarde.

Jau: Þviad so sem eiñ Vijngardur kañ ecke sig sialfañ ad planta, helldur verdur hañ plantadur af añara Hondum, so er og Christileg Kyrkia GUds ecke komeñ af sialfre sier til, helldur er hun af Gude plontud, og so sem Vijngardureñ synist wtvortis audvyrdilegur, eñ iñañ er hañ groodursettur med œavaxtarsom Vijntre, hvers Vijn ad gledur bæde GUD og Meñ, so synist og sw Christilega Kyrkia hid itra audvyrdileg fyrer Verolduneñe, eñ þo finnast i heñe þau andlegu Tre, uppfyllt med Riettlæteseñs Averte til Dijrdar og Lofs GUde fyrer JEsum Christum. Phil. 1. Og so sem Vijngardureñ er adskilianlegum Hœska undergiefeñ, ecke alleinasta af Storme og Ovedre, sem gietur sundurbroted hañs Greiner, og fordiarfad hañs Averte; helldur og af Villu-goltum, sem honum vilia umbillta, og skadlegum

Refum, sem stunda epter hañ ad skada; so er og sw strijdande Gluds Kyrkia ecke alleinasta adskilianlegum Motgaungs Stormum undervorpeñ, so hun mai med rettu kallast hin volada, yfer hveria oll Stormvidre gaunga. Es. 54. Helldur finnur hun eiñeñ til peirra stooru Offokna og Araasa, sem hun hlijtur ad lijda af peim grimmu Tyreñum, sem heñe vilia uñ koll kasta; Af peim vondu Kietturum og folsku Kieñendum, sem hana vilia heimuglega fordiarfa. Og ad sijdustu, so sem Vijngards Herran hefur kostgiæfilega Tilsion yfer sijnum Vijngarde, gyrder i krijngum hañ, og hledur med grioote, uppbyggiande par iñe Stopul, eda Turn. Es. 5. So hefur og Gud alltijd eitt vakande Auga yfer siñe Christilegre Kyrkiu, og giorer eiñ gloande Mwrvegg i krijngum hana, med siñe Forsion og Eingla Vakt. Og gisrer pad, ad Port Helvijtaña megna eckert i mote heñe. Matth. 16.

Hver aa ad skiliast fyrer peñañ. Hwsfodureñ yfer Vijngardenum?

Sa himneske Fadereñ, hvern sialf-

ur

ur Sonureñ kallar Vijngards-manneñ, Joh. 15. Og samlijker honum vid eiñ Hwsfodur, sem plantade Vijngard. Matt. 21.

Had gierde þesse Hws-fader?

Hañ wtgieck sneñia Morguns, Verka-meñ ad leigia i siñ Vijngard.

Hverier eiga ad skiliast fyrer þessa Verka-meñ?

Fyrer þau kuña ad soñu almeñilega ad skiliast aller Meñ, sem eru i GUds strijdande Kyrkiu og hañs Vijngarde; hverier ed hafa, sierhver sitt Kall og Embættes Verk ad wtrietta, sem innefaled er i þvi, ad þeir giøre GUds Verk. Joh. 6. Og verke sijna Sæluhiælp med Ugga og Otta. Phil. 2. Eñ þo eiga sierdeiles fyrer þau ad skiliast i þessum Stad Ordsens þienarar, sem eru Verka-meñ i GUds Kornskieru. Luc. 10. Jau; þeir eru Verka-meñ au medal siña Tilheyrenda, og Forstodu-meñ, sem þau aumiña. Eñ til þessarar Textans Epterlijkingar gaf S. Petur tilefne, med þvi Spursmæle, er hañ framsette bæde sijn og añara Læres-sveinaña vegna; seigande: Siau þu! vier forlietum allt, og fylgd-

um þier epter, hvad skulum vier hafa i Stadeñ? Hvar uppa JEsus ei alleinasta svarade med þessum Ordum: Sañlega seigi eg ydur, ad þier, hverier mier hafed epterfylgt, þier skulud i Endurfædingunne, þa er Mañsens Sonur situr a Stole sinnar Tignar, sitia eiñeñ a tolf Stoolum, dæmande tolf Kynkvijsler Israels, og hver hañ forlætur Hws, eda Brædur, Syster, Fodur eda Moodur, eda Eigiñ-konu, eda Born, eda Akra fyrer mijns Nafns Saker, sa mun hundradfallt i stadeñ taka, og erfa eilijft Lijf. Eñ margir þeir, sem eru fyrster, verda sijdaster, og þeir sem sijdaster eru, verda hiner fyrstu. Matt. 19. Eñ so hañ eñ framar wtlegde þesse sijn Ord, þa framsette hañ þessa Epterlijkingu.

Hvern Lærdom kunnum vier oss hier af ad draga?

Þeñañ; Ad so sem oss ollum almeñilega ber ad hyxa þar umñ, ad vier sicum Verka-meñ i Guds Vijngarde, og eigum þar fyrer ad stunda epter ad vera goder og kostgiæfner Verka-meñ i voru Kalle og Embætte, og sierdeilislega ad erfida

erfida þar uppá, ad Gude mætte verda til Dijrdar, eñ oß siálfum til Sáluhiálpar. So ber og Ordsens Þienurum sierdeiles ad láta sier i Hug koma, ad þeir eru kallader, og sender i Guds Vijngard, ecke til ad vera idiulauser, helldur til ad erfida i Ordinu, og i Lærdominum, bæde þeim siálfum og Tilheyrendunum til Sáluhiálpar, eñ þeim ber ad vara sig, ad þeir sieu ecke iller Erfidarar. Phil. 3. og leteſamer Magar. Tit. 1. helldur miklu framar audsyne sig, sem retta Guds Þienara i sijnu Verke. 2. Cor. 6. So þeir leide ecke Bolvanina yfer sig, hverre hañ hotar þeim o-trvu, seigande: Bolvadur sie sá, sem gior-er Verk Drottins svikſamlega. Jer. 48. Helldur mættu fyrer Guds Nád fá uñ sijder Verka-laun þeirra Trvu Erfidesmanna.

Hvad opt gieck þesse Hws-fader vt Verka-meñ ad kigia i siñ Vijngard?

Hañ gieck fyrst vt snemma Morguns, sijdañ nærre þridiu Stundu, þar epter um þá siettu og nijundu Stund, og sijdast nærre elleftu Stund.

Hvad merkest fyrer þessa Kollunar Tijma og Stunder?

Þar uñ eru adskiliañlegar Meiningar: Nockrer vilia þar fyrer merkia Veralldareñar Tijma og Alldur; adrer Mañaña Aar og Alldur i Veralldeñe: Eñ Christi hellsta Meining er ad auvijssa þar med, ad so sem Gud fraa Veralldarinnar Upphafe hefur haft Uñhiggiu fyrer sijñe Christilegre Kyrkiu, so vill hañ alla Tijma, allt til Veralldarinnar Enda bera Uñsorgun fyrer heñe, og senda sijna Þienara og Verka-meñ til hennar, og laata þau aa ollum Tijmum og Tijdum aamiña Meñina til Ydrunar og Umvendunar; jeg vtbreide, seiger hañ siaalfur, mijnar Hendur allañ Dageñ. Es. 65.

Hvad voru þesser Verka-meñ ad giora, þegar Hws-fadereñ sañ þau?

Eckert; þvi hañ sañ þau standa idiulausa aa Torginu.

Hvad verdur þar med til Vitundar giefed?

Almennilega allra Mañna Eymd, Overdugleike, og Oduganlegleike af siaalfum sier, ad koma og kallast i Guds Vijngard.; So ef Gud ad fyrra bragde kiæme

kiæme ecke i Veg fyrer þau, med sijna Nad þar til, þau kynu þeir ecke þangad ad komast: Eg verd fundeñ af þeim, sem ecke leitudu ad mier, seger hañ sialfur; Es. 65. J somu Meiningu talar Postuleñ, segiande: Gud kallade oss med heilagre Kallan, ecke epter vorum Verkum, helldur epter sine Fyrerhyggiu og Nad. 2. Tim. 1. So og verdur hier sierdeileslega i Ljoos leidt, hvad oduganleger og overduger ad Guds Ords Pienarar sieu af sier sialfum, ad vera Verka-menn i Guds Vijngarde. Ei wtvolldu þier mig, helldur hef eg wtvaled ydur, og eg skickade ydur til, ad þier geingud burt, og færdud Avøxt, seiger JEsus. Joh. 15. Og aptur seiger hañ, aan mijn fæe þier eckert (gott) giørt; Þar fyrer seiger S. Paall; Vier erum ecke af sialfum oss neyter nockud gott ad hugleida, so sem af oss sialfum til, helldur þad, hvad vier erum neyter, þau er þad af Gude, sa ed oss giorer neyta fraṁ ad flitia Embætte hins Nija Testamentis. 2. Cor. 3.

Hvad ær ad skiliast fyrer peñan Pening og Daglaun, uñ hver Verka-meñerner urdu ærsatter vid Hwsbondeñ?

Par uñ eru adskilianlegar Meiningar, eñ peirra synist hin rettasta, sem vilia læta skiliast par fyrer, oll þau Nadar-laun, sem Gud lofar þeim, er i hañs Vijngarde erfida, hvert helldur þad eru jardnesk, edur himnesk, andleg edur lijkamleg Giæde, sem oß verda skeinkt og giefeñ, so vel hier tijmanlega, señ sijdar eilijflega, so ad hver sem rett vill heckia peñaū Pening, hañ mæ þeinkia til S. Pæls Orda, so hliodande: Gudrækne er til allra hluta nytsamleg, hafande þessa Lijfs Fyrerheit, og so hins epterkomanda. 1. Tim. 4. Gud vill ecke, ad neiñ skule erfida forgiefins i hañs Pionustu, helldur ad sierhver godur Giærningur og Erfide skule hafa sijn Laun; Þo nockrer skilie sig vid þau eilijfu Nadareñar Verdlaun, sokum peirra Hræsnes, og fæanytrar Meiningar uñ siñ eigeñ Heilagleik og añara Synder; samt lætur Gud þeim ecke bregdast þad tijmanlega: Helldur fa þeir þad sem peir uñbidia, og eptersækia, sem er Heidur og Metord

Ver-

Veralldarinnar. &c. Þvi so talar Christur um þau hræsnesfullu Phariseara, ad þeir hafe sijn Laun wtteked. Matt. 6.

Eñ hverneñ kuña þetta Laun ad kallast, med þvi Gud giefur ollum sijnar Gæfur, ecke epter Forþienustu, helldur alleinasta af siñe Næd?

Vijst er þad, ad eingeñ Madur kañ med nockrum sijnum Verkum, ad forþiena þañ allra minsta Guds Velgiorning; Eñ vier skulum epter Ritningarinnar audvijsun, giora Mismun a þeim Launum, sem giefeñ verda epter Forþienustu, og hiña, sem giefast fyrer Næd: Þvi þeim, sem erfidar, verda Launeñ ecke af Nædeñe tileinkud, helldur af Verdskulldan. Rom. 4. Guds Gæfum verdur lofad, og þær giefast ecke sem Laun epter Skylldueñe, helldur sem Laun af Nædeñe, vier fæum eckert fyrer vora eigeñ Skuld, eñ alla Hlute fyrer JEsu Verskulldan, þvi hañ skeinker oss, ecke alleinasta Krapt siñar Forþienustu, helldur og heñar Laun. &c.

Hvad talar Christur i siñe Epterlijkingu um Launaña Utdeilingu til Verka-mañaña?

Hañ seger: Eñ þa Kvølld var komed, sagde Herrañ Vijngardsens til sijns Rædsmans.

Hvad hofum vier hier af ad athuga?

Fyrst; hvad Hws-faderen befalade sijnum Rædsmañe.

Þar nærst; Befalningarinnar Frañkvæmd.

Og i sijdasta Mæta; þañ Agreining, sem kom a mille Hws-fodursens, og þeirra moglunarsomu Verk-maña.

A hverium Tijma wtgaf Hws-faderen þessa Befalning?

Þegar Kvølld var komed; lijka sem Dagur so laungur aldrei er, ad ei med Kvøllde lende; hver Daglaunamoñum þreittum, og vanmattugum af Hita og Þwnga Dagsens, gefur bæde Hvijlld og Hreßing, sem og þeirra Verka-laun: So mun og vor lijfstunda Dagur ei verda so laungur, ad hañs Kvølld kome ecke um sijder; Ja, hañs heilaga Kvølld, þad sijdasta Dauda Kvølld, a hveriu vier skulum frelsast fra allre Mædu og Þianingu, og fa eina gledilega Roo og Hvijlu. Og sañarlega

arlega mun Christi sijdasta Tilkoma, lijka sem eitt Kvolld, Ending allrar Veralldarennar med sier færa: Þau munu Launeñ wtdeild verda, og sierhver skal þau fæa epter þvi sem hañ hefur adhafst i Lijkamans Lijfe, sie þad illt, eda gott. 2. Cor. 5.

Hverium befalade hañ þetta?

Sijnum Ræds-mañe, þeim sem Forstodu veitte hañs Hwse, motlijka og Eleazar var Abrahams Ræds-madur, og Joseph Potiphars Hwss-Forstandare, so nefnist og Chusa Forsionar-madur Herodis med sama Nafne.

Hver er Ræds-madur þess himneska Fodursens?

Þad er Guds Eingeteñ Sonur, hañ skilst fyrer þeñañ Ræds-mañ, þar hañ er eiñ Herra yfer þvi heila Guds Hwse, hverium Faderen hefur allt Vallð giefed a Himnum og a Jerdu. Matth. 28. Og hañ er skickadur af Gude Domare ad vera Lifendra og Daudra. Act. 10. Hañ er sa Madur, fyrer hvern GUD vill dæma alla Jardar Krijngluna a þeim tilsetta Deige med Rettvijse. Act. 17.

17. Hañ er sa, sem seiger: Sia þu! eg kiem sannarlega, og mijn Verdlaun medur mier, ad eg giallde hverium sem einum, epter þvi sem hañs Verk munu verda. Apoc. 22.

Hverniñ hliodar Befalningeñ?

Kalla þu a Verk-meñena, og giallð þeim Verdkauped, og taktu til a þeim Sijdasta, og allt til hins Fyrsta. Jsama Maata mun og JEsus a þeim sijdasta Deige med sinne Raust. Joh. 5. Ja, med Høfud-Eingelsens Rodd, og Guds Basunu kalla alla fraṁ fyrer siñ Domstol, og giallda einum og sierhverium epter hañs Verkum. Rom. 2. Eñ þo til ad' auglysa, ad Naadariñar Laun giefast ecke af Forþienustu, helldur af Guds sialfvviliugre Naad, þa seiger hañ, ad Hws-fadereñ hafe befalad Naadsmañinum, ad taka til a þeim seinasta, allt til hins fyrsta.

Var þar giort epter þessare hañs Befalningu?

Ja; Þvi Naads-madureñ tok til, so sem befalad var, a þeim seinasta; þa komu þeir, sem nærre Ellefta Stun-

Stundu leigder voru, og medtok hver peirra sijn Pening, framar af Hws-fodursens Giafmilldne, eñ epter peirra Verka Forpienustu. Eñ hiner, sem fyrster komu, peir peinktu, ad peir mundu fa meira: Og hver peirra medtok sijn Pening.

Hverier eiga ad merkiast fyrer pa seinustu og fyrstu Verka-menn?

Fyrer pau seinustu kuña ad merkiast oll rettsijnud GUds Born og Pienarar, sem giora hvad pau kunna i GUds Vijngarde, po sækia pau eingvañveigeñ epter nockrum Launum fyrer sijn eigeñ Verk og Forpienustu, af hverre pau kuña ecke framar, helldur miklu minna ad hrosa sier, edur meina sig nockud ad hafa framar verdskulldad, helldur eñ peir, sem leigder voru uñ ellefstu Stund, kunnu ad stola uppa peirra Verka-laun. Eñ fyrer pau fyrstu merkiast aller Hræsnarar og Skinheilager, sem pikiast vel hafa erfidad i GUds Vijngarde, og sia alleinasta epter Launum, meinande, ad peir hafe miked forpienad af GUde, og

par

þar fyrer bere þeim ad fa meire og betri Laun, eñ odrum.

Voru þesser þar aanægder hier med?

Nei; Helldur seiger JEsus: Og hver þeirra medtok sin Pening. Og þa er þeir høfdu hañ medteked, møgludu þeir at møte Hws-fød-urnum.

Mun þar heyrast nockud þvilikt Mogl og O-ein-ing at þeim sijdasta Deige?

Nei, eingvañveigeñ; þesse Christi Epterlijking maa ecke so laangt, edur þangad dragast, helldur vill hañ hier med auglysa bæde sumra Manna hiegom-lega þanka, og eigeñ þotta, sem þeir hafa uñ sialfa sig, og sijn god Verk, og þa Ofund og Forackt, sem þeir hafa at odrum og þeirra Verkum; So og, hvad vidurstyggilegt þad er fyrer Gude, ad þeir sieu Naangeigder fyrer þad hañ er godgiarn, so sem ad var Broder þess fortapada Sonar. Luc. 15. GUD vill hafa friaalsar Hendur til ad giøra af sijnu hvad hañ vill, og standa eingvum Reikningskap af sijnum Giorningum. Job. 33. Hver sem ei vill laata sier nægia

ia med þau Nadar-laun, sem hañ giefur, sa take sitt og fare i burt; Og hvad tekur hañ þa annad, eñ sijna eigen Synd, Svijvyrding, og Fordæming? Ad þetta sie JEsu sierdeilisleg Meining i þessare Epterlijkingu, giefur hañ til Vitundar i Nidurlægenu, seigande: So verda Seinaster hinir Fyrstu, og Fyrster hiner Seinustu (med hverium Ordum hañ endar og sijna Rædu til þeirra i fyrerfarande Capitula) þvi marger eru kallader, eñ faer vtvallder.

Kallar Gud ecke alla til sijns Safnadar og Vijngards?

Sañarlega, þvi so seger JESUS: Komed til mijn aller þier, sem erfided og þvnga erud hladner. Matt. 11. Og S. Paall seiger: Gud bijdur nu ollum Mønum i ollum Endemørkum ad giora Yferbot. Act. 17.

Þvi seiger JEsus, ad marger sieu kallader?

Þetta Ord Marger, merker hier alla, og þad er brwkad i sømu Þijdinga i adskilianlegum Stødum i Ritningune.

Spa-

Spamadurenn Daniel seiger: Marger af þeim, sem under Jordunne liggia og sofa, munu uppvakna. Dan. 12. Þad er, aller, so sem Christur sialfur þad vtleggur. 1. Joh. 5. Einen seiger S. Paul, marger deydu i eins Mans Synd. Rom. 5. Og þad vtleggur hann i sama Stad, seigande: Og Fordæmingenn er komenn fyrer eins Mans Synd yfer alla Menn. Og þar sem þetta Ord hier marger, skylde einasta takast fyrer faa, edur nockra, þa yrde Meiningenn ad Christi Ædru añarleg, bæde hier, og i fyrerfarande Capitula. Marger eru kallader, enn faer vtvallder. Og skylde þau eiga so ad skiliast, faer eda nockrer eru kallader, og faer eru vtvallder.

Hvar fyrer seigast þeir vtvolldu faer ad vera, þar þeir eru so marger, ad eingenn utañ Gud sialfur kañ þa telia?

Þeir eru ad sonnu marger i þañ Matta, sem toluna auhrærer, enn þo faer ad mote þeim mikla og stoora Fiollda þeirra Ogudlegu og Fordæmdu.

Hvad skulum vier af þessu Gudspialle læra?

Þetta;

Þetta; Ad med þvi Gud kallar oß af sinne Nad alla i sin Vijngard, þar skulum vier af fremsta Megne epter þvi stunda, ad vier sieum ecke vonder og later Verka-menn, helldur trwer og kostgiæfner ad framfylgia Guds Giorningum, og þvi sem vora Saaluhiaalp aahrærer; Vier skulum ei stola uppa vor eigen Verk, helldur alleinasta uppa Guds Nad, sem bæde kallar oß, og verkar i oß, og med oß, uppa þad, ad þegar annadhvert Kvøld vorra Lijfstunda kiemur, fyrer Daudan; eda Veralldareñar, fyrer Domen, ad vier mættum þar verda i Hoop og Tolu þeirra hvtvolldu, og af Miskun Guds fa þau eilijfu Nadar Laun fyrer JEsum Christum. Hvar til Gud hiaalpe oß ollum fyrer Verdskuldan þeß sama vors Frelsara alleina. Amen.

Añan Sunudag i Nijuvikna Fostu.

Gudspialled skrifar S. Lucas i 8. Cap. so hlioodande.

Þ A þeim

Á þeim Tijma. Og þá ed margt Folk var samañkomed, og þad dreif til hañs ur Stødunum, sagde hañ i Epterlijkingu. Sa gieck ut, sem sáde ad sá Sæde sijnu, og þá hañ sáde, fiell sumt utañ hiá Veigenum, og var footum troded, og fuglar Loptsens átu þad; Og sumt fiell i grijtta Jørd, og nær ed þad spratt upp visnade þad, af því þad hafde eige Vøkvan. Og sumt fiell á medal Þyrna, og Þyrnir eñ spruttu upp med, og kiæfdu því nidur; Og sumt fiell i goda Jørd, og þad vox upp, og bar hundradfalldañ Aavøxt. Þá ed JESUS sagde þetta, kallade hañ: Hver Eyru hefur ad heyra, heyre hañ. Eñ hañs Lære-sveinar spurdu hañ ad, hver ad være þesse Epterlijking, hverium hañ sagde: Ydur er unt ad vita Leindardoma GUds Rijkes, eñ þeim ødrum i Epterlijkingum, so ad siáande þá siae þeir eige, og áheyrande þá skilie þeir þad ecke. Eñ þesse er Epterlijkingeñ: Sæded er Guds Ord, eñ hiner vid Veigeñ eru þeir, sem

sem heyra það, eñ epter að kemur Disfulleñ, og tekur burt Orded wr þeirra Hiørtum, so að þeir skule ecke trwa, og verda hiælpleger. Eñ það Sædid, sem fiell i grijtta Jørd, eru þeir, sem heyra Guds Ord, og medtaka það med Føgnudi og hafa þo eige nockra Rot, þviad um stundar saker trwa þeir, og að Freistingar Tijmanum þau falla þeir þar frá. Eñ það sem fiell að millum Þyrna, eru þeir, sem það heyra, og velkiast i Sorgum, Audæfum og Gyrndum þessara Lijfdaga, kefiast, og færa eingvañ Avøxt. Eñ það, sem i goda Jørd fiell, eru þeir, sem heyra Orded, og bijhalda því i godu og sidsømu Hiarta, og færa Avøxt i Þolinmæde.

Hvad hefur þetta Evangelium iñe að hallda?

Christi Epterlijkingu um það þrefallda Sæde.

Hvad marger Partar eru athugande i þessare Epterlijkingu?

Tveir. Sem er Epterlijkingareñar Framsøgn. So og heñar Utlegging.

Fyrer hveria Ordsok framsette Christur þessa Epterlijking?

Það synir oss Gudspialla-madureñ i Upphafe Textans, þar hañ seiger: Þa ed margt Folk var samañ komed, og það dreif til hañs ur Stødunum, sagde hañ i Epterlijkingu. Folked flikteſt i storum Hoopum til hañs ur Stødunum, og hafde stora Epterlongun til ad heyra hañs Orde, eñ hañ var Neidubweñ til ad kieña og undervijsa þeim.

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Fyrſt; skulu Tilheyrendurner það hier læra, ad hafa stora Liſt og Epterlongun, hver i sinn stad, ad koma til Kyrkiuñar, og Guds Hwss, og flijta sier þangad, sem Dwfurnar til sinna Vindglugga. Es. 60. til ad heyra það sæluhiælplega Guds Ord, eñ eige forlæta Sofnudeñ, so sem sumer (því midur) giora. Hebr. 10. Þviad kostgiæfner og gudrækner Tilheyrendur gledia bæde Gud i Himnenum, og hans Þienara a Jordiñe.

Þar

Þar nærst; skulu Kieñendurner hier og so læra epter Dæme Christi, ad vera reidubwner og kostgiæfner ad kieña og undervijsa sijnum Tilheyrendum: Þeir skulu predika Orded og hallda ad bæde i haglegañ og o-haglegañ Tijma. 2. Tim. 4. Og so sem Fiske-maduriñ, nær hañ veit og fornemur, ad Fiskureñ geingur vel ad, þa forsomar hañ ei sijnu Nete ad wtkasta, og Fiskana ad draga; So ber þeim og siñudum ad vera, sem Meñena eiga ad veida. Luc. 5. Þegar þeir sia, ad þeirra Tilheyrendur eru æstundunarsamer og viliuger til ad heyra Guds Ord, sem Tilheyrendur Petri. Act. 10. Þa skulu þeir ei forsomunarsamer vera, Himnarijkes Nete wt ad kasta. Matth. 13. So þeir mættu fyrer Guds Naud fa eiñ luckulegañ Drautt, og viña sijnum GUde margar Sæler.

Med hverium Hætte talade hañ til þeirra?

Hañ talade til þeirra i Epterlijkingu, so sem hañ almeñilega plagade ad giora: Og Matthæus Vitnar, seigande: Þetta allt talade JEsus i Epterlijkingum til Folksens, og fyrer utañ Epterlijking-

ar talade hañ ecke til þeirra. Matth. 13. Hvad hañ giorde til þeß ad lempa sig epter þeirra Veikleika, og ad hañ med sijnu Tale uñ þau Jardnesku hlute kiæme þeim til ad þeinkia uñ þau andlegu og himnesku.

Uñ hvad talade hañ i Epterlijkinguñe?

Uñ eiñ Sædmañ, sem gieck wt ad sá sijnu Sæde; Og jafnvel þo Sæded være allt eitt hid sama, samt færde þad olijkañ Avøxt, epter þvi sem Jordeñ, er þad fiell i, var misjafn; Hvar med hañ wtmaalar Akurviñu sijns andlega Akurs, nefnilega, sijns Ords Predikun og Lærdoms o-lijku Verkan, og Avøxt hiá Meñunum, so sem vier sijdar i Epterlijkingunnar wtlegging fáum ad heyra.

Kañ hier nockur Lærdomur af ad dragast?

Já; bæde fyrer Kieñendurnar i Guds Sofnude, ad þeir lempe sig i siñe Predikun og Rædu epter Tilheyrendaña Breiskleika og Fávitsku. Rom. 6. So og fyrer Tilheyrendurnar, ad þeir forakte ecke sijna Lære-meistara, nie þeirra Lærdom, fyrer þad þeir framsetia hañ i Einfalldlegleika, og eru hiá þeim i Veik-

Veikleika, og þeirra Predikun er ei í snilldar Ordum mañlegrar Vitsku, helldur í Audsyning Andans og Kraptarens. 1. Cor. 2. Sliett og okriddud Fæda er opt sw heilnæmasta, og einfallder Lærdomar hafa opt meire og stærre Verkan, helldur eñ þeir, sem af margslags Efne eru samañblandader, so færa og þær einfolldu Predikaner opt meire Avoxt hiá einfolldum Saalum, eñ þær sem frekast eru stijladar epter Veralldariñar Hætte, og med stærre Fordilld samdar. Sa talar allra best GUds Sofnude til Uppbyggingar, sem talar þad sem er Guds Ord. 1. Pet. 4. og predikar epter þeim Hætte, sem siaalfur GUd hefur í sijnu Orde talad.

Med hverium Ordum endar JEsus sijna Epterlijkingar Rædu?

Med þessum: Þar ed hañ sagde þetta, hroopade hañ (hvar med hañ villde upphvetia Folked til ad giefa grandvarlega giætur ad því, sem hañ talade) og sagde: Hver Eyru hefur ad heyra, þad er, hverium Gud hefur giefed þar Naudar Gaafu, ad hañ kañ ad medtaka,

skilia og athuga nockud, hañ heyre, merke og adgiæte, og yfervege vel med siælfum sier, hveria Merking ad þesse mijn Epterlijking hafe.

Plagade Frelsareñ optar med þessum Hætte ad tala?

Jau; þvi nær hañ talade uñ Johañem Skijrara, og sagde hañ være Elias, sem koma ætte, þa endade hañ sijna Rædu med þessum somu Ordum. Matth. 11. Og þegar hañ hafde framsett og wtlagt Epterlijkinguna uñ Illgresed a medal Hveitesens, brwkade hañ somu Amiñing. Matt. 13. Jau, so og epter sijna Uppriſu, þa talar hañ til Eingla Samkundaña i Oveñberingum hins heilaga Johañis med somu Ordum. Apoc. 2.

Hvad vill hañ oß hier med kieña?

Þetta: Ad þad sie ecke noog ad heyra Guds Ord med wtvortis Eyrum; helldur eigum vier ad lata þad gaunga oß til Hiarta, og þad gaumgiæfilega athuga; Jau, þad sem Guð talar einusiñe til vor, ber oß med David lijka sem tvisvar ad heyra. Pſ. 62. Fyrst; med Lijk-

amans;

amans ; þar nærst ; med Sælarennar Eyrum : þeir sem alleinasta heyra med Lijkamans Eyrum, heyra einasta Roddina ; Eñ þeir fiña ecke til Kraptarens, og eru lijker þeim daufu Skurgodum, hver ed hafa Eyru, og heyra þo ecke. Pf. 115.

Utlagde JEsus eñ framar þessa Epterlijking?

Jau ; Hañ wtlagde hana merkilega fyrer sijnum Lære-sveinum, so sem vier fœum ad heyra i Textans odrum Parte.

Med hverju giefa Lære-sveinarner honum Ordsok, Epterlijkinguna ad wtleggia?

Med sijnu Spursmaule, sem og Beidne, þvi Lære sveinarner spurdu hañ ad, hver ad være þesse Epterlijking ; Evangelisteñ Marcus seger, ad þau hañ var einsamañ, þau hafe þeir, sem hiau honum voru, med þeim tolf, spurt hañ ad þessare Epterlijkingu ; hiner adrer hañs Tilheyrendur legdu hans Ord miog liited uppa Hiartad, og hofdu ei mikla Umhiggiu fyrer ad vita Epterlijkingariñar Merking ; eñ hañs Lære-sveinar, sem bæde heyrdu hañs alvarlegu Aminning, med hverre hañ Epterlijkinguna endade, so og vissu hañs Vana,

ad hañ hafde eitthvad miñisstædt alltijd i þeim iñefaled, voru uñhiggiusamer ad fa ad vita heñar rettu þijding.

Hvad kleña þeir oß med sijnu Epterdæme?

Þad, ad vier sieum ei alleinasta aastundunarsamer til ad heyra Guds Ord, helldur og aahiggiusamer ad fa ad vita þeß retta Grundvoll og Meining: Þvi ad, so sem þad giorer einum Lære-svein eckert Gagn, þo hañ heyre hvad hañs Skola-meistare les fyrer honum, hafe hañ ecke Astundan a ad skilia þad, og sier til Nytsemdar ad færa: So hofum vier og eckert Gagn af þvi, þo vier heyrum Orded, ef vier kieppunst ei epter ad skilia þad, og oß til Nytsemdar ad færa i vorum Sauluhiaalpar Efnum. Þvi sie so, þa heiter þad uñ oß, sem Postuleñ seiger uñ þa vantrwudu Israelita; Ad Orded Heyrnariñar hafe þeim ecke hiaalpad, sem ecke hafe trwad þvi, sem þeir heyrdu af þvi. Hebr. 4.

Var JEsus þa reidubwiñ til ad wtleggia þeim þessa Epterlijking?

Ja; Hañ sagde til þeirra: Ydur er unt ad vita Leindadoma Guds Rijkis;

Rijkis; Eñ þeim ǫdrum i Epterlijkingum, so ad siaande þau siae þeir eige, og aheyrande þau skilie þeir þad ecke.

Hverniñ eiga þesse Ord ad skiliast?

Ecke epter sumra Calviniſta Meiningu, hverier ad halda, ad GUD og hañs Sonur JEsus Christus hafe viliad einasta, ad hañs Lære-sveinar, og adrer hañs trwader Epterfylgiarar skylldu alleinasta skilia hañs Ord og Epterlijkingar, eñ hiner adrer skylldu ecke skilia þad, og þar fyrer hafe hañ i Epterlijkingum talad, so þeir skylldu eingeñ Not edur Gagn af þvi hafa sier til Saaluhiaalpar. Eñ þar sie læangt frau, ad vier þeinkium og dæmum so o-gudlega uñ vorn nauduga GUD, og blessada Frelsara; þar hañ lætur sitt Ord ollum opeñbera, og vill giarnañ, ad þad sie ollum Kraptur til Saaluhiaalpar. Rom. 1. Helldur eiga þesse Ord so ad skiliast, ad GUD af sinne Naud, og ecke fyrer Forbienan, gaf sijnum Lære-sveinum, og giefur eñ nu, og vill giefa sijnum Bornum og Þienurum, sem hafa Liſt og

Ept-

Epterlongun þar til, leita og spyria þar epter, ad vita og skilia Guds Rijkes, þad er, Guds Ords, og Evangelii Leindadoma sier til Sauluhiaalpar. Eñ hinir adrer, sem ecke vita, edur vilia ad hillast hañ alvarlega, og skeita eckert uñ ad leita og spyria epter þeim retta og saña Grundvelle, og þeckingu a Guds Orde, helldur haunga alleinasta vid þau wtvortis Heyrn og Lestur, frau þeim dregur hañ slijka sijna Naud, epter sijnum Straunga og rettferduga Vilia, so ad siauande þau siae þeir þad ecke, og aheyrande þau skilie þeir þad ecke. Þad er (so sem þad verdur wtlagt hiaa Gudspialla-mañinum Matthæo) þviad med siaande Augum siaa þeir eige, og med heyrande Eyrum, þau heyra þeir eige. Matth. 13. Eñ þad giefst Lære-sveinunum og odrum Guds Bornum af Naud, ad þau bæde siaa og merkia, heyra og skilia; Eñ Ordsokiñ, hvar fyrer hiner adrer siaa ecke nie skilia riettilega, er, ad þeir siaalfer forackta og frau sier kasta Guds Naud.

Hverneñ wtleggur hañ þau Epterlijkinguna fyrer þeim?

Hañ

Hañ seiger þeim bæde, hvad fyrer Sæded eige ad skiliast, sem og, fyrer þa ferfolldu Jord, sem Sæded fiell i.

Hvad seiger hañ uñ Sæded?

Hañ seiger: Eñ þesse er Epterlijkingeñ (sw retta Utlegging og Meining Epterlijkingarinñar) Sæded er Guds Ord. So sem Gud med þvi natturlega Sæde, sem hañ i Skopuneñe iñplantade Triannum, Jurtunum, Dijrunum, og jafnvel Mañunum, verkar sialfur þa natturlegu Lijfsens Tilkomu og Aukningu; so er og hañs lifande Sañleiks Ord. Jac. 1. Þad o-forgeingilega Sæde. 1. Pet. 1. fyrer hvert hañ endurfæder oß til þeß andlega og eilijfa Lijfs, og þar fyrer kallast þad Kraptur Guds til Sauluhialpar ollum trwudum. Rom. 1.

Hverium samlijker hañ vid þa fyrsta slags Saad Jord?

Þeim athugalausu og andvaralausu, sem ecke medtaka og vardveita þad rietti-lega, þvi so seiger hañ: Eñ þeir vid Veigeñ, eru þeir, sem heyra þad, eñ epter a kemur Diofulleñ, og burt-

tekur

tekur Ordeð wr þeirra Hiortum, so þeir skule ecke trwa og verða hiælpleger; So sem Sæðed fiell ad sonu utañ hiæa Veigenum, eñ ecke i Jordina; heldur var þad Fotum troðed og uppeted af Fuglum Loptsens; Eins liika af þvi, ad margra Maña Hiortu eru sem eiñ Ville-vegur, æ hverium þær syndsamlegu Lister sveima aptur og framm: Þar fyrer, jafnvel þo þeir heyre Ordeð, þa fær þad þo eingvañ Stad edur Rum i þeirra Hiortum, heldur ferst þad og fellur wr þeirra Miñe, sem Draumuren fiell Konginum wr miñe. Dan. 2. So þeir af Athugaleise fottroda þad, liika sem ein sødd Önd, þañ sæta Hunangs-Seim. Prov. 27. Hvar fyrer þeir helvijtsku Ræns-Fuglar hallda sig til þeirra, og burtrijfa Ordeð wr þeirra Hiortum, sem añars kynne þeim ad vera eitt kroptugt Trwar og Sæluhiælpar Medal; so þeir skule ecke trwa, og verða sæluholpnir, heldur ad þeir kunne ad draga þa i Fyrerdæminguna med sier; þvi so sem þad var eitt vijst Merke fyrer Pharaonis Bakara, ad hañ munde deya einum herfilegum og smæðarlegum Dauda i

Gælg-

Gaulganum, ad Fuglarner aatu ur Korfuñe a hañs Hofde i hañs Draume. Gen. 40. So er had og eitt vijst Merke hvilijkum Moñum til eilijfrar Fordæmingar, sem læta þa helvijtsku Raansfugla, Dieflana, rijfa Orded ur sijnum Hiortum; nema þeir a Tijma Naudariñar uñvende sier fra sijnu syndsamlega Athugaleise.

Hverium lijker hañ vid þa annars flags Saad-Jord?

Þeim o-stadfostu og o-stodugu, sem eru Christner uñ stundarsaker, eñ ei til Endaloka, þvi so seiger hañ: Eñ þad Sæde, sem fiell i grijtta Jord, eru þeir, sem heyra Orded, og medtaka þad med Fognude, og hafa þo ei nockra Root, hvad uñ stundarsaker trwa þeir, og a Freistingar Tijmanum þa falla þeir þar fra. Þad Sæde, sem fellur i grijtta Jord, kañ vel a litlum Tijma upp ad hioota, eñ þegar Soleñ rennur upp, breñur þad, visnar og fellur af, þvi þad hefur ecke Vokvan, fyrer hvern þad kañ ad rotfestast og vaxa. Eins geingur þad til fyrer

heim

þeim Christnu, sem o-støduger og o-stadfaster eru, þegar þeir heyra Guds Ord, þa medtaka þeir þad med Fognude ad sijnu, sem Herodes, er heyrde Johañem giarnañ, eñ nær nockur Freistíng uppa fellur, añadhvert af syndsamlegre Tillockan, Ofsókn, edur Krossburde, þa eru þeir strax reidubwner ad kasta þvi fra sier, og hlaupa sín Veg; og fa so, eins og Demas, i Tillite til hins fyrra, List til Veralldareñar, og yfergiefa JEsum. 2. Tim. 4. Og hvad þvi sijdara vidvijkur, þa skielfast þeir, hrædast, og vilia helldur yfergiefa JEsum, eñ lijda med honum. Og þetta allt kemur þar af, ad þeir hafa ecke þañ retta Vokva i sier, þad er Guds Nad, og Krapt Heilags Anda; Hvar med þeir eiga ad rotsetiast og vaxa, þesser eru sem Grased a Riafruni uppe, hvert ed visnar jafnodum, sem þad vex. Ps. 129. Og lijka sem Avexter af Ormunum stwngner, þeir ed ad sonnu kunna a Triaanum ad haanga, og synast goder i blijdu Vedre, eñ þegar Vindureñ og Stormureñ kiemur, þa detta þeir nidur.

Hver-

Hverier eru þeir, sem hann samlijker vid þær þyrnum-þöktu Jord?

Þad eru þeir, sem veralldlega og holldlega eru sinnader, þvi so tekur hañ til Orda: Eñ þad, sem fiell a millum þyrna, eru þeir, sem þad heyra, og velkiast i Sorgum, Audæfum og Girndum þessara Lijfdaga, kefiast og færa eingvañ Avøxt. So sem þad Sæde, sem þañiñ er a mille Þyrnaña, kañ ecke upp ad vaxa, helldur kiæfa Þyrnarner þad nidur; So og einneñ, hvar Guds Ord fellur, so sem i o-slegna og Þyrnum-þakta Jord. Jer. 4. Þad er, i þau Hiortu, sem hafa meire Uñhiggiu fyrer þvi Veralldlega, eñ þvi Himneska, sem stunda meir epter, ad vera rijk af Gulle, eñ vera rijk i GUde, og leita epter sijnu Ynde og Unadsemd i þeim jardneskv Holdsens Velliſtingum; Þar er þad o-møgulegt, ad þad kuñe ad fæ nockurn fullkomeñ Avøxt, helldur nidurþryckiſt þad og fortæreſt af þeim skadlegu og fordiørfunarlegu Þyrnum.

Hverju samlijker JEſus vid þær goodu Jord?

Þeim Rett-Christnu, sem ei alleinasta vilia heyra og medtaka GUDS Ord, helldur og eiñeñ vardveita þad, og færa þar af Avøxt; Þvi so seger hañ: Eñ þad, sem i gooda Jørd fiell, eru þeir, sem heyra Orded med Gudrækne og Epterlongun, og behallda þvi, sem þeim ypparsta Fiestood, i godu og sidsømu Hiarta, sem fyrer Trwna er hreinsad med JEsu Bloode, og fyrer Nad hañs Anda, prijdt med sañre Bænrækne, og Gudhrædslu, og færa Avøxt i Poliñmæde. Þad eru þeir, sem færa þa rettu Averte Idrunariñar, Trwarinnar og Riettlætesens, i eiñre sañre Poliñmæde under Kroßinum, og Støduglleika allt til Dauda. GUD giefe oß þau Hiortu, sem meige færa þvilijkañ Avøxt. Amen.

Suñudageñ i Føstu Iñgang.

Gudspialled skrifar S. Matth. i 3. Cap. og hliodar þañig.

Á þeim Tijma. Kom JEsus af Galilea ad Jordan til Johañem/

em, uppaa þad, ad hañ skijrdest af hønum. En Johañes varnade hønum þess, og sagde: Mier er þørf, ad eg skijrest af þier, og þu kiemur til mijn? En Jesus svarade og sagde: Lattu nu so vera, þviad so hafer oss allt Rettlæte upp ad fylla; Og þa liet hañ þad epter hønum. En er Jesus var skijrdur, stie hañ jafnskiart upp wr Vatninu. Og sia! ad Himnarner lukust upp yfer hønum, og Johañes sa GUds Anda ofañ stijga, sem Dwfu, og yfer hañ koma; Og sia! ad Rødden af Himne sagde: Þesse er Sonur miñ elskulegur, ad hverium mier vel þocknast.

Hvad er innefaled i þessu Evangelio?

Fyrst; Christi Skijrn. I añan Mata; sw yþarlega Opiñberun, sem skiede i hañs Skijrn.

Hvad talar Gudspialla-madureñ uñ þad fyrra?

A þeim Tijma, kom JEsus af Galilea ad Jordan til Johannem, uppaa þad, ad hañ skijrdest af hønum. En Johannes varnade hønum þess, og sagde: Mier er þørf, ad eg

skijrest af þier, og þu kemur til mijn? En Jesus svarade og sagde: Lættu nu so vera, þviad so hæfer oss allt Rettlæte upp ad fylla; Og þa liet hann þad epter honum.

Hvad marger Partar eru hier inefalder?

Prijr, nefnilega. Fyrst; um JEsu Komu til Johannem, ad hann skijrdest af honum.

Þar nærst; um þa Disputatiu og Samtal, sem JEsus og Johannes hofdu sijn a mille.

J þridia Mata; um Johannis Hlijdne i þvi ad gisra epter JEsu Beidne og Befalningu, ad skijra hann.

Med hverium Hætte verdur talad um þad fyrsta?

Þad synir oss Texten, þar so stendur: A þeim Tijma, nefnilega, þegar Johannes Skijrare var i Eydemorku, sem skijrde og predikadi Jdranar Skijrn til Fyrergiefningar Syndanna, og Staduren Jerusalem, og allt Gidinga Land, og all Lond hia Jordan, lietu sig skijra af honum i Jordan; Kom Jesus, sa allra heilagaste GUds Sonur, sem var heilagur, flecklaus og an allrar Synd-

ar/

ar, af Galilea fraa heim Stad Nazareth (hvar hañ haangad til var uppfostradur, og hafde sitt Heimele) ad Jordan, har sem Johannes haa skijrde. Joh. 1. (vid hvert Vatn ad aadur hofdu skied adskilianleg Guds daasamleg Furduverk, af hverium hesse voru hau hellstu, ad Israels Folk gieck hurrum Fotum har i giegnum. Jos. 3. Sem og Eliseus, hegar hañ hafde sundurskipt hvi med Elias Mottle. 2. Reg. 2. Og Naaman, sa Syrlendske, vard har i hreiñ af sinne Spitelsku. 2. Reg. 5. Hvert ed vered hefur Figura og Fyrerinindan uppa Christi og vora Skijrn) til Johannem, seiger Texteñ, ad JEsus hafe komed, uppa had hañ skijrdest af hønum.

Hafde JEsus horf fyrer ad laata skijra sig?

Ecke fyrer sijna eigeñ Personu, har hañ var heilagur, flecklaus, og syndugum fraaskileñ, helldur fyrer vora Skulld: Og so sem hañ hafde uppa sig teked vorar Synder, so villde haũ og eiñeñ fyrer vora Skulld laata skijra sig, a medal heirra Syndugu, til ad helga og stadfesta vora Skijrn, og vija Jordan, og

oll sñur Votn til Saaluhiaalplegrar Laugar, og rijkuglegrar Hreinsunar Syndanna.

Hvad siœum vier hier af?

Vors Frelsara Jesu innilegañ Kiærleika til vor, ad hañ, hver ed var aun Syndar, villde med Syndurunum koma ad latta skijra sig: Hañ, sem er Hofuded, villde brwka þad Medal, sem atte ad þiena, ecke honum, helldur hañs andlegu Lijkamans Limum til Hreinsunar, og Lœknesdoms; hañ, sem sa rette ypparste Prestur, og siv andlega Sattmaals Ork, villde hingad koma, og i Jordan nidurstijga; so hañ þar med stillte Guds Reide-Bylgiur, og tilreidde oß eiñ hœttulausañ Veg i giegnum allar Torfœrur, inn i þad retta Fodur-land, þad er, eiñ gledilegañ Jñgaung i þad himneska Rijke; Og so sem hañ med sinne Uñskurn hafde helgad Sacramentum þeß Gamla Testamentis, so villde hañ og med sinne Skijrn helga Sacramentum Skijrnarinnar i þvi Nija Testamente. Eiñeñ siœum vier hier hañs storu Audmijkt, ad hañ, sem ecke visse

af

af Synd, villde aasamt Syndurunum koma til Jordanar, JEsus til Johanneni, Skapareñ til Skiepnunnar, Meistareñ til Lære-sveinsens, Herrañ til Þienarans. Þvi þar hañ foracktade ecke Presta þeß Gamla Testamentis, helldur brwkadi þaa fiaalfur sier til Þioonustu, bæde i siñe Umskurn, sem og þegar hañ var i Musterinu Drottne aa Hendur faliñ. Luc. 2. Vijsade og odrum til þeirra. Matth. 8. So villde hañ ei helldur foracka Johannis Embætte, sem giorde eina Tilreidslu og Uppbyriun til þeß Nija Testamentis, þar fyrer kom hañ til Johañem, til ad laata hañ skijra sig, so ad hañ þar med þeß framar uppervade adra til ad brwka þetta Hæverduga Sacramentum.

Hvad skulum vier hier af læra?

Vier skulum læra þad af vorum JEsu, ad vera af Hiarta lijtilæater. Matth. 11. og so sinnader sem hañ var. Phil. 2. Og sierdeiles skulum vier af honum læra, ad hafa þad heilaga Predikunar Embætte og þeß Þienara i Ackte og Virdinga, koma til þeirra, aa-

lijta þau og virda, sem Christi þienara og Verkstioornara yfer hans Leindardomum. 1. Cor. 4. En ecke sia so miked epter Personanna Audvirdilegleika, sem Embættesens Yppurlegleika, hverju þeir þiena, þeinkiande, ad jafnvel þo þeir sieu misog veikleger, þa lætur Gud sin kostulega Fiesiood fyrer þau framboren verda. 2. Cor. 4.

Skijrde Johannes JEsum þa strax epter hans Beidni?

Nei: Þvi Evangelisten seiger: En Johannes varnade hønum þess, og sagde: Mier er Þørf ad eg skijrist af þier; Ecke alleinasta med Vatns-Skijrn, helldur og med þinne Ellds-Skijrn, þad er, med Heilags Anda Gaafum, ja, med þijnum Bloods Krapte, so eg hreinsest og þvoest af mijnum Syndum; Og þu, sem ert sa allra Heilagaste Guds Sonur, an allrar Syndar og Saurugleika, kiemur til mijn, sem er ein overdugur Syndare, og þinn audvirdilegaste þienare.

Fyrer hverja Ordsok veigrade Johannes sier vid ad skijra JEsum?

Ecke

Ecke af neinnre Siervitsku, helldur af Audmijkt, ad hañ ætleit sín Audvyrdilegleika, og JEsu Personu Yppurleg-leika, og sannarlega þa hafde hañ noga Ordsok þar til; því hafe hañs Moder Elizabeth undrad sig þar yfer, ad Maria JEsu Moder kom til hennar, seigande: Hvadann kiemur mier þetta, ad Moder DRottens mijns kiemur til mijn? Luc. 1. þa mætte Johannes framar forundra sig þar yfer, ad sa allra hædste og hei-lagaste Gulds Sonur, og HErra yfer øll-um Herrum, kom til hans, sem var þo einn fatækur Syndare; Ja, eiñ aumur og audvyrdilegur Þienare (so sem hañ sialf-ur medkienner sig ad vera. Matth. 3.) uppa það hañ skijrdest af honum.

Hvern Lærdom kunnum vier hier af ad draga?

Þeñañ, ad sierhverium Christnum Mañe, og sierdeiles Christi Þienurum, ber med Johañe ad þeckia sín eigeñ Overd-ugleika, ad þeir sieu overduger og onyter Þionar. Luc. 17. Vier kuñum það og hier af ad læra, ad vier gietum ecke komed til JEsum, utan þess ad hañ, ad fyrra bragde, kome til vor, med síne Nad, og eckert Gagn kuñum vier ad hafa, hverke af Johañis

nie añara Guds þienara Embætte og Skijrn, ef siælfur JEsus er oss ecke nælægur med sijne Blods og Vatns-Skijrn.

Enn hverju svarade JEsus hier til?

Hañ svarade og sagde til hans: Lattu nu so vera, veigradu þier ei vid ad gisra epter minne Beidne; Þviad so hæfer oss allt Riettlæte upp ad fylla; Sem villde hañ seigia: Mier, sem þeim saña Meßia, og Veralldarinnar Frelsara ber, ej alleinasta, med minne Pijnu og Forbienustu, ad wtvega Mañunum þad saña Riettlæted, sem fyrer Gude gylder, helldur ber mier og eijnen ad helga og stadfesta þau Rettlætingarinnar, og Sauluhiaalparinnar Medol; So og ber þier uppa þijna sijdu, ad fullkomna þijns Embættes Riettlæte og Skylldu i þvi ad skijra mig, so vel sem adra, þau er til þijn koma, og þess af þier oska.

Hvad lærum vier hier af?

Þad, ad allu Riettlæte byriar upp ad fyllast, þviad so sem vor JEsus hefur sitt Riettlæte, (edur sijna Embættes Skylldu uppfyllt,) og oss þad saña Riettlæted wtvegad; Eins byriar oss vort Rettlæte (edur

(edur vora Embættes Skylldu) ad uppfylla, og fyrer Trwna oß hans Niettlæte ad tileinka, og einkañlega ber einum og sierhverium ad giora þad, sem hañs Christendoms og Embættes Skyllda wtkrefur.

Liet Johannes sier þaa segiast?

Jaa; þvi þaa liet hañ þad epter hønum, hañ giørde epter hañs Vilia, og skijrde hañ, þo med stædstu Audmijkt og Hiartans Lijtilæti.

Kunnum vier nockud hier af ad læra?

Jaa; Vilie vors Frelsara JEsu skal vera hañs Barna og þienara Regla: Hvad hañ seiger þeim, þad skulu þeir giøra, Joh. 2. Og ecke leinge raadgast þar uñ vid Holld og Blood.

Hvad skiede þegar JEsus var Skijrdur?

Þad syner oß Evangelistеñ, þar hañ seiger: Eñ er JEsus var Skijrdur, stie hañ jafnsnart upp wr Vatnenu: þvi hañ hafde þeß ej Þorf, sem adrer þeir ed skijrder voru, ad Johañes kiende hønum, edur aminte hañ: Gudspiallamadureñ Lucas seiger, ad hañ hafe bedest fyrer, epter þad hañ var skijrdur; Og

siaa,

sia! þa lukust Himnarner upp yfer hønum. Marcus seiger, ad Himenen hafe opnast, þad er ad skilia, med einre sierlegre Fegurd og Dijrd. Marc. 1. Og Johannes sa Guds Anda Ofanstijga sem Dufu, þad er, i lijkamlegre Mind, sem eina Dufu, Luc. 3. Og yfer han koma. Og sia; þar kom ein skiær og fogur Hattignar Raust af Himne, sem var Guds Fodurs Rodd, er sagde: Þesse er Sonur min Elskulegur, hvern eg hefe fædt fra Eilijfd. Pf. 2. Hver, þo han sie fæddur ein Madur, epter sijnum Manndome, þa skal han þo kallast og vera min Sonur. Luc. 1. Ad hverium mier vel þocknast. Han er komen til ad gisra min Vilia. Pf. 40. I þvi ad endurleisa Mannkyned, so mitt Aform mun fyrer hans Hønd framganga. Es. 53. og Sala mijn hefur Giedþeckne a hønum. Es. 42.

Hveria Lærdoma og Gudrækilega Þanncka kunnum vier hier af ad draga?

Fyrst; þessa, Ad vier, sem erum skijrder med Christo, skulum daglega upprijsa af Syndunum, og ganga i einu nyu

nyu Lijferne, Rom. 6. Jæa, vier skulum bidia Gud um Nad sijns Heilaga Anda, ad vier mættum stadfastlega i Miñe hafa, so vel þa Nad, sem oß er af Gude i Skijrneñe giefeñ, sem þañ Sattmæla, er vier hofum þar vid hañ giort.

J añañ mæta; þa er hier eiñ stadfastur og ooraskanlegur Vitnisburdur þar um, ad þad sieu þriær Personur i eiñre guddomlegre Veru; Fodursens Rodd heyrdest af Himne, sem talade uñ siñ Son, sem stood, og var skijrdur i Jordan, og sa Heilage Ande kom yfer hañ i Lijkingu eiñrar Dwfu.

J þridia Mæta; J Skijrneñe veitest oß stor Nad og Sæluhiælp; Þar opnast fyrer oß bæde GUds Nadar og Dijrdar Himen, þar medtekur og þecker GUd oß fyrer sijn elskuleg og þocknanleg Børn i þeim elskulega, i hverium hañ took oß til Nadar; Eph. 1. Jæa, GUd hefur i Skijrneñe rijkuglega wthellt sijnum goda Heilaga Anda yfer oß: Tit. 3. Og i henne medtokum vier hans Nadar Gæfur til Fyrergiefningar Syndaña. Act. 2.

J fioorda

J fioorda maata; þau ber oß alltijd i Mine ad hafa þessa storu Gluds Naad, og vorrar Skyldu ad minnast, og siau vel til, ad vier apturlokum ecke Himnenum med vorum Syndum, hverium Gud med sine Naad herur oß upploked, nie hriggium Heilagañ Anda, med hverium vier erum insiglader uppa Dag Endurlausnareñar. Eph. 4. Helldur skulum vier stunda ept-er ad vera Gluds Epterfylgiarar og kiær-ustu Born. Eph. 5. og fyrer Leidsogu Heilags Anda gaanga verduglega fyrer DRottne til allrar Þocknunar. Col. 1. uppaa þad vier mættum vera hans þock-nanleg Born i Christo, hier i Naad, og þar i Eilijfre Dijrd og Saaluhiaalp. Amen.

Fyrsta Sunnudag i Fostu.

Gudspialled stendur skrifad hiaa Matth. i 4. Cap. og hliodar, sem epterfylger.

J þann Tijma. Þaa var JEsus leidd-ur af Anda aa Eydemørk, upp-aa þad, ad hann yrde freistadur af Diøflenum. Og þaa hañ hafde fastad fiørutiju Daga, og fiørutiju Natta, hung-

hwngrade hañ. Og freistareñ gieck til hans, og sagde: Ef þu ert Guds Sonur, þa seig þu ad Steinar þesser verde ad Braudum. Hverium hañ svarade, og sagde. Skrifad er, Madureñ lifir ecke af einu samañ Braude, helldur af sierhverju Orde, þvi sem framgeingur af Guds Munne. Þa tok Diofulliñ hañ med sier i Borgena helgu, og sette hañ uppa Musteris-Bustina, og sagde til hañs: Ef þu ert Guds Sonur, fleig þier hier ofañ af, þviad skrifad er, ad hañ mune bioda Einglum sijnum uñ þig, ad a høndum bere þeir þig, so ad þu steiter ecke fot þiñ vid Steine. Eñ JEsus sagde til hans: Eñ aptur er skrifad, eige skalltu freista DRottens Guds þijns. Og eñ aptur flutte Diofulleñ hañ med sier, uppa eitt miog ofurhatt fiall, og synde hønum øll Rijke Veralldareñar og þeirra Dijrd, og sagde til hans. Allt þetta mun eg giefa þier, ef þu framfellur og tilbidur mig; Þa sagde JEsus til hans: Far i burt fra mier Andskote, þviad skrifad er; DRotteñ Gud þiñ skalltu tilbidia

bidia og hønum einum þiona. Þá forliet Diofulleñ hañ. Og sía þu, ad Englar komu til hañs og þionudu hønum.

Um hvad talar þetta Evangelium?

Um Christi Freistingar i Eyde-merkeñe, hveriar ad sundurskiptast i þriá Parta, Og talar sá fyrste.

Um þeirra Jñgaang, edur Christi Vtleidslu á Eydemørkena til ad freistast.

Añar, um þeirra Framgaang, edur Freistingarnar i siálfu sier.

Þridie, um þeirra Utgaang, edur gledilega Sigurviñingu á Freistingunum.

Hvad talar Gudspiallamadureñ i þeim fyrsta Partinum?

Hañ seigir: Þá var JEsus leiddur af Anda á Eydemørk.

Nær skiede þesse Christi vtleidsla?

Þá, so sem Gudspiallamadureñ Marcus seiger; strax epter þad hañ var skirdur i Jordan af Johanne, og var lijka sem viigdur af þeßare Heilags Anda synilegre Yferkomu, ásamt Fodursens Raust af Himninum.

Hvad

Hvad siœum vier hier af?

Fyrst; þetta, ad lijka sem Christur strax epter sijna Skijrn mautte gœnga wt a Eydi-morkina til ad freistast, so hañ var valla uppstijgeñ ur Añe Jordan, þegar hañ hlaut aan tafar ad gœnga sem i Freistingaña Eld: Eins lijka maa og sierhvert GUds Barn, sem i Skijrneñe hefur ifœrt sig Christo, strax til reidu vera ad lijda Freistingar med honum. Act. 14.

Þar nœrst; So snart eiñ Christi Þienare tekur uppa sig þad heilaga Embœtte, þa maa hañ strax tilbwa sig ad gœnga lijka sem wt a Eydemorkena med Christo, til ad freistast af Diosflinum. So snart sem Petur hafde feinged þa Befalningu af Christo, ad fœda hañs Saude, þa fœr hañ under eins Advorun uñ þau Bond, sem hañ mune a sijnum Tijma med bundeñ verda, fyrer Christi Nafns Saker. Paall er ei fyrr wtvaleñ af Christo til þeß heilaga Postullega Embœttes, eñ Krosseñ og Pijslernar eru honum og so wtdeildar, þvi so seiger DRotteñ: Þesse er mier wt-

valed Verkfære, ad hañ bere mitt Nafn fyrer Heideñ Lijd og Konga, og fyrer Jsraels Børn, eñ eg vil syna honum hversu mikid hañ skal lijda fyrer mijns Nafns Saker. Act. 9.

J þridia Maata; Þad er i øllum þessum Hormungum þesse þeirra Huggun, ad so sem Christur styrktest i þeirre dijrdarlegu Openberun, sem skiede i hañs Skijrn, og lijka sem tilbio sig ad standa a mote Freistingunum; So vill Gud og fyrer sijna Naad, hæde tilbwa sijn Børn og Þienara a mote Freistingunum, so og vidhallda þeim i þeim hinum somu.

Med hverju mote var JEsus burtleiddur?

Ecke naudugur, helldur siælfviliugur, eñ þo synist hañ ei ad hafa verid burtrickter af Andanum, so sem Philippus. Act. 8. Helldur hafe hañ af sierlegre Andans Tilladan og Leidslu geinged wt a Eydemorkina, sem sia ma af Ordum Lucæ Gudspialla-manns, þar hañ seiger, ad JEsus fullur af heilogum Anda hafe komed aptur fra Jordan, og færst af Anda i Eydemork.

Af

Af hverium var hann færdur?

Af Anda, nefnilega, þeim sama goda Anda Guds, sem yfer hañ kom i Skijrneñe: Þviad fra Skijrneñe kom hañ fullur af Heilsgum Anda. Luc. 4. og sa same Ande dreif hañ a Eydemork.

Hvad skulum vier hier af læra?

Þad, ad vier skulum ecke sialfer hrinda oß i Freistingarnar, helldur laata Gud leida oß og hañs Anda, uppa þad, ad hañ leide oß i gegnum þær, Ja uppa þad hañ hialpe oß i Freistingunum, og wr þeim aptur.

Hvert var hann leiddur?

A Eyde-mork, til eins Eyde-Stadar, laangt fra Manna-bygdum, og Umgeingne, hvar hañ var med Villu-Dijrum: Hvad fyrer ein Eydemork þad hafe verid, kunna Menn ecke eigenlega ad vita: Nockrer meina, ad hun hafe vered a mille Jerusalem og Jericho: Adrer hallda, ad þad hafe vered sw stora Eydemork, med þvi þad er ei framar umm hana gieted eñ so, ad hun er kollud Eyde-mork.

Hvern Lærdom kunnum vier oß hier af ad taka?

Þennañ, ad Eyde-merkeñ er sæa Eyde-Stadur, uñ hvern þeir ohreinu Andar hellst raæfa. Luc. 11. J hverium og Satan fær hellst Tækefære til ad brwka sijnar Freistingar: Hvar fyrer ad GUds Børn skyldu, þad mesta mogulegt er, uñflija ein ad vera i Eyde-stodum; Helldur miklu framar adhillast Samkvæme og Samfielagskap Gudhræddra Manna, so þau falle ecke i Freistne.

Til hvers var JEsus leiddur æa Eyde-merk?

Uppæa þad hañ yrde freistadur af Diøflinum.

Hvar fyrer villde hann læxta sijn freista?

So hañ þar med yferinne þañ helvijtska Freistarañ, sem med sijnum Freistingum hafde yferunned þañ fyrsta Mañ Adam, og uppæa þad hañ yrde reindur i vorum Breiskleika, og kynne ad hafa Sampijning med honum. Hebr. 5. Og koma oß til Hiælpar i Freistingunum, so vier verdum þæa ecke of huglitler, helldur framkvæmum allt vel æa þeirre vondu Tijd, og bijhølldum Sigrinum. Eph. 6.

Hvad

Hvad talar Gudspialla-madurenn i þeim odrum Parte Gudspiallsens, eg meina, uñ Freistingarnar siælfar?

Og þa hañ hafde fastad fiorutiju Daga, og fiorutiju Natta, hwngrade hañ.

Med hvad morgum Freistingum freistade Diofullenn Christi?

Med þremur; Þviad, fyrst, stundade hañ epter ad koma honum til Efaseme. Þar nærst; til Ofdirfsku. Og i þridia sin, til vondrar og otierlegrar Ragyrndar.

Af hverju tekur hann Tilefne til þeirrar fyrstu Freistne?

Af því ad Christum hwngrade, epter þad hañ hafde fastad i fiorutiju Daga, og fiorutiju Nætur.

Hver og hvilijk var þesse Christi Fasta?

Hañ hiellt sig alldeiles fraa allre lijkamlegre Fædu, því Evangelistenn Lucas seiger, ad hañ hafe einskis neitt at þeim Dogum. Þo var þad eingenn natturleg Fasta, helldur furduleg og yfernatturleg, jaa, laangtum furdanlegre, enn Fasta Mosis og Eliæ, hverier so leinge fostudu,

þo ei fyrer sín eigen, heldur fyrer sierlegan Guds Krapt, sem a medan vid hiellt þeim.

Hvad gaf Christur til Vitundar med þessare sinne Fostu?

Almætte sínar guddomlegrar Natturu; lijka sem hans Hwngur var ein Bevijsing uppa hans mandomlegrar Natturu Veikleika.

Hvar fyrer villde hann þanniñ fasta?

Ecke þess vegna, ad hann villde þar med inísetia edur stadfesta nockra Papisklega Fostu, hver framar er lijk daglegu Giestabode, en einre Fostu; heldur villde hann þar med betala fyrer vorra fyrstu Foreldra, og vora Ofneitslu, Ofaat, og Ofdryckiu; Einen villdi hann med þessare Fostu, so sem tilreida sig og tilbwa a mote Satans Freistingum; og þar med syna oss, ad Bæn og Fasta er eitt gott og þienanlegt Medal, bæde til ad veita Diofslinum Motstodu, sem og til ad adhillast Gud; þo skulum vier ecke þeinckia, ad siw lijkamlega Fasta sie Gude þoknanleg, utan þess hun sie samteingd þeirre rettu andlegu Fostu, hver i þvi er inne-

innefaliñ, ad Menn sicae vid Syndum, og epterfylge Guds Bod-ordum og Vilia.

Hvernenn uppbyriar þæa Satan sijnar Freistingar vid Christum?

Evangelisten seiger: Og Freistarenn, þad er Diofullenn, gieck til hañs, aan alls Efa i einnre uppateknre synilegre Mind, og sagde: Ef þu ert Guds Sonur, so sem Roddenn sagde, er nijlega heyrdest yfer þier vid Jordan, uppæa hveria þu vonar og forlætur þig i þessare þinne langvaranlegre Fostu, og mikla Hvngre henne medfylgiande; þæa seig þu, biood og befala þu, sem einn almattugur Guds Son, ad Steinar þesser verde ad Braudum, hvad þierer audvellt ad giora; Enn gieter þu þad ecki, þæa treister þu forgiefens uppæa þessa Rodd.

Epter hverju stundar þæa Satan med þessare Freistingu?

Hañ stundar, fyrst, þar epter, ad hañ kunne ad koma JEsu til ad efa umn sijns himneska Fodurs Ord og Lofaner; Þar nærst, ad hañ kunne ad fella hañ i Vantrw og Orvænting; Og i sijdasta Mæ-

ta, ad koma honum til, ad grijpa til Oleifilegra Medala.

Freistar hañ eñ nu Guds Barna med þessu Mote?

Jæa, tijtt og opt, nær hañ annadhvert i andlegu edur lijkamlegu Hwngre, Skort og Efnaleise, stundar epter ad koma iñ hiaa þeim efasemum Þonckum, uñ Guds fødurlega Forsioon, og trwfastar Lofaner, so hañ kunne ad hrinda þeim i heidinglega Bwksorg, og koma þeim til ad segia: Hvad eigum vier ad eta, eda hvad eigum vier ad drecka? Matt. 6. Og ad hafa Efasemdar Nædur uñ Guds nædduga Nærveru, og Forsioon, so til Orda takande, sem Gedeon; Miñ Herra, sie Drotteñ med oß, þvi hender oß þæa allt þetta; fellande þau i Vantrw og Orvænting; Hañ vill og ad þau skule fyrerskrifa Glide Tijma, Medøl og Mæta til ad hiælpa, so sem gierdu Borgararnir i Bethulia, og taka til oleifilegra Medala, annadhvert til ad stela, edur oleifilegra Konsta, ad vilia þar med giøra Braud af Steinum.

Hverneñ

Hverneñ motstod JEsus þessare Satans Freistingu?

Hañ svarade, og sagde: Skrifad er, Madureñ lifer ecke af einusamañ Braude, helldur af sierhverju Orde þvi, sem framűgeingur af Guds Munne.

Hvar finnast þesse Ord uppteiknud? Og hver er þeirra eigeñleg Meining?

Ordeñ finnast uppteiknud i Deut. 8. Og þesse er Meiningeñ: Gud hefur ad sonnu skapad Brauded Manneskiunne til Fædu og Lijfs Upphelldis; þo er hañ ei so bundeñ vid Brauded, ad hañ kunne ecke ann þeß, med sijnu kroptuga Orde, med hverju hañ ber og vidhelldur ollum Hlutum, nær honum so þocknast Maneskiunne vid Lijfed ad hallda: Þvi Brauded vidhelldur ecke Lijfinu alleinasta, helldur Guds Ord, og hañs Blessan, og ei kañ helldur Brauds Skortureñ ad gjora Skard edur Brest a Guds Orde og Fyrerheitum.

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Þad; Hverniñ vier skulum motstodu veita Diofulsens Freistingum; vier

skulum ecke hafa laungt Samtal vid hañ, helldur strax grijpa Sverd Andans, hvert ad er Gluds Ord; Eph. 6. og bera þad, sem eiñ Skiold, fyrer oß at mote Satans forgiftugum Pijlum, og reida oß uppa Gluds Ord og trwfastar Lofaner, sem alldrei bregdast, hvad beiskt og mæduſamt sem oß synist vort Stand vera.

Hverneñ freistar Diofulleñ þar Christs eñ framar?

Þad syner oß Evangelisten, segiande: Þa tok Diofulleñ hañ (ecke fyrer eina Syn eda Jñbirling, helldur lijkamlega) med sier i Borgena helgu, þad er i Jerusalem. Luc. 4. Og sette hañ uppa Musteris Bustena, edur hædstañ Topp, fyrer Tillatssemi Guds, og ecke at mote Christi eigeñ Vilia, og sagde til hañs: Ef ad þu ert Gluds Sonur, sem hañ sagt hefde; med þvi ad þu treister so miked þar uppa, ad Glud kunne ad forsorga þig, jafnvel at Brauds, þa fleig þier hier ofañ af, þessare Hæd, og hættusama Stad, og bevijssadu med Verkunum, ad þu hafer so stadfasta Von til þijns Himneska Fodurs,

urs, so gierer þu þier eitt stort Nafn, og stora Hroosun, því þar hallda aller þig fyrer GUds Son.

Med hverju gefur Satan þessare síne Freistingu eitt fagurt Yferskyn og Alit?

Med því ad hañ framsetur Ritningarinnar Ord, og vill þar med syna, ad hañ sie ecke minne eñ Christur: Því at skrifad er, seiger hañ, ad hañ, þader Gud, mune bioda Einglum sijnum umñ þig, ad a Høndum bere þeir þig, so þu steiter ecke Fot þiñ vid Steine.

Hvar standa þesse Ord skrifud?

I Psalminum þeim 91.

Framsetur hañ Ordeñ riett?

Nei: Hañ stelur undañ þeim hellstu Atridis Ordum, a ollum þijnum Veg-um, hver Ord hañ vißi vel ad voru sier a mote, og þessa Viela-Kroka brukar hañ, og þeir Fals-kieñendur, sem falsa og rangfæra GUds Ord.

Epter hverju stundar hañ med þessare síne Freistingu?

Hañ stundar þar med epter lad iñ-smeigia

smeigia hiæa Christo storum þonckum og þotta um̃ siaalfan̄ sig, og vill med Ofdirfsku koma honum til ad freista Guds, og gaanga ut yfer Takmork sijns Kalls og Embættis.

Freistar han̄ eñ nu Guds Barna med þessum hætte?

Jaa opt, nær han̄ giorer Meñ hofmoduga og drambsama af þvi goda, sem hiæa þeim finnast kan̄, og kiemur þeim til ad treista uppaa siaalfa sig, og sin̄ eigen̄ Fromleika, iñsmeiger þeim þæncka iñ hiæa þeim, ad þeir mune alldrei falla. Pf. 30. so sem han̄ gierde Petre. Matt. 26. Jaa, han̄ upphvetur þaa til Ofdirfsku ad freista Guds, og ad gaanga ut fyrer þeirra Christindoms, og Embættes Takmork, med Ritningarin̄ar Wtleggingu og heimfærslu.

Hverju svarar Frelsaren̄ honum uppaa þessa Freistingu?

Þad siaum vier i Textanum, þar so stendur: Eñ JEsus sagde til hans; Eñ aptur er skrifad; Eige skalltu freista DRottens Guds Þijns, hvad eg vissulega gierde, þar sem eg aa̱n Naud-

synia,

synia, þier til Vilia, fleigde mier hier ofañ af.

Hvad kieñer JEsus oß hier med?

Þetta, ad nær Satan med Skriftariñar raungfærdum Framburde vill svijkia oß, þa skulum vier samañbera eina Ritningariñar Grein vid adra; So eitt heñar Ord wtlegge añad, og mun þa audveldlega þeckiast hans Vielrœde, þvi sa sañorde GUd er ejngvañveigeñ at mote sialfum sier i sijnu Orde.

Liet Diofulleñ hann epter þetta vera i Fride?

Nei, vijst ecke; þvi so seiger Texteñ: Og eñ aptur flutte Diofulleñ hañ med sier, uppa eitt miog ofur hatt Fiall (hvert Fiall ecke wtbryckilega nefnt verdur) og at einu Augabragde. Luc. 4. synde hønum øll Rijke Veralldarennar og þeirra Dijrd, so vijdt, sem af þvi sama Fialle kuñe ad sia allt i krijng, edur sette hønum þad fyrer Sioner, so sem i eiñre Syn, og sagde: Allt þetta mun eg giefa þeir; þvi þad er mier i Hendur feinged, og hverium eg vil, hønum gief eg þad, Luc. 4. Ef þu þecker mig

fyrer

fyrer þiñ Yfirherra, framűfellur, og tilbidur mig.

Epter hverju sækir Satan med þessare Freistingu?

Sa bligdunarlause Ligare, hver ed tilleggur sier þad, sem hañ atte ecke eitt haar, edur þad minsta Korn af, hañ sækir epter ad koma Christo til ad aagyrnast Veralldariñar forgeingilegt Gots, og fæanyta Vegsemd, og vill koma hønum til ad falla fra Gude, og giora hañ ad Afguda Dijrkara.

Freistar hann eñ þa Mannanna med þessu Mote?

Ja vissulega; þegar hañ uppfiller þeirra Hiortu med Agirnd, og Gijrugleika, þegar hañ kiennir þeim til, ad tilbidia siñ Mammon, ad yfergiefa GUD og fa List til Veralldariñar, sem Demas 2 Tim. 4. og iñsender i þeirra Hiortu slæma og fordæmanlega þancka. &c.

Hverju svarade JEsus Diofslinum uppa þessa hans Asækne?

Hañ skipade hønum vtþryckilega fra sier, segiande: Far i burt fra mier And-

Andskote (vijstu i burt, þu ohreine og fvle Ande, med þessa þijna bligdunar lausa Beidne) Þviad skrifad er: Drotteñ Gud þiñ skalltu tilbidia, og hønum einum þiona. Devt. 6.

Hvad Kieñer JEsus oss hier med?

Þetta; Ad nær Diofulleñ vill freista vor med þvilijkum syndsamlegum, vidurstyggilegum, og hrædilegum Þonckum, og Jñblæstri, þa skulum vier ei giefa oss til ad hallda Sauntal vid hañ, helldur wtþryckilega vijsa honum frai oss, sem einum Ligeñar Fodur, og Forrædara; og seigia til hañs sem Eingelleñ; Zach. 3. Drotteñ straffe þig Satan: Og skulum einasta adhillast GUD, og hañs heilaga Ord.

Hvern Enda og Utgang hefdu þau sijdast Freistingarnar a mote Christo?

Þar uñ talar Evangelisteñ so ad sijdustu: þa forliet Diofulleñ hañ: Hañ mautte med Skoñ vijkia i burtu, epter þad hañ hafde licktad allar þessar Freistingar. Luc. 4. Þad er, med sijnum morgum hordum Freistingum giort JEsu hvad hañ gat, og kuñe þo eckert a hañ

hañ ad viña; Þo veik hañ fræa hønum uñ stundar saker, en sijdar ofsokte hañ hañ med sijnum vondum Verkfærum og Limum.) Og siaa þu! ad Englar komu til hans, þad er JEsu, efalaust i synilegre og uppvaxtekeñe Mind, sem hiaa Lucam i 22. Cap. Og þionudu hønum; Ei alleinasta hañ tilbidiande og dijrkande, sem þañ mikla Engel Guds Auglites, oskande hønum til allrar Lucku, med sijna gledilega Sigurviñingu yfer Diosinum, helldur og þionudu þeir hønum, og maa skie þeir hafe bored hønum Fædu, so sem Engilliñ fordum Eliæ: 1. Reg. 19.

Hveria Huggun hofum vier hier af?

Þad er oß yfermæta stor Huggun, ad Christur hefur vorra vegna Satan yferuñed, so vier kuñum nu fyrer hañ Diosinum yfersterkare ad vera, og Sigrenum ad hallda; Ef vier vilium allein-asta veita Diosinum Motstodu, þaa skal hañ fræa oß flya, vier skulum nælægia oß Gude, so nælæger hañ sig oß aptur, med sijnum Heilogum Englum. Jac. 4. Hvar til Gud giefe oß sijna Næd fyrer Christi Forþienustu Amen.

Añañ

Annañ Sunnudag i Fostu.

Gudspialled skrifar S. Matth. i 15. Cap. og hlioodar þañig.

Ä þañ Tijma. Og JEsus gieck burt þadañ, og for i Lands ælfur Tyri, og Sydonis. Og sia þu! ad Canversk Kona gieck wt af þeim sømu Takmørkum, kallade og sagde: Herra, Sonur Davids, miskuna þu mier! mijn Dotter kvelst illa af Diøflinum. Og hañ svarade henne eingvu Orde. Hañs Lære-sveinar geingu til hañs, baadu hañ og søgdu: Lattu hana fara, af þvi hun kallar epter oß. Eñ hañ svarade, og sagde; Eg em ecke sendur nema til fortapadra Sauda af Hvse Israels. Eñ hun kom, og til bad hañ, segiande, Herra, hialpa þu mier. Eñ hañ svarade heñe, og sagde. Þad er ecke gott ad taka Brauded Barnaña, og kasta þvi fyr er Hundana. Eñ hun sagde, satt er þad Herra. Eñ þo eta Hundarner af Molum þeim, sem detta af Bordum

Drottna peirra. Þa svarade JÆsus, og sagde til hennar: Þu Kona, mikil er þijn Trwa, verde þier so sem þu villt. Og a peirre sømu Stundu vard hennar Dotter heilbrigd.

Uñ hvad talar þetta Gudspiall?

Uñ þa Canversku Kvinnu. Fyrst; so mikid sem adhrærer hennar Komu til Christum. Þar nærst; hennar Trwar Barattu vid Christum. J þridia Matta; hennar Trwar Sigurviñingu yfer Christo.

A hverium Tijma kom sw Canversku Kvinna til Christum?

Þad seiger oß Gudspialla-madureñ, þar hañ so talar: Og JÆsus gieck burt þadañ, og for i Lands-alfur Tyri og Sydonis.

Hvar fra ferdadest hañ þangad?

Fra Galilea, edur Genezaret. Eñ þangad hafde hañ reist fra Judea, fyrer þad, ad Gidingarner og Herodes søktu epter ad lijflata hañ. Luc. 13. Eñ sw var Ordsøkeñ, hvar fyrer þeir villdu hañ lijflata, ad hañ hafde straffad nockra

nockra af Skriftlærdum og Phariseis, sem til hañs voru komnir frá Jerusalem fyrer þeirra Villu, bæde í Lærdome og Lifnade; hañ veik frá Judea, því hañ sá og fornam ad Gydingarner skeittu lijted uñ hañs Lærdom.

Hvert gieck hañ þá?

Hañ gieck í Lands-ádalfur Tyri og Sydonis, hvar Heidingiarner biuggu.

Hvad fyrer Stader voru Tyrus og Sydon?

Þeir voru til forna tveir mecktuger og rijker Kaup-stader, sem urdu sijdar, fyrer þeirra Afguda-Dijrkan, stora Pragt, og adrar Synder, vilduges eydelagder.

Hvern Lærdom kunnum vier hier af ad draga?

Fyrst; þeñan, ad nær JEsus, hañs Ord og Þienarar, verda foracktader, og ofsóktir í einum Stad, so fara þeir til eins annars Stadar; Sie JEsus ofsóktur í Judæa, þá fer hañ til Galileam, og skeite Meñ þar lijted um hañs Ord, þá geingur hañ í Lands Alfur Heidingianna. Forackte Gidingarnir Guds Rijke og frambodna Nád, þá snijst hun til Heidingianna. Act. 12.

Þar nærst; ad jafnvel þo Christur, þad hañs Spaamañlega Embætte vidvéik, være, so sem hañ sialfur sijdañ medkiende, alleinasta sendur til fortapadra Sauda af Hvse Israels, og i þañ Mauta Umskurnarinnar, þad er, þeirra umskornu Gidinga, Þionustu-madur. Rom. 15. Þo samt ferdadest hañ þo nockrum sinnum ad sijnum Hiervistar-Dogum i Lands Alfur Heidingianna, hvar med hañ villde til Vitundar giefa, ad sat Adgreiningar Midveggur, sem giordur var ad mille Gidinga og Heidingia, skylde nidurbriootast. Eph. 2. Heidingiunum var og sendt þetta Guds Hiálpraad, so þeir skylldu þad heyra. Act. 28.

I þridia Mauta; þar er eingeñ Stadur so stor og mektugur, ad Synd og Ogudlegleike hafe ecke kunnad honum ad kollkasta; Þar um hañ Tyrus og Sydon, No og Ninive, Jerusalem og adrer fleire Vitne ad bera.

Hvad talar Evangelisten um Personuna, sem kom til Christum?

Hañ kallar hana Canverska Konu, þad þennar Ætt ahrærer, þar hun var af

af Cana, Canaans, og Cananitanna Afkvæme; Marcus seiger i 7. Cap. ad hun hafe vered Grisk, thad er, ein Heideñ Kona; Epter thvi sem Sidvane er i Skriftenne ad tala, og hañ nefner hennar Fodur-land, thar hañ seiger, ad hun hafe vered af Syrophænice, edur af thvi Lande Syrophænicia.

Hvad siæum vier hier af?

Thad, ad GUd kañ ad uppvekia af syndugum Forfedrum goda og froma Afkomendur: Vier siæum og, ad Heidingiarner hafa opt giort Gidingunum Skoñ til, og giora eñ nu opt theim Christnu. Matth. 8. So sem thesse Canverska Kvinna, er hier wtgeingur, og med Kostgiæfne leitar epter JEsu, i stadeñ fyrer thad, ad hans eigeñ, nefnilega Gidingarner, æa medal hverra hann var fæddur og uñgeckst, villdu hañ ecke medtaka. Joh. 1.

Hvad knwde thessa Heidnu Kvinnu til ad koma til JEsum?

Hennar store Hws-Kroß; Marcus seiger, ad hennar wnga Dotter hafe haft ohreinañ Anda. Marc. 7. Af hverium

Dæmonium Anda hun var illa plagud, so sem Modurenn sialf klagar fyrer Christo, ellegar kann skie, hun hefde ecke komed til JEsum, helldur blifid i sijnu Fodurlande, og i sijnum fyrre Heidendoms Blindleika.

Hvad sicxum vier hier af?

Krossens Nytseme og Gagn, med hverium Gud dregur marga til sijn, sem annars mundu vera honum fiærlæger; Sa sem er i sinne Velmakt, sem Mephiboseth, halltur a badum Fotum. 2. Sam. 19. Og kañ seint edur skialldañ ad hafa feinged sinn Asna sodladañ, til ad koma til Guds, heim hinum sama kañ Krossenn fætur ad fa ad gaanga a, sem Elldurenn af Absalons Sveinum uppkveiktur a Joabs Bygg-Akre, giorde honum. Par fyrer er oss pad fyrer Gott du, pegar DRottenn lijtelækar oss, hvar a kunnum vier ad læra hans Riettinde. Ps. 119.

Hvad giorde pa pesse sorgfulla Moder i sinne Neyd?

Hun wtgieck af sinnar Fostur-Jard ar Landamerkium. Evangelisten Mar

u

us seiger, ad JEsus hafe geinged inn i eitt Hws, og hafe þad eingvann viliad vita lauta, enn hann fieck þo ei dulest: Þviad ein Kona hafde heyrt af honum, hverr ar wng Dotter hafde ohreinann Anda; Og hun kom og fiell nidur fyrer hans Fotum, og hun bad hann ad reka wt Diofulenn fraa Dottur sinne: Eñ Gudspialla-madurenn Mattheus seiger, ad hun hafe kallad epter honum ꝛc. So þad synist, ad hun hafe fyrst komed til Christum, þegar hañ var i Hwsinu, og sijdañ, þegar hañ hafe uppstaded og burtgeinged, þa hafe hun honum epterfylgt og kallad.

Hvern Lærdom kunnum vier oß hier af ad draga?

Fyrst; þennañ, ad hver sem riettilega vill epter JEsu leita, þa skal hañ fyrst gaunga wt fraa sijnu syndsamlega Athæfe, og Veralldarinnar Hiegoma; Og lauta sier þad i andlegañ Mauta sagt vera, sem DRotteñ seiger til Abrahams: Gack wt af þijnu Fostur-landi, og fraa þijnu Frændlide, og wt af þijns Fodurs Hwse. Gen. 12. Og þad sem fra hjmn-

eſke Brwdgumeñ ſeiger til ſiñar andlegrar Brwdur: Heyr þu Dotter, lijt þar a, og hneig þijn Eyru, forgleim þijnu Folke, og þijns Fedurs Hwſe, þa mun Konguren Liſting fa a þinne Fegurd. Pſ. 45.

Þar nærſt; lijka ſem JEſus kunne ecke ad dyliaſt þott hañ villde, helidur hafde ſw Canverſka Kona (hverre hann ſialfur ſijdar i Textanum lijker vid eiñ Hund) hañ upp a Forunum, þegar hun leitade epter honum; Eins lijka, þott GUd, og vor Frelſare JEſus, ſyneſt ſtundum vilia dylia ſig fyrer ſijnum naudlijdande Bornum, þa leitar þo þeirra Trwar Andvorpun hañ upp, ja, þeirra Bæn finnur hañ, þau bidia þar til þeim gicfſt, þau leita þar til þau finna, þau knija a, þar til fyrer þeim upploked verdur. Luc. 11.

Med hveria Bæn kom þa þeſſe Canverſka Kona fraiñ fyrer Chriſtum?

Med þeſſa, ad hun ſagde: Ach HErra, Sonur Davids! Miſkuna þu mier, mijn Dotter kvelſt illa af Diofliniun.

Bidur

Bidur hun riettilega?

Jaa; hun bidur þañ, sem er sannur Madur, þad er, JEsum, hvern hun kallar HErra, þad hañs Guddom aahrærer, eñ Son Davids, so miked sem aahrærer hañs Manndom; Hun bidur og rett i þvi, ad hun reider sig ecke uppaa sina Forþienustu, helldur uppaa Christi storu Naad og Miskunseme, þar hun seiger: Miskuna þu mier, og þar strax epter lætur hun i Ljose sijna storu Neyd: Mijn Dotter kvelst illa af Diofslinum; Hvar fyrer hun bidur hann ad reka Diofuleñ ut fraa Dottur sinne.

Hvad skulum vier hier af læra?

Fyrst; Þad, ad nær vier vilium riettilega bidia JEsum, þaa skulum vier bidia og medkienna hann ad vera bæde sañan Gud og sannañ Mann i einre o-adgreindre Personu, jaa, bæde GUds og Davids Son, Davids Son, og Davids HErra. Matth. 22.

Þar nærst; ad nær vier vilium, ad Gud aalijte vorar Bæner, þaa skulu þær ecke vera bygdar aa voru eigeñ Riett-

læte, helldur ad hañs storu Miskunseme. Dan. 9.

I þridia Mata; þad eru Børneñ komeñ frad Hiartanu, og gaanga til Hiartans, og siv Neyd, sem Børnunum uppad fellur, geingur Forelldrunum framar til Hiarta, eñ þeirra eigeñ. Jeg siñ David hafa alldrei bored sig so hørmulega, sem þad, nær hañs Børnum hefur illa vegnad, sem sia ma af 2. Sam. Bokar 12ta, 13da og 18da Capit.

I fiorda Mata; þad hofum vier þetta ad læra, ad hvar Diofulliñ fyrer GUds Lijdun, hefur Makt, þad wtrietter hañ ei annad eñ Plaagur, Illsku, og Olucku, hañ er verre GUds Børnum, eñ Pharao; og þeir i Ægyptalande voru Israels Børnum, hverier ed hofdu þau i Þrældome, og þvijngudu þau illa. Act. 7.

Hverju svarade Christur heirre sorgfullu Moodur uppad þessa heñar Audmiwka Beidne?

Madur kyñe vel ad vænta eins Naduglegs og huggunar-rijks Andsvars uppad so audmiwka og iñilega Bæn. Eñ Evang-

Evangelisten seiger: Hann svarade heine eingvu Orde: Hvad þo i Sannleika ad miog undarlegt var, ad hann, sem er þad verulega Gulds Ord, og su talande Persona i Guddominum, villde hier ecke eitt Ord tala; Hann, sem er Gulds eilijfur Vijsdomur, villde hier eingvu svara; Hann, sem er Naudarenar Uppspretta, villde ecke laata ein sin minsta Dropa fram-flioota; Hann sem anars heyrer, audur en Manneskian kallar, vill hier ecke svara, jafnvel þo þesse Kona inilega epter honum hroope.

Hvar fyrer synde JEsus sig þannin?

Til ad reina hennar Trw og Polin-mæde, og ad koma heine til ad bidia og andvarpa meir og meir.

Breiter hann annars þanniñ vid sijn Born?

Jau, opt og osialldan, nær hann i þeirra Kroß-burde syner sig lijka sem ein Giest i Landenu, og so sem einn framande Mann, sem ecke dvelur, nema um Nætur Saker? Sem ein oflugur Mann huglaus, og sem ein Nise, sem ecke kann Hialp ad veita, Jer. 14. Hann skijlder sier so sem under einu Skye, so ad Bæneñ kann þar ecke i geg-

gegnum ad komast, Harmagr: Jer. 3. Allt þetta giorer hañ til þeß, ad hañ reine þeirra Trw, Poliñmæde og Stødugleika, og kuñe þeß framar ad upphvetia þeirra Epterlongun, epter siñe Hialp og Naad, sem Modureñ hylur sig opt fyrer Barninu, so þad med Epterlongun leite epter henne, og hun kuñe sijdañ med stærre Glede þad ad uñfadma.

Hvad giordu Læresveinarner, þegar þeir fornumu ad Christur villde ecke andsvara þeirre Sorgfullu Konu?

Þad syner oß Texten, þar so stendur: Hañs Læresveinar geingu til hañs, baudu hañ og søgdu; Lættu hana fara, af þvi hun kallar epter oß.

Giordu Læresveinarner þessa Fyrerbon af Medaumkun, edur af Mispocknan yfer heñar Kalle?

Þar til er ei audvellt ad svara, þad sijdara synist þo trwanlegt, med þvi i Textanum stendur, ad þeir hafe geinged til hañs og beded hañ ad veita henne Aasiau.

Hvad skulum vier hier af læra?

Ad læta vors Næunga Neyd oß til Hiarta ganga; þvi so aumiñer Postuleñ seig-

segiande: Añest Naudþurfter Heilagra. Rom. 12. Þad er, vier eigum ad bera þær fraũ fyrer GUd i vorum Bænum, so vel sem vorar eigen, med þvi vier erum Limer a einum Lijkama, og Christur hefur ei alleinasta kent oß ad bidia fyrer oß sialfum, helldur og fyrer vorum Sam-Christnum i vorre heilagre Fader vor.

Hvert Svar feingu Christi Lære-sveinar uppa þessa þeirra Fyrerboon?

Þetta; Hañ svarade og sagde: Eg em ecke sendur nema til fortapadra Sauda af Hwse Israels.

Hverneñ a þetta ad skiliast?

Christur var ad soñu sendur ollum Heimenum, þad hans Prests og Medalgangara Embætte vidveik; En þad hañs Spamañlega Embætte, ahrærde, var hañ alleinasta sendur til þeirra fortopudu Sauda af Hwse Israels, til ad uppfylla þær Kynkvijslernar Jacobs, og þad hid bijvarada af Israel aptur ad hafa. Es. 49. Hvad sañarlega ecke var ein lijtil Freistne, sem kuñe ad giora þessa fatæka Kviñu efasama, so hun hefde maatt þeinkia; Med þvi hañ er alleinasta sendur til fortapadra

Sauda

Sauda af Hvse Jsraels, þau hefe eg fœtœk heideñ Kviña, sem er framande, og fyrer utañ Borgar-Riett Jsraels, Eph. 2. eingva deild i honum, edur Gott af því, þo eg fare epter honum, eda bidie hañ.

Verdur Guds Barna eñ nu freistad med þessum Hætte?

Jœa opt; þegar þau meina ad Guds almeñileg Naud, og Fyrerheit heyre þeim ecke til, og þeinkia, ad þau sieu wtrekeñ frœa Guds Auglite, sem David, er seiger: Eg em i burt drifiñ frœa þijnum Augum, Ps. 31.

Hætte hun þœa med so buid, og gieck i burt?

Nei, helldur kom hun og tilbad hañ, segiande: Herra, hiœlpa þw mier, lijttu til mijn og mijns fœtœka Barns, so eg þurfe ecke leingur ad horfa uppœa þœa storu Eymd og Pijnu, sem œa heñe liggur, og hafa daglega Hiartasorg þar af.

Hvad skulum vier hier af lœra?

Það, ad vier skulum ecke lœata oß falla allañ Hug edur Dug, hœtta, edur hlaupa burtu, þo vier verdum ecke strax

bænheyrder, helldur eigum vier ad vera stadfaster i Bæneñe. Rom. 12. og sleppa ecke GUde, fyrr eñ hañ blessar oß. Gen. 32. edur giefa honum Roo, fyrr eñ hañ heyrer edur hiælpar oß. Es. 62.

Hvert Svar fær hun af Christo hier uppæ?

O! alleinasta eitt hardt Svar, sem framar synist ad vera til Sorgar eñ Gleede. Hañ svarade og sagde: Pad er ecke gott ad taka Brauded Barnaña, og kasta thvi fyrer Hundana, edur so sem pad verdur hiæ Marcum frañfært; Leif pu ad Børneñ mettest æadur, thvi pad er ej tilheyrelegt, ad taka Brauded Barnaña, og kasta thvi fyrer Hvolpana; Sem hañ villde segia: Feg er einasta par til sendur, ad eg skule predika Gidingunum, og æ medal peirra Krapta-verk giøra, og audsyna peim minna Velgiørninga, par peir eru Rijkesens Børn. Matth. 8. Jæ, GUds Sættmaals-Børn Gen. 17. Hvar fyrer mier hæfer ecke peim fræ mier ad vijsa, pijsn, edur añara Heidingia vegna, sem erud, saker ydar Af-Guda dyrkanar, og añars Ogudlegleika, sem ohreinir Hundar.

Verdur

Verdur Guds Barna freistad eñ nu med þessum Hætte?

Jau, tiitt og opt, þegar þau vegna sinna Synda og Saurugleika hallda, ad þau sien overdug Guds Hiælpar og Nadar, og meina ad hans Fyrerheit tilheyre alleinasta þeim Gudhræddu og Riettlautu.

Hveriu svarar hun hier uppa?

Hun fiell ecke hier vid, helldur tekur hun Christi Ord, og utleggur þau sier til goda, sem Benhadads Þienarar giordu fordum Achabs Ordum. 1 Reg. 20. segiande: Satt er þad Herra! Jeg medkienne þad, og neita þvi ecke, ad eg er sañarlega ein fautæk heideñ Kviña, og so sem eiñ overdugur Hundur fyrer þijnum Augum, Eñ þo eta Hundarner af Molunum: Marcus seiger; Smaa-Hundarner eta under Bordenu af Molum Barnaña; Sem hun villde segia: Lauttu mig þo niota Hunds Rettarins/ þar þier þocknast, ad kalla mig eiñ Hund: Jeg bid ecke uñ Brauded Barnaña, helldur lauttu mig alleina tijna nockud af þeim Nadar Molum, sem Borneñ forakta, og kasta under Borded.

Hvad

Hvad lærum vier hier af?

Þetta, ad nær oß er sijndur vor O-verdugleike, þa skulum vier hañ vidurkienna, og medgaanga, og ecke þar fyrer efast: Helldur þeß meir naalægiast Guds Naad, sem vier hennar framar medþurfum, og jafnvel þo ad vier sieum þeir stædstu Syndarar og o-verdugaster allra aa medal Syndaranna, þa skulum vier samt trwa, ad Miskunsemeñ kunne oß audsynd ad vera. 1. Tim. 1.

Hvad vinnur þa Konañ aa uñ sijder?

Hun yfervińur med sinne Trw þañ o-yfervinnanlega, so hañ maa giefa sig upp, og segia: Þu Kona, mikil er þijn Trwa, verde þier so sem þu villt. Hia Marcum Gudspialla-manne verda Ordenn þanniñ framűsett: Fyrer saker þeß Ords þa far hiedañ, Diofulleñ er wtfareñ fraa þinne Dottur, og þad skiede so sem hañ sagde, þvi aa þeirre sømu Stundu vard hennar Dotter heilbrigd. Marcus seiger: Hun gieck þadañ i sitt Hws, og fañ ad Diofulleñ var wtfareñ, og Dotturina aa eińre Sæng liggiande.

Hvad siœum vier hier af?

Trwarinnar Krapt, ad hun er ei alleinasta siv Sigurvinning, sem Verolldena yfervinnur. 1. Joh. 5. Helldur lætur siœlfur GUD hana sig yfervinna, þvi trwudum er allt mogulegt. Marc. 9. Drotteñ giorer þad, hvad hiner Gudhræddu gyrnast, og heyrer þeirra œkall, og hiœlpar þeim. Pf. 145. Þar nærst; siœum vier hier Christi Almætte, sem med einu Orde, og þo fiærlœgur, kañ ad nidurbrioota Disfulsens Verk.

Hvad skulum vier hier af læra?

Þad, ad bidia GUD ad verka i oß Trwna, og hana ad auka, jœa ad koma vorre veikre Trw til Hiœlpar; so vier mættum med henne Disflinum Motstodu veita. 1. Pet. 5. Vier skulum hallda oß fast vid Gud, og ecke sleppa hønum, fyrr eñ hañ blessar oß, og flitur oß þœngad, hvar ad er ending vorrar Trwar, sem er eilijf Sœluhiœlp. Hvort ad komast hiœlpa þu oß, o sæte JESU! vorrar Trwar Uppbyr[illegible]re og Fullkomnare. Amen.

Þridia

Pridia Sunnudag i Fostu.

Gudspialled skrifar S. Lucas i 11. Capso hliodande.

I pañ Tijma. JEsus rak wt Dioful pañ, er Dumbe var, og pad skiede, er Diofulleñ var wtfareñ, ad hiñ Maallause talade, og Folked undradest pad. Eñ nockrer wt af peim søgdu: Fyrer Belzebub Diofla-Høfdingia, pa drijfur hañ Diofslana wt. Adrer freistudu hañs, og leitudu af hønum epter Teikne af Himne; Eñ er hañ sa peirra Hugrenningar, sagde hañ til peirra: Hvert Rijke, sem i sialfu sier er sundurpickt, pad mun eydast, og hvert Hws mun yfer annad hrapa. Og ef Andskoteñ er i sialfum sier sundurpickur, hverneñ ma hañs Rijke pa standast, fyrst pier segged mig fyrer Belzebub wtreka Diofslana? Nu ef eg a fyrer Belzebub wt ad reka Diofslana, fyrer hvern verda peir pa af ydrum Sonum wtrekner? Par fyrer verda peir

og ydrer Domendur. Eñ ef eg rek wt Diofslana med GUds fingre, sannlega kiemur þa GUds Rijke til ydar. Nær ed sterkur Hervopnadur vardveiter sitt Andyre, þa er allt med Mak, hvad hañ a. Eñ ef annar hønum yfersterkare kiemur, og yfervinnur hañ, þa fletter hañ hañ øllum Herklædum, a hver ed hañ treiste, og i sundurskipter so hañs Herfange. Hver hañ er eige med mier, sa er a mote mier, og hver hañ samansafnar ecke med mier, sa sundurdreifir. Nær ohreiñ Ande fer wt af Mannenum, raafar hañ uñ þurra Stade, leitar ad hvijld og finnur ecke; þa seiger hañ: Eg vil aptur hverfa i Hws mitt, hvadañ eg for wt. Og þa hañ kiemur, finnur hañ þad med Sodplinum hreinsad; þa fer hañ, og tekur med sier sio adra Anda, sier verre, og sem þeir eru þar iñkomner, byggia þeir þar; og verdur so þeß Mañs hid seinasta, verra hinu fyrsta. Eñ þad skiede, þa hañ talade þetta, ad Kona nokur wt af

Folkinu

Folkinu hoof upp sijna Raust, og sagde til hañs: Sæll er sa Kvidur, sem þig bar, og þau Briost, sem þu milkter. Eñ hañ sagde: hvad uñ þad. Sæler eru þeir, sem heyra Guds Ord, og vardveita þad.

Hvad hefur þetta Gudspiall inne ad hallda?

Fyrst: Christi Krapta-verk, sem hañ giorde a þeim Disfulooda Mañe.

Þar nærst; Folksens adskilianlegañ Dom yfer þvi sama Krapta-verke.

I þridia Mata; Christi yppparlegu Forsvars Rædu, med hverre hañ forsvarade sitt Krapta-verk.

Hvad verdur talad uñ Krapta-verked?

Þetta: JEsus rak wt Diofull þañ, er dumbe var, af einum aumum Manne, sem var hafdur til hañs, hver ed var Dumbe og Disful-odur; Og þad skiede, er Diofulleñ var wtfareñ, ad hiñ Mallause talade.

Hvar fyrer seigest Disfulleñ ad hafa vered Dumbe, edur Mallaus?

Ecke fyrer þad hañ var so i sialfum

sier, helldur fyrer þad, ad hañ hafde gi-ort mællausa þessa aumu Mañeskiu.

Hvad siæum vier hier af?

Vier siæum hier, fyrst, Diofulsens Tyrannaskap og Vondsku vid þad auma Mañkyn: So hañ er Mannanna Mordinge þegar ad Upphafe, og sæker alltijd epter ad giora þeim Skada, bæde a Sæl og Lijkama. So sem hañ hier i lijkamlegañ Mæta hafde herteked þeñañ vesala Mañ, og rænt hañ Mællæringu, kañ skie og lijka Heyrnenne (þvi Orded i Hofud-Textanum merker bædi Mællausañ og Daufañ) so hañ kunne hverke med sijnum munne vid GUD ad tala, og kañ skie ecke helldur med sijnum Eyrum, ad hafa heyrt Gud vid sig tala: Og þar sem GUD lætur honum þad epter, edur lijdur, þa sparar hañ ei ad plæga Mañaña Lijkame, og ad skierda þeirra Vitsmune; Og fyrer þad marger, þvi midur, lijda honum ad framkvæma sin vondañ Vilia, þa intekur hañ i andlegañ Mæta þeirra Hiortu, og giorer þau bæde, andlega dauf, mællaus og blind; Eñ Christi Giæska er so stoor,

stoor, ad Neyd þess auma Manns, uñ hvern hier gieted verdur, geingur honum til Hiarta, frelsar hañ frau þeim vonda Giest, og giefur honum sitt Maal aptur, og i þañ Mata giorer hañ allt vel. Þar nærst; siauum vier hañs Almætte i þvi hañ kañ ad uppleisa og nidur ad brioota Diofulsens Verk. 1. Joh. 3. Ad svipta hañ sijnum Herklædum, og ad reka hañ vt af sijnum Bustad. Og so sem hañ giorde hier þañ Diofulooda i lijkamlegañ Mata heilbrigdañ, so kañ hañ eñ ad giora þau heilbrigda, sem bæde audlega og lijkamlega eru af Diofliñum iñtekner og besetner: þvi hañs hægre Hond kañ ollu uñ ad breita, og hañ kañ ad græda allar vorar Meinsemder. Ps. 103.

Hver Domur verdur þau lagdur ar þetta Christi Krapta-verk?

Fyrst; þesse, ad Folked undradest: Edur so sem Gudspialla-mañsens Matthei Ord merkia, þau stansade og siellu i Forundran, og sogdu: Alldrei hefur þvilijkt sied vered i Jsrael.

J añañ Maata; þaa søgdu nockrer vt af þeim, sem voru Phariſei, so sem Mattheus framſetur (af Hatre og Ofund ca mote sinne eigeñ Samvitſku) fyrer Belzebub Diøfla Høfdingia, þaa drijfur hañ Diøflana vt, vid hvern hañ hefur heimuglegañ Scattmaala giort, og sig vid hañ bunded.

J þrida Maata; þaa freistudu adrer hañs, og leitudu af hønum epter Teikne af Himne, jafnvel þo þetta være noogu stort Teikn, jaa, þo i þessu Teikne være mørg Teikn innefaleñ, samt villdu, þeir ecke laata sier þad nægia: Eñ þad horunarsama Slekte leitade eñ framar af hønum epter Teikne af Himne, og villdu, ad hañ skylde annadhvert laata rigna Manna, sem i Eydemørkenne, edur laata Eld nidurfalla, sem i Tijd Eliæ. 2. Reg. 1. Edur laata Solina añadhvert standa kirra, sem i Tijd Josuæ, edur gaunga til baka, sem i Ezechiæ Tijd.

Hver Lærdomur kañ hier af ad dragast?

Fyrst; þesse, ad faatt er so vel giort, ad þad kunne ollum ad þocknast, lijka sem

sem Liosed, er sett verdur a Liosahalldeñ, siest af øllum: Pad gioresst adskilianlegur Domur uñ pad Hws, er bygt verdur vid Almennings Gotu; so meiga og einneñ Gilds Barna Verk, og jafnvel pau bestu, vera morgum Domum undergiefeñ, og epter pvi sem sierhver er, so dæmer hañ.

Par nærst; Ad pad, sem vier skilium ecke, pa meigum vier med rettu undrast par yfer, sem Moses, Exod. 3. Sem Joseph og Maria, Luc. 2. og sem Paulus Rom. 11. Vier meigum ei grunda so diupt i pa guddomlegu Leindardoma, helldur skulum vier taka Skinsemina til fanga under Hlijdne Trwarinnar. 2. Cor. 10. Po skulum vier so til sia, ad vor Forundran sie ecke af Efaseme og Fauvitsku, sem Folksens hier, helldur bygd a einnre sannre og lifande Trw, sem S. Pals. Rom. 11.

I pridia Mata; ad so sem eingeñ Speigell er so klar, eingenn Klæde so hvijt og hrein, ad Flugurnar fyrerverde sig ad setia sinn Ohreinleika par uppa, So er og eckert Verk so gott, ad pær

vondu Manneskiur, med sijnum skadlegu Twngum, sæki ecke epter ad saurga þau; Hvert Verk kunne ad synast betra og guddomlegra, eñ þetta Krapta-verk Christi? þo verdur þad so vtlagt af þessum ofundsiwku og bakmæalugu Kroppum, ad þad (Verked) hafe sinn Uppruna af siæalfum Diofslinum, sem er sa Vonde.

J fioorda Mæta; þa skulum vier ecke med þessu vonda og horunarsama Sleckte leita nockurs Teikns; Helldur segia þad af Alvoru og einlægu Hiarta, sem Achas sagde fordum af Hræsni; eige vilium vier þeß kresia, uppa þad vier kreistum ecke Drottens; Vier hofum nog Teikn i Gluds Orde uppteiknud fyrer oß, med hver vier skulum læta oß nægia, og iñilega oska, ad Glud vilie giora Teikn vid oß, ad oß vel gaange. Ps. 86.

Þegar þeir þeinckte og toludu þetta uñ Christi Krapta-verk, var þad þæx huled fyrer honum?

Nei; þvi Gudspialla-madurenn seiger: Ad hañ hafe sied þeirra Hugrenningar.

Hvad

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Pad, ad hañ veit siælfur giørsamlega, hvad med hverium Manne er, og þecker þeirra Hugreiningar auleingdar. Pſ. 139. Hvar fyrer vier skulum vel athuga, hverier þaankar koma i vor Hiortu.

Hvad talade hañ þar til þeirra?

Hañ framsetur fyrer þau eina kostulega Rædu, i hverre hañ forsvarar sin Giørning, og apturrekur þeirra Lijge og Hatd sem sögdu, ad hañ fyrer Belzebub wtdrife Diosflana; og þad þess vegna, ad þad kunne ecke ad standast, og var o-trwañlegt. Þvi þau hefde Satan siælfur mætt kollkasta sijnu eigen Rijki: Þviad hvert Rijke, sem i siælfu sier er sundurþickt, þad mun eydast, og hvert Hws mun yfer annad hrapa. Þad er, eitt Land, Stadur, og Ætt eydeleggiast epter adra, og ef Andskoten er i siælfum sier sundurþickur, i þañ Mata, ad sa eine Diosfull wtdrijfur hiñ annañ med Mackt, hverneñ ma hañs Rijke þau standast; fyrst þier seiged mig fyrer Belzebub wtreka Diosflana.

Hver

Hver Lærdomur kañ hier af ad dragast?

Þesse, ad so sem Eining og Samlinde helldur Løndum og Rijkium, Støðum og Hwsum vid Mackt, og i Velstande, so eydeleggur og uñ kollkastar Oeining þeim nidur i Gruñ, hvar Yfervallded og Undersaatarner i einu Rijke eru hver a mote ødrum, sem Roboam og hañs Undersaatar; þar kañ snart ad koma hiñ pridie, og hlaupa i Lid med þeim, sem er yfersterkare. I hverju þvi Hwse, sem eru siñ osamþicker, þrijr i mote tveimur, og tveir i mote þremur, þar er Hwßens Velferd komeñ ad Falle; þeir sem tønla og naga hverier adra, verda uñ sijder uppetner iñbyrdes. Gal. 5. Hvar fyrer vier skulum leggia allt Kapp a, ad hafa Einingu og Samþicke iñbyrdes, og laatum ecke Diofslana giora þa Mijnkun til vor, þar þeir hallda Eindrægne tiì ad nidurbrioota Guds, og uppbyggia sitt eiged Rijke.

Med hverju rekur Christur þessa Ligara eñ framar til baka?

Med þvi, ad þad være otilbærilegt, ad þeir skylldu tilleggia honum þad, sem þeir

þeir tillogdu ecke sijnum eigeñ Bornum, þar hañ seiger: Nu ef eg a fyrer Belzebub ad wtreka Diosflana (so sem hier rænglega Dæmed) Kiæru Viner, fyrer hvern verda þeir þa af ydrum Sonum wtrekner? Fyrer hveria ecke a ad merkiast hañs eigeñ Lære-sveinar, helldur þeir Særinga-meñ hia Gidingum, sem og uñ kring geingu, og wtrauku Diosflana i hañs Nafne, jafnvel þo þeir fylgdu honum ecke epter. Marc. 9. Luc. 9. Hveria Gydingarner eingvañveigeñ skuldudu fyrer þad, ad þeir wtdrife Diosflana fyrer Belzebub; þar fyrer være þad otilbærilegt, ad þeir villdu dæma midur uñ hañ, eñ þau, og þar fyrer, seger hañ, verda þeir og ydrer Domendur, þad er, þeir skulu dæma og fordæma ydur, so sem þau, er dæma rænglega uñ eiñ.

Hvad siæum vier hier af?

Þad, hvad rænger og otilbærileger Mañaña Domar eru, nær þeir framar epterfylgia sijnum eigeñ Þootta, helldur eñ Sañleikanum, og hreiñe Samvitsku; þeirra Domar eru þau sem Vindhane, sem

sem snijr epter Vindinum, og sem Twngañ a Vigteñe, er alltijd beiger sig nidur epter þeirre þijngre Metaskaal: Þad Madur lastar a sijnum Ovinum, þad lofar hañ a sijnum Vinum; eñ þar hvert a moote, þa skulum vier sia til, ad vier dæmum ecke epter Aalite, heldur dæmum riettañ Dom. Joh. 7.

Hvar med bevijsar hañ framar, ad hañ wtreke ecke Diosiana fyrer Belzebub?

Þar med, ad hañ seigest stunda epter þvi, fyrer sitt Ord og Kraptaverk, ad nidur briota Diofulsens, og uppbyggia GUds Rijke; þvi so seiger hañ; Eñ ef eg rek ut Diosiana med Guds Fingre; þad er, fyrer GUds og Heilags Anda Krapt, Sañarlega kemur þa GUds Rijke til ydar. Sem hañ villde segia: Med þvi eg wtrek Diosiana med GUds Fingre, eñ ecke med Satans Mackt, hvar med eg stunda epter ad nidurbriota Satans, og uppbyggia GUds Rijke, þa er þad vijst Merke þar til, ad eg er sa sañe Meßias, sem er komeñ ad taka Maktina fra Diosiinum, og upprietta GUds Naadar Rijke a medal ydar, med miñe Predikun

dikun og Lærdome, hvern ydur byriar med eiñre sañre Trw og Hlijdne ad medtaka, eñ ecke ad lasta.

Hver Lærdomur kañ hier wt af ad sliota?

Þesse, ad Satan skal wtrekast, hans Rijke nidurbriotast, og Guds Rijke til vor koma, sem er Rettlæte, Fridur og Fognudur i Heilogum Anda. Rom. 14. Og þetta maa endelega skie med Guds Fingre, þad er, fyrer hans krøftuga Naad, og Heilags Anda Hiaalp; An hvers vier einskes orkum. Eñ hvar Diofulleñ verdur wtdrifeñ med Guds Fingre, þar kemur Guds Rijke til vor, og þa er buid ad snwa oß fraa Myrkrunum til Liossens, og fraa Andskotans Valde til Guds. Act. 26.

Hveria Bevijsing brwkade Christur eñ framar til ad nidurreka þeirra Lijge med?

Hañ bevijsade og, ad þad være omøgulegt, ad hañ kynne ad wtreka Diofla, ef hañ hefde ecke Mackt yfer þeim, og þar fyrer seiger hann. Nær ed sterkur Hervopnadur vardveitir sitt Andyre, þa er allt med Mak hvad hañ aa; Þetta er þad, sem Spaamadureñ seiger: Hvert kunna Meñ Herfanged ad taka af einum Risa, edur kuña Meñ nock-

ud

ud þeß rettferduga Bandingia ad leisa: Eñ ef añar hønum yfersterkare kiemur, og yfervinur hañ, þa fletter hañ hañ øllum Herklædum, æa hver ed hañ treiste, og i sundurskipter so hans Herfange: Sem hañ sagt hefde; Disfulleñ er eingeñ vanmættugur Ovinur, edur Flugna-Kongur, so sem þier leideð ydur i Þancka; helldur sterkur Hervopnadur, sterkare eñ Leviathan, hver þo ecke aktar Jærned meir eñ strá, og Maalmeñ meir eñ Triestaur. Job. 41.. Og þegar hañ hefur iñteked añad hvert Mañsins Lijkama edur Sæl, þa vardveiter hañ það, sem siñ Kastala og Bwstad, og vijkur þadañ eingvañveigeñ, æn þeß þar komi annar hønum yfersterkare æ. med þvi þa, ad þier siæid, ad Disfulleñ mæa rijma frá sijnum Bwstad, fyrer mijna Mækt æa mote sijnum Vilia; þa kuñe þier audvelldlega þar af ad æalickta, ad jeg sie sterkare eñ hañ, þar hañ mæa vijkia fyrer mier, so sem sier yfersterkare.

Hveria Huggun kuñum vier hier vt af ad hafa?

Þessa, ad þo Satan sie eiñ sterkur Hervopnadur, eiñ griñur og mecktugur Ovin-

Ovinur, þau er Christur þo sterkare eñ hañ, hañ er DRotteñ Allsheriar, sau sanne almattuge Guld, sem Diofuleñ kañ ad þvijnga, og lauta Hring i hans Naser, so hañ kañ ecke leingra ad komast, eñ hañ lijdur honum: Sa sem er i oß, hañ er, Gude sie Lof, hinum meire, sem i Heiminum er. 1. Joh. 4.

Hvad seiger Christur eñ framar i þessare siñe Forsvars Rædu?

Hver hañ er eige med mier, sa er a mote mier, og hver hañ samansafnar eige med mier, sa sundurdreifer; þad er, sem hañ sagt hefde: Med þvi Satans, og mitt Edle er olldunges oolijkt, og hvert i mote odru: Jeg leita epter ad frelsa Mannanna Saler, ad samansafna þeim fortopudu Saulum af Hwse Israels, ag hiaalpa og lækna Mañaña Saler og Lijkame; Eñ Diofulleñ þar hvert a moote sæker ei epter odru eñ þvi, sem mier er motstædilegt, ad sundurdreifa þeim, sem eg vil samansafna, ad særa þau, sem eg vil lækna, og mirda þau, sem eg vil frelsa: So hlijtur þad og epter ad fylgia, ad hañ sie ecke med

mier, helldur aa mote mier, og þar fyr-
er kañ eg ecke ad hafa Samlag vid hañ,
meir eñ Myrkred vid Liooſed.

Þaa Christur med ſijnu Forſvare, hefur forſvar-
ad ſiñ Giorning, hvad giorer hañ þaa
framar?

Hañ wtmaalar Diofulſens vonda
Art og Vielræde i þvi, ad leita ſier apt-
ur uppa nijtt Bwſtadar, hiaa þeim
Manne, fraa hverium hañ hefur aadur
wtdrifeñ vered; Þviad ſo ſeiger JEſus
hier: Nær ohreiñ Ande, þad er, Diof-
ulleñ, (ſem fiell fraa ſijnum Heilagleika
og Hreinleika, med hverium hañ var
ſkapadur, i Syndarinnar Ohreinleika,
og ſtundar ecke epter odru framar, eñ ad
giora Manneſkiuna o-hreina med ſier) fer
wt af Manninum, þad er, verdur
wtrekeñ med Guds Fingre af þeim, ſem
lijkamlega edur andlega er af honum iñ-
tekeñ; þaa raafar hañ uñ þurra Sta-
de (ſem eru i Eyde og honum ei þockn-
añlegir, ſo ſem ad eru aller Stader ut-
añ Manneſkiañ) leitar ad Hvijld, og
finnur þo ecke epter ſinne Vilid, þar
fyrer ſeiger hañ vid ſiaalfañ ſig: Jeg
vil aptur hverfa i Hws mitt, þad er,
i þeß

i þeß Mañs Hiarta, hvadañ eg for wt, og þa hañ kiemur, finnur hañ þad med (Hræsninnar) Soplimum hreinsad, og prijdt med Synd og Athugaleise, hveria Prijde ad Satan mest elskar, þa fer hañ, og tekur med sier sio, þad er, fleire vonda Anda, verre, eñ hañ sialfur er, og seni þeir eru þar iñkomner, byggia þeir þar, og verdur so þeß Mans hid seinasta verra hinu fyrra.

Hvad vill Frelsareñ med þessum Ordum oß kienna?

Hier gefur hañ ollum þeim eina trwlega Widvorun, sem einusinne eru sloppner wr Satans Klom og Snoru, ad þeir lætte hañ ecke aptur sig i sama sijnu Viela-Nete flækia; þvi Diofullin er eiñ arvakur, o-feileñ, og o-aflaatsamur Ovinur, sem geingur kring i Landenu. Job. 1. Sie hañ einusinne wtrekeñ, þa leitast hañ þo vid þar iñ aptur ad komast, og finne hann þa Hiartad fullt med Hræsne, Synd og Athugaleise, þa tekur hann fleire med sier, leggur Synd til Syndar, so ad þeß Mañs

hid seinasta verdur miklu verra hinu fyrra. 2. Pet. 2.

Þegar JEsus talade þetta, hvad skiede þa?

Þad synir oss Evangelisten sijdast i Textanum, þar so stendur: En þad skiede, þa hann talade þetta, ad Kona nockur ut af Folkinu hoof upp sijna Raust, og sagde til hans: Sæll er sa Kvidur, er þig bar, og þau Briost, er þu milkter, sem hun vilde segia: O hvad sæl er sw Moder, sem hefur bored so vijsan og mecktugan Son under sijnu Hiarta, og laated han siwga af sijnum Briostum, sem kan ad giora þvilijk Krapta-verk, og so fagurlega ad tala, ja, sem er so maattugur og mektugur bæde i Ordum og Verkum. Luc. 24.

Hvad siaum vier hier af?

Þad, ad Gud geimer sier alltijd nockra, sem skulu tala þad, sem riett er, honum til Heidurs, hversu marger annars sem þar standa a mote; Og almennilega þa utvelur Gud þad veiklega, so han giore þad ofluga ad Hneixlan. 1. Cor. 1. Einnin siaum vier þad hier, ad Mannesken lijtur framar epter

er

er þeirre jardneſku Lucku, eñ þeirre andlegu og eilijfu Sæluhiælp: Meñ lijta framar til þeirra Forellðra, sem eiga prijdileg og hrosunar-verd Børn, eñ til þeirra, sem sialfer eru Guds Børn.

Hverju svarade JEsus hier til?

Hañ sagde: Hvad uñ þad, sæler eru þeir, sem heyra Guds Ord, og vardveita þad. Sem hañ villde segia: Þad er ad sonnu stor Lucka, ad Maria, sem er mijn Moder, hefur fædt mig i Heimeñ; Eñ þar fyrer verdur hun þo ecke sæluholveñ (nie helldur nockur Madur annar) helldur þar fyrer, ad hun heyrer Guds Ord med Trw og Gudrækne, og vardveiter þad i godu og sidsomu Hiarta ꝛc. J þessare Meiningu var og þad Svar, sem hañ gaf þeim, er sagdi honum, ad Moder hañs og Brædur stædu wte, og villdu tala vid hañ, segiande: Hver er mijn Moder, og hverier eru mijner Brædur? Og hann riette wt sijna Hønd yfer sijna Lære-sveina, og sagde: Siaid! þar er mijn Moder og mijner Brædur, þviad hver hañ gierer Vilia mijns Fodurs, þeß sem a Him-

ne er, sa er min Broder, Syster og Moder. Marth. 12. Gud giefe oß sijna Naad, so vier mættum riettilega heyra og varveita JEsu Ord, eñ umflya Disfulsens Snorur, og fyrer Christi Forbienustu vera hier andlega, og þar eilijflega Sauluholpner. Amen.

Midfostu Sunnudag.

Evangelium skrifast hia Johañem Gudspialla-manne i hañs Bokar 6. Cap. so hliodande, sem epterfylger.

Ad þeim Tijma. For JEsus yfer uñ Siooeñ hia Stadnum Tyberias i Galilæa, og mikell Mannfiølde fylgde hønum epter, þviad þeir sau þau Jardteikn, sem hañ gigrde a þeim, sem siwker voru. JEsus gieck upp a eitt Fiall, og setteſt þar nidur med sijnum Lære-sveinum: Eñ þa var Paska Hatijd Gidinga naalæg. Og JEsus leit þa upp, og sa, ad mikell Mañsiøllde kom til hañs, þa sagde hañ til Philippum: Hvar kaup-

kaupum vier Braud, so ad þesser neite? Eñ þetta sagde hañ til ad freista hañs þar med, þviad hañ visse sialfur, hvad hañ villde giøra. Philippus svarade høunum; Braud fyrer tvø hundrud Peninga nægest þeim ecke, so ad hver eiñ fæe þo nockud lijted. Eiñ af hañs Læresveinum, sem ad var Andreas, Broder Simonar Petri, sagde høunum: Eitt Ungmenne er hier, sem hefur siñ Bygg-Braud og tvo Fiska; Eñ hvad skal þetta a medal so margra? Þa sagde JEsus: Lauted Mennina setiast nidur ad borda. Eñ þar var i þeim Stad Gras mikid. Og þar settust nidur ad borda, Kall-meñ ad Tølu nær siñ þusunder. Jesus tok þa Braudeñ, giørde Þacker, og fieck sijnum Læresveinum, eñ þeir feingu þeim, sem til Bordsens høfdu sest. Slijkt hid sama af Fiskunum so miked, sem hver villde hafa. Eñ þa er þeir voru metter, sagde hañ til sinna Læresveina: Safned samann þeim Leifum, sem afgeingu, so ad eckert spillest. Eñ

þeir søfnudu þeim samann, og filltu upp tolf Karfer medur þessar Leifar af þeim fiñ Bygg braudum, hverjar ad voru auk þess, sem þeir høfdu neitt. Enn þa er þesser Menn sau, hvert Teikn ad JEsus giørde, søgdu þeir: Þesse er sannarlega sa Spamadur, sem i Heimenn skal koma. Enn þa JEsus formerkte þad, ad þeir mundu koma, og handtaka hann, og giøra hann ad Konge, flijde hañ einsamañ burt upp aptur a Fialled.

Uñ hvad er talad i þessu Evangelio?

Uñ þad Christi Krapta-verk, ad hañ med fiñ Bygg-braudum, og tveimur Smaa-Fiskum sadde nær fiñ þusunder Mans, fyrer utañ Konur og Børn, (sem Evangelisteñ Mattheus uñgietur) og þad so, ad Tolf Karfer urdu fullar af Leifunum, sem afgeingu.

Hverneñ sundurskiptest Gudspialled?

I þriaa Parta:

Sa fyrste talar uñ Underbwning til Krapta-verksens.

Annar uñ Krapta-verked sialfst.

Sa

Eá pridie uñ þad, sem skiede epter Krapta-verked.

Hvad er þad, sem Gudspialla madureñ seiger, ad skied hafe fyrer Krapta-verked?

Christi Reisa, og Folksens Eptersylgd: Eñ þo sierdeileslega Christi Samtal vid sijna Læresveina uñ Folksens Sadning.

Hvad talar Evangelisteñ uñ þad Fyrsta?

Hañ seiger: Þa for JEsus yfer uñ Siooinn Galileæ, sem annars kallast Tiberiadis Sioor.

Hvad gaf honum Ordsok og Efne til þessarar Reisu?

Bæde Herodes Tyranne, sem hafde lattid haalshoggva Johannem Skijrara: Þvi þegar Johannis Læresveinar komu, og kunngiordu þad JEsu, þa for hañ þadañ a einu Skipe alleina til Eydemerkur. Matt. 14. So og hañs Embættis Mæda og Þreita, þvi hañ fieck litla Hvijld med sijnum Læresveinum, og þar fyrer seiger hañ til peirra: Lautum oß gaanga afsijdes i Eyde-morku, og hvijlast þar litla Stund, þviad marger

voru þeir, sem geingu til og frá, so þeir hefdu ei Tom til ad eta. Marc. 6.

Hvern Lærdom kunnum vier oß hier af ad draga?

Fyrst; þennañ, ad nær grimmer Tyrannar og Ofbelldis-meñ ofsækia Guds Born og Þienara, þá hafa þeir ei þorf fyrer ad hlaupa strax i þeirra Klær og Kverkar, helldur meiga þeir umflya þeirra Illsku; þar sem þad kañ annars ad skie, enn Nijrdar Gluds Dijrdar, og Safnadarens Sundur-tvistrunar; þvi so seiger JEsus: Nær þeir ofsækia ydur i eina Borg, þá flyed i adra. Matth. 10.

Þar nærst; ad þad heilaga Predikunar Embætte er eitt þungt og mæduſamt Erfide, hvar fyrer þvi verdur samlijkt vid Erfide Akneytesens, sem þreſker. 1. Cor. 9. Mikill Lestur er Lijfsens Erfide, eda sem vor gode Lutherus þad framfærer: Mikel Predikun giorer Lijkamañ þreittañ. Eccl. 12. Þar fyrer seigest, ad Ordsens Þienarar erfide a medal sinna Tilheyrenda. 1. Theſſ. 5. Hvar fyrer þeir (lijka sem adrer) þurfa nockra Hvijlld i sijnu þungu Erfide, so þeir kunne sijnum Kreptum vid ad hallda.

Hvert

Hvert ætlsette hann þar ad reisa?

Guð spiallamadurenn Mattheus seiger, ad hann hafe fared ad einu Skipe yfer umm þann Galileiska Sioo, sem var innann Lands i Galilea, hver ed annars var kalladur Tyberiadis Sioor, og hafdi sitt Nafn af þeim Stad Tyberias, sem Herodes hafde lated uppbyggia, Tyberio til Heidurs; Var tilforna audvyrdilegur, og kalladest þar Cinnereth: þesse Sioor kallast annars Sioor Genesareths.

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Það, ad so sem Christur ad sijnum Hiervistar Dogum ferdadest ei allein-asta til Lands, helldur stie hann opt ad Skip, og reiste til Sioos, so hefur hann med sinne Reisu helgad Veg-farendann Reisu bæde til Lands og Vatns. Og serdeiles skulu Sioofara Menner tilsia, ad þeir kunne ad fa JEsum med sier, og hafa hann, sem þann besta Stijre-mann innann Skips-borda, uppa þad hans naduga Fyrersioon, stijre og vardveite Skipid, og þa sem i þvi eru.

Epterfylgdu Christo nockrer ad þessare Reisu?

Ja: Þviad mikell Mannfiølde fylgde

fylgde hønum epter: Evangelisten Marcus seiger: Og er folked sau þau i burt fara, þecktu hañ marger, og hlupu þangad hver med ødrum ad Fæte, ur øllum Stødum, og komu fyrr eñ þeir; þeir horfdu epter hønum, so leinge sem þeir gatu, eñ sijdañ lietu þeir Fæturnar flijta sier til hañs: Vindureñ flijtte Skipinu ej so mikid, ad þeirra gudrækileg Epterlongun flijtte þeim ei framar.

Hvad skulum vier hier af læra?

Þad, ad epterfylgia vorum JESU kostgiæfilega, og oß stadfastlega vid hañ ad hallda, sierdeiles, þegar hañ i Krosse og Motgaunge synist sem hañ vilie leggia frau Lande, og vijkia frau oß, þau skulum vier med Lære-sveinunum segia: Vertu hiia oß HErra. Luc. 24.

Kiære, seig mier, hvar fyrer hafde þesse Mañfiolde so Epterlongun til, JEsu epter ad fylgia?

Þviad þeir sau þau Jardteikn, er hañ giørde ad þeim, sem siwkir voru, hveria hañ læknade, og med þvi þeir høfdu eñ nu marga veika hiia sier, þau færdu þeir þau til hañs, og leitudu þeim Lækninga hiia hønum; Enn hañ

hañ liet þau sig viliugañ finna, þau ad lækna, þvi Mattheus seiger i 14. Cap. ad hañ hafe sied aumur a þeim, og lækknad þau, sem kranker voru, og Lucas seger, ad hañ hafe lækknad þau, sem þess þurftu. Luc. 9.

Hvad siaum vier hier af?

Hier siaum vier bæde Krossens Gagn og Nytseme, ad hañ kienner oss ad eptirfylgia JEsu; Þvi annars kañskie vier skeitum lijsted uñ hañ. Þvi so seiger Esaias; DNotteñ, nær ed Hormungeñ er fyrer Hondum, þau vitia meñ þijn, nær ed þu agar, þau kalla þeir saargrætilega. Es. 26. So siaum vier hier og eiñ eñ Miskunseme og Almætte vors Frelsara, ad hañ er sa sañe Israels Læknare, sem kañ og vill græda allar vorar Meinsemder. Ps. 103.

Hvad giorde nu JEsus, þegar hañ var yfer uñ Siooiñ komiñ?

Hañ gieck uppa eitt Fiall (i Eydemorkeñe, hia þeim Stad Bethsaida) og settest þar nidur med sijnum Læreveinum, so hañ mætte þar litla Stund med þeim hvijlast, og þeim underviisa, og ad hañ kyñe þess betur af Fiallenu ad sia Mañfiolduañ, sem kom til hans.

Plag-

Plagade Jesus opt ca sijnum Hiervistar-dogum ad stijga uppa Fialled?

Jaa, tijtt og opt, sem vier vitum af Evangeliskre Historiu; Og alment tok hann sijna Læresveina med sier.

Hvern audleganñ Lærdom kunnum vier hier af ad draga?

Pañ, ad festa ei vor Hiortu ofnik ed vid Veralldarinnar Hiegoma, heldur upplipta vorum Hugskots-Augum til Peirra himnesku Fiallaña, Ps. 121. i pvi ad vier kostgiæfilega og gudrækilega yfervegum, og epter pvi leitum, sem par uppe er. Col. 3.

A hverium Tijma skiede petta?

Pa Paska Hatijd Gidinga var naalæg, sem var su ypparsta Hatijd.

Hvad margar Stor-Hatijder hielldu Gidingarnir?

Priar: Nefnilega, Paska, Hvijta suñu og Laufskala Hatijd, sem sia ma i Wtlegging Gudspiallsens, pañ fyrsta Suñudag epter prettanda.

Hvad skiede, pegar JEsus sat ca Fiallinu?

Par um talar so Gudspialla-madurenn

O

Og JEsus leit þa upp, og sa, ad mikill Manfiølde kom til hans. Vor HErra aumkade sig hiartanlega yfer þetta Folk; bæde so miked sem adhrærde þeirra andlega Naudþurft, þar þeir voru so sem Sauder, sem eingvan Hyrder hofdu, hvers vegna han tok sier og einen fyrer, ad kiena þeim Lijfsens Veg, so sem Gudspialla-madurenn Marcus vottar: So og i tillite til þeirra lijkamlegu Naudsynia; þvi han hrærdest mikilega af Medaumkan yfer þeim, og læknade þa, sem siwker voru, so sem Matthæus fortelur: En med þvi Dagurenn var þa nærre lidenn, og hans Læresveinar hofdu geinged til hans, þegar komed var under Kvolld, og sagt; þetta er eitt Eyde-plaats, og þad er miog adlided, þvi Dagurenn er nu hartnær vte. Marc. 6. Þa er best, ad þu lætur Folked fara frau þier, so þad kunni ad gaanga til þeirra Stada og Bæa, sem hier liggia i kring, til ad kaupa sier Fædslur; þar þeir hafa eckert ad eta. Og sem han hafde nu talad umm þetta vid þa almennilega, og sagt: Þeir þurfa ecke ad fara i burtu, giefe þier þeim ad eta; Og Læres-sveinarner hofdu svarad honum:

Skul-

Skulum vier þa fara burt, og kaupa Braud fyrer tvohundrud Peninga, og giefa þeim ad eta; Þa sagde hann til Philippum, sem var einn af hans tolf Postulum, Hvar kaupum vier Braud, so ad þesser neite? Ad hverju hann spurde hann, ecke i þeirre Meiningu, ad hann vilde leita Rads hia honum; Heldur sagde hann þetta, til ad reina hann, so þad yrde opinbert, sem bio i hans Hiarta, hvert hann tryde þvi edur ecke, ad hann kynne ad metta so mikenn Mannsfiolda, þvi hann visse vel sialfur, epter þvi sem hann hafde ausett, hvad hann villde giora.

Hvad siaum og lærum vier hier af?

Vier siaum og lærum hier af, ad vor JEsus hefur þau Augu, sem alla Hlute sia, og sier þvi og skodar alla vora Eymd og Armædu; Ps. 10. Ja, allra Mannanna Neyd, og Angist, hvert helldur hun er andleg edur lijkamleg. Hann hefur og eitt miskunarfullt Hiarta i sier, so ad hann aumkar sig yfer þa vesolu, og hiaalparlausu.

Hvad skulum vier hier af læra?

Þad; ad aumkast yfer vorn naudlijdande

ande Nærunga, og læta oß hans Eymd og Angist til Hiarta gaunga, þvi so æmiñer Postuleñ, segiande; Anneſt Naudþurfter Heilagra. Rom. 12. Vier siaum og hier ut af, ad Guds Þænkar eru ecke sem vorer; Hañ ransakar, og profar oß opt i eiñ og annañ Mæta, so þad opeñbereſt, sem er i voru Hiarta, so sem þar stendur um Ezechiam. 2. Chron. 32. Þvi hañ hefur alltiſd noog Ræd hiæ sialfum sier, og jafnvel þó þau synist undarleg, þa kiemur hañ þeim þo merkilega af Stad. Es. 28.

Hvad sagde Philippus hier til?

Philippus svarade hønum: Braud fyrer tvø hundrud Peninga (hvad þeir lærdu wtreikna, ad hlaupe sig 25. Rixdale) nægiſt þeim ecke, so ad hver eiñ fæi þa nockud lijtid.

Var þa eingeñ annar af Christi Læresveinum, sem svaradi neinu hier uppa?

Visſulega; þvi Texteñ seiger: Eiñ af hans Læresveinum, sem ad var Andreas Broder Simonar Petri, sagde hønum; eitt Ungmenne er hier, sem hefur siñi Byggbraud (hvar af

ædlycktast kañ, ad þau hafe ecke riett stor vered, þar eitt Ungmenni kunni ad bera þau) og tvo Fiska; Eñ hvad skal þetta (kañ þad ad vera nog) æa medal so margra?

Hvad siæum vier hier af?

Lære-sveinanna, og allra vorra Vantrw og Veikleika: Vier vilium ad sønnu trwa GUde, þegar vier siæum nog Forræd og Medol fyrer vorum Augum, eñ siæum vier marga Munna, og toom Fot, þad eru, lijtil, edur eingeñ Medol, þæa føllum vier þvi midur, i Vantrw og Efaseme, og tokum þæa til ad segia: Hvad munum vier eta? Eda hvad munum vier drecka? Matth. 6. Þvilijka Vantrw finnum vier ei alleinasta hiæa Riddaranum i Samaria. 2. Reg. 7. Helldur og so hiæa Mose. Num. 11. Spæmañsens Elisei Þienara. 2. Reg. 4. Og odrum fleirum.

Eñ hvad seiger JEsus hier til?

Jafnvel þo Philippus og Andreas med þeim odrum Lære-sveinum vite eingiñ Ræd, þæa veit Frelsareñ Jesus þo Þusund god Ræd, og þar fyrer sagde hañ til þeirra:

Lauted Menneña setiast nidur ad borda. Marcus seiger, ad hañ baud peim, ad peir sette sig aller nidur i adgreindum Hoovum a grænt Gras; So sem vor Evangeliste seiger, ad i peim Stad hafe Gras mikid verid, og par fyrer hentugt ad sitia.

Hvern Lærdom kunnum vier hier af ad taka?

Fyrst pennañ, ad JEsus veit noog Raad, ja morg Raad, pegar vier vitum eingeñ, hañ hefur pa Fædu, af hverre vier vitum eige, so sem hañ siaalfur seiger, po i annare Meiningu. Joh. 4. Einneñ skulum vier pad hier i añañ Maata læra, ad raadfæra oss ecke leinge vid vort eiged Hold og Blood, nær pad vill koma oss i Efaseme um Guds Forsion og Almætte; heldur hallda oss vid Guds Sannleiks Ord, og trwfastar Lofaner, sem aldrei kunna ad bregdast, hañ mun oss ecke forlaata nie yfergiefa. Hebr. 13.

I pridia Maata; skulum vier læra pad, ad hvar Gud vill, par skulum vier oss nidursetia, hvert heldur pad er a graenu Grase, edur a hordum Steine, hvert heldur pad er i Vegsemd, edur

Vansemd, og lauta oß þad sagt vera, sem Christur seiger til S. Pauls: Laat þier nægia mijna Naud. 2. Cor. 12.

Var Folked viliugt ad giora epter þessare JEsu Befalningu?

Jau; jafnvel þo þad sæe eingenn Medsl til Maaltijdar, þau sette þad sig þo nidur i einre godre Von uppa hans Almætte, hier um fim þusunder Mans ad Tolu, fyrer utan Kvinnur og Børn, af hverium aan alls Efa hefur ei fæatt vered, og þad i adgreindum Hoopum, Hundrad og Hundrad saman, fimtijger og fiintijger saman.

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Þad, ad vier skulum stadfastlega trwa Gude, og vorum Frelsara JEsu; Og ecke so miked sia og þeinckia til vorra tomra Handa, sem hans almaattugu Handa. Þviad lijka so sem Augu Þienaranna horfa uppa Hendur sinna Laanar-Drottna; so sem þad Augun Þionustu-Kvinnunnar horfa uppa Hendur sinnar Matmoodur, lijka so horfa vor Augu uppa Drotten vorn Gud. Pl. 123. GUd er GUd godrar

Skick

Skickunar, sem vill ad allt sidsamlega og skickanlega tilgaange. 1. Cor. 14. Eñ sierhver laate sier nægia, ad sitia i peirre vißre Nød, og pvi Stande, sem Gud setur hañ, epter sijnum þocknanlegum Vilia.

Þegar Folked var nu nidursetst, hvad gisrde þa JEsus?

Hañ tok þa Braudeñ i sijnar blessadar Hendur, leit upp til Himins, og þackade: Þetta er þad, sem Marcus seiger; hañ blessade og braut Braudeñ, og sieck þau sijnum Lære-sveinum; Eñ peir feingu peim, sem til Bordsins høfdu sest, slijkt hid sama af Fiskunum, so miked sem hver villde hafa.

Hvern Lærdom kunnum vier oß hier af ad draga?

Fyrst þennañ, ad med þvi oll Bleßan kiemur fra Munne og Hond vors Frelsara JEsu, þa skulum vier ecke taka Brauded oß i Hendur, fyrr eñ vier audur med Bæn og Aakallan hofum feinged vorum JEsu þad i Hendur.

Þar nærst; þa skulum vier epter

Dæme JEsu, ecke gleima vorre Bæn og Blessan, nær vier medtokum Guds Gæfur, þvi allar Guds skapadar Skiepnur eru godar, eingvu er þvi frætt sier ad kasta, sem medteked verdur med þackargiord, þviad það helgast fyrer Guds Ord og Bænina. 1. Tim. 4. GUd fær það opt morgum i Hendur, sem hann vill, ad þeir vtdeile odrum; Vier skulum ecke þeinckia, ad GUds Gæfur sieu alleinasta fyrer sialfa oss, helldur og fyrer vorn Naunga, sem Naud lijdur. 1. Joh. 3.

I þridia Matta; þar skulum vier lata oss nægia med Guds Gæfur, jafnvel þo ecke sieu fyrer oss setter marger Kræsner Retter: þvi Gud kañ og ad metta oss med fæum Braudum og Smæ-Fiskum.

Þegar þeir hofdu nu eted og voru sadder, hvad talade þa JEsus til sinna Læresveina?

Hañ sagde: Safned samañ þeim Leifum, sem afgeingu, so ad eckert spillist.

Hvad

Hvad vill hann þar med þeim og oss kienna?

Eina Christilega Sparneitne, og Vyrdingu vid Guds Gæfur, ad vier skulum ecke spilla þeim afgeingnu Leifum; helldur þeinckia, ad þær sieu Guds Blessan, og jafnvel sia minste Mole, so sem talad verdur um Vijn-berid. Es. 65. Þo skulum vier so tilsia, ad vor Sparneitne hneigest ecke til Nijdsku og Ohocka-skapar: þvi ein Ohocke skal ecke rijkur kallast. Es. 32.

Giordu þeir þa epter hans Befalningu?

Ja; þvi þeir sofnudu þeim saman, og fylltu upp tolf Kærfer medur þessar Leifar, af þeim sin Bygg-braudum, hveriar ad voru auk þess, sem þeir hofdu neitt. So þad gieck meira af, en adur hafde til vered, so hier var eitt Krapta-verk odru stærra.

Hvad siaum vier hier af?

Guds rijkuglegt Almætte, hann hefur bæde rijka og orlata Hond, sem alldrei kann ad bregdast, hann kann bæde ad bleſſa vora Kerf, og vorar Afgaungs Leifar. Deut. 28.

Hvad skede epter þetta Kraptaverk?

Þetta, sem Gudsvialla-madureñ seiger. Eñ þa er þesser Meñ sau, hvert Teikn ad JEsus giørde, søgdu þeir: Þesse er sannarlega sa Spamadur, sem i Heimeñ skal koma, epter Guds Loforde i Deut. 18. Eñ þa JEsus formerkte þad, ad þeir mundu handtaka hañ, og giøra hañ ad Konge, og þad jafnvel a moote hañs Vilia, af einre fatvislegre Meiningu þeirra, ad Meßias skylldi vera eiñ jardneskur og veralldlegur Kongur, er þa skylde Frelsa fra þeirra Ovina Hondum, flyde hañ einsamañ burt upp aptur a Fialled, þad sama, hvar hañ hafde adur verid, þegar Folked kom til hans, eñ sijna Læresveina neydde hañ jafnsnart til, ad þeir stijge a Skip, og færu fyrer honum yfer uñ.

Hvad siæum vier hier af?

Folksens Packlæte, sem þad auglyste JEsu, bæde med Ordum og Verkum, og þar hia þeß stora Breiskleika, i þvi, ad þo þad hiellde hañ riettilega ad vera eiñ Spamañ, og vilde giora hañ ad

Konge,

Konge, þau samt voru þeir flester, sem ecke þecktu hañ riettilega, ad vera þañ saña Veralldarennar Frelsara.

Hvad skulum vier hier af læra?

Það, ad finnast Gude þacklauter fyrer sijna Velgiorninga. Nær vier hofum Matar neitt, og erum metter, þau skulum vier lofa Drotteñ vorn GUD. Deut. 8. og lauta vort Þacklæte siaust i Verkunum, i þvi, ad vier lautum vorn JEsum vera Kong i vorum Hiortum, til ad stioorna øllum vorum Þonkum, Ordum, og Giordum.

Hvad siœum vier hier af?

JEsu Audmykt, ad hañ leitade ecke sinnar eigeñ Dijrdar, helldur uñflijde hañ þetta otilhlijdelega Æru Tilbod; Hvar med hañ syner, ad hañ være ad soñu eiñ Kongur, eñ hans Rijke være þo ecke af þessum Heime. Joh. 18. helldur eitt andlegt Rijke. Ps. 2.

Hvad kuñum vier hier af ad læra?

Það, ad stunda ej hvad hatt er; Helldur hallda oß nidur til þeß, sem laugt er. Rom. 12. Jau; vier skulum ecke stun-

da stort epter þeim jardneſku Riſkium, og þeirra Vegsemd, helldur fyrſt og fremſt leita Guds Riſkes og hañs Riettlætes. Matt. 6. So vier mættum vera hier retter Undersaatar i hañs Naadar-Riſke, og sijdañ vegsamleger Jnbyggiarar i hañs Dijrdar Riſke. Hvar til Gud hiælpe oß af sinne Nad, fyrer Christi vors Kongs og Frelsara Skuld alleina. Amen.

Sunnudageñ epter Midfostu.

Gudspialled skrifar S. Johannes i 8. C. og hliodar þannig.

Jesus sagde til þañ Tijma. Jesus sagde til Gidinganna og Høfdingia Kiennemannanna: Hver er sa af ydur, þad hañ meige straffa mig uñ nockra Synd? Fyrst eg seige Sañleikañ, hvar fyrer trwe þier mier þa ecke? Hver hañ er af Gude, sa heyrer Guds Ord, þar fyrer heyre þier þau eige, þviad þier erud ei af Gude. Eñ Gidingarner swørudu, og søgdu til hañs:

hañs: Segium vier ecke vel, þad hu ert Samverskur og hefur Diofuleñ? JEsus svarade: Eg hefe ecke Diofull, helldur heidra eg miñ Fødur, og þier vanheidred mig. Eg leita ei ad minne Dijrd, sa er, sem leitar og dæmer. Sañlega, sañlega seigi eg ydur, hver hañ geimir mijn Ord, hañ mun ecke Daudañ sia ad Eilijfu. Þa søgdu Gidingarner til hans. Nu formerkium vier, ad þu hefur Diofuleñ. Abraham er daudur og Spamennerner, og þu seiger, ef ad sa er nockur, sem geimer mijn Ord, hañ skal ecke Daudañ smacka ad Eilijfu. Hvert ertu meire Fødur vorum Abraham, hver ed framliden er, og Spameñerner eru og framlidner? Hvern giører þu sialfañ þig? JEsus svarade: Ef ad eg vegsama mig sialfur, þa er mijn Dijrd eingeñ. Miñ Fader er sa, sem mig vegsamar, hvern þier seigid ydar Gud vera, og þier þecked hañ þo ecke; Eñ eg þecke hañ: Og ef eg segde, þad eg þeckte hañ ecke, þa være eg eiñ Lingare, lijkur ydur.

Hell-

Helldur þecke eg hañ, og eg geime hañs Ord. Abraham Fader ydar gladdest, ad hañ skylde siaa mín Dag, og hañ saa hañ, og vard gladur vid. Þa søgdu Gidingarner til hañs: Þu ert eín ecke Fimtugur, og þo saastu Abraham? JEsus sagde til þeirra: Sañlega, sañlega seigi eg ydur, ad adur en Abraham var, em eg. Þa toku þeir upp Steina, so ad þeir køstudu a hañ. En JEsus fordade sier, og gieck ut ur Musterenu.

Hvad hefur þetta Gudspiall inne ad hallda?

Fyrst; eina skarpa Rædu og Samtal, er Christur hiellt vid Gidingana.

Þar nærst; Endalicktun a þeirre sømu Rædu.

Hvar af kom þesse Kappræda?

Af Christi sonnum Aastædum, bæde um hañs Lifernis Sakleise, sem og Lærdoms Samleika.

Hvad seiger hañ um þad Fyrra?

Hver er saa af ydur, þad hann kunne ad bevijsa uppaa mig nockra Synd.

Þvi

Þvi seiger hañ: Hver kañ ad bevijsa uppa mig nockra Synd? Eñ ecke, hver vill skulda mig fyrer, edur tilleggia mier nockra Synd?

Þvi, þad var ecke nog ad segia; helldur heyrde til satt ad giora, og bevijsa sijn Ord. Þeir voru nockrer, sem med sijnum Lastmaalugum Twngum tillogdu honum eina og adra Synd. Nockrer sogdu uñ hañ, ad hañ være Ofautsmadur og Vijn-svelgur, Vinur Tollheimtumanna og Versyndugra. Matth. 11. Hiner, ad hañ ræke vt Diosflana fyrer Belzebub, adrer ad hañ brite og vanhelgade Sabbaths-Dageñ, ad hañ være eiñ Gudlastare. Matt. 9. Eiñ Illrædesmañ. Joh. 18. og eiñ Svikare. Matt. 27. Eñ hver kunni ad bevijsa uppa hañ hina minstu Synd.

Var þad omogulegt þa, ad bevijsa uppa hañ nockra Synd?

Ja, vissulega, þvi hañ var eitt ofleckad og saklaust Lamb. 1. Pet. 1. Eiñ Biskup, sem var heilagur, saklaus, ofleckadur og Syndurunum fraskileñ. Hebr. 7. hañ, hver ed aatte ad afma añara Synder, hlaut

hlaut sannarlega sialfur æn Syndar ad vera. Þvi þar Pasca-lambed, og þau Dijreñ, sem offrast attu i þvi gamla Testamente, hlutu ad vera æn Lijta. Ex. 12. Hvad miklu framar hañ, hvers Figura og Fyrermyndan þau voru, hañ giorde eingvum Oriett, og eingeñ Svik voru fundeñ i hañs Mune. Es. 53.

Hverja Huggun hofum vier hier af?

Þessa, ad hañ er sæ sanne ypparste Prestur og Biskup, sem Sampijning kañ ad hafa med vorum Breiskleika. Heb. 5. sem, med sine fullkomnu Hlijdne, hefur fullkomnad Guds Vilia og Logmaal, og kañ med sijnum Heilagleika og Riettlæte ad hilia allar vorar Synder og Ofullkomlegleika.

Hverniñ kañ þetta ad þiena oss til Lærdoms og Aminningar?

Ad vier af hañs Dæme, þad mesta mogulegt er, leggium allt Kapp æ, ad vera hreiner og heilager, æn hvers eingeñ kañ DRotteñ ad sæ. Heb. 12. og æstunda ad hafa alltijd ofleckada Samvitsku bæde fyrer Gude og Mønnum. Act. 24. So ad, þo Menn vilie tala nock-

ud

ud illt uñ oß, ad þeir mættu þo lifvga þad. Matt. 5. og alldrei med neinum Sañe nockud illt uppa oß bevijsa.

Hvad talar hañ uñ sijns Lærdoms Sañleika?

Þetta; fyrst eg, sem er þeß eilijfa Guds sannur og trur Vottur seige ydur Sañleikañ, þad er, kenne Guds Veg riettilega, hvar fyrer trwi þier mier þa ecke? Hver hañ er af Gude, þad er, eitt sañarlegt endurfædt Guds Barn, hañ heyrer Guds Ord, med Gudrækne, og vardveiter þad i godu og sidsomu Hiarta, og færer Avøxt i Þolinmæde. Luc. 8. Þar fyrer heyred þier eige (Guds Ord med sañre Gudrækne og Alvøru) þviad þier erud ei af Gude; helldur erud þier af Fodurnum Fianda. Joh. 8.

Hvad lærum vier hier af?

Þad, ad JEsus Christus er sa riette Sañleikans Lærare, sem seiger oß þañ retta Sañleika, þañ hañ hefur heyrt af Gude. Joh. 8. oß til Sauluhialpar. Og þar sem vier vilium vera þau rettu Guds Børn, þa skulum vier adhillast hañ, sem þañ retta Kieñefodur, og segia med

Læres

Lære-sveinunum: HErra, til hvers skulum vier fara? (utañ til þijn) þu hefur Ord eilijfs Lijfs. Joh. 6. Vier skulum heyra, trua, og hlijda hañs Orde, því þeir sem þad vilia ecke giora, þeir eru ecke GUDS, heldur Diofulsens Børn; hvers Ligar þeir heyra, og epter hvers æeggian þeir giora.

Hvad sogdu Gidingarner hier til?

Gidingarner svørudu, og sögdu til hañs, segium vier ecke vel, ad þu ert Samverskur, og hefur Diofulen? Hvern vilia Gidingarner lasta, med þessum sijnum hreckvijsum og Lyge-giornum Twngum?

Bæde JEsu Lifnad og Lærdom; hans Lifnad i því, ad þeir kalla hañ Samverskañ, eiñ svareñ Gidinganna Fiandmañ; og þar til med eiñ Kiettara, vantruadañ og hælfvolgañ mañ, sem hallttre æ bædar sijdur, ad hælfu leite Gidingur, ad hælfu leite Heidinge, hverke heitur nie kalldur, so sem uñ Samverska verdur gieted i 2. Reg. 17. Hans Lærdom og Krapta-verk, med hverium hañ stadfeste sijna Kieñingu, afmæna þeir i því, ad þeir sögdu hañ hefde Diofuleñ, og stiornadest af honum, vid hvern hañ hefde heimuglegañ

Sætt-

Sattmaala giort, og fyrer hans Makt, þau bæde talade hañ, og framkvæmde sijn Verk, og jafnvel þo þeir vel viþi, ad þad var bølvud Lijge, sem þeir søgdu uñ hañ, þau vilia þeir þo med Sañleikans Farva hana maala, edur yferstrimka, segiande; segium vier ecke rett, ad þu ert Samverskur og hefur Diøfuleñ?

Hvad siaum vier hier af?

Vier siaum þad satt ad vera, ad illar, vondar, og lijgesamar Mannanna Tvngur, eru sem eitt o-tamed Villudijr, eitt Skip fyrer utañ Stijre, og eiñ Eldur upptendradur af Helvijte. Jac. 3. Þeir laata þær tala Lijge og Baktal, og jafnvel þo þad, sem þeir opt og tijdum tala, sie ad mote þeirra Samviskum, þau vilia þeir þo, ad þad skule vera Satt og Rett, og segia; Med vorre Tungu skulum vier Yferrauteñ hafa, oß ber ad tala, hver er vor Yferherra. Pf. 12.

Hverju svarade JEsus hier til?

Hañ svarade hier til med Hogværd: Eg hefe ecke Diøfull. Þo þeir kalle hañ Samverskañ, þa helldur hañ ei verd-

ugt, ad svara þar uppa; þvi þad, sem sw argasta og bligdunarlausasta Lijgi, kunne ad reka sig sialft til baka; En med þvi hitt annad snerte hañs Embætte, og minkade GUds Dijrd og Heidur, þa svarade hañ þar uppa, þo med storre Hægd og Lempe; Eg hefe ecke Diofull, seiger hañ, hvers Ord og Verk ad eru Gude a moote, og hañ leitar alltijd epter þvi ad minka GUds Dijrd; Helldur heidra eg min Fødur: Oll mijn Ord og Verk stunda epter hañs Heidre, hvar af noglega kañ ad siast, og alicktast, ad eg hefe ecke nockud Samfielag vid Diofuleñ; og þar þvert a mote vanheidred þier mig, hvern ydur ber þo ad heidra lijka sem Fødureñ, sem mig sende. Joh. 5. Eg leita ei ad minne Dijrd, ad eg skule giefa mig i hardar þrætur vid ydur, og til baka reka ydar lognar Sakargyfter, helldur er þar sa einn, nefnilega, min himneskur Fader, sem leitar, sem hefur byrt, og vill byrta mig. Joh. 12. Og dæmer, sem mun, sem einn Riettvijs Domare, dæma mig, og framfylgia mijnu Maalefne, ja, straffa og dæma ydur fyrer ydar Ligar og Raangl-

læte;

læte ; honum vil eg befala mijna Sok, sem rett dæmer. 1. Pet. 2. Eñ æa medañ (vill hañ segia) vil eg þo fyrer mitt Ord og Predikun vijsa ydur þañ goda og retta Veg til Sæluhiælparinnar, ef þier añars vilied umvenda ydur, heyra og medtaka þad; þvi sannlega, sañlega seigi eg ydur, hver hañ, ecke alleinasta heyrer, helldur og geimer mijn Ord, sem eg kienni og predika, og trwir þeim riettilega, og breiter epter þeim, hañ mun ecke Daudañ sia ad Eilijfu, þad er, sæ andlege og eilijfe Daudi hefur eingva Makt yfer honum. Apoc. 20. Helldur mun hañ þreingiast i gegnum fræa Daudanum til Lijffens. Joh. 5.

Hvern Lærdom kunnum vier ad draga ut af þessum Ordum vors Frelsara?

Marga nytsamlega og sæluhiælplega Lærdoma:

Fyrst; Ad vier skulum ecke endurgiallda Illt med Illu, edur Skammar-ord fyrer Skammar-yrde. 1. Pet. 3. Þvi þad er ecke annad, eñ ad giora þad Illa eñ þæa verra, og ad vilia slockva Eld med Elde.

Þar nærst; þau skulum vier ecke svara heimskum Manne epter Heimsku sinne, so vier verdum honum ecke lijker: Þo skulum vier stundum svara heimskum epter sinne Heimsku, so hañ læte sier ei þykia, ad hañ sie higgiñ. Prov. 26. Hellst nær hañs Ord synast horfa voru loglegu Embætte, og GUds Dijrd til Mijnkunar, hvar vid oß ber ecke ad þeigia, þo skal vor Ræda vera med allre Hogværd og Þoliñmæde.

J þridia Mata; Þau hefur Liooseð eckert Samlag vid Myrkuriñ, og Christo kañ ecke ad koma samañ vid Belial. 2. Cor. 6. Þvi Satan stundar epter, ad hindra og mijnka GUds Heidur, enn Christur þar þvert a mote stundar alltijd epter ad auka hañ og efla.

J fioorda Mata; Ef vier vilium segiast, ad vera þau rettu GUds Børn, þau skulum vier, allt hvad vier giorum, giora GUde til Dijrdar. 1. Cor. 10. og framar stunda epter þvi, ad hafa Vegsemd hia GUde, eñ Vegsemd hia Mønnunum. Joh. 12.

J fiinta

I fiinta Maata; Þaa skulum vier i ollum Efnum befala Gude allt vort Efne, þvi þo Versoldeñ vanheidre oß, þaa mun hañ þo heidra þaa, sem hañ heidra (1. Sam. 2.) Þad er, riettilega dæma, og sijn Born saklaus til Liossins leida.

I siotta Maata; Þaa er Christi Ord og Evangelium eiñ Kraptur til Saluthiaalpar, ollum þeim, sem þar aa trwa. Rom. 1. Og kroptugur Læknisdomur aa mote þeim eilijfa Dauda, og ef þad aa ad verda oß Jlmur Lijfsens til Lijfsins, eñ ecke Jlmur Daudans til Daudans, þaa ber oß þad ei alleinasta ad heyra, helldur þad ad geima og epter þvi ad breita. Jac. 1.

Hvad sogdu Gidingarner hier til?

Þaa søgdu Gidingarner til hañs: Nu formerkium vier, ad þu hefur Diofuleñ (ad þu hefur Mok vid Diofuleñ, og ert affinna) Abraham er daudur, og Spamennerner; og þu seiger: Ef sa er nockur, sem geimer mijn Ord, hañ skal ecke Daudañ smacka ad Eilijfu, hvert ert þu meire Sodur vorum Abraham, hver ed

fraamlideñ er, og Spæmennerner eru og fraamlidner? Þad er Meiningeñ, þo þeir aller hafe haft, heyrt og og hallded Guds Ord, þau hefur þad þo ecke kunnad ad frelsa þau fraa Daudanum, hvern giører þu siaalfañ þig? Villtu vera meire eñ Abraham og Spæmennerner?

Hvad siæxum vier hier af?

Bæde Gidinganna Vondsku og Bligdunarleise, ad þeir hallda afraañ, sem upphiotande Sioor, i þvi ad wtkasta Saur og Ohreinindum sinna Lijgessmu Twngna, so og eiñiñ þeirra Blindne, ad þeir skilia þad uñ þañ lijkamlega Dauda, sem Christur talar uñ þañ eilijfa. Þanniñ kañ eitt umbreitt og uñturnad Sinne, sem er uppfillt og iñtekeed af vondum Giedsmunum, ollu ad snwa til hiñs vesta. Þar nærst; siæxum vier hier Krapt JEsu Orda. Þad er eckert, sem kañ ad frija og frelsa oß af þeim tijmañlega Dauda, þvi ollum Mañum er tilskickad einusinne ad deya. Hebr. 9. Og so sem eingeñ er, sar ed lifer, ad ecke Syndge; So er þar og eingeñ,

eingeñ, sem lifer, ad hañ ecke skule deya; So þeir heilogu Forfedur hlutu og so ad gaanga Veg allrar Veralldar: Abraham er daudur og Spaameñerner, þar fyrer heiter þad so: Hvar eru ydar Fedur? Og munu Spaamennerner lifa til Eilijfrar Tijdar? Zach. 1. Þar fyrer, ef vier riettilega heyrum og geimum Ord vors Frelsara JEsu, þa vill hañ ei alleina giora þañ lijkamlega Dauda oß ad sætum Svefne, og Saaluhiaalplegre Burtfor, helldur og einniñ frelsa oß fraa þeim andlega og eilijfa Dauda.

Hvert Svar giefur JEsus hier uppaa?

JEsus svarade: Ef eg vegsama mig sialfur, og epter ydar Ordum og Þonckum giore mig ad þeim, sem eg er ecke; þa er mijn Dijrd eingeñ; miñ Fader er sa, sem mig vegsamar, sem siñ Son; hvern hier seiged ydar GUD vera, og hier pecked hañ þo ecke, sem ydur ber, þar hier pecked ecke mig, sem er af GUde wtgeingeñ. Joh. 8. Eñ eg pecke hañ riett og fullkomlega, sem sa ed er hañs eigeñ ei-

lijfur Vijsdomur, og eiñrar guddomlegrar Veru med honum. Og ef eg segde, þad eg þeckte hañ eige, þa væri eg eiñ Liugare lijfur ydur. Helldur þecke eg hañ, sem hans eingieteñ og elskulegur Sonur, og auglyse þad i Verkunum, þvi eg geime hañs Ord. Og med þvi þier taled um̃ ydar Fodur Abraham, og seged, ad hañ sie daudur, þa meigi þier vita, ad jafnvel þo hañ sie dauñ þeim tijmañlega Dauda, þa lifer hañ þo hia Gude i eilijfu Lijfe, og þad þeß vegna, ad hañ med Trwnne vænte miñar Tilkomu i Hollded. Abraham Fader ydar (epter Holldenu) gladdest, ad hañ skyllde sia mijn Dag, og hann sa hañ, med Trwariñar Augum, og vard af Hiarta gladur.

Hver Lærdomur kañ hier af ad dragast?

Fyrst þesse; ad stunda epter sijnum eigeñ Heidre og Vegsemd, er eingenn Vegsemd, þvi þar sem nockur villde hroosa sialfum sier, þa mættu meñ segia um̃ hañ, ad hañs Hroosun være ecke god. 1. Cor. 5. Eñ hver sier hroosar, sa hroose sier i Rottne; þvi fyrer

þad

þad er eingeñ duganlegur, ad han lofar sig sialfur, helldur þad Drotteñ lofar hañ. 2. Cor. II.

Þar nærst; Þau eru þeir marger, sem med Gidingunum segia, og med-kienna med Munninum, ad þeir vite af Gude, eñ þeir þeckia hañ þo ecke retti-lega; þvi med Verkunum afneita þeir þvi, med þvi Gud hefur Andstygd a þeim, og þeir eru til allra godra Verka oskickanleger. Tit. I.

I þridia Mata; Þau hafa þeir hei-logu Forfedur, med Abraham, sied Christi Tilkomu Dag med Trwarinnar Augum, og orded glader þar vid, þeir hafa sied Fyrerheited laungt i burt, og hafa sig þar vid huggad, og sier nægia lauted. Hebr. II. Og eru saaluholpner vordner fyrer Naud DRottens vors JEsu Chri-sti, med sama Hætte og vier. Act. 15.

Hvad sogdu Judarner hier til?

Þau søgdu Gidingarner til hañs; þu ert eñ ecke fiñtugur, (so sem vier audvelldlega kuñum a þier ad sia) og þo villtu segia, ad þu hafer sied Abraham?

Hvad siæum vier hier af?

Gidingaña forherdta Blindne, ad þeir vilia ecke læta JEsum kieña sier, heldur wtleggia þeir ræangt hañs Ord, þad hañ talar um Trwariñar andlega Sion, þad vilia þeir skilia fyrer þæa lijkamlegu; So bruka þeir ogudlegu jafnañ einhveriar Kroka-wtfluckter og Undañ-Bregd, þegar þeir vilia ecke læta kienna sier, nie vijsa æa þañ retta Sauluhiælparinnar Veg.

Hverju svarade JEsus hier til?

JEsus sagde til þeirra, sañlega, sañlega segi eg ydur, ad æadur eñ Abraham var, em eg; Jeg var og er eiñ sannur GUd med Fødurnum fræa Eilijfd. Ps. 2. og jeg er hiñ same, i giær og i Dag, og ad Eilijfu. Hebr. 13.

Hvern Enda hafde Christi Samtal vid Gidingana?

Þegar þeir kunnu eingvu framar ad svara hønum, þæa toku þeir upp Steina, so ad þeir køstudu æa hañ, og villdu grijta hañ i Hel, sem eiñ Gudlastara og Fals-kieñara, sem ræangañ Lærdom kiende.

Hvad siæum vier hier af?

Þeirra

Þeirra ogudlegu vondañ Vana þegar þeir kunna eckert med Ordum ædviña, þa taka þeir til sinnar Maktar, og vilia vinna med Vallde, so sem Gidingarner hier vid Christum, og Stephani Motstandarar vid hañ. Act. 6. Þeir hafa margslags Steina, sem er Ofund, Foracкt, Ofsokn, og annad þviumlijkt, og vilia taka til þeirra, og kasta þeim a GUds Born og hans Þienara.

Hvad gisrde JEsus hier a mote?

Hañ veitte eingva Motstodu, nie hefnde sijn a þeim, sem hañ hefde þo añars kuñad; helldur fordade hañ sier, vard osynilegur fyrer þeim, og gieck ut ur Musterenu. Og þañin komst hañ i burt midt a millum þeirra, so sem adur a millum Borgaranna i Nazareth, Luc. 4. þvi hañs Tijme var eñ nu ecke komiñ.

Hvern Lærdom, og hveria Huggun kuñum vier oß hier ut af ad draga?

Fyrst þad, ad vier skulum ecke steipa oß i Faar og Hauska, edur giefa oß i ogudlegra Hendur, helldur forda oß, þad mesta mogulegt er. Matt. 10. Þar

nærst,

nærst; þau vardveiter Gud sijn Born, so sem sín Augastein. Zach. 2. hañ birger þau heimuglega hiar sier, fyrer hvers Mans Þack, hañ felur þau i síñe Tiallbud, fyrer þeim Þrætusomu Tungum, Ps. 31. So falde hañ David fyrer Saul 1 Sam. 19. Eliam fyrer Achab. 1 Reg. 19. Jeremiam og Baruch fyrer Konginum Joachim. Jer. 36. og sijdast skijler og felur hañ þau allra best, nær hañ felur þeirra Lijkame i Grafenne, en þeirra Sæler tekur hañ i sijnar Hendur, hvar eingen Ovinur kañ til þeirra ad koma, nie nockur Pijna þær ad snerta. Sap. 3. Eja! værum vier þar, þa værum vier vel falder og forvaradir; GUd giefe oss þad fyrer JEsum Christum Amen.

A Bodunar Dag Mariæ.

Gudspialled skrifar Lucas i fyrsta Capitula.

26 Enn a hinum siøtta Manude, var Gabriel Eingell sendur af Gude, i þa Borg i Galilea, sem nefndest 27 Nazareth, til þeirrar Meyar, er føstnud var þeim Manne, er Joseph hiet, af

af Hwse Davids, og Heite Meyarinnar
var Maria; × Og Eingelleñ gieck 28.
in til hennar, og sagde: Heil sier-
tu Naadarfulla, Drötteñ er med þier,
blessud ertu au medal Kvenna. Eñ 29.
þa hun sa hañ, vard hun hrædd af
hañs Ordum, og hugleidde ad hvi-
lijk være þesse Kvedia. Og Eingilleñ 30.
sagde til heñar: Ottast þu ecke, Ma-
ria, þviad þu fanst Naad hia Gude.
Sia! þu munt Barn gieta i Kvide 31.
þijnum, og munt Son fæda, og
hañs Nafn skalltu kalla JEsus. Hañ 32.
mun mikell verda, og kallast Sonur
hins Hædsta. Og GUD DRotteñ
mun gefa hønum Sæte sijns Fødurs
Davids, × og hañ mun rijkia yfer 33.
Hwse Jacobs ad Eilijfu; hañs Rijkis
mun og eingeñ Ender verda. Þa 34.
sagde Maria til Eingelsens; Hvern-
eñ skal þad ske, af þvi eg hefe eingvañ
Mañ kient? × Eingilleñ svarade og sag- 35.
de til heñar. Heilagur Ande mun
koma yfer þig, og Kraptur hins
Hædsta mun yfirskyggia þig, af þvi
og þad hid helga, sem af þier mun
fædast, skal kallast Sonur Guds.

Og

36. Og siá þu! ad Elizabeth Frændkona þijn, hefur og Son geted i Elle sinne, og þesse er siøtte Manudur heñar,
37. sem køllud var Obyria, þviad Gude er eckert Ord omattugt. En Maria
38. sagde. Siá, eg em Ambatt Drottens, verde mier epter Orde þijnu, og Eingilleñ veik frá henne.

Uñ hvad hendlar þessa Dags Evangelium?

Þad hendlar uñ þañ Bodskap, sem Eingilleñ Gabriel færde Mariu Meyu uñ Gietnad Christi. Hvar af vier kuñum ad siá. Fyrst; Eingelsens wtsendingu. Þar nærst; hans Erende i þeßare Utsendingu.

A hverium Tijma var Eingilleñ wtsendur?

A hinum siøtta Manude, þad er ad skilia, epter þad Johannes Skijrare var geteñ, sem siáast kañ, af næst fyrerfarande 24. og epterfylgiande 36. Verse i þeim sama Capitula.

Hvad siáum vier hier af?

Þad, ad so sem aller Hluter hafa sijn Tijma; Eccl. 3. v. 1. so hefur og GUD tilsett eiñ vissañ Tijma, á hverium hañs Sonur

Sonur skylde gietenn og fæddur verda. I þvi Gamla Testamente var þessum Tijma fyrerheited optlega longu audur; En nu var þesse Tijme komenn til visstrar Maanadar Tolu, og sannarlega, Gude sie Lof, var sw Tijd kominn, ad GUD sende sinn Son fæddann af einre Kvinu. Gal. 4.

Hver var sa, sem sendur var?

Eingellenn Gabriel. Sa same Eingell, sem audur til forna hafde kunngiort Christi Tilkomu fyrer Daniel Spamanne. Dan. 9. og nu nijlega hafde wtsendur vered fyrer sex Mannudum til Zachariam, ad undervijsa honum Fæding Johannis, sem vera skylde Fyrerreñare Christi, hans Nafn þijdist Guds Dflug Kiempa, so sem þeir heilogu Englar verda almennilega kallader. Ps. 103. edur GUds Kraptur og Styrkur; Og hann nefner sig þanninn sialfur fyrer Zacharia, Eg em Gabriel, sa er framan fyrer Gude stendur, og eg em sendur ad tala vid þig; Luc. 1.

Hveria Gudrækilega þancka kunnum vier hier af ad hafa?

Þesse Sendefer, med hverre bodast skylde Tilkoma þess mikla Sattmalans

og

og Guds Auglitis Eingels, var so hæ-leit og heileg, ad hana kunne ecke minne hattar Persona ad framkvæma, helldur eñ eiñ Eingell, sem stæde framan fyrer Gude, sa same Eingell atte ad auglysa Tilkomu peirrar miklu Hetiu, sem er Kraptur Guds. 1 Cor. 1. hvar fyrer hañ hefur Nafn af þvi hinu sama. Eiñ illur Eingell hafdi adur vered Ordsok til Manneskiunnar Falls; En eiñ godur Eingell openberar hier, fyrer hvern hun kunne aptur ad uppreisast.

Hvert var Eingelleñ Gabriel sendur?

I þa Borg i Galilea, sem nefndist Nazareth.

Hvad fyrer eitt Land var Galilea, og hvad fyrer eiñ Stadur var Nazareth?

Galilea var eitt lijted og fyrerlitlegt Land a medal Gidingaña, hvadañ peir peinckti ad eingeñ Spamadur munde koma: þar fyrer segdu peir; Ransaka þu og skoda, þad af Galilea rijs ecke Spamadur upp. Joh. 7. Og Nazareth var eiñ lijtilfiorlegur Stadur edur Borg, um hveria Nathanael sagde; Hvad ma af Nazareth gott koma, ecke ad sijdur verdur Eingelleñ þangad sendur, til ad kunn-

kuñgiora þad, ad sa mikle Spa-madur. Deut. 8. skylde þadañ upprijsa, og sa ypparste Gode skylde þadañ koma.

Hvad skulum vier hier af læra?

Þad, ad GUd wtvelur þad, sem o-edla er fyrer Heiminum, og þad sem eckert er, so hañ gierde þad ad eingvu, sem nockud er. 1. Cor. 1.

Af hverium var Eingelleñ sendur?

Af GUde, sem er allra Eingla HErra, GUd og Skapare, hvers Erinde þeir wtrietta. Ps. 103. Hañ kom ecke af siaalfum sier, helldur var hañ wrañlega Kiærleika villde senda sinn eingietteñ Son i Heimiñ.

Hver Lærdomur kañ hier af ad dragast?

Sa, ad GUd er Einglanna HErra, þeir hañs þienarar. Skule þeir þioona oß og adstoda, þa meiga þeir þar til sendast, og þad hlijtur af GUde ad vera befalad. Ps. 91. Þar fyrer, ef vier vilium niota þeirra Nærveru, þa skulum vier ottast GUd, og hañ þar uñ bidia. Þeir, sem vilia kallast, og vera

med rettu Einglar Guds Kyrkiu, edur Safnadarins, þeir meiga ecke hlaupa siaalfkrafa, edur aan þeß þeir sieu sender. Jer. 2. Helldur skulu þeir fyrer eina loglega Kallan vera sender af Gude.

Til hvers Mañs var Eingelleñ sendur?

Til þeirrar Meyar, sem þau af eingvum Manne visse, hver føstnud var þeim Manne, er Joseph hiet, (eñ þau voru eñ þau ecke samañ komeñ) af Hwse og Ætt Davids. Og Heite Meyarinnar var Maria, hver ed var af sama Hwse og Kyne epter Logmaalinu, so sem og hennar Ættartala gloggvast wtvijsar. Luc. 3. lijka sem Josephs. Matth. 1.

Hvad siaaum vier hier af?

Þad, ad JEsus Christus er sañ sanne Messias, þar hañ er fæddur af eiñ hreiñre Jomfrw, epter Spaadominum. Es. 7. Sia ein Jomfrw er oliett; og þad af Hwse og Kyne Davids, so sem DRotteñ hafde lofad. 2. Sam. 7. Item, aa þeim Tijma, þau Davids Hws og Ætt var i aumu Stande; Joseph var eiñ fataekur Timbur-madur, og Maria ein

ein fatæk Jomfrw, sem honum var trwlofud, jafnvel þo þau være bæde af Davids Ætt.

Hverla Huggun kunnum vier hier af ad hafa?

Það er oß ein stor Huggun, ad Gud er sañordur, og trwfastur i sijnum Lofunum, og hañ foracktar ecke þau, sem eru audvyrdileger, og fatæker fyrer Heiminum, nær þeir alleinasta hafa hañ fyrer Augunum: Christur er fæddur af eiñre Jomfrw, sem var einum Manne fostnud, hañ hefur med sijnum Gietnade og Fædingu helgad og heidrad bæde það Einmana-Standed, og lijka Hioonabanded.

Hvad wtrætte Eingelleñ i þessare Wtsendingu?

Hañ gieck iñ til hennar, aan efa i eiñre uppæktekinre mañlegre Lijkingu, so sem vier finnum þennañ Eingel, sem atte ad boda Christi Mañdoms Tekningu, opt ad hafa opeñberast i eiñre mañlegre Lijkingu; og hañ heilsade heñe segiande: Heil siertu med Naad bigafada, DRotteñ er med þier, blessud ert þu a medal Kvenna.

Tilbidur Engelleñ Mariu med þessum Ordum, edur giefur Tilefne til þess, ad adrer skule tilbidia hana?

Nei: eingvañveigeñ, þvi þetta er ein Heilsun, eñ eingeñ Bæn, nie Tilbeidsla, so sem Papistarner fœvijslega meina; Hañ kallar hana ecke Naadarfulla, so sem hun kynne odrum Nœd ad veita, helldur Naadada, sem funded hefur Nœd fyrer GUde, og þar fyrer sie hun blessud a medal Kvenna, hveria Barna Borneñ mættu vel prijsa sæla og blessada ad vera, þar hun var wtvaleñ af Gude, ad fœda Christum hañs eingietna Son, þad blessada Abrahams Sœde, i Heimeñ, i hverium allar þioder a Jordunne skulu blessast. Gen. 22.

Hvad kunnum vier hier af ad lœra?

Þad, ad vier skulum heilsa hver odrum vinsamlega, af einu trwfestu Hiarta, nær vier komum hver til annars, edur mættum hver odrum, so sem Christur hefur oss, bœde med sinne Befalningu, og Epterdœme kient; Jaa, vier skulum gledia oss, bœde yfer vorre og annara Lucku og Velstande.

Hver

Hverniñ bregdur Mariu vid þessa Eingelsens Opeñberan og Heilsun?

Þad synir oß Texteñ, þar so stendur: Eñ þa hun sa hañ, vard hun hrædd af hañs Ordum, og hugleidde ad hvilijk være þesse Qvedia. Hun visse ecke, sem var ein fataek og umkomulijtel Jomfru, hverneñ hun skylde medtaka þessa Heilsan, og so stora Qeru.

Hvad siæum vier hier af?

Fyrst; Mariu og vorra allra Veikleika, ad vier hrædunst oveniulega Hlute, og sierdeilis Opinberun og synilega Nærveru þeirra heilogu Eingla, sem er aavorturen af þvi hrædilega Synda-falle; Eñ i eilijfu Lijfe munum vier Englum Guds samlijkir verda, og aan allrar Hrædslu og Skelfingar med þeim umgaangast.

Þar nærst; siæum vier og hennar Audmijkt, i þvi ad hun helldur sig overduga þvilijkrar Qeru, og storrar Lucku; hver heñar Audmijkt ad skal þiena oß til Epterdæmes, ad vier stærum oß ei, nie upphrokum af Guds Gaafum; Helldur

med Jacob medkienna, ad vier sieum minne allre þeirre Miskun, og ollum þeim Saðleika, sem Gud hefur veitt oss. Gen. 32.

Hvad sagde Eingelen til Mariu, þegar hun þanniñ skielfdest?

Hañ sagde til hennar: Ottast þu ecke Maria, þviad þu fanst Naad hiá Gude, þu hefur eingva Þorf fyrer ad hrædast, helldur miklu framar Ordsok til ad gledjast, þvi Gud hefur sierdeilis dásamlega ádlited þig med sinum Nádar-Augum.

Hvad siáum og lærum vier hier af?

Vier siáum hier af Vinskap og Kiærleika þeirra heilogu Engla vid Guds Born, ad þeir hughreista þau, nær þau eru ottasleigeñ, og hugga þau i þeirra Brigd; So sem vier hofum til morg Epterdæme, bæde i þvi Gamla og Nija Testamente. Vier lærum og so hier vt af, oss til Huggunar, ad vier þurfum ecke ad ottast fyrer nockrum Hlut, þegar vier alleinasta hofum Gud fyrer Vin, og finnum Naad fyrer hañs Augum: þvi so seiger hañ: Ottast ecke, eg em medur

þier,

þier, vijktu ecke, þviad eg em þin Gud. Es. 41.

I hverju hafde Maria funded eina sierlega Nad hiia Gude?

Þad syner oss Eingillen, segiande: Sia! þu munt Barn gieta i Kvide þijnum. Þad er, sem hann sagt hefde: Sia, þu ert sw Jomfrw, um hveria Dotten hefur so talad fyrer Spamannen: Sia, ein Jomfrw er oliett, og mun Son fæda &c. Es. 7. Þvi þu munt fæda þann Son i Heimen, sem morg Born mun til Dijrdarennar leida. Hebr. 2. Hans Nafn skalltu kalla JEsus. Hvert Nafn merker eitt Frelsara, þvi hann mun frelsa sitt Folk af þeirra Syndum. Matt. 1. Hann mun mikell verda, bæde ad sinne Personu, sijnu Embætte, sijnum Krapta-verkum, sem og sijnu Hatignar-sæte til Fodursens hægre Handar. Og kallast Sonur hins Hædsta, þad er, þess allra hædsta himneska Fodurs, eigen, einaste og eingetne Sonur. So sem hann hefur fra Eilijfd vered epter sinne guddomlegre Nattura, eins skal hann og fyrer þa personulegu Einingu kallast

Guds Sonur, epter sinne mañdomlegre Nattura. Og Guð Drotteñ, hañs himneske Fader, mun gefa hønum Sæte sijns Føðurs Davids, það er, hañ mun gisra hañ ad einum DRottne og Christe, og smyria hañ til Kongs yfer sijna andlegu Zion, þau Christelegu Kyrkiu, hvar uppa Davids hañs Føðurs, af hvers Kyne hañ skylde fædast epter Holdenu, Konunglegur Stooll, það er Rijke og Veldes-stioorn, hefur vered Figura og Fyrermindan: Og hañ mun rijkia (i andlegañ Matta) yfer Hwse Jacobs, það er, yfer ollum sijnum rettum Israelitum, ad Eilijfu: Hañs Rijkis mun og eingeñ Ender verda. Dan. 2.

Hvad hafa þesse Eingelsens Ord inne ad hallda?

Eina herlega Wtskijringu, bæde yfer Christi Personu, ad hañ skule vera Sonur hins Hædsta, og Sonur Mariu; Sonur Guds og Sonur Davids; So og yfer hañs Embætte; hañs Kiennimañlega Embætte, ad hañ skule kallast og vera JEsus; hañs Konunglega Embætte, ad Guð mune giefa hønum Sæte Davids. 2c.

Hvad

Hvad talade Maria til Eingelsens, þegar hun heyrde þennañ Bodskap?

Þa sagde Maria til Eingelsens, ecke af neiñre Efasemi, sem Zacharias, helldur af Forundran og Eptirlongun, ad skilia þennañ Leindardom, hvørneñ skal þad skie, nefnilega, ad eg skule Barn gieta i Lijfe mijnu, og fæda þañ yppærlega Son i Heimeñ, af því eg hefe eingvañ Mañ kient? Og veit af eingvum Karlmanne, i þañ Matta, ad eg hafe hañ þijdst?

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Þad, ad vier meigum ecke efa Guds Sannleiks-fullar Lofaner, edur ofurdiwpt ransaka þa guddomlegu Leindardoma, þo meigum vier sannarlega adspyria og raudfæra oß vid Guds Ord, og hañs Þienara uñ þañ retta Gundvoll og Meiningu af Guds Orde og hans Leindardomum.

Hvert Andsvar fieck Maria hier uppa til Undervijsunar af Englinum?

Eingelleñ svarade og sagde til heñar; Heilagur Ande mun koma yfer þig, med sijnum sierlegum Krapte Verkan, og

hreinsa og helga það í þier, hvar af JEsu Líkame, sem eitt heilagt Guddomsens Mystere, skal byggiast, og það verka, að þu aan Kallmans Sædes og Samrædes, skallt gieta Barn í Kvide þijnum. Og Kraptur hins Hædsta, það er siælfur Guds Sonur. 1 Cor. 1. mun uñiskyggia þig, það er taka uppá sig mañdomlegt Hold og Blod í þijnum Kvide, og samteingia þar þá guddomlegu og mañdomlegu Nattura í Einingu eiñrar Personu. Af því og það hid helga Barn og Sonur, sem fyrer heilags Anda Yfirkomu og Yfirskyggingu Guds Krapta, mun af þier fædast, skal nefnast og vera Sonur Guds.

Hvad merkium vier hier af?

Fyrst það, að Christi Gietnadur er eiñ stor og mikill Leindardomur, sem ecke skiede fyrer Nattura sinnar Krapt, og sidvanalega Verkan, helldur fyrer Heilags Anda Yfirkomu, og Guds Kraptar Yfirskyggingu. Og með því Guds Ande og Kraptur hefur so sem huled þetta fyrer oss, þá ber oss ecke epter því að hnijsa, edur það ofdirfst að ransaka, því það er

oraū-

oranſakanlegur Leindardomur fyrer oß, at hvad eiñeñ ſiaalfer Einglarner fijſaſt ad horfa. 1. Pet. 1. Þar nærſt; er oß þad merkiande, ad ef vier ſkilium ecke hverneñ þad geingur til uñ vorn Getnad, ſem þo ſkiedur epter Naatturuñe, hverneñ ſkyldum vier þa kunna ad ſkilia Chriſti Getnad, ſem yfergeingur bæde Naatturuna og mañlegañ Skilning. I þridia Maata; er oß þad athugande, ad Maria hefur ecke alleinaſta fædt Mañ, helldur þañ, ſem bæde var GUd og Madur, og þad ann allrar Syndar og Saurugleika. I fioorda Maata; ad ſo ſem Heilagur Ande verkade Chriſti Getnad i Jomfrwarinnar Kvide, ſo hlijtur hañ og ad verka hañs andlegañ Getnad i vorum Hiartum. Ef vier ſkulum vera heilager, og kallaſt GUds Børn, þa hlijtur hañ þad i oß ad verka fyrer ſijna Naad, ſem er ſa rette ſonarlege Wtvalningariñar Ande. Rom. 8.

Med hverju ſtyrker Eingelleñ Trw Mariæ?

Fyrſt; med Elizabethar Epterdæme, ſegiande: Og ſiaa þu! ad Elizabeth Frændkona þijn hefur og Son geted

i Elle

i Elle sinne (fraũ yfer veniulegt Natturunnar Edle) og þesse er sijtte Maũudur hennar, sem køllud var Obyria. Þar nærst; styrker haũ hennar Trw med einum kostulegum Vitnisburde uñ Guds Almætte: þviad Gude er eckert Ord omættugt, so haũ kaũ ad giora hvad haũ vill, hvad undarlegt, og omøgulegt sem þad annars synist ad vera.

Hvad œlicktum vier hier af?

Þad, ad Gud er eiñ almættugur Gud, og allt er honum møgulegt. Matt. 19. Haũ kaũ ad giora þad sem bæde geingur yfer Skilningeñ, og Natturuna; Haũ kaũ ad tillykia Eiñrar Modur Lijf, so hun gete ecke fædt, sem Sara. Gen. 16. haũ kaũ og ad giora Obyriurnar Friodsamar sem Rachel. Gen. 30.

Hvad sagde Maria þegar Eingelleñ hafdi þetta talad?

Maria sagde; sia, eg em Ambætt DRottens, verde mier epter Orde þijnu.

Hvad gefur hun til Vitundar med þessum Ordum?

Bæde

Bæde sijna Audmykt, þvi þar Eingelleñ kallar hana blessada a medal Kvenna, og seger henne, ad hun eige ad vera Moder Guds Sonar, þa kallar hun sig sialfa af Audmykt Ambætt DRottens. So og sijna Undergiefne og stadfast Traust, sem hun hafe a Guds Sañleiks-fullu Orde. Gud giæfe, ad vier epterfylgdum henne i þessu hverutveggiu.

Hvad seiger Gudspialla-maduriñ hier sijdast?

Hañ seiger; Og Eingelleñ veik fra henne, med sijna synilega Nærveru, epter þad hañ hafde vtriett sitt Erinde, so ecke skylde synast, ad Eingelleñ hefde verkad edur framkvæmt Christi Gietnad. Eñ GUd var þo hia henne med sinne Naad, og heilagra Eingla vardveitslu, ja; Guds Ande verkade Christi Getnad i hennar Lijfe, sem er meire eñ aller Englar, þar hañ er allra þeirra HErra. Ad Endalickt oskum vier, ad GUd vilie ecke leata sijna heilaga Eingla fra oß vijkia, helldur alltijd vora Vacktara vera, og oß vernda, ja, ad hañ vilie leata sijn heilaga Anda bwa yfer oß, og verka JEsu Christi andlegañ Getnad i vorum Hiortum,

um, so hañ mætte þar bwa fyrer Trwna, þar til hañ uñ sijder iñleider oß i sitt eilijfa Rijke; Hvad ad fau og odlast oß veite sw heilaga Guddomsens Þreñing Amen. I JEsu Nafne Amen.

A Palma Sunnudag.

Mw lesa Wtskijringuna yfer Gudspialled a hñ fyrsta Sunnudag i Adventu.

A Skijrdag.

Texteñ stendur skrifadur 1. Cor. 11. og hliodar þañig.

Elskuleger Brædur. Þvi það, hvad eg hefe af DRottne medtekid, það hef eg ydur seinged, af þvi ad DRotteñ JEsus, a þeirre Nætt, er hañ var svikeñ, tok hañ Brauded, gigrde þacker, braut það og sagde. Taked og eted, þetta er miñ Lijkame, sa fyrer ydur verdur giefiñ, gigred það j mijna Minning. Sømuleides og eiñeñ Kaleikeñ, epter það hañ hafde Kvøld-

Kvøllduæltijdena eted, segiande; Þesse Kaleikur er nijtt Testamentum i mijnu Blode. Giøred þetta, so opt sem þier drecked þar af, i mijna Minning; Þviad so opt sem þier etid af þessu Braude, og drecked af þessum Kaleik, skulu þier kunngiøra þar med Dauda Drottens, þangad til hann kemur. Hver hann etur af þessu Braude, og dreckur af þessum Kaleik Drottens overdugur, sa er sekur vid Holld og Blod DRottens. En hver Madur profe sig sialfur, og ete so af þessu Braude, og drecke so af þessum Kaleik. Þviad, hver hann etur og dreckur overdugur, sa etur og dreckur sialfum sier Dom, giørande ecke Greinarmun a DRottens Lijkama.

Hvad hefur þesse Texte inne ad hallda?

Fyrst; Postulans Rædu um Jnnsetningu þess Hæverduga Alltaresens Sacramenti. Þar nærst; hans Undervijsun um eina gudrækilega Tilreidslu, þad sama verduglega ad medtaka.

Hverneñ byriar Postuleñ sijna Rædu?

Med þessum litla Formæla: Þvi þad,

það, hvað eg hefe medtekeð af Drottne, það hefe eg ydur feinged. Sem hann villde segia; þetta Evangelium, og þesse Lærdomur, sem eg hefe ydur kunngiort og predikað, sem og adrer Trwárinnar Leindardomar, so og um það heilaga Christi Lijkama og Blods Sacramentum, er ecke sialfs mijns uppdiktan edur Uppfinding, nie neinna Mana, því eg hefe það af eingvum Manne lært, helldur medtekeð fyrer Opinberan JEsu Christi. Gal. 1.

Hver Lærdomur kann hier af ad dragast?

Þesse, ad Keinendurner i Guds Sofnude, skulu það af Postulanum læra, ad tala ei nie Predika sijna eigen Draume, eda Heila-grillur, edur Ord mannlegrar Vitsku, helldur það alleinasta, sem er Guds Ord. 1. Pet. 4. og það rett epter því, sem þeir hafa það medtekeð, en hverke auka þar vid, nie taka þar af, so þeir leide ecke Bolvanina yfer sig, sem Gud hotar þeim, sem annadhvert auka nockru vid, edur taka nockud frá hans Orde. Deut. 4. Apoc. 22. Tilheyrendurnir skulu og medtaka þenan þeirra Lær-

dom,

dom, ecke sem Mannanna Ord, helldur sem það sañlega er, Guds Ord? 1 Thess. 2. og behallda því med þeim Hætte, sem það er þeim kuñgiordt; 1. Cor. 15. Og sierdeiles er það kroptug Styrking vorre Trw uñ það hauerduga Sacramentum, að Postuleñ seigest hafa medteked þeñan Lærdom ecke af Mañunum, helldur af Gude sialfum, so og eru hañs Ord hier uñ samsteñande þeim þremur Heilogu Gudspiallamañum, sem hafa skrifad uñ þessa Sacramentis Iñsetningu.

Hvad seiger Postuliñ framar uñ þessa heilaga Sacramentis Iñsetningu?

Að DRotteñ JEsus á þeirre Nætt, er hañ var svikiñ, tok hann Brauded, giorde þacker, og braut það.

Hver er sá, sem Postuleñ seiger hier, að iñsett hafe þetta Sacramentum?

DRotteñ JEsus Christus, sem bæde er sá Hædste og Heilagaste, so og eiñ almættugur, alvitur, já náduugur og miskunsamur HErra.

Hvar til hañ þetta oss að þiena?

Þad kañ ad þiena oß, fyrſt, til Lærdoms og Trwar-ſtyrkingar, ad vier ſkulum ei efa, ad Chriſti ſannur Lijkami og Blood ſie viſſulega nælægt i Sacramentinu, þar hañ hefur þad talad, med þvi hañ er bæde eiñ alvitur og almættugur HErra, ſem allt kañ ad giøra, jæa, allt yfergnæfanlegar, helldur eñ vier bidium eda ſkilium. Eph. 3.

I annañ Mata, til Aminningar, ad vier oß vel tilreidum, ad koma framñ fyrer Auglit þeß hædſta og heilagaſta HErra, og vid hañs Bord ad ſitia, hellſt fyrer þad, ad hañ ælijtur oß ecke alleinaſta vtvortis, helldur ranſakar hañ iñilega vort Hiarta, Sæl og Samvitſku; Og þar ſem vier komum overduger framñ fyrer hañ, þa ſtraffar hañ oß ecke alleinaſta æ Lijkamanum, helldur tortijner hañ bæde Lijkama og Sælu i Helvijte. Matth. 10.

I þridia Mata; til Huggunar, ad jafnvel þo vier ſieum breiſker, og kunnum ecke ad vera ſo fullkomner, og vel tilreidder, ſem vier ſkulum, þa er hañ þo eiñ nædugur HErra, ſem vill hafa

Sam-

Sampijning med vorum Breiskleika, þegar vier alleinasta gisrum so miked, sem oss fyrer Guds Naud mogulegt vera kañ, og skickum vorum Hiortum ad leita DRottens.

Nær iñsette hañ þetta Sacramentum?

Á þeirre Nætt, er hañ var svikeñ, af Juda Iskariot, sijnum eigeñ Læreveine, hver sig sialfañ gierde ad einum slæmum Svikara, og audur eñ DRotteñ JEsus skyllde gaanga til sinnar Pijnu og særu Kvalar, þa þeinckte hañ af innilegum Kiærleika til vor, og inntijd, ad hverre vorar Sælar skylldu fædast og endurnærast.

Hvad kunnum vier hier af ad læra?

Ei alleinasta þad, ad Innsetning þessa heilaga Sacramentis er so sem sæt sijdaste Vilie og Testamentum vors Frelsara JEsu, fraa hverju vier meigum eckert taka, nie neinu þar vid auka. Gal. 3. Heldur og so, nær vier hofum þau stædstu og hellstu Þorf fyrer, ad brvka þetta heilaga Sacramentum, nefnilega, nær annadhvort Syndanna, Sorgaña,

edur Daudans Nott vill oß yfirfalla, og vort eiged syndsamlegt Holld og Blood er orded oß sem eiñ svikſamur Judas og Dalila, og hefur samanteked sijn Raad med Diosflinum og Heiminum, ad saamt þeim veralldlegu Lostasemdum, og holdlegum Gyrndum, ad svijkia oß, og afhenda vorum Ovinum, þeim eilijfa Dauda, og þeirre eilijfu Fordiorfun, þa skulum vier riettilega tilbwner medtaka DRottens Kvølldmaaltijd.

Hvad hefur HErrañ Christur iñsett?

Ecke alleinasta þa jardnesku og synilegu Hlute, nefnilega Braud og Vijn, helldur og þa himnesku og osynilegu, sem er siñ allra heilagasta Lijkama og Blood; Hañ, þad er, sa almattuge og sannorde HErra, sem ecke kañ ad ljwga, tok Brauded, og sagde: Þetta er miñ Lijkame. Sømuleides og einneñ Kaleikeñ, og sagde: Þesse Kaleikur er nijtt Testamentum i mijnu Bloode.

Merker þa Brauded alleinasta Christi Lijkama, og Vijnid hañs Blood?

Nei;

Nei; Þvi JEsus seiger sialfur: Þad er miñ Lijkami; Þad er mitt Blood.

Umbreitest þar Brauded i Christi Lijkama, og Vijnid i hañs Blood?

Nei; Þvi bæde þeir jardnesku og himnesku Hluter i Sacramentinu behallda hver sinne eigenlegre Veru, og þo samteingiast þeir hver odrum i þessu Sacramente, hveria Samteinging og Eining vier kunnum ecke ad ransaka, edur fullkomlega ad skilia, þar fyrer seiger S. Paall: Sa blessade Kaleikur, hvern vier blessum, er hañ ecke Hluttekning Christi Bloods, og Brauded, hvert vier briotum, er Þad eige Hluttekning Christi Lijkama. I. Cor. 10.

Hverniñ innsette hañ þetta Sacramentum?

Hañ tok Brauded i sijnar blessadar Hendur, og þegar hañ hafde giort Þacker sijnum himneska Fodur, blessade hañ Brauded, og adskilldi Þad til eins saaluhiaalplegs Medals, med hverju hañ gaf Lære-sveinunum sinn heilaga Lijkama ad eta, braut sijdann Þad heilaga Braud, og gaf hverium þeirra af

þvi, og sagde: Medtaked og eted, þetta er miñ Lijkame, sem fyrer ydur verdur i Daudañ vtgiefeñ. Luc. 22. Lijka tok hañ og Kaleikeñ i sijnar blessadar Hendur, og gigrde þacker. Marc. 14. Med hverre Blessan JEsus gierde hañ ad einum Blessunar Kaleik. 1. Cor. 10. Og gaf þeim hañ og sagde: Drecked aller hiet af, þesse Kaleikur er nijtt Testamentum i mijnu Bloode (það er, mitt Blod þeß nija Testamentis. Marc. 20.)

Er það naudsynlegt, ad þesse Christi Adferd og Handtieran skule itrekast, þegar þetta heilaga Sacramentum er uñ Hond haft?

Jau; Sw Handtieran og Adferd, sem tilheyrer Sacramentesens Forme og Veru ad itrekast, bæde uppá Prestsens Sijdu ad helga og vtdeila Sacramented, so og uppá Tilheyrendanna Sijdu, það ad medtaka, eta og drecka.

Fyrer hvern er þetta Sacramentum innsett?

Ei alleinasta fyrer Christi Læresveina, helldur fyrer alla Christna Menn, þar hañ seiger til þeirra: Sem fyrer ydur

ydur verdur giefen; So og, sem fyrer ydur wthelleſt, þad seiger hañ til allra; Eingen er undañtekeñ, edur wteluckter, utañ þeir, sem sig siælfa wtelykia. Guds Bord er ecke sem þeirra Rijku i Heiminum, til hvers þeim fœtœku verdur ei epterlœtid ad koma; og þeir Sœluhiœlplegu Retter, sem þar verda fraṁbornir, eru ecke sem Skodunar-Braudeñ i þvi Gamla Testamente, sem eingvum leifdest ad eta nema Prestunum. Marc. 2. Helldur verdur ollum þetta Bordhatld boded, og aller Christnir meiga eta og drecka þau sœluhiœlplegu Rette, sem þar verda fraṁsetter.

Til hvers hefur Christur innsett þetta Sacramentum?

Fyrst, hvad hañ siœlfañ œahrœrer, i hañs Minning; Ad vier þar med skylldum athuga hañs stora Kiœrleika, og i Minne hafa, og kunngiora hañs Dauda, so vier meigum hier maklega segia þad sama, sem David talar, þo i annare Meiningu segiande: Eina Minning hefur hañ giort sinna Stormerkia, sœa hiñ lijknsame, og miskunsame DRotteñ.

Pſ. 111. Þar nærſt; hvad oß ædhræ-er, þá hefur Chriſtur iñſett Sacramented til Syndanna Fyrergiefningar, ad GUd, af ſinne ſtoru Nad, vill oß þær fyrergiefa, ſem er ſw ſtædſta og naudſynlegaſta Gaafa, hver ellum verdur bodeñ, eñ iñſiglud i Hiortum þeirra Trwudu, ſem verduglega brwka þetta heilaga Sacramentum.

Hvad befalar Poſtuleñ ſijnum Tilheyrendum, og oß ellum ad giora, nær vier medtokum þetta Sacramentum?

Þetta: So opt ſem þier eted af þeſſu Braude, og drecked af þeſſum Kaleik, ſkulu þier kunngiora þar med Daud DRottens; Þad er ei alleinaſta ad hafa þad i Minne, ad hañ hafe lided Pijnu og Dauda fyrer ydur, helldur og ſo ad hroosa og kunngiora hans ſtora Kiærleika, ſem hañ i Lioose liet, i þvi hañ deyde fyrer ydur, og tileinka ydur i ſtodugre Trw hañs Forþienuſtu Krapt, og læta Aavexteñ þar af ſiaaſt i allre ydar Lifnadarens Umgeingne, og þad þangad til hañ kiemur, nefnilega, ſynilega til Domſens a ſijdaſta Dege,

þad

þad er, so leinge Verolldeñ varer, og sw Christilega Kyrkia strijdande i henne.

Hvar fyrer skal oß þannin̄ i Hug koma CHristi Daude, og þvi skulum vier han̄ kuñgiora?

Þvi annars etum vier o-verduger af þessu Braude, sem er Hluttekning Christi Lijkama, og dreckum overduger af þessum Kaleik, sem er Hluttekning hans Bloods? Og hver sem þad giorer, sa er sekur vid Hollð og Blood Drottens, þad er, han̄ krossfester sialfum sier Gluds Son aptur, og helldur han̄ fyrer Skimp. Hebr. 6. Jæa, han̄ tredur Gluds Son med Footum, og reiknar Testamentesens Blood saurugt. Hebr. 10. Og i han̄ Mæta drijer han̄ eina stora Synd, sem er so vond, og verre, en̄ siv, er Judas, sem forried JEsum, Pilatus, sem han̄ saklausan̄ fordæmde, Gidingarner, sem han̄ ofurselldu, og Strijds-meñerner, sem han̄ krossfestu, giordu, hveria Gud eingvan̄veigen̄ mun ohegnda vera læta.

Hvad vill Postulin, ad vier skulum giora audur eñ vier gongum til Guds Bords, og medtokum Sacramented?

Hañ vill, ad vier skulum profa oß sialfer: Eñ hver Madur proofe sig sialfur, seiger hañ, og ete so af þessu Braude, og drecke so af þessum Kaleik.

Hverneñ skal þad Madur sialfan sig profa?

Hañ at ecke oforpeinckt ur ad hlaupa hier til, helldur audur med Guds Ords andlegum Prof-steine ad ransaka sitt Hiarta, þad er, ad profa sig bæde epter Logmalinu og Evangelio, hvert hañ riettilega pecker, og finnur til Aangurs og Trega i Hiarta sijnu fyrer sijnar Synder, þo mat hañ ecke falla i Efaseme, helldur med Trwnne hallda sier fast vid Guds Naad, og JEsu Christi Forbienustu, og setia sier stadfastlega fyrer, ad vilia bæta og betra siñ Lifnad, og leggia Kapp at, ad ydka æ meir og meir sanna Gudrækne.

Hvar fyrer skal Madur þanñ sig sialfur profa?

Þar fyrer, þvi hver hañ etur og dreckur

dreckur overdugur, hann etur og dreckur sialfum sier Dom.

Hverier eru þeir, sem eta og drecka overduger?

Það eru ecke þeir, sem af sialfum sier eru overduger, (því vier erum það aller) ecke helldur þeir sem eru trwar-veiker, og þeckia sín eigen Ofullkomlegleika (því þeir eru opt þeir þurftugustu, so og þeir kiærkomnustu Gester, hverra Hungradar og þyrstar Sæler GUD vill hellst metta og dryckia) helldur eru það þeir Idrunarlausu, otilreiddu, forhertu og vantruudu, sem ann nockrar sañrar Yfirbotar, Trwar og Gudrækne gaanga til Guds Bords.

Hvert Straff leida þesser yfer sig?

Þeir eta og drecka sialfum sier Dom, það er, þeir verda seker eilijfs Doms. Marc. 3. og leida yfer sig GUDS Reidi og Riettlætes Dom, so ad i stadeñ fyrer það, ad þesse Maaltijd skylde vera þeim ein Fæda til eilijfs Lijfs. Joh. 6. og Ilmur Lijfsens til Lijfsens 2 Cor. 2. þar verdur hun þeim Ilmur Daudans, til Dauda, og þeir eta og drecka sier til Dauda og Fyrerdæmingar.

Hver

Hver er Ordsok til hvilijks heirra Straffs og Fyrerdæmingar?

Ordsøkeñ er eingvañvegeñ hiar Christo, edur hiar þessare Sæluhiælplegu Mæltijd, sem hañ hefur tilreidt þeim til gods Gagns og Sæluhiælpar, helldur hiar þeim sialfum: Ad þeir gijora ecke Greinarmun a Drottens Lijkama (og Blode) þad er, ad þeir añadhvert ecke trwa, ad þar sie vissulega Christi Lijkame og Blod nælægt, edur þa dæma þeir ecke rettilega þar uñ, hvad hæleiter himnesker Retter hier frañberast, ad sa blessade Kaleikur er Hluttekning Christi Blods, og Brauded, hvert vier brijotum, Hluttekning Christi Lijkama; helldur aan sañrar Gudrækne og Tilreidslu gæanga þeir til Christi Kvelldmæltijdar, sem til añarar almeñilegrar Mæltijdar.

Hvad skulum vier hier af læra?

Þad, ad vier iñilega bidium GUD uñ Næd sijns heilaga Anda þar til, ad vier mættum so profa og dæma oß sialfa, ad vier kynnum rettilega ad giera Greinarmun a Drottins Lijkama og Blode,

de, so vier hverke etum nie dreckum oss stælsum til Doms Afellis, helldur kyñum so verduger Bordgiester, fyrer hañs Nædd, hier vid hañs Bord ad sitia; Ad vier mættum uñ sijder verduger vera, fyrer Christi Forþenustu, ad sitia til Bords i Guds Rijke eilijflega. Það veite oss Guð i JEsu Nafnie. Amen.

Á Fostudageñ Langa.

Historia Þijnuñar og Daudans DRottens Vors JEsu Christi, vt af fiorum Gudspialla-moñunum samañleseñ, hliodar, so sem epterfylger.

Og þa þeir hofdu Lofsaungeñ sunged, geck JEsus vt, sem hañ var vanur, yfer um Lækeñ Kidron til Fiallsens Oliveti. Eñ hañs Lære-sveinar fylgdu honum epter. Þa sagde hañ til þeirra, a þessare Nottu munud þier aller hneixlast a mier, þviad skrifad er: Hyrderen mun eg slaa, og Sauder Hiardareñar munu i sundurtvistrast; eñ nær eg rijs upp aptur, þa vil eg gaanga fyrer ydur

i Gal-

í Galilæa. Petur svarade og sagde til hañs ; Þo aller hneixle sig á Þier, Þá skal eg þo alldrei hneixlast. JEsus sagde til hans : Sañlega segie eg Þier, ad í Dag, adur eñ Haneñ galar tvisvar, muntu afneita mier þrisvar. Eñ hañ talade þá eñ frekar ; jafn, Þo eg ætte ad deya med Þier, Þá skyllde eg ecke afneita Þier. Slijkt hid sama sögdu aller Lærisveinarner. Þá kom JEsus med þeim í þad Akurgerde, sem hiet Gethsemane, þar var eiñ Grasgardur, þar geck JEsus iñ, og hañs Lærisveinar. Eñ Judas, sá ed sveik hañ, visse og þeñan Stad, þviad JEsus safnadest opt þángad, med sínum Læri-sveinum. Þá sagde JEsus til þeirra ; Setied ydur hier á medañ eg fer burt og bidst þar fyrer. Og hañ tok med sier Petrum, Jacobum og Johañem, þá tvo Sonu Zebedæi, og tok til ad hriggiast, titra af Hræddslu, og harmþrungeñ ad verda, og sagde til þeirra ; Mijn Sála er hrigg allt í Daudañ, blijfed hier, og vaked med mier, bidied, so ad Þier falled ecke í Freistne. Og hañ fleit sig í burt frá þeim, og geck litlu fram leingra nær einu Steinsnare, og

og kraup aa Knie, fiell fraⁿ aa sijna Asiooma til Jardar, og bad, ef pad mogulegt være, ad sw Stund hiaa lide, og sagde: Abba miⁿ Fader, allt er pier mogulegt, tak burt peⁿaⁿ Kaleik fraa mier, po ei hvad eg vil, helldur hvad pu villt. Og haⁿ kom til sijna Lære-sveina, og fann pa sofande, og sagde til Peturs; Simon, sefur pu? Formaatter pu ecke eina Stund ad vaka med mier? vaked og bidied, so pier falled ecke i Freistne. Andeⁿ er reidubweⁿ, eⁿ Hollded er veikt. Jaⁿad sinn geck haⁿ eⁿ burt aptur, badst fyrer og sagde, miⁿ Fader; Ef pad er ecke mogulegt, ad pesse Kaleikur lijde hiaa mier, utaⁿ eg drecke haⁿ, pa verde pin Vilie. Og haⁿ kom, og fann pa aptur sofande, og peirra Augu voru prvngeⁿ af Svefne, og peir visstu ecke hverju peir svorudu honum. Og haⁿ liet pa kyrra, og geck eⁿ i burt aptur, Og bad i pridia sinn peim somu Ordum, og sagde; Fader, ef pu villt so, pa tak peⁿaⁿ Kaleik af mier, po ecke miⁿ, helldur verde pin Vilie. Eⁿ honum byrtest Eingill af Himne, og styrkte haⁿ, og par kom, ad haⁿ strijdde vid Daudaⁿ,

og

og tok ækaflegar að bidia; Eñ hañs Sveite vard so sem Blod-dropar, þeir fiellu á Jordena. Og hañ stod upp frá Bæneñe, og kom til sinna Lære-sveina, og fañ þá sofande ut af Hriad, og sagde til þeirra; Æ vilie þier nu sofa og hvijlast! Hvad sofe þier? Þad er noog! Staed! sjá Stund er komeñ, ad Mañsens Sonur mun ofurseliast i Syndugra Hendur. Standed upp, og gaungum hiedañ. Staed, sjá er mig svijkur, hañ er i Naund. Eñ bidied, so ad þier falled ecke i Freistne.

Og jafnsnart, sem hañ var nu eñ ad tala um þetta, sjá þu! þá kom Judas, eiñ af þeim Toolf, þá er hañ hafde nu til sijn teked Flock Maña, og eiñeñ Þionustumeñ Biskupañna, Phariseañna, Olldungañna og Skriftlærdra, geck hañ undañ Mañflockenum, og kom þangad med Logbrondum, Lompum, med Sverdum og Staungum. Og Svikareñ hafde gefed þeim eitt Teikn, og sagt; Hvern hellst eg kysse, sjá er þad, grijped þañ sama, og leided varlega. Sem JEsus visse nu allt hvad yfer hañ ætte ad koma, gieck hañ frañ, og sagde til þeirra; Ad hver

hverium leited þier? Þeir svorudu hønum; ad JEsu af Nazareth. JEsus sagde til þeirra; Eg em hañ. Eñ Judas, sa ed sveik hañ, stood eiñeñ hiæ þeim: Eñ sem JEsus sagde til þeirra, eg em hañ, hørfudu þeir æ Bak aptur, og duttu til Jardar. Hañ spurde þæ eñ einusinne, ad hverium leited þier? Eñ þeir sogdu ad JEsu af Nazareth; JEsus svarade, jeg sagde ydur þad, jeg em hann. Leited þier ad mier, þæ læted þessa i burtu fara; so uppfylltest þad Ord, hvad hañ hafde sagt, ad eingvum glatade eg af þeim, sem þu gafst mier (Joh: 17.) Eñ Judas veik sier til JEsum, ad kyssa hañ, og jafnsnart veik hañ ad hønum, og sagde: Sæll vertu Rabbi, og kyste hañ. Eñ JEsus sagde til hañs; Vinur, hvar til komstu hingad? O þu Judas, svikur þu Mañsens Son med Kosse? þæ geingu þeir þangad, og lægdu Hendur æ JEsum og grepu hañ.

Eñ þæ er þeir, sem hiæ hønum voru, sæu hvad verda villde, sogdu þeir til hañs: HErra, skulum vier ecke slæ med Sverde. Þæ hafde Simon Petrus eitt Sverd, og droo þad ut, og slo til

Presta-Hofdingians Þenara, og hio af honum hañs hid hægra Eyra, og sa Þienare hiet Malchus. Eñ JEsus svarade og sagde, leifed Þeim ad giora allt hid frekasta. Og sagde til Peturs: stiktu Þijnu Sverde i Slidrer, Þvi hver Sverded tekur, sa skal fyrer Sverde farast. Eda meinar Þu, ad eg kunne ecke ad bidia miñ Fodur, Þad hañ sende mier meir eñ tolf Legion Eingla? Skal eg ecke drecka Þañ Kaleik, hvern ed miñ Fader hefur mier gefed? Eñ hverneñ skylldu Þa Ritningarnar uppfylldar verda? Þad hlijtur so ad skie. Og hañ aahræerde hañs Eyra, og læknade hañ.

Á Þeim Tijma, sagde JEsus til Presta-Hofdingianna, og Hofuds-manna Musteresens, og Øldunganna, sem yfer hañ voru komner: Þier erud so sem til annars Mordingia wtgengner, med Sverdum og Staungum ad grijpa mig, daglega hefe eg Þo hia ydur vered, og hefe kent i Musterenu, og Þier hafed eingvar Hendur a mig lagt, eñ Þetta er ydar Tijme, og Makt Myrkranna, so ad Ritningen uppfylltest. Eñ allt

allt þetta er skied, so ad uppfyllest Ritningar Spœmannaña. Þœr forlietu hañ aller Lœre-sveinarner og flijdu. Og þar var eiñ vngur Mañ, sœr ed honum epterfylgde, hañ var med Lijne Klœddur yfer bert Horund, og hin sniñur Ungmenne gripu hañ. Eñ hañ snarade Lijn-klœdenu, og flijde nakeñ i burt frœ þeim.

Eñ Flockureñ, og sœr Yfer-Hofdingañ, og Þienarar Gidinganna tooku JEsum, og bundu hañ, og leiddu hañ i fyrstu burt til Hannas, sœr var Fader Konu Caiphœ, hver ed þœr var þess Aars Œdste Prestur. Eñ Caiphas var sœr, sem Gidingum gaf þad Rœad, ad betur fœre, ad eiñ Madur dœe fyrer Folked.

Og þeir leiddu JEsum til þess Œdsta Kennemañs Caiphas, þad er til Yfermanna Hofdingia Prestanna, þar ed aller Keñemanna Hofdingiar, Skrift-lœrder, og Oldungar voru samañkomner. Eñ Simon Petrus fylgde JEsu epter œaleingdar, og eiñ annar Lœre-sveiñ, allt iñ i Stofu Kennemanna Hofdingians. Sœ

same Lære-svein var kunnugur Kennemanna Høfdingianum, og geck in med JEsu i Biskups Høllena. En Petur stod þar vte fyrer Dyrunum. Þa geck vt sa annar Lære-svein, sem Biskupenum var kunnugur, og talade vid Dyravørdslu Konuna, og leidde Petrum þar in. En Þionustu Folked og Þienararner stodu, og høfdu Kola-Eld giordan þar nidre, midt i Stofunne, þviad Kulde var. Og þeir vermdu sig. En Petur stood hia þeim, og vermde sig einnen, so ad han sæe, hver Ending þar vilde a verda. En Ambættен Kennemanna Høfdingians, sw er Dyrnar geimde, sa Petrum vid Logan, sem han vermde sig, og starde a han og sagde: Og þu varst ein med JEsu af Galilea, ertu ecke ein af þess Manns Lære-sveinum? En han afneitade þvi fyrer ollum, og sagde; þu Kvinna, eige er eg þad, eg þecke han ecke, eg veit og einen ecke, hvad þu seiger. En Kennemanna Høfdingen spurde JEsum ad hans Lære-sveinum, og ad hans Kenningu, og JEsus svarade honum: Jeg hefe openberlega talad i Heimenum, jeg hefe og med Jafnade kent i

Sam-

Samkundu-Hvsum, og i Musterenu, þar ed aller Gydingar koma til samans, og eckert hef eg i Afkymum talad, hvad spyr þu mig ad þessu? Spyr þu þa þar ad, sem heyrt hafa, hvad eg hefe talad til þeirra, sia! þeir hinu somu vita, hvad eg hefe sagt. Ēn sem hañ talade þetta, þa gaf eiñ þienaranna, sem þar stoodu hia, JEsu eiñ Kinnhest, og sagde: Skalltu so svara Biskupenum? JEsus svarade: Hafe eg illa talad, þa bevijsa þad, ad þad sie o-riett; Ēn hafe eg satt sagt, hvar fyrer slær þu mig?

Simon Petrus stod og vermde sig, og innañ lijtels Tijma, epter hina fyrstu Afneitingena, sem hañ geck fraiñ i Forstofuna, þa gool Hanenn. Og ein onnur Ambautt sa hañ, og tok aptur til ad segia til þeirra, sem þar stodu hia: Þesse var og eiñ med JEsu af Nazaret. Þa sogdu þeir til hans: Ertu ecke eiñ af hañs Lære-sveinum? Og eiñ annar sagde: vissulega ertu eiñ af þeim. Og Petur afneitade þvi einusiñe, og soor sig þar uppa, og sagde: Þu Madur, ecke er eg þad, og ei þecke eg þañ hiñ sama

Mann. Og innan skams Tijma, nærre einnre Stundu, styrkte það eiñ annar med þeim er þar stoodu, og sagde: Sannlega, þu ert eiñ af þeim, þviad þu ert eiñ Galileare, og þitt Twngumæl opennberar þig. Og einn af Biskups Þienurunum, Frænde þess, sem Petur hioo af Eyrad, sagde: Sa eg þig ecke i Grasgardenum med honum? Þa tok Petur til ad formæla sier og sveria, ad ecke þeckte hann þañ Mann, sem þeir toludu uñ. Og jafnsnart, þa ed hañ so talade, gool Haneñ i annad siñ. Og Drotteñ snere sier vid, og leit til Peturs. Þa minntest Petur a það Orded JEsu, er hañ hafde sagt til hans: Adur eñ það Hanenn galar tvisvar, muntu afneita mier þrisvar, og hann geck wt og griet beisklega.

Eñ Kennemanna Høfdingiarner, og Øldungarner og allt Raaded, leitudu Liugvitna i giegn JEsu, so ad þeir giæte honum i Hel komed, og fundu eingeñ, þott ad marger Liugvottar geinge þar frañ ad, þviad þeirra Vitnisburder urdu ecke samhlioода. Ad sijdustu stoodu upp

upp og geingu þar fram, tveir Fals-vott-ar, og baru Liugvitne i mote honum, og sogdu, vid hofum heyrt, þad hann sagde: Jeg kann og vil nidurbrioota þad Mustere Guds, sem med Hondum er giort, og a þremur Dogum uppbygg-ia eitt annad, sem ei er med Hondum giort. En þeirra Vitnisburder urdu ecke helldur samhlioода. Og Kennemanna Hofdingen stod upp medal þeirra, og spurde JEsum ad, og sagde: Svarar þu eingvu til þessa, sem ad þesser vitna a mote þier? En JEsus þagde, og svarade eingvu. Þa spurde Kennemanna Hofdingenn hann enn aptur, og sagde til hans: Ertu Christur Sonur hins Blessada? Eg sære þig vid lifanda Gud, ad þu seiger oss, ef þu ert Christur Son-ur Guds? JEsus sagde: Þu seiger þad. Eg Em hann. Þo seige eg ydur, ad hiedan i fra munud þier sia Mannsens Son, sitiande til Kraptarens hægre Handar, og komanda i Skijum Him-ens. En Kennemanna Hofdingen reif þa sijn Klæde, og sagde, hann hefur gudlastad, hvad þurfum vier nu fram-ar Vitnanna vid? Sia ed! þier heyrd-

ud nu hans Gudlastan, hvad vyrdest ydur. En þeir fordæmdu hann aller, og sögdu: Hann er Daudans sekur. En þeir Menn, sem hielldu JEsu, spottudu hann, og hræktu i hans Andlit, og sloou hann med Knefum, en sumer byrgdu hann, og slou hann i Andlited, sierdeiles Þienararner, og sögdu: Spa þu oss Christe, hver er sa þig slo? Og margar adrar Hædungar toludu þeir vid hann.

En ad Morgne samansofnudust aller Kennemanna Hofdingiar, Skrift-lærder og Olldungar Lijdsens, og allt Raded, og hielldu þar eina Rædstefnu yfer JEsu, so ad þeir feinge lijflaated hann, og þeir leiddu hann upp fyrer sitt Raad, og sögdu: Ertu Christur? seig oss þad. En hann sagde til þeirra: Þo eg seige ydur þad, þa trwe þier mier ecke, og laated mig ecke ad helldur lausan. Þar fyrer fra þessu mun Mannsens Son sitia til Kraptar Guds hægre Handar. Þa sögdu þeir aller: Ertu þa Guds Sonur? Hann sagde til þeirra: Þier seiged þad, þviad eg em hann. En þeir sögdu: Hvad þurfum vier nu framar Vitnanna vid? Þviad

Þviad vier sialfer hofum heyrt Þad af hañs Munne, og allir saa peirra Sofnudur stod upp, og bundu JEsum, og leiddu hañ fraa Caiphas burt fyrer Þijnghused, og peir ofurselldu hañ Landsdomaranum Pontio Pilato, og Þad var sneña Morguns.

Þaa Judas, saa ed hañ hafde sviked, saa Þad hañ var til Dauda dæmdur, yduradest hañ, og færde Kennemaña-Hofdingiunum og Øldungum Lijdsens Þaa priatijger Silfur-peninga aptur, og sagde; Eg hefe illa giort, Þad eg sveik saklauft Blod. Eñ peir sogdu, hvad kemur Þad vid oß? Siaa Þu Þar fyrer. Og hañ snarade peim Silfurpeningum i Mustered, og for burt Þadañ, gieck wt, og heingde sialfañ sig, og er i midiu sundur i tvo hlute brosteñ, og hefur sijnum Jñiflum wthellt.

Eñ Kennemaña-Hofdingiarner tooku Þaa Silfurpeninga, og sogdu; Þad hæfer ecke, ad vier lautum Þaa i Guds Kistuna, Þviad Þad er Blods Verd. Eñ peir hielldu Raad, og keiptu fyrer Þaa Silfur-Peninga, fyrer Þaa Manglætis

Verdaura, eiñ Leirpotta-smijds Akur, Vegfarendum til Greftrunar, og þad sama er kunnugt ollum þeim, sem til Jerusalem byggia, so ad sa hiñ same Akur, verdur a þeirra Tungu kalladur Akeldama, þad er, Blods Akur, allt til þessa Dags; Þar uppfylltest þad, hvad sagt er fyrer Jeremiam Spamañ, þar hañ seger: Þeir toku þa prijatyge Silfur-peninga, þar ed hiñ sellde var med betaladur, þañ er þeir keiptu af Sonum Israels, og þeir hafa gefed þa fyrer Leirvottarans Akur, so sem þad Drotteñ hafde mier bijfalad.

Eñ Gydingarner geingu ecke inn i Þijnghused, so ad þeir saurgudust eige, helldur ad þeir mætte Paska lambsens neyta. Pilatus gieck þa wt til þeirra og sagde: Hveria Akiæru fære þier i gegn þessum Manñe? Þeir svorudu og sögdu til hañs, ef ad þesse være ecke Illrædismadur, þa hefdum vier ecke sellt hañ þier i Hendur, þa sagde Pilatus til þeirra, take þier hañ þa og dæmed, epter ydru Logmaale. Þa sögdu Gidingarner til hañs, þad hæfer ecke, ad vier lijflatum

tum nockurn, so ad uppfylltest þad Orded JEsu, þad hañ sagde, tilteiknande med hverium Dauda ad hañ munde deya. Þau toku Kennemanna-Høfdingiarner og Øldungarner til hardlega ad ærklaga hañ og sogdu; þennañ finnum vier, þad hañ frausnijr Folkenu, og fyrerbijdur ad gefa Keisaranum Skatt, og seiger sig vera Konungeñ Christum. Þau gieck Pilatus iñ aptur i Þijnghused, og kallade ad Jesum, spurde hañ ad og sagde: Ertu Konungur Gidinga? Jesus stood fraṁe fyrer honum og svarade: Talar þu þetta af sialfum þier, eda hafa adrer sagt þier þetta af mier? Pilatus svarade, hvert em eg Gydingur? Þijn Þiood og Kennemanna-Høfdingiarner hafa feinged þig mier, hvad hefur þu giort? Jesus svarade, mitt Rijke er ecke af þessum Heime, ef være mitt Rijke af þessum Heime, þau mundu mijnir Þienarar strijda i moote, so ad eg selldest ecke Gydingum, eñ nu er mitt Rijke ecke ad hiedañ. Þau sagde Pilatus til hañs, þar ertu þo samt Konungur, Jesus svarade, þu seiger þad, eg em og Konungur, þar til er eg fæddur og i Heimeñ komeñ, þad

eg

eg skule Vitne bera Sañleikanum, hver af Sañleiknum er, sá heyrer mijna Rödd. Pilatus sagde til hans, hvad er Sañleikurenn? Og þá hañ hafde þetta sagt, gieck hañ wt aptur til Gydingaña og sagde til þeirra, eingva Sök finn eg med þessum Manne: Og þá ed hañ var áklagadur af Keñemaña-Höfdingiunum og Öldungunum, svarade hañ eingvu. Enn Pilatus spurde hañ þá ad nyu og sagde, svarar þu eingvu. Siá þu hversu hardlega þeir áklaga þig, heyrer þu ecke? Og hañ svarade honum eingvu Orde framar, so ad Lands-domarañ undrade næsta miog.

Enn þeir voru því ákafare, og sögdu, hañ hefur uppæst Folked, med því, ad hañ hefur kent hier og hvar á ollu Gydinga-lande, og tilteked í Galilea, allt hingad í þennañ Stad. Enn þá Pilatus heyrde Galileam nefnda, spurde hañ, hvert hañ være wt af Galilea, og sem hañ fornam það, hañ heyrde under Herodis Stioornar-vellde, þá sende hañ hañ burt til Herodem, sá ed á þeim somu Dögum var og einnen í Jerusalem.

Enn

Eñ þa Herodes sa JEsum, vard hañ mjog gladur vid, þviad uñ launga Tijma hafde hañ giarnan viliad sia hann, þvi hañ hafde margt heyrt af honum, og vænte epter, ad hañ munde sia nockurt Teikn af honum, og hañ spurde hañ margra Hluta. Eñ Jesus svarade honum eingvu. Og Kennemanna-Hofdingiarner og Skriftlærder, stodu og aaklogudu hañ hardlega. Eñ Herodes med sijnu HofFolke forsmaade hañ og spottade, færde hañ i eitt hvijtt Klæde, og sende hañ aptur til Pilatum. Og a þeim Dege urdu þeir Pilatus og Herodes Viner, þviad þeir voru adur Ovinir sijn a mille.

Eñ Pilatus kallade til samans Presta-Hofdingiana og Hofuds-meñena og Almugafolked, og sagde til þeirra: Þier hafed þennañ Mañ til mijn haft, so sem hañ, ed frasnijr Folkenu; Og sia ed, eg hefe yfirheyrt hañ fyrer ydur, og a þessum Mañe fiñ eg eingva Sok, i þvi ed þier aaklaged hañ, og ecke helldur Herodes, þviad eg sende ydur sialfa til hañs, og sia ed, ad eckert hefur þad uppa hañ boreft ad Dauda sie verdugt, þar fyrer vil

vil eg gefa honum Raadning, og lata hañ lausañ. Eñ ar Hatijdar-Degenum hlaut Landsdomareñ epter Sidveniu, ad gefa Folkenu eiñ Bandingia lausañ, hvern hellst ad peir villdu, eñ i pañ Tijma, hafde hañ eiñ Bandingia miog ofrægañ, sem var eiñ Spillvyrke og Mañdrapare, sa hiet Barrabas, hver ed med Upphlaups Moñum var i Myrkvastofu settur; hver ed i Upphlaupenu, sem i Stadnum skede, hafde eitt Mañdrap framed. Og Folked geck upp og beidde hañ giorde, so sem hañ være vanur. Og par peir voru til samans komner, gaf Pilatus peim Andsvar. Pier hafed par Sidveniu, pad eg gefe ydur ar Paskunum eiñ lausañ, hvern vilie pier nu ad eg gefe ydur lausañ, Barrabam eda JEsum, hañ Konung Gydinga, sem kallast Christus? pviad hañ visse vel, pad Kennemanna-Hofdingiarner hofdu wt af Hatre ofurselt hañ. Og sem hañ sat ar Domstoolnum, sende hañs Hvsfrw til hañs, og liet segia honum: haf pu eckert ad giora med pañ hiñ Riettlata, margt hefe eg i Svefne lided i Dag hañs vegna.

Eñ Kennemanna-Hofdingiarner og Ald-

Øldungarner uñtolldu og eggiudu Folked ca, ad þad skyllde bidia uñ Barrabam, eñ JEsum Lijfe svipta; þau svarade Landsdomareñ og sagde til þeirra, hvern af þessum tveimur þau vilie þier ad eg skule gefa ydur lausañ? þau kallade upp allur Lijdureñ og sagde. Takburt þennañ, og gef oss Barrabam lausañ; þau kallade Pilatus enn aptur til þeirra, og villde lauta JEsum lausañ, og sagde, hvad skal eg þau giera vid Jesum, þañ er Christur kallast? Þeir kølludu þau eñ aptur, krossfestu, krossfestu hann. Eñ hañ sagde þau i þridia sinn til þeirra, hvad hefur hañ illa giort? Jeg finn eingva Dauda-søk med honum; þar fyrer vil eg gefa honum Rædning, og lauta hañ lausann. Enn þeir kølludu þvi meir; krossfestu hann, og þeir fylgdu sier þvi fastara ad med Ossa-Hliodum, og beiddust þess, þad hann yrde krossfestur. Og þeirra og so Høfud-prestanna Hliod toku yfer.

Þau tok Pilatus JEsum og hvdstrykte hann. Enn Strijdsmenn Landsdomarans leiddu hann i Þijnghwsed, og

kølludu

kölludu til samans allañ Hopinn, og afklæddu hann, og færdu hann i eitt Purpura Klæde, og flettudu eina Koronu af Þyrnum, og settu hana uppa hañs Hofud, og feingu honum eiñ Reyrvond i sijna hægre Hond, og bugtudu sig fyrer honum, og spottudu hann, og toku til ad heilsa honum og sögdu; Heill siertu Konungur Gydinga, og slou i hañs Aasioonu, og hræktu a hañ, toku Reyrvondenn og hrocktu uñ hañs Hofud, fiellu a Knie og lutu honum.

Þa geck Pilatus wt aptur og sagde til þeirra; Siaed, eg leide hann hing ad wt til ydar, so ad þier vited, þad eg finn eingva Sök med honum. Þannenn gieck JEsus wt, berande eina Þyrne-Koronu og eitt Purpura-Klæde, og hann sagde til þeirra: siaed Mannenn. Þa ed Kennemanna-Hofdingiarner og Þenararner saau hann, kölludu þeir upp, og sögdu, krossfestu, krossfestu hann. Pilatus sagde til þeirra. Take þier hann og krossfested, þviad eg finn eingva Sök med honum. Gydingarner svorudu honum þa. Vier hofum Logmaaled, og epter Log-

Logmaalenu skal hann deya, þviad hañ hefur giort sig sialfur ad Guds Syne.

Þa er Pilatus heyrde þesse Ord, ottadest hann eñ meir, og geck iñ aptur i Þijnghwsed, og sagde til JEsu: Hvadañ ert þu? Eñ JEsus gaf honum eckert Svar. Þa sagde Pilatus til hañs: Talar þu ecke vid mig? Veistu ecke, þad eg hefe Vallð til ad krossfesta þig, og eg hefe Vallð til ad gefa þig lausañ? JEsus svarade, þu hefder eckert Vallð yfer mier, nema þier være gefed þad hier ofañ ad, þar fyrer hefur sa meire Synd, sem mig hefur þier i Hendur sellt. Epter þad leitade Pilatus vid ad laata hañ lausañ. Eñ Gydingarner kolludu og sogdu: Ef þu lætur þennañ lausañ, þa ert þu ecke Keysarans Vinur, þviad hver sig giorer ad Konunge, sa er a mote Keysaranum. Þa ed Pilatus heyrde þesse Ord, leidde hañ JEsum wt, og setteſt uppa Domstooleñ, i þeim Stad, sem kallaſt hiſt Steinlagde, eñ a Ebresku Gabbatha. Eñ þad var Affangadagur Paska nærre siottu Stundu. Og hañ sagde til Gyd-

inganna: Siæed! þad er ydar Konungur. En þeir kölludu: Burt, burt med hann, krossfestu hann. Pilatus sagde til þeirra: Skal eg krossfesta ydar Konung? Kennemanna Hofdingiarner svorudu: Vier hofum eingvann Kong utann Keysarann. En sem Pilatus sa, þad hann kom eingvu til vegar, helldur ad þar munde verda en meira Upphlaup af, þeinckte hann Folkenu Fullnægiu ad giora; Og dæmde ad ske skylde þeirra Beidne. Tok Vatn, og þvode Hendurnar fyrer Folkenu, og sagde: Saklaus er eg af Bloode þess hins Riettlæta; Siæed þier fyrer. Þa svarade allur Lijdur, og sagde: Hans Blood kome yfer oss, og yfer Born vor. Þa gaf hann þeim Barrabam lausann, sa ed fyrer Upphlaups og Mandraps Saker var i Myrkvastofu insettur, uin hvern þeir og baudu. En JEsum hvdstrijktann og spottadann, fraunsellde hann þeim, epter þeirra Villd, þad hann krossfestur yrde.

Þa tooku Strijds-mennerner JEsum, og færdu hann vr Purpura Kæpunne, og færdu hann i sijn eigen Klæde, og leiddu hann wt,

wt, so ad þeir kroßfeste hañ, og hañ bar siñ Kroß.

Og i þvi þeir geingu wt, hittu þeir eiñ Mañ, sem þar geck hiæa, wt af Cyrene, Simonem ad Nafne, sem kom af Ukre, sæa ed var Fader þeirra Alexandri og Ruffi, honum þreingdu þeir til, so ad hañ bære hañs Kroß, og þeir logdu Krosseñ uppæa hañ, ad hañ bære hañ epter Jesu. Eñ honum fylgde epter mikell Fiolde Folks og Kvenna, hveriar ad grietu og hormudu hañ. Eñ JEsus snere sier vid til þeirra og sagde: þier Dætur af Jerusalem, græted ecke yfer mier, helldur græted yfer ydur sialfum, og yfer Bornum ydar, þviad sæa ed, þeir Dagar munu koma, æa hverium ad segiast mun: Sælar eru Obyrur, og þeir Kvider, er ei hafa fædt, og þau Briost, hver eige voru milkt. Þæa munu þeir taka ad segia Fiollunum, hrinied yfer oß, og Hæalsunum, hilied oß. Ef þeir giora þetta vid hid blomgada Tried, hvad mun þæa skie vid hid þurra. Eñ tveir Spillvyrkiar adrer leiddust og wt, ad þeir være aftekner med honum.

Og þeir leiddu hañ ut i þann Stad, sem á Ebresku kallast Golgatha, hvad ed þijdest Hausaskelia-Stadur; og þeir gáfu honum ad drecka i Vijne Myrru, og Edik Galle blandad, og hañ tok þad eige til sijn, þvi þá hann smackade þad, villde hañ ecke drecka. Og þeir krossfestu hañ i þeim Stad Golgatha, og tvo Spillvyrkia med honum, eiñ til hægre, eñ annañ til Vinstre Handar, eñ JEsum i Mided. Þá vard sv Ritning uppfillt, sem seger: Hañ er á medal Spillvyrkia reiknadur. Og þad var sv þridia Stund Dags, þá þeir krossfestu hañ. Eñ JEsus sagde: Fader, fyrer-gef þeim, þvi þeir vita ei hvad þeir gióra.

Eñ Pilatus skrifade eina Yferskrift, þar inne var skrifud Sökeñ hans Dauda (hveria Skulld þeir gáfu honum.) Og feste á Krossen yfer Hofde honum. Eñ þar var so skrifad: Jesus af Nazareth Konungur Gydinga. Þessa Yferskrift lásu marger Gydingar, þviad sá Stadur var nærre Borgenne, þar ed Jesus var krossfestur, og þad var skrifad i Ebresku, Grisku og

og Latinsku Mœle. Þa sogdu Presta-Hofdingiar Gydinga til Pilatum, skrifa þu ecke Konungur Gydinga, helldur þad hañ hafe sagt, eg er Konungur Gydinga. Pilatus svarade: Hvad eg skrifade, þad hefe eg skrifad.

Eñ Strijds-mennerner, þa ed þeir hofdu krossfest JEsum, tooku þeir hañs Klœdnad, og logdu a fiogra Hluta Skipte, einum sierhverium Strijds-manne sin Hlut, þar med eiñeñ Kyrtel eñ, eñ sa var ecke saumadur, helldur fra ofañverdu allur prionadur. Þa sogdu þeir sijn a mille: Skierum vier hañ eige i sundur, hlutustum helldur um hvers hañ skal vera, so ad Ritningeñ uppfilleſt, sem seiger: Þeir skiptu med sier Klœdum minum, og a mitt Fat þa logdu þeir Hlutkeste. Og þeir satu þar og vardveittu hañ, þetta hid sama giordu Strijds-mennerner, eñ Folked stood og horfde a.

Eñ þar stoodu vid Krosseñ hia Jesu, Mooder hañs, og Modur-syster hans, Maria Hwsfrw Cleophœ, og Maria Magdalena. Þa ed Jesus leit nu sijna

Moodur, og þañ Lære-svein standa þar hiá, hvern hañ elskade, segir hañ til sinnar Moodur: Kona, siá þu, þar er þiñ Sonur. Þar epter segir hañ til Lære-sveinsens: Siá þu, þad er þijn Mooder: Og i frá þeirre stundu tok sá Lære-sveiñ hana til sijn.

Eñ þeir, sem þar fraṁ hiá geingu, lestudu hañ og skooku Hofud sijn, og sogdu: Svei, hversu ágiætlega nidurbrijtur þu Mustered, og uppbygger þad á þremur Dogum, hiálpadu nu siálfum þier, ertu GUds Sonur, þá stijg þu ofañ af Krossenum. Lijka einneñ spottudu hañ Kennemanna-Hofdingiarner sijn at mille, med þeim Skrift-lærdu og Öldungunum, samt Folkenu, og sogdu: Ödrum Monnum hefur hañ hiálpad, eñ siálfum sier getur hañ ecke hiálpad; Sie hañ Christur Israels Konungur, sá hiñ Wtvallde Guds, þá hiálpe hañ siálfum sier, og stijge nu ofañ af Krossenum, so ad vier siáum þad, og trwum honum, hañ hefur treist GUde, hañ frelse hañ nu, ef hañ hefur Lyst til hañs, þviad hañ sagde: Eg em

em Guds Sonur. Ad honum hæddu og Strijds-mennerner, geingu til hañs og færdu honum Edik, og sögdu: Ef þu ert Kongur Gidinga, þa hiælpa þier sialfum. Lijka eiñeñ hæddu hañ Næningiarner, þeir med honum voru kroßfester. Eñ eiñ af þeim Spillvyrkiunum, sem heingder voru, lastade hañ og sagde: Ef þu ert Christur, frelsa sialfañ þig og ockur, þa svarade hiñ annar, straffade hañ og sagde: Og þu hrædest ecke helldur Gud, þu sem ert þo i samre Fordæmingu? Og ad sönnu skier ockur þetta riettilega, þvi vid medtokum hvad ockar Giorningar eru verder, eñ þesse hefur eckert vondslegt adhafst. Og hañ sagde til Jesu: Herra, minstu mijn, þa þu kemur i Rijke þitt. Og JEsus sagde til hañs: Sañlega seige eg þier, i Dag skalltu vera med mier i Paradis.

Og uñ hina siottu Stundu urdu Myrkur yfer allt Landed, til hiñar nijundu Stundar, og Soolenn miste sijna Byrtu, og nær nijundu Stundu kallade JEsus med hærre Rost, og sagde: Eli, Eli, Lama Sabachthani, þad

þijdest so: Gud min, Gud min, hvar fyrer hefur þu yfergefed mig? Ein nockrer af þeim, er þar stoodu, þa þeir heyrdu þad, sogdu þeir, hann kallar a Eliam. Epter þad ad JEsus visse, ad aller Hluter voru fullkomnader, uppa þad ad Ritningen uppfilltest, sagde hann: Mig þyrster. Þa stood þar eitt Kier fullt med Edik, og jafnsnart hlioop ein af þeim þangad, took ein Niardarvett, og fyllte hann upp med Edik og Ysoop, og liet hann ofan a ein Reyrlegg, og bar honum ad Munne, og gaf honum ad drecka, og sagde med hinum odrum: Nu vel, lattum sia, hvort Elias kemur ad taka hann ofan. Þa Jesus hafde nu þad Ediked til sijn teked, sagde hann, þad er fullkomnad. Og hann kallade enn eitt sinn med hærre Raust, og sagde: Fader, i þijnar Hendur fel eg min Anda. Og þa ed hann hafde þad sagt, hneigde hann Hofuded, og gaf upp Andena.

Og sia þu, ad Tiallded i Musterenu rifnade i sundur i tvo Parta, fra ofan verdu allt nidur i gegnum. Og Jorden skalf

skalf, Biergeñ klofnudu, og Grafer (Fraumlidenna) lukust upp, og marger Lijkamer Heilagra peirra, er svafu, risu upp, og geingu ur Grefunum epter hans Upprisu, og komu i þau Heilogu Borg, og byrtust þar morgum. Eñ sa Hofudsmadureñ, sem þar stod hia honum jafngengt honum, og peir ed hia honum voru, og vardveittu JEsum, þa peir sau þad hañ lietst med slijku Kalle, og sau Jardskialftañ, og hvad þar skiede, urdu peir miog ottaslegner, og prijsudu Gud, og sogdu; saunlega hefur þesse Riettvijs Madur verid, og Guds Sonur. Og allt þad Folk, er þar var hia, og horfde a þetta, sem þad sa, hvad þar skiede, barde þad sier a Briost, og snere heim aptur. Eñ aller hans Kuñingiar stodu langt i burt fra, og margar Konur, þær honum hofdu epterfylgt ur Galilea og sau allt þetta, a medal hverra ad var Maria Magdalena, Maria hins minna Jacobs, og Joses Mooder, og Salome, Moder peirra Zebedæi Sona, hveriar ad honum hofdu efterfylgt og þioonad, þa ed hañ var i Galilea, og margar

adrar, þær ed med honum voru uppgeingnar til Jerusalem.

Eñ Gydingar, af því ad þad var Affanga-dagureñ, so ad Lijkamarner væru ecke a Krossenum uñ Þvottdageñ, því ad sa same Þvottdagur var mikell, badu þeir Pilatum, ad þeirra Bein yrde i sundurbrotenn og ofantekeñ. Þa komu Strijdsmennerner, og brutu i sundur Bein þeß hins fyrsta, og so hins añars, sem med honum voru krossfester. Eñ sem þeir komu til JESU, þa þeir sau, ad hann var þegar lateñ, brutu þeir ecke hans Bein, helldur eiñ af Strijdsmonnunum opnade hans Sijdu med Spiote, og jafnsnart rañ þar ut Blod og Vatn. Og sa þetta hefur sied, hañ ber þar Vitne uñ, og hans Vitnisburdur er sannur, og sa hiñ same veit þad hañ seiger satt, uppa þad þier trved eiñeñ. Þviad þetta er skied, so ad Ritningeñ uppfilleſt. Þier skulud ecke neitt hans Bein i sundurbriota, og eñ aptur seiger oñur Ritning, þeir munu sia þañ, i hvern þeir hafa stvnged.

Þar

Þar epter um Kvøllded, med þvi ad þad var sa Affœangadagur, sem geck undañ Sabbatsdegenum, kom Joseph af Arimathia, ut af þeim Stad Gydinga, eirn rijkur Mañ, Rœdherra, eiñ goodur Froomur Mañ, hver ed ecke hafde samþyckur orded þeirra Rœdagiørdum og Breitne, sœa ed eiñen stundade epter GUds Rijke, þviad hañ var Lœresveirn JEsu, þo heimuglegur ut af Hrœdslu vid Gydinga, sœa vogade þad, og gieck iñ til Pilatum og bad hañ, ad hañ mœtte ofantaka Lijkamann JEsu. Enn Pilatus undradest þad, ad hann vœre þegar lœtenn, og kallade Høfuds-mannenn til sijn, og spurde hann ad, hvort hann vœre fyrer laungu andadur, og sem hann var þess vijs ordenn af Høfudsmannenum, gaf hann Joseph Lijkamañ JEsu, og bijfalade ad hann skyllde honum giefast, og Joseph keipte eirn Lijnduk: Enn þar kom eirnen Nicodemus, sœa ed œdur fyrr hafde a Nœttarþele komed til JEsu, og fœrde samblandada Myrru vid Aloe, nœrre hundrad Punda. Þa tooku þeir Lijkamann JEsu, og sveipudu hann i hreinu Lerepte og vsf-

du

Hañ straffade fyrst þeirra Vantrw: og sagde til þeirra: O þier heimsker og treiger i Hiarta, ad trua þvi øllu, sem Spamennerner hafa talad. Þar nærst; talade hañ uñ sijna Pijnu vid þa, og henne eptersylgiande Dijrd og Vegsemd, segiande. Hlaut Christur ecke þetta ad lijda, og iñgaanga so i sijna Dijrd? Og sañarlega hefur hann wtlagt þeim þetta, i þvi hañ tok til fra Mose og øllum Spamønnum, og lagde wt fyrer þeim allar Ritningar, þar af honum voru.

Hvad siaum vier hier af?

Fyrst; þad, ad JEsus er sa rette Læremeistare, sem sannarlega veit, hvornen hañ skal leida þa villtu Saude a riettañ Veg, hañ fer fyrst med Streffunar Ordum ad wtreka Fævitskunnar og Vantruarinnar Myrkur af þeirra Hiortum, og sijdañ med sinne Undervijssun ad tendra þad sanna Þeckingarinnar og Truarinnar Ljoos i þeim, hañ, sem eiñ

godur

godur Sealnanna Lækner, heller fyrst þvi hreinsande Vijne, og sijdañ þvi græd-ande Vidsmiore i Særeñ. Luc. 10.

Þar nærst; þa bar Christo, epter Guds ælicktudu Ræde fra Eilijfd, og epter hañs Fyrerheite, ei alleina ad lijda og deya fyrer vorar Synder, heldur og epter sijna Pijnu og Dauda aptur upp ad rijsa, og iñgænga i sijna Dijrd og Vegsemd; þad eina var so vel fyrer sagt, sem hid annad, og þetta hvertveggia hlaut endilega ad skie, ef vor Endurlausn skylde fullkomnast.

I þridia Mata; þad, ad sw saluhiælplega Þecking uñ Christum verdur alleinasta fundeñ i Guds Orde, og þeirre Heilogu Skrift, þviad Christur var lijf-lateñ fyrer vorar Synder epter Skrift-enne, og upp aptur risiñ æa þridia Dege epter Ritningunum. 1. Cor. 15.

Þegar Christur var nu med þessum tveimur Lære-sveinum nærre komenn til Emaus, hvad skiede þar?

Þar um talar Gudspialla-madureñ frañveges Segiande: Og þeir toku ad nælgast Kauptuned, þad þeir geingu til

til, og hann liet þa sem villde hann leingra gaanga: þeir neyddu hann (med Bæn og godum Ordum, sem Loth gierde Einglunum (Gen. 19.) og Lydia Paulo og hañs Medfylgiurum (Act. 16.) ad hañ villde iñ med þeim gaanga, og hia þeim vera) Og søgdu: Vertu hia oss HErra, þviad Kvøllda tekur, og a Dageñ lijdur.

Var hañ þa viliugur ad giora þad epter þeirra Beidne?

Ja; Hañ gieck iñ, og var hia þeim.

Hvern Lærdom kunnum vier oss hier af ad draga?

Þeñan, ad þegar þeir Gudhræddu hafa hellst Þorf a Guds og JEsu Nærveru, þa lætur hañ opt sem hañ vilie fraiñ hia oss gaanga, so sem hañ gierde vid Lære-sveinana a Sionum. Marc. 6. edur fra oss, so sem hier fra þessum; þegar hañ syner sig framande, og seinkar um Stundar saker sinne Hialp; Eñ þeta gierer hañ allt til þess, ad þeir Gudhræddu skule þess framar med Bæn og Trv neyda hañ til ad vera hia sier, og

honum ei sleppa, edur laata han hafa Roo, fyrr en han hiaalpar peim og bles-ar pau. Med pvi ad pad tekur ad Kvoll-da meir og meir i pessare storu Verolldu/ Syndenn og Ogudlegleikenn fær yferhond/ Trvden dofnar og Kiærleikuren kolnar &c. Vier kunnum ei heldur ad vita hvad fli-ott vorer Lijfdagar vilia hafa sitt Kvolld/ par fyrer hofum vier stora Ordsok til ad bidia vorn JEsum, ad han vilie hiaa os vera, og ecke fodurlausa eyterskilia, hvar til han vill viliugan laata sig finna: pvi han stendur fyrer Dyrum og klappar uppaa, par sem nockur heyrer hans Rodd, og upplijkur Dyrunum, til hans vill han inngaanga, og Kvolldverd med honum snæda. Apoc. 3.

Hvad skiede eyter pad han var komin inn i Hvsit med peim?

Pad seiger os Texten, par so stend-ur: Og pad skiede pau han sat med peim til Bords (ecke til ad hallda edur stadfesta Kvolldmaaltijdar Sacramented/ heldur til ad hallda Maaltijd med peim/ til ad stadfesta sijna Uppriso) ad han tok Brauded, blessade pad, so sem han var

var alltijd vanur ad giora, og braut, og riette ad peim; þa opnudust þeirra Augu, so ad þeir þeckтu hañ, og hañ hvarf fra þeirra Augum, epter hætte hañs forklæarada Lijkama, hver sannarlega kañ nælægur ad vera, jafnvel þo hañ siæist ecke.

Hvad tsludu þeir þa hver til annars?

Og þeir søgdu sijn a mille af storre Forundran: Brañ ecke ockar Hiarta i ockur, þa hañ talade vid ockur a Vegenum, og opnade fyrer ockur Ritningarnar.

Kann hier af ad dragast nockur Lærdomur?

Ja; fyrst, ad þegar vier vilium gæanga til Bords, þa skulum vier so tilsiæa, ad vier hofum JEsum hiæa oß, so hañ lijka sem take vort Braud sier i Hendur, og gefe oß þad med Blessan: Vier skulum og af hañs Epterdæme læra, ad medtaka og brwka Guds Gæfur med Bæn og Þackargiørd. 1. Tim. 4.

Þar nærst; ad vor JEsus er alleina sa, sem kañ ad opna vor Augu, hañ kañ ad smyria þau med þeim rettu Augna

Smyrslum, so vier verdum siæande. Apoc. 3.

I þridia Mæta; ad jafnvel þo hañ sie osynilegur fyrer vorum lijkamlegum Augum, þa samt siæum vier hañ med vorum upplystum Sælar og Hugskots-Augum, og sierdeiles nær hañ i þvi Hæverduga Alltaresens Sacramente, med og under Braude og Vijne gefur oß sijn allra heilagasta Lijkama og Blood ad eta og drecka.

I fioorda Mæta; ad JEsu Ord og Ræda eru sem eiñ kroptugur Elldur. Jer. 5. sem kunna ad verma og upplysa þau iskolldu og formyrkvudu Hiortu, so þau verde brennande af Gudrækne, Trw og Kiærleika.

Hvad talar Gudspialla-madureñ ad sijdustu uñ þeirra Reisu til Jerusalem?

Hañ seiger: Og þeir stodu upp a sømu Stundu, og sneru aptur til Jerusalem, og fundu þa ellefu (Christi Postula) samañsafnada, og þa, sem med þeim voru af hinum odrum hañs Lære-sveinum og Brædrum, hver-

hverier ed søgdu: DRotteñ er sañarlega uppriseñ, og hefur byrtst Simoni Petro (1. Cor. 15.) Og þeir søgdu hvad giørst hefde æ Veginum, hverniñ hañ hefde geinged med þeim og talad vid þæ, og þeir hefdu i Herbergenu þeckt hañ i þvi hañ braut Brauded.

Hvern Lærdom kunnum vier oß hier af ad draga?

Fyrst þeñañ; ad so sem eitt Lioos tendrar annad Lioos, so æ eitt Guds Barn ad stunda epter ad upptendra Guds Þeckingar og Trwarinnar Lioos i þeß añars Hiarta; So sem Postuleñ æminner, segiande: Læred og æminned ydur sialfa. Col. 3. Og aptur seiger hañ: Æminned hver añañ iñbyrdes.

Þar nærst; þæ skulum vier med Aastundan og Kostgiæfne gænga upp til Jerusalem vors Guds, og Samfundar þeirra trwudu, hvar vier kunnum Guds Ord af ødrum ad heyra, og ødrum aptur ad kenna; Jæ, vier kunnum þar, segi eg, ad heyra og læra þañ sæluhialplega Lærdom uñ Christi Dauda og

Uppriſu, med þvi oß liggur þar meſt a, hañ ad þeckia, Krapt hañs Uppriſu, og Samfielag hañs Pijnu, i þvi ad verda ſamlijker hañs Dauda, ſo vier mættum honum i moote renna i Uppriſu Fraũlidenna. Gud gefe oß ollum til Dijrdarinnar ad upprijſſa, fyrer Verdſkulldan og Forþienuſtu þeß uppriſna JEſu vors Frelſara. Amen.

Þridia Dag Paſska.

Gudſpialled ſkrifar S. Lucas i 24. Cap. og hlioodar þannig.

Jþañ Tijma. Þa Læreſveinarner voru nu eñ ad tala uñ þetta, ſtie JEſus midt i mille þeirra, og ſagde til þeirra: Fridur ſie med ydur, eñ þeir ſkielfduſt og urdu hræddir, og meintu ad þeir ſæe Anda nockurn; og hañ ſagde til þeirra, hvar fyrer ſkielfeſt þier, og þvi koma ſlijker þanckar i ydar Hiørtu? Sicaed mijnar Hendur og mijnar Fætur, ad eg em þetta ſiaalfur, preifed a mier og

og skoded, þviad Ande hefur ei Holld og Bein, so sem þier siaid mig hafa. Og þa hañ sagde þetta, synde hañ þeim Hendur og Fætur. Og er þeir trwdu ecke eñ fyrer Fagnadar Saker, og undrande þad, þa sagde hañ til þeirra: Hafi þier nockud matarlegt? Og þeir løgdu fyrer Hann Stycke af steiktum Fiske, og Hunangs-Seim, og hañ tok þad og at fyrer þeirra Augum, og hañ sagde til þeirra: Þetta eru þau Ord, hver eg talade til ydar, þa eg var eñ nu hiia ydur, þvi þad hlaut allt ad fullkomnast, sem af mier er skrifad i Moysis Løgmæle, i Spamannanna Bokum og Psalmum; þa opnade hañ þeirra Augu, so ad þeir skildu Ritningarnar, og sagde til þeirra: So er þad skrifad, og so byriade Christo ad lijda, og upp ad rijsa a þridia Degi fra Daudum, og predikast lata i sijnu Nafne Idran og Fyrergiefning Syndanna a medal allra Þioda, upphefiande i Jerusalem, og þier erud Vottar allra þessara Hluta.

Hvad er innefaled i þessu Gudspialle?

Sw sijdasta Christi Opiñberañ a þeim Dege, er hañ uppreis, fyrer øllum hañs Lære-sveinum, uñ hveria S. Paall og talar i 1. Cor. 15.

Hvad marger Partar eru i þessu Gudspialle innifallder?

Tveir, nefnilega:

Fyrst; vors Frelsara JEsu Opiñberan.

Þar nærst; hañs Upprisu Stadfesting i þessari hañs Opiñberan.

A hverium Tijma skiede þesse JEsu Opiñberan?

Evangelisteñ seger: Þa Læresveinarner voru nu eñ ad tala uñ þetta: þad er; þegar þeir tveir Læresveinar, sem geingu til Emaus (hvar uñ vier heyrdum talad i giær) voru komner aptur til baka, og hofdu funded þa Ellefu samansafnada, og þa, sem med þeim voru, hverier ed sogdu: ORotteñ er sannarlega upprisiñ, og hefur byrtst Simoni; Og þa þeir sogdu, hvad gisrst hafde a Vegenum, og hverniñ þeir hefdu þeckt haū, i þvi hañ braut Brauded. Þegar þeir, voru þañiñ ad tala

tala um̃ hañs Upprisu sijn a millum, þa kom hañ, og opeñberade sig fyrer þeim.

Hvad siaum og lærum vier hier af?

Þad, ad JEsus vill giarnañ koma til þeirra og vera hia þeim, sem hafa Lyst til þess ad þeinckia og tala um̃ hañ, hañs Dauda og Upprisu; Þvi so seiger JEsus siaalfur: Sa mig elskar, sa elskast af mijnum Fodur, og eg mun elska hañ, og eg opeñbera mig fyrer honum. Joh. 14. Og aptur seger hañ: Hvar tveir edur þrijr eru samañsafnader i mijnu Nafne, þar em eg midt a millum þeirra. Matth. 18. Eñ þar þvert a moote, sa sem ecke þeincker nie talar um̃ hañ, heldur temur sier framar ad brwka ohreint Tal, þar vill hañ med sijna naduga Nærveru ei lauta sig finna, heldur segia um̃ þvilijkar Manneskiur og þeirra Samansofnun þad sama, sem Jacob fordum um̃ þa tvo hefndargiornu Brædur, Simeon og Levi: Mijn Saal skal ecke koma i þeirra Raad, og mijn Æra skal ecke vera i þeirra Samkundu. Gen. 49. Hvar fyrer vier skulum breita ept-

er Aminningu S. Pauls, þar hañ segir: Haf i Minne JEsum Christum, hver aptur er uppriſiñ i frá Daudum. 2. Tim. 2. Já, vier ſkulum og ádyckta þad ſama umm hañ, og þeir fongudu Israelitar grátande vid Babylons Votn umm Jeruſalem, ſegiande: Gleime eg þier Jeruſalem (þier miñ JEſu) þá verde minni hægre Hende forgleimt, mijn Tunga lode mier vid Goma, ef eg minniſt þijn ecke, ef eg læt ecke Jeruſalem (miñ JEſum) vera mijna hædſtu Glede. Pſ. 137. ſo hañ meige koma til vor med ſiñ Frid og Bleſſan.

Med hverium Hætte opeñberade hañ ſig?

Hañ ſtie midt i mille þeirra, og þad oforvarandis, þegar þeir væntu ſijdſt hañs Komu, hañ, ſem er Mid-perſonañ i Guddominum, eiñ Medalgaungare ad mille Guds og Manna, kom og ſtendur hier midt ad medal ſinna hriggvu Lære-ſveina: Sem Lijfſens Tre midt ad medal annara Triánna i Paradijs, JEſus ſtendur hier, ſeigi eg, midt ad millum ſinna Lære-ſveina, eñ ecke leingra frá Petro, ſem þvnglegaſt hafde ſyndgad, eñ frá hinum ódrum.

Hverja

Hverra Huggun kunnum vier hier af ad draga?

Þetta er ein stor Huggun fyrer alla auma idrande Syndara, ad JEsus er sa sanne Medalgœngare, sem med sijnum Forbienustu Kravte, stendur a millum Guds og vor, Ja, hann stendur midt a millum vor allra, hañ er þeim eina so nœlœgur sem hinum odrum, med sinne Nad og Forbienustu Kravte, þeim fatœka sem þeim Rijka, sa hin fatœke hefur so vel Hlutdeilld i honum sem hin Rijke, sa stoorsynduge, sem sa heilagaste, ef hañ alleinasta er ydrande og trwande, þvi hier er ei Gydingur nie Grijskur, hier er ei Þrœll nie Frelsinge, eige Kall nie Kvinna, helldur erum vier aller eitt i Christo JEsu. Gal. 3.

Hvad skulum vier hier af lœra?

Þetta, ad adhillast, þeckia, elska og umfadma hañ med einre rettre Trw, og honum Hlijdne ad syna, so þad segiest ecke um oß, sem Johannes fordum sagde til Gydinganna: Hañ stendur midt a medal ydar, hvern þier þecked ecke.

Talade

Talade JEsus nockud til þeirra, þegar hañ þañiñ opiñberadest?

Jaa; Hañ sagde til þeirra: Fridur sie med ydur; Med hvertium Ordum hañ heilsade þeim ecke alleinasta epter Gidinganna Sidveniu, oskande þeim Lucku og Blessunar; helldur og auglyste hañ þeim sierdeilislega þañ andlega og eilijfa Frid, sem hañ med sinne Forþienustu hafde afrekad.

Hverneñ kañ þetta ad þiena oß til Huggunar?

Þad er stor Huggun fyrer oß, ad vor JEsus er saa rette Fridar Hofdinge (Es. 9.) sem hefur afrekad oß þañ saña Frid, so vier vitum oß ad hafa Frid i honum. Joh. 16. Jaa, Frid vid Gud, hvers Reide er fridstillt fyrer hañs Dauda; Frid vid vora eigeñ Samvisku, sem med hañs Blode er hreinsud; vier hofum og feinged Frid fyrer Diosflinum, og ollum vorum Ovinum, hverier fyrer hañs Dauda og Forþienustu Krapt eru sundurmarder, og yferunner, og sierdeiles fyrer hañ; þau erum vier fullvisser um þañ eilijfa Frid og Sauluhiaalp.

Eñ hvorneñ skulum vier hegda oß, so vier meigum niota þessa JEsu Fridar?

Vier skulum hegda oß sem þau rettu Frid-

Fridarens Børn, yfer hverium JEsu Fridur mun bwa; Og vara oß, ad vier ecke med þverudarsamlegum Syndum briootum Frideñ ar millum GUds og vor, sem JEsus med sijnu dijrmæta Bloode og saklausa Dauda hefur oß afrekad. Vier skulum og af honum læra, ad oska vorum Naaunga GUds Fridar og Blessunar, hvar uppar vier hofum hans Befalning. Luc. 10. og so miked sem mogulegt er, hofum Frid vid alla Meñ. Rom. 12.

Hvorninn brar Læresveinunum, þegar JEsus þeirra innan opinnberade sig syrer þeim?

Þeir skielfdust og urdu hrædder, og meintu, ad þeir sæe Anda nockurn, edur Næturvofu, so sem þeir adur meintu, þegar hañ gieck ar Sioonum. Marc. 6.

Eru þar soddann Andar og Vofur til?

Ad neita þvi, ad Andar og Vofur hafe opt laated sig i lioose, og sieu eñ nu ad siar og formerkia i Mañs og annara Skiepna Lijke, er bæde ad segia Ritningune og Reinsluñe i mote, og ad sw Meining hafe vered medtekeñ og soñ halldeñ ar Christi Hiervistar Dogum, allyckast af Læresveinaña Ordum, bæde hier og af adurgreindum Stad. Eñ hefde sw Meining vered otrwanleg og osoñ, þar hefde

hefde JEsus sannarlega strax niðurþaggad hana, þar þo framar synist, ad hañ samstiñe henne, þar hañ sagde til þeirra sijdar: Eiñ Ande hefur ei Hold nie Bein, so sem þier siæed mig hafa. Eñ ad þeinkia edur segia, ad þvilijker Andar og Vofur sieu af Saalum Daudra Manna, er olldunges Fraleitt. Þvi so miked sem vidvijkur Saalum þeirra Gudhræddu, og Sælu Guds Barna, þæa eru þær strax epter Daudañ i Guds Hende. (Sap. 3.) i eilijfre Hvijld og Glede. (Apoc. 14.) hvadañ þær eingvañveigeñ bidiast epter til baka ad koma: Og Saler þeirra ogudlegu og fordæmdu, sem strax eyter Daudañ med þeim Rijka Mañe fara i Helvijtes Pijnu. Luc. 16. fæa eingvañveigeñ Leife til ad sleppa vt af þvi eilijfa Fangelse.

Hvad fyrer Andar eru þetta þæa?

Þad eru, almeñilega ad segia, þeir vondu Einglar, og vielafullu Helvijtes Andar, sem stunda epter, ad leida Mañeskiuna fræa Gude og hañs Orde til Villu og Vantruar, þvi Andskoteñ siælfur kañ ad gisra sig ad Liossens Engle. 2 Cor. 11. Hvar fyrer Madur skal eingvañveigeñ ad

ad þeim higgia, edur Trunad aa þaa setia; helldur miklu framar heyra Mose og Spaamoñunum. (Luc. 16.) og gefa giætur ad Guds Orde, so sem ad þvi Liose, er skijn i myrkvum Stad. 2 Pet. 1.

Hvad sagde JEsus hier til?

Hañ aavijtade fyrst med Hogværd þeirra Vantrv, og faavijslega Þaancka; Og hañ sagde til þeirra: Hvar fyrer skielfest þier? og þvi koma slijker raanger og faavijsleger Þanckar i ydar Hiørtu? Ad þier vilied meina, ad þier siaaid eiñ Anda og Vofu, þar jeg þo sialfur, ydar Meistare og Frelsare, stend hiaa ydur. Og so hañ kyñe þar nærst þeß betur ad upporfa og styrkia þeirra Tru, sagde hañ til þeirra: Siaaid mijnar Hendur og mijnar Fætur, ad eg em þetta siaalfur, þreifed aa mier og skoded, þad Ande edur Forynia hefur ei Holld nie Bein, Hendur, Fætur, edur adra Lime, so sem þier siaaid mig hafa. Og þaa hañ sagde þetta, synde hañ þeim til frekare Styrkingar sijnar Hendur og Fætur.

Hvad siaaum og merkium vier hier af?

Fyrst; bæde Læresveinaña, og vorn eigeñ

eigen Veikleika, i þvi, ad vier lautum opt ranga Meining og þwnga þancka intaka vor Hiortu, og ottumst þad sem vier hofum þo eingva Ordsok til ad ottast: Jaa, vier lautum opt med Nabogodonosor Draumana hræda oss, og þanckana, sem vier hofum a vorre Sæng, sturla oss, sem og Sionernar, sem eru i voru Hofde skielfa oss. Dan. 4. Þegar vier hofum þo ei þorf ad plaaga oss med slijkum Þonckum, helldur ættum allinasta ad þeinckia til Guds, og vors Frelsara JEsu, og i mote ollum Freistingum ad hugga oss vid hans naduga Nærveru. Þar nærst; þa sia um vier þa storu Giæfku vors JEsu, hver ed straffar, og strax þar epter huggar sijna hriggvu Lære-sveina, so han kunne ad nidurkefa þeirra oviturlega þancka, med þvi ad syna þeim sijnar Hendur og Fætur, og biooda þeim ad þreifa a sier og skoda, ad han sie þad sialfur, og þanniu breiter han en nu vid sijn Born; Ad þegar han sier, ad angursamer þanckar og Freistingar plaaga þau, þau vill han ecke, ad þeir skule leinge hiaa þeim stadnæmast; þar fyrer giorer han þau

þau viß um med sijnum gooda Anda, og þvi heilaga Orde, ad hañ vilie sialfur hiia þeim vera, og þau ecke yfergiefa, hverke i Neyd nie Dauda, helldur syna þeim sijnar Hendur og Fætur, sijn Saar og Under, so þau kunne þæangad undañ Diefulsens Skielfingu og glooande Pijlum ad flya, lijka sem Dwsañ til Biargskoranna. Cant. 2.

Trwdu nu Lære-svelnarnir?

Nei; Gudspialla-madureñ seiger: Og er þeir trwdu eñ ecke (fullkomlega, ad hañ være þad sialfur) fyrer Fagnadar saker undrande þad. Adur hindradest þeirra Trw af Hrædslu, nu so sem underþrycktist hun af þeim stora Fognude, sem þeir feingu, þegar þeir saau HErrañ, hvern þeir kunnu eñ nu ecke fullvijslega ad þeckia.

Kañ eñ nu Tru Guds Barna i þvilijkañ Maata ad hindrast?

Jaa; þviad so sem Liosed i Lampanum kañ ad slockna, ei einasta þegar Madur blæs a þad, edur kiæfer þad, helldur og so nær Madur lætur ofmikid Olium i hañ, so kañ og Guds Barna Trw ad hindrast ei alleinasta af Otta og Skielfingu,

elſingu, helldur og ſo af ofmikelle Glede, vid hverre Hiartad er eñ þa ecke rettilega wtbreitt, edur kañ i mote ad taka. Eſ. 60. Lijka sem þad ſtendur ſkrifad uñ Jacob, ad þegar hañs Syner kunngiordu honum og ſogdu: Joſeph lifer eñ nu, og er eiñ Herra yfer ollu Ægyptalande, þa hurade hañs Hiarta allt añad, (og vard so sem fra ſier af Offognude) þvi hañ trwde þeim ecke. Gen. 45.

Hvad giorde þa JEſus, so hañ kynne ad ſtyrkia þeirra Trw, og syna þeim fullkomlega, ad hañ være þad ſiaalfur?

Hañ ſagde til þeirra: Hafe þier nockud matarlegt? Og þeir løgdu fyrer hañ Stycke af ſteicktum Fiſke og Hunangs-ſeim, og hañ tok þad, og ät fyrer þeirra Augum

Giorde hañ þetta af Þorf eda Longun til Matar?

Nei; þvi hañ hafde epter ſijna Upprisu eingva Þorf fyrer ſiñ forklaarada Lijkama nockurs Matar (ſo sem eiñiñ verdur uñ þa Gudhræddu talad i eilijfu Lijfe, ad þa ſkule hier epter hverke hungra nie þyrſta. Apoc. 7.) Eñ þetta giorde hañ alleinaſta til ad ſtyrkia þeirra Trw,

Trw, og þeim fyrer Sioonер ad leida, ad hañ være vissulega uppriſiñ, so ad þetta er og eiñ af þeim marghættudu Bevijſingum, med hverium hañ hefur synt sig þeim Lifande epter siñ Dauda. Act. 1.

Kunnum vier oß hier af nockurn Lærdom ad draga?

Jaa; þviad so sem Lære-sveinarner voru viliuger til ad wtdeila JEſu nockru af þeirra Mat, þaa hañ bad þeß, so skulum vier og reidubwner vera, ad briota Hungrudum vort Braud. Es. 58. og medbijta vorum naudþurftugum Naaunga af þeirre Bleſſan, sem GUD gefur oß: Og so sem JEſus var vel ánægdur med þad, sem þeir logdu fyrer hañ, jafnvel þo þad være sliettur Kostur og Leifar þeirra: So skulum vier og laata oß nægia med þad, sem Gud afskamtar oß, og ecke alltijd gyrnast marga og kræſilega Rette.

Med hverju styrkte þaa JEſus ad sijdustu eñ framar sinna Lære-sveina Trw?

Med þessu: Ad so sem hañ vel vißi, ad sw besta Trwar-styrking tekst af hañs heilaga Orde, so fieck hañ þeim þad og

til Þerveguinar, og minte þau bæde a þad, sem hann hafde adur sagt þeim um sijna Pijnu, Dauda og Uppriſu, so og hvad um hann var skrifad i þvi Gamla Testamente, hvers Bokum hann sundurdeillde i þriau Parta, nefnilega: Mosis Lög, Spamanna Bækur og Psalma. Og hann sagde til þeirra: Þetta eru þau Ord, hver eg talade til ydar, þa eg var enn nu hiau ydur, þvi þad hlaut allt ad fullkomnast, sem af mier er skrifad i Mosis Lögmæle, og i Spamanna Bokum og Psalmum. Og med þvi þeir kunnu ecke af sialfum sier til ad skilia Ritningarnar, þa opnade hann þeirra Hugskot, so ad þeir skilldu þær, og sagde til þeirra: So er þad skrifad, og so byriade Christo ad lijda og upp ad rijsa a þridia Dege fra Daudum, og predikast laata i sijnu Nafne Ydran og Syrergiefning Syndanna a medal allra þioda, uppbyriande fyrst i Jerusalem. Þvi af Zion mun Lögmæled wtgaanga, og Ord DRottens af Jerusalem. Es. 2. Og þier (seiger hann til þeirra)

þeirra) erud sierdeiles wtvallder Sionar-vottar allra þessara Hluta.

Hveria Lærdoma kunnum vier hier af ad draga?

Þessa epterfylgiande: Fyrst, ad sw retta Þecking uñ Christum, hañs Dauda og Upprisu, verdur alleinasta veitt einum og sierhverium af Guds Orde, og þeirre heilogu Skrift, þvi S. Paull segir: Christur er lijflaaten epter Ritningunum, og hañ er uppriseñ epter Ritningunum (1. Cor. 15.) þær eru, sem af honum bera Vitne. Joh. 5. I þeim skulum vier leita epter þeim, sem vor Saal elskar, i þessum Akre finst saa kostulegaste Fiesiodur, hier er þaa dijrmætu Perlu alleina ad finna. Matt. 13. Þar nærst; Ad sw heilaga Ritning er fyrer vorum mañlegum Skilninge so sem iñsiglud Bok, so sem eiñ diwpur Brunnur, og tilluckrur Jurta-gardur, so vier kunnum ecke ad siaa þaa guddomlegu Leindardoma i henne oß til Saaluhiaalpar, aan þeß, ad JEsus sialfur af sinne Naad upplivke vorum Skilninge med sijnum Anda; Smyrie vor Augu med þeim andlegu Augna-smyrslum, (Apoc.

3.) jaa upplyse vor Skilnings-Augu, ad vier siaa kunnum þaa hulldu Hlute i hañs Orde. I þridia Maata, þa hefdum vier ei kunnad ad hafa haft Gagn af Christi Dauda og Uppriſu, hefde hañ ecke laated predika i ſijnu Nafne Idran og Syndanna Fyrergiefning; En hañ hefur veitt oß eina Miſkunſeme ofañ aa adra, og ei alleinaſta med ſijnum Dauda og Uppriſu ſvipt Daudañ Mackt-inne, helldur og Lijfed og Odaudlegleikañ i Lioos leidt fyrer Evangelium. 2. Tim. 1. I fioorda Maata; Ef vier vilium faa Syndanna Fyrergiefning, ſem er ſaa rette ſaaluhiaalplege Avextur af Christi Dauda og Uppriſu; þa ſkulum vier ſannarlega fyrer GUds Naad ſnua fraa Syndunum fyrer Angur og Trega, og umfadma vorn GUd og JEſum med einre ſtodugre Trw; Og þetta eru þeir tveir verulegu og eiginlegu Partar vorrar Saaluhiaalplegrar Idranar, ſem vier ſkulum jafnañ hafa i ferſku Minne, idreſt þier og trwid Evangelio. Marc. 1. og gisred verdugañ Avext Idranariñar. Matt. 3. Þar fyrer hefur ſierhver af oß fullkomna Ordſok ad andvarpa og ſegia:

Snw

Snw þu mier DRotteñ, þaa er mier snwid, þvi þu ert miñ Gud blessadur fraa Eilijfd til Eilijfdar. Amen.

Fyrsta Sunnudag epter Paaska.

Gudspialled skrifar S. Joh. 20. Cap.

Og ad Kvøllde þess sama Þvottdags, þaa ed Læresveinarner voru samankomnir ad lucktum Dyrum, fyrer Hrædslu saker vid Gidinga, kom JEsus þar og stod i Midid, og sagde til þeirra: Fridur sie med ydur. Og þaa hañ sagde þetta, synde hañ þeim Hendurnar og sijna Sijdu. Eñ Læresveinarner gløddust vid, ad þeir saau HErrañ. JEsus sagde þaa eñ aptur til þeirra: Fridur sie med ydur, lijka sem Fadereñ sende mig, so sende eg ydur. Eñ sem hañ sagde þetta, blies hañ aa þa, og sagde til þeirra: Medtake þier Heilagañ Anda, hverium hellst þier fyrergiefed Syndernar, þeim eru þær fyrergiefnar. Og hverium hellst þier aptur

hallded þær, þá eru þær heim aptur-halldnar. Ẽn Thomas, eiñ af þeim Tolf, sem kalladest Tvibure, var eige med þeim, þá JEsus kom; Ẽn hin-er adrer Lære-sveinarner sögdu til hans: Vier höfum sied HErrañ. Ẽn haũ sagde til þeirra. Nema ad eg siái Nagla-föreñ i hañs Höndum og ad eg laute miñ Fingur i Nagla-För-eñ, og eg legge mijna Hönd i hans Sijdu, þá trwe eg ecke. Og epter atta Daga voru eñ aptur hañs Læ-re-sveinar þar inne, og Thomas med þeim, þá kom JEsus ad lyckt um Dyrum, stood i Midet, og sagde: Fridur sie med ydur. Sijdañ sagde hañ til Thomam: Riettu þiñ Fingur hingad, og skoda mijnar Hendur, lypt upp þinne Hende, og legg i mijna Sijdu, og vert ecke vantrwa-adur, helldur trwadur, Thomas svarade og sagde til hañs: DRott-eñ miñ og Gud miñ: JEsus sagde til hañs: Af því þu saist mig Tho-ma, trwder þu. Sæler eru þeir, sem ecke sia og trwa þo. Mörg önnur Teikn gjörde JEsus i Aug-syn

syn sinna Lære-sveina, hver ad eige eru skrifud i þessare Bok. Ēn þetta er þvi skrifad, so ad þier trwed, þad JEsus sie Christur Sonur GUds og ad þier so trwader hefdud Lijfed i hañs Nafne.

Um̃ hvad er skrifad i þessu Gudspialle?

Um̃ tvær Christi Opeñberaner fyrer sijnum Lære-sveinum. Sw fyrre skiede a hans Upprisu-Dege, ad Kvøllde, Thoma fraverande. Hin onnur atta Dogum sijdar, ad Thoma nærverande.

Hvad talar Gudspialla-madureñ um̃ þa fyrstu Opiñberan?

Hañ seger: Ēn þañ sama Dag, er fyrstur var i Vikunne ad Kvøllde, þad er ad skilia, epter þad þeir tveir Læresveinar, sem geingu til Emaus, voru komner aptur til baka til Jerusalem, hver Dagur ad var sa fyrste i Vikunne. Hañ hafde ad sonnu fyrer Eingelsens Ord til Kvennanna vijsad Lære-sveinunum, ad ganga til Galileam, og lofad þeim, ad þeir skyldu þar sia sig. Marc. 16. Ēn hañs Kiærleike til þeirra var so miog brennande, ad hañ kunne ecke ad draga

þad undañ so leinge, helldur hlaut hañ ad þeim sama Dege, sem hañ uppreis, ecke alleinasta ad lauta adra kunngiora sijna Uppriſu, helldur sialfur sig fyrer þeim ad opeñbera, þo þeir væru allañ þañ Dag ad mille Vonar og Otta, samt kom hañ þo uñ Kvøllded til þeirra med sijna sætu Fridar Heilsan, lijka sem Dwfañ til Noa, med Oliu Lauf-Bladed.

Hvad siæum vier hier af?

JEsu stora Kiærleika og Trwfeste vid sijn Børn, hver ei vill þau fødurlaus epterskilia, edur leinge hilia sitt Andlit fyrer þeim, helldur brotnar hañs Hiarta til þeirra, so hañ hlijtur þeim miskunsamur ad vera. Jer. 31. Og þo hañ seinecke med sijna Hiælp og Opinberan, þa vill hañ þo uñ sijder vissulega koma, og ecke tefia. Hab. 2.

I hverju Stande voru Lære-sveinarner, þegar JEsus kom til þeirra?

Þeir voru samankomner ad luckt-um Dyrum fyrer Hræddslu saker vid Gidinga. Þeir vissu hvad illa Gidingarner hofdu hondlad vid siñ Meistara, og þad þeir hofdu ad hans Pijnu Tijma spurt hañ uñ hans Lære-sveina, allur

allur sa Stadur var fullur af þeim Ligum Vardhalids-mannanna, ad hans Læresveinar hefdu komed um Nott og stoled honum a medan þeir sofdu. Matt. 28. Hier af voru þeir hræddir, ad þad mundi þeim ei betur ganga, en þeirra Meistara, i Fride ad vera, og þar fyrer voru þeir fyrer innan luktar Dyr af Hrædslu og Otta, so þeir skylldu ecke oforvarandes verda yferfallner. I þessu þeirra saarlega Tilstande kom JEsus til þeirra, þær tillucktu Dyr kunnu ecke ad hindra hans forklaarada Lijkama fra thi, ad koma in til þeirra, hvonær sem han vilde, og med thi han wtgieck af þeirre tillucktu og insigludu Grof, þa kunne han og audveldlega ad komast in um lucktar Dyr.

Hvad lærum vier hier vt af?

Þad, ad JEsus er alltijd reidubuenn ad koma til sina naudlijdande Barna, ad vera hia þeim i Neydenne, og þeim wr Neydene ad wtryckia, thi alldrei lokar Veroldin Dyrunum so sterklega aptur fyrer þeim, ad han sie ecke maattugur þeim upp ad liuka, ja, alldrei eru þau i nockru Fangelse, edur Preingingum so hart ine lokud, ad han verde med sijna naduga

Hiaalp

Hiaalp fyrer þeim utelokadur, þviad sia þu hverniñ hañ var hiar Joseph, Petre, Þaale, og Eila i Fangelsenu, hiar Daniele i Leona Grofiñe, hiar þeim þremur Monnum i þeim gloande Elds-Ofne, og þañiñ vill hañ koma til sinna naudlijdande Barna, hiaalpa þeim, og hiar þeim vera i Neydenne, og þeim þadañ wtryckia, og þau vegsamleg giora.

Hvornenn opiñberadest hann?

Hañ kom hastarlega og oforvarandes, þegar þeir væntu sidst hañs Komu, og stod midt i millum þeirra, sem sar sanne Medalgangare, ei leingra frar Petre, er þunglegast hafde syndgad, eñ fra hinum ødrum, hvar med hañ auglyser, ad hañ sie komeñ i Heimeñ, þar syndugu saluholpna ad giora. 1. Tim. 1. ad hans Forþienustu Kraptur heyre ollum til, og eingeñ sie uteluckter frar hañs Nard, utan þeß hañ sialfur med Vantru og Ogudlegleika sig wtelyke.

Hvad talade hann til þeirra, þegar hann þannina kom og stood i mided?

Hañ sagde til þeirra: Fridur sie med ydur. Med hverium Ordum hañ ei alleinasta epter Gidingaña Sidveniu heilsar,

heilsar, huggar, og hughreister þaa (1. Sam. 25.) helldur oskar hañ þeim þeß andlega og eilijfa Fridar, sem hañ med sijnum Dauda og Uppristu hafde þeim afrekad.

Hveria Huggun kunnum vier oß hier af ad taka?

Þad er ein stor Huggun, ad JEsus er sa rette Fridar Høfdinge. Jau vor Fridur, sem ei alleinasta hefur forlijkad, og giert Frid, helldur og kuñgiert hann, Eph. 2. so ad vier høfum Frid vid GUd, Frid vid vora eigeñ Samvitsku, Jau, Frid fyrer Satan og Yfervallde Myrkranna. Col. 1. nær vier einasta umfødnum hañ med Truñe, og hegdum oß sem þau rettu Fridarins Børn.

Þegar JEsus hafde oskad sijnum Læresveinum Fridar, hvad giorde hañ þaa framar?

Þad syner oß Texteñ, þar so stendur: Og þau hañ sagde þetta, synde hañ þeim Hendurnar, sem af Naglunum voru sundurboradar, og sijna Sijdu, sem Strijds-madureñ hafde med Spiote opnad, hver Pijslar Sær hann epter sijnum Frijvilia bar a sijnum Lijkama umm nockurn Tijma, so hañ med þeim styrkte sijna Læresveina Tru, og læknade þeirra særd Hiortu.

Hvar

Hvar fyrer synde hañ þeim þanniñ sijna Lime?

So ad þeir leiddu sier ecke i þancka, ad þeir sæe Anda, edur Foriniu, helldur ad þeir kynu ad þeinckia þad, af þeim Sarum, sem hañ aa sier bar, ad hann være þad siaulfur.

Hvad lærum vier hier ut af?

Þad, ad þetta er saa same JEsus, sem var daudur, sem nu er aptur ordenn lifande og uppriſiñ fraa Daudum, og med soddañ Hætte munum vier uppriſa med sama Lijkama, og vier hofum hier i Heime bored. 1 Cor. 15.

Hvad verkade þesse Christi Opinberan hiaa Læresveinunum?

Læresveinarner gloddust vid, ad þeir saau HErrañ. Þeir urdu i fyrstuñe ottasleguer, eñ þegar hañ tiaade sig vinsamlegañ vid þaa, og synde þeim sijnar Hendur og sijna Sijdu, þaa gloddust þeir, ad þeir saau HErrañ aptur.

Hvad merkium vier hier ut af?

Þetta, ad JEsus er su retta Riettlæteens Sool, er med sijnum Naadar-Geyslum og Nærveru kann best ad gledia sorgbiteñ Hiortu sijña Barna. Nær sw naatturlega Sol formyrkvast, edur geingur

ur under, þau synest allt so sem dapurt og sorgande, eñ þegar heñar klaru Geislar aptur uppreña, þau fagna allar skapadar Skiepnur; So skiedur þad og eiñiñ, þegar JEsus i Kroßinum hilur um lijteñ Tijma sitt Andlit, þau er ei annad ad siaa, eñ stora Angist, Sorg og Mædu hiaa hans neydlijdande Bornum; Eñ nær hann lætur þau bæde siaa sitt Andlites Lioos yfer þeim skijnande, sem og heyra Fognud og Glede, þau verda þau Bein gladvær, sem sundursliteñ eru. Pl. 51. og þau sorgfullu Hiortu fagna. Og sierdeiles mun vor Glede fullkomnast, nær vier i eilijfu Lijfe munum hañ siaa Auglite til Auglites. 1 Cor. 13. og þad so sem hañ er. 1. Joh. 3.

Hvad giorde Frelsarenn eñ framar i þessare siñe Opiñberan?

Hañ sagde þau eñ aptur til þeirra, þar hañ villde nu iñsetia Forlijkunariñar þionustu, og senda þau wt uñ Heimeñ, med Fridar Bodskap, Fridur sie med ydur. Þar nærst; Kallade hañ þau til þeß heilaga Predikunar Embættes, segiande: Lijka sem Fadereñ sende mig, so sende eg ydur; þad er ad skilia, ecke epter

mijnu

mijnu Medalgongu og Keñemans Embætte, þvi hvad þvi vidvijkur, þa kañ eingeñ so ad sendast, sem eg. 1. Tim. 2. helldur epter mijnu Spaumans og Læremeistara Embætte, nefnilega til ad vitna uñ Sañleikañ. Joh. 19. Ad predika Evangelium fyrer þeim Voludu, so sende eg ydur, sem mijna Læresveina og Þenara til ad kienna ollum. Eñ framar giorde hañ þa dugañlega fyrer Meddeiling eður Wtdeilina heilags Anda til þessa Embættes i þvi, ad hañ blies a þa, hvar med hañ vitnar, ad sa heilage Ande wtgaunge, sendest og giefist, so vel af honum sem af Fodurnum; Og sagde til þeirra: Medtake þier heilagañ Anda. Og ad sijdustu afhendte hañ þeim og fieck i Hendur Likla Himnarijkes, gefande þeim fullkomna Mackt til ad leisa og binda, segiande: Hverium hellst þier fyrergiefed Syndernar, þeim eru þær fyrergiefnar, og hverium hellst þier apturhallded þær, þa eru þær þeim apturhalldnar.

Hvad siaum vier hier af?

Vier siaum, hvorniñ þvi heilaga Predikunar Embætte hagar. Fyrst er þad af

af sialfum Christo iñsett ; þvi hañ, sem er Kornskieruñar Herra, sender sialfur Verkameñ i sijna Kornskieru. Matth. 9. Þar nærst ; ad eingeñ Madur er dugañlegur og neytur af sialfum sier, til þessa heilaga Embættes 2. Cor. 3. helldur er þad sialfur GUd og vor Frelsare JEsus, sem alleina giorer sijna Þienara neyta, i þvi hañ giefur þeim siñ heilagañ Anda, og hans Gaafur. I þridia Maata ; ad GUd af siñe storu Naad hefur lated, og lætur þessu heilaga Embætte fylgia mikla Mackt, so ad Ordsens Þenarar hafa þañ Myndugleika ad fyrergiefa þeim idrande, og apturhallda þeim þverbrotnu, og hardhnockudu sijnar Syndir, hver Mackt og Myndugleike ecke hængir af peirra eigeñ Personu, helldur kiemur hun fra sialfum Gude. Þeim er ej helldur i Frijvilia sett, ad fyrirgiefa og apturhalda Syndunum epter siñe Villd, helldur skulu peir, sem Christi Þienarar og Umbods Meñ, giora þad epter þeim Hætte, sem hañ hefur sagt þeim, og befalad i sijnu Orde.

Hver Lærdomur kann hier af ad dragast?

Hier vt af kunna bæde Kiennendur-

ner og Tilheyrendurnir Lærdom ad draga. Fyrst þañ; ad Kiennendurner skulu ecke hlaupa til þess heilaga Embættes, aan þess þeir sieu løglega kallader og sender, þeir skulu ei helldur þeinkia, ad þeir sieu af sialfum sier til neyter, helldur med því ad GUd fyrer sitt Heilagañ Anda gierer þa alleinasta dugañlega hier til, þa skulu þeir bidia hañ um sijns Anda Gaafur, og Naadar Adstod. Þeir skulu athuga, ad þeir misbrwke ecke sijns Embættis Mindugleika, og sijns Guds Hwss Likla, ad þeir ecke, seigi eg, leise og fyrergiefe, þegar þeir þar þvert a moote skulu binda og apturhallda. Þar nærst; ad Tilheyrendurnir skulu medtaka sijna Kiennemeñ sem CHristi Sendeboda, og þeirra Embætte, sem Embætte þess heilaga Anda; Og þacka GUde, sem hefur giefed Mønnunum þa Mackt a Jordu Syndernar ad fyrergefa. Þo skulu þeir ecke so alijta þa, sem þeir hefdu þessa Makt af sialfum sier, helldur af GUde alleina, hver þeirra Embætte þennañ Mindugleika gefed hefur: Ei helldur þeinckia, ad þeir kunne ad fyrergefa hvad hellst, og hver

ium

ium þeir vilia, helldur skulu þeir allein-
asta, sem Guds Þienarar og trwir Uñ-
bods Menn, fyrergefa þeim idrande og trw-
ande Syndurum þeirra Synder, eſi
þau, sem sig sialfer binda med Idrunar-
leiſe, Vantrw og Ogudlegleika, kunna
þeir ecke ad leisa.

Voru aller Læresveinarner vidstaddir, þegar hañ
þañiñ sig opiñberade?

Nei; þvi Thomas, eiñ af þeim tolf,
sem kalladeſt Tvibure, var eige med
þeim, þa JEſus kom; Annadhvert
hafde hañ teked sier adra Sijßlu fyrer,
edur og Hrædslu vegna skilid sig vid þeir-
ra Samkvæme, hver hañs Fraavera
var Ordsok til hañs Falls og Vantrwar.

Hvad siaum vier hier af?

Hvad fœrlegt þad sie ad forlæta
Sofnudeñ og Samkundu Guds Barna.
Hebr. 10. þviad so sem Saudureñ kañ
audvelldlega ad villast, ef hañ skilur vid
Hiordena; so kañ ein Manneskia og snart
ad raafa a raangañ Veg, ef hun er for-
lauta sig finna i Sofnude þeirra Gud-
Barn hafa Lyst til ad gaanga med þeim

Hoopnum, sem heilagt fyrer sijn-
um Gude, og seiger med David: Eins
þæa bid eg af DRottne, þad sama þæge
eg giarnañ, þad eg mætte blijfa i Hvse
DRottens mijna Lijfdaga, til ad skoda
þæa ægiætu þionustugiord DRottens
Guds, og ad vitia hañs Musteris. Pf.27.

Hvad verdur gieted um Thomæ Vantrw?

Jafnvel þo hiner adrer Læra-sveinar-
ner segde til hañs, til ad giora hañ hlut-
takande i þeirra Glede, vier høfum
sied HErrañ, nefnilega, lifande og
uppriseñ fræa Daudum, þæa samt sem
adur villde hañ ecke trwa sañferdugum
Vitnisburde þessara tiju Læri-sveina; held-
dur villde hañ endilega hafa Trwna i
Høndunum; Jæa, framar trwa sijnum
eigeñ Augum og Fingre, eñ þessara tiju
Læra-sveina Augum, og þar fyrer hleip-
er hañ fram þessum dærlegum Vantrw-
ar Ordum; Og sagde til þeirra: Ne-
ma ad eg siæe Nagla-føreñ i hañs
Høndum, og ad eg læte miñ Fing-
ur i Nagla-føreñ, og eg legge mijna
Hønd i hañs Sijdu, þæa trwe eg
ecke.

Syndgade Thomas storlega hier med? Jæa;

Ja, vissulega; þvi Vantrw er sw stædsta Synd. Þetta er sannarlega ein stor Synd, ad hafa, hver ed so leinge hafde vered i Christi Skola, og heyrt hañ tala uñ siñ Dauda og Uppriſu, skyllde ei alleinasta ecke vilia trwa, þar hañ hafde so morg samstemmande Sioonar-Vitne fyrer sier, helldur og var hañ hardhnackadur, og fastur i sinne Villu og Vantrw.

Finnast þeir eñ nu, sem Syndga lijka sem hañ?

Ja; þvi er midur; so sem hañ kallast Tvibure, og eiñ Tviburi er ecke eiñ, helldur hefur hañ annadhvert Brodur edur Syster, sem ecke vilia trwa GUds Fyrerheitum og Hotunum, nema þeir hafe Trwna i Hendunum.

Var Thomas leinge i þessare Vantrw?

Til attunda Dags, þvi so seger Texteñ: Og epter atta Daga voru eñ aptur hañs Lære-sveinar þar inne, og Thomas med þeim, þa kom JEsus ad lucktum Dyrum, og, so sem adur, stod i Midied, og sagde: Fridur sie med ydur. Þar epter kallade hañ Thomam framm, ad hañ, sem hafde opiñberlega syndgad, skyllde lijka sem standa

opiñberar Skrifter, og sagde til hañs: Riettu þiñ Fijngur hijngad, og skoda mijnar Hendur, lipt upp þinne Hende, og legg i mijna Sijdu, og vert ecke vantrwadur, helldur trwadur. Hañ hefur, edur tekur epter Thoma Sæalfs hañs Ord, hvar med hañ syner honum sijna Alvitsku, ad hañ visse, hvad hañ hefde talad, og vill hier med þess betur koma honum til ad læta sig angra sijna Synd, og riett ad trwa.

Hvad lærum vier hier af?

Þad, ad þeir sem med Thoma opiñberlega syndga, þau ber opiñberlega ad straffa, og sierdeiles er Vantrwiñ ein sw Synd, sem fyrer Andans Embætte hardlega ber ad straffast. Joh. 16.

Hvad sagde þau Thomas?

Thomas svarade og sagde til hañs, sem sa, er ei leingur efade uñ Christi Upprisu: DRotteñ miñ, og GUD miñ! Hver Ord ad ecke eru efablandeñ Forundrunar Ord: þvi Christur seger Sæalfur sijdar, ad hañ hafe trwad: helldur er þad ein kostuleg Trwariñar Meðkienning, ad hañ þeckte Christum fyrer siñ

sin Meistara, jaa, sin Frelsara og Saaluhiaalpara, sin GUD og DRotten.

Hvad skulum vier af Thoma læra?

Pad, ad vera ecke hardhnackader, og hallda ecke aafram i Syndenne, helldur nær vier verdum advarader og aaminter, pa skulum vier snwa aptur og giora Ydran, segiande med Job, eg vil hallda Hende minne fyrer Mun mier, einusinne hef eg talad, par fyrer vil eg ecke meir Andsvar gefa, eg vil ecke pad sama hiedan i fraa leingur giora. Job. 39. Og aptur seger han: Eg hefe heyrt pig med Eyrunum, og mijn Augu pau saa pig nu einen, par fyrer jaata eg mig nu sakadan vera, og vil Ydran giora i Osku og Dupte. Job. 42. Vier skulum og med honum hver fyrer sig trwa og medkienna JEsum ad vera vorn GUD og DRotten, Frelsara og Saaluhiaalpara.

Hvad sagde pa JEsus til hans?

JEsus sagde til hans: Af pvi pu saast mig Thoma trwder pu: Sæler eru peir, sem ecke siaa, og trwa po, med hverium Ordum han lastar pad ecke, po ad han trwde pvi er han saa, helldur straffar han hans Seinleika til ad

trwa; og syner honum þañ retta Eigenlegleika þeirrar sauluhiaalplegu Trwar, ad hun er eitt oruggt Traust þeirra Hluta, sem Madur vonar, og efar ei uñ þad, sem hañ sier ecke. Heb. 11.

Med hverium Ordum endar Gudspialla-madureñ þessa Dags Texta?

Med þessum: Mørg ønnur Teikn giørde JEsus i Augsyn sinna Lærisveina, hver ad eige eru skrifud i þessare Bok; (þvi ef aller þeir Hluter, sem JEsus giorde, skylldu skrifast eitt epter annad, þa held eg ad Heimureñ munde ei yfergrijpa þær Bækur, sem skrifast mættu. Joh. 21.) Eñ þetta er þvi skrifad, so ad þier trwid þad JEsus sie Christus Sonur Guds, og ad þier so trwader, hefdud Lijfed i hans Nafne. Hvert GUD giefe oss af sinne Nad, fyrer Christi Verdskuldan alleina. Amen.

Annañ Sunnudag epter Paska.

Gudspialled skrifar S. Johannes i 10. Cap.

I þañ

Á þañ Tijma, sagde JEsus til Gidinganna: Eg em godur Hyrder, godur Hyrder gefur sitt Lijf wt fyrer sijna Saude, eñ Leiguliden̄, og hañ, sem ecke er Hyrder, hvers ad Sauderner eru ecke eigeñleger, hañ sier Ulfeñ koma, og yfergefur Saudena, og flyr i burt. Og Ulfuren̄ grijpur Saudena og sundurdreifer heim. En Leiguliden̄ flyr, af þvi hañ er Leigulide, og giæter ecke Saudanna: Eg em godur Hyrder, og eg þecke mijna Saude, og eg þeckest af mijnum, so sem ad Fadereñ þecker mig, og eg þecke Fødureñ, og eg legg mitt Lijf wt fyrer mijna Saude. Eg hefe og adra Saude, sem eige eru af þessu Sauda-Hwse, þau byriar mier og hier til ad leida, og þeir munu heyra mina Rødd, og þar mun verda eitt Sauda Hws og eiñ Hyrder.

Hvar uñ talar Christur i þessu Gudspialle?

Fyrst, uñ sijns Hyrders Embættis Titil og Nafn.

Þar nærst; uñ þeß Not og Gagn.

Hvad seiger JEsus sig ad vera?

Eiñ godañ Hyrder: Eg em godur

Hyrder, þad er, sæa mikle Hyrder Sauðanna. Hebr. 13. Sæa ædste Hyrder, uñ hvern spaad hefur vered i þvi Gamla Testamente. Es. 40. Hvers Figura og Fyrermyndan ad þeir heilogu Forfedur vered hafa, sem voru og Hyrdarar, so sem Abel, þeir heilogu Forfedur, David og adrer fleire.

Hefur JEsus þæa vered sem þeir heilogu Forfedur eiñ jardneskur Hyrder?

Nei; helldur var hañ og er sæa andlege Sælnanna Hyrder. 1. Pet. 2. Og þeir Sauder, sem hañ fæder, eru Mennerner, og hañs Folk. Ps. 79.

Hveria Huggun kunnum vier oß hier af ad draga?

Þad er oß ein stor Huggun, þar vier erum aller sem aumer Villuræfande Sauder. Es. 53. Ad hañ er vor godur Hyrder, uñ hvern sierhver riett-trwud Christiñ Sæl kañ ad segia med David: DRotteñ er miñ Hyrder, og mig mun eckert bresta. Ps. 23.

Hver Lærdomur kann hier af ad dragast?

Vier skulum þeckia JEsum fyrer vorn Hyrder, og Biskup vorra Sælna; og sier-

sierhver i sin stad skal stunda epter hans Dæme, ad vera ein godur Hyrder.

I hverju bevijsar hann sig ad vera þann goda Hyrder?

I því, ad hann gietur bæde um þess goda Hyrders vijdilega Art, ad hann ei alleinasta sem Jacob med miklre Kostgiæfne, Mædu og Erfidismunum vakte og fodre sijna Saude. Gen. 31. Edur sem David setie sitt Lijf fyrer þau i Hasska, helldur og einen wtgiefe sitt Lijf fyrer þau; So og gietur hann um Leigu-Mansens Vanart, segiande: En Leigumadurenn, og hann, sem ecke er Hyrder, hvers ad Sauderner eru ecke eigenleiger, nær hann sier Ulfenn koma, þau yfergiefur hann Saudena, og flyr i burt. Og Ulfurenn grijpur Saudena, og sundurdreifer þeim, en Leigumadurenn flyr, af því hann er Leigumadur, og giæter ecke Saudanna.

Hver Hyrder ca ad merkiast fyrer Leigumannen?

Ecke þeir, sem fa og medtaka nockur Laun fyrer sitt Erfide, og Þionustu, því verdur er Verka-Madurenn Launanna. Matt. 10. helldur hiner, sem stunda epter Embætte fyrer Aviðning og Gabata, ad saf-

na

na Peningum og verda Rijker, og ad fa eitt Braud. 1. Sam. 2. og leita so i Embættinu þess, hvad þeirra er, eñ ei hvad JEsu Christi er. Phil. 2. gisrande sitt Embætte nauduger, eñ ei siaulfviliug-er, ej af godum Vilia, helldur fyrer slæms Aviñings Saker. 1. Pet. 5. Af hverra Art og Nattturu, ad voru þeir vondu Hyrd-arar i Tijd Ezechielis Spamans, yfer hverium DRottiñ klagar, segiande; Vei Israels Hyrdurum, sem ala siaulfa sig, eiga ecke Hyrdararner ad ala Hior-dena, eñ þier eted þad hid feita, og klæd-ed ydur med Ullenne, og þier slattred þvi sem aled er, eñ Saudena vilie þier ecke ala. Ezech. 34. so voru og einneñ Pharisearner at Christi Tijmum, þeir voru agiarner fuller Rans og Ohofse-me. Matt. 23.

Hverniñ eru þesser Leigumeñ?

Þeir eru ecke goder Hyrdarar, og Sauderner heyra þeim ecke til, þvi þeir bera eingva Uniñhiggiu fyrer Saudunum, helldur nær þeir siaa þañ helvijtska Ulf, og þad greniande Leon, Diofuleñ, edur og hans olma Varga. Act. 20. Fals-Spa-meñ og Tyrana, sem anadhvert med fol-

skum

ſkum Lærdome, edur Tyrañiſkre Oſſokn, edur og med Synd, Athugaleiſe og Omeñſku, koma og ſtunda epter Hiardariñar Fordierfun, þau flya þeir, añadhvert i Lijkømunum perſonulega, edur ſo miked ſem aahrærer Sinned og Giedsmunina, i þvi, ad þeir eru hliodlauſer Hundar, og veita ecke Ulfinum Motſtodu, og læta oß ſijna andlegu Saude vanta þau ſeñu Saalar Fædu, ſem er GUds Orda Undervijſun, Straff, Huggun og aminiing.

Hefur Gud Pocknan aa þeſſum Leigumonnum?

Nei, þviad lijka ſo ſem þeir eru miog ſkadleger Hyrdarar fyrer Hiordena, hverier lijka ſem ſkilia hana epter nakta og varnarlauſa i Haaſkanum fyrer þeim helvijſka Ulfe, og læta hañ grijpa Saudena, og þeim ſundurdreifa; So eru þeir og miog vidurſtyggileger fyrer Gude, þvi ſo talar hañ uñ þau. Vei þeim Hyrdrunum, ſem eckert duga, ſem forlæta Hiordena, Sverded kome aa þeirra Armlegg, og aa þeirra hægra Auga, þeirra Armur ſkal uppviſna, og þeirra hægra Auga ſkal myrkvaſt. Zach. 11.

Hvad ſkulum vier hier af læra?

Pad, ad packa Gude, ſem giefur oß

Hyrd-

Hyrdara epter sijnu Hiarta, sem oß kuñe ad fæda med Kieñingum og Vijsdome, og bidia hañ, ad hañ vilie vardveita oß frá þeim vondu og skadlegu Leigumoũum, frá þeim helvijtska Ulfe Diofliuum, og hans vondum Verkfærum, þeim olnu Vorgum, sem ei þirma Hierdene. Act. 20.

Hvad talar Frelsarenn enn framar um̃ sijns Hyrders Embættes Not og Gagn?

Hañ itrekar fyrst aptur sijn Ord: Eg em godur Hyrder; Og þar nærst bevijsar hañ þau i þvi hañ tileignar sier eins gods Hyrdirs Eigenlegleika.

Hverier eru hans Eigennlegleikar?

Þeir eru sierdeiles þrijr; sem er, ad hañ þecker sijna Saude, hañ leggur sitt Lijf wt fyrer þau; hañ samansafnar þeim, og leider þau til Sauda-Hussens.

Hvad seiger hann um þad fyrsta?

Eg þecke mijna Saude; Ecke med tomre utvortes Þeckingu, helldur med einum iñilegum Kiærleika, og Velþocknan (so sem þetta Ord, ad þeckia einhvern, brukast opt i Ritningunne med þessum Hætte. Ps. 1.) þar eg hefe frelsad þau, eg hefe kallad þau med þeirra Nafni, þeir eru mijner, eg hefe teiknad þau i mijn-

minum Hendum. Es. 49. eg hefe skrifad peirra Nafn aa Himnum, jaa, aa Lifsens Bok. Og eg peckest af minum, sem peirra einaste Frelsare, Hyrder og Biskup peirra Saalna, gefande peim Skilning Saaluhiaalpariñar, sem er i Fyrergiefningu Synda peirra. Luc. 1. Og uppaa pad vor HErra kunni ad auglysa, med hvad iñilegum Kiærleika hann pecke sina, seger hañ: So sem Fadereñ pecker mig, sem siñ einasta elskulegañ Son, med einum iñilegum, og outseigañlegum Kiærleika, og eg, aptur aa mote, pecke Sødurin, med sama Hætte, so pecke eg mina, og peckest aptur af peim.

Hverniñ kunnum vier ad færa oss petta til Gagns og Nytsemdar?

Pad kañ ad piena oss til Huggunar, ad vier vitum, vor gode Hyrder JEsus pecker oss sem sina Saude, med einum iñilegum Kiærleika, pecke hañ oss, so pecker hañ og vorn Veikleika; og vill, sem eiñ godur Hyrder, hafa Medaumkan yfer oss, leida oss aa rettañ Veg, nær vier villumst, binda uñ vor Saar og lækna oss, pegar vier erum Siuker; pecke hañ oss, paa vill hañ, sem eiñ godur Hyrder,

bera

